Íslenskar sundlaugar frá fyrri hluta 20. aldar

Húsakönnun á Suðvestur-, Suður- og Austurlandi sumarið 2025

ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR OG HJÖRLEIFUR STEFÁNSSON

REYKJAVÍK 2025
FS1078-20093

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES OG GULLINSNIÐ

Húsafriðunarsjóður styrkti verkið.

Forsíðumynd er af Seljavallalaug. Ljósmynd Elín Ósk Hreiðarsdóttir.

Verkefnið er í vinnslu og kann frekari gagnaöflun að leiða til breytinga á einstaka efnisatriðum eða niðurstöðum. Því er óskað eftir að samráð verði haft við höfunda áður en vitnað er til skýrslunnar eða efni hennar nýtt á annan hátt.

©2026
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES/GULLINSNIÐ
BRÆÐRABORGARSTÍG 9/FJÖLNISVEG 12
101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033
NETFANG: fsi@fornleif.is
www.fornleif.is

Samantekt

Skýrsla þessi greinir frá húsakönnun sem nær til sundlauga sem byggðar voru fyrir 1950 og laugarhúsa sem við þær standa á Suðvestur-, Suður- og Austurlandi. Húsakönnunin er gerð í framhaldi af heimildaúttekt um íslenskar sundlaugar frá sama tímabili sem unnin var á árunum 2020 til 2023. Bæði verkefnin voru styrkt af Húsafriðunarsjóði.

Heimildaúttektin leiddi í ljós upplýsingar um 93 laugar frá umræddu skeiði, en í meira en helmingi tilfella hafa laugarhúsin verið rifin. Um 40 laugarhúsanna standa hins vegar enn víðsvegar um landið.

Húsakönnun á vettvangi virðist staðfesta þær vísbendingar sem heimildaúttektin gaf. Af því 31 laugarhúsi sem byggt var á Austurlandi, Suðurlandi og Suðvesturlandi fyrir miðja tuttugustu öld eru 16 horfin og mörg þeirra sem enn standa eru í slæmu ásigkomulagi. Sumarið 2025 var gerð húsakönnun á þeim 15 laugum og laugarhúsum sem enn standa. Ástand laugarhúsanna reyndist æði misjafnt og er ljóst að á nokkrum stöðum þarf að bregðast hratt við eigi að bjarga þeim frá eyðileggingu.

Efnisorð

Húsakönnun, sundlaug, sundlaugarhús

Summary

This report presents the results of a standing building survey of swimming pools and pool houses in Iceland constructed before the mid-twentieth century. The project is supported by the Architectural Heritage Fund (Húsafriðunarsjóður).

The first phase of the project, carried out from 2020 to 2023, consisted of a desktop survey that identified 93 such buildings across Iceland, more than half of which are likely to have already been demolished. Current estimates indicate that up to 40 pool houses from this period still survive. The aim of the project is to complete a comprehensive standing building survey of all remaining structures.

In 2024, the second phase of the project began, marking the start of a three-year survey of the surviving buildings. The first year focused on sites in northern Iceland, while the second year, which this report covers, focused on sites in the east, south and southwest of Iceland. The survey confirmed the findings of the earlier research. Of the 31 pool houses built in these regions before

the mid twentieth century, 16 had already been demolished and several others were found to be in poor condition. A notable difference from the northern region is that only one of the pool houses from this period in the east of Iceland has been demolished, even though their condition is not necessarily better. On site assessments revealed considerable variation in the condition of the surviving structures, with some requiring urgent intervention to prevent further deterioration.

Keywords

Standing building survey, pool, pool house

Efnisyfirlit

1. Inngangur 7
2. Ágrip af sögu sundlauga og sundkennslu hér á landi 9
3. Aðferðafræði verksins 19
4. Sundlaugar á Suðvestur-, Suður- og Austurlandi, húsakönnun 2025 21
4.1 Suðvesturland 21
Sundhöll Keflavíkur (1939-) 22
Sundlaug/-höll Hafnarfjarðar (1943-) 33
Sundlaug Austurbæjarskóla (1933-) 42
Sundhöll Reykjavíkur (1937-) 56
Sundlaug Álafoss, Mosfellsbæ (1933-) 81
4.2 Suðurland 88
Seljavallalaug (1923-) 89
Grafarbakkalaug/Gamla laugin (1891/1934-) 100
Sundlaugin Reykholti (1929-) 111
Sundlaug Héraðsskólans á Laugarvatni – eldri laug (1928-) 124
Sundlaugin Sólheimum (1943-) 141
4.3 Austurland 147
Sundlaugin í Selárgljúfrum/Selárlaug/Sundlaug Vopnfirðinga, yngri laug (1949-) 148
Sundlaug Eiðaskóla/Alþýðuskólans á Eiðum (1943-) 157
Sundhöll Seyðisfjarðar (1948-) 168
Sundlaug Neskaupstaðar/Stefánslaug (1943-) 179
Sundlaug Fáskrúðsfjarðar/Búðakauptúns (1947-) 188
5. Horfin sundlaugahús á Suðvestur-, Suður- og Austurlandi 198
5.1 Suðuvesturland 198
Sundlaugin í Valborgargjá (1928-1932) 198
Sundlaug Keflavíkur (eldri hús 1938-1943) 204
Sundlaugarnar gömlu í Laugadal/Laugarneslaugar (1886-1907) 207
Sundlaugarnar gömlu í Laugadal (1908-1936) 212
Sundlaugarhús í Laugardal (1936-1966) 216
Varmárlaug (1927-1933) 222
5.2 Suðurland 226
Sundlaugin Hvammi, Skaftártungu (1937-1970) 226
Sundlaugin á Laugalandi í Holtum (1910/1936-1940) 229

Sundlaugin á Laugalandi í Holtum (1936-1994) 232
Brautarholtslaug/Skeiðalaug (1938-1975) 237
Flúðalaug (1948-1988) 242
Sundlaug Íþróttaskólans í Haukadal (1931-1994) 247
Sundlaug Héraðsskólans á Laugavatni – viðbygging (1929/1944-2000) 250
Sundlaugin í Laugaskarði (eldri hús 1938-1963) 257
Sundlaug Vestmannaeyja/Miðhúsalaug (1935-1973) 265
5.3 Austurland 273
Sundlaugin í Selárgljúfrum, eldri laug og laugarhús (1929-1941) 273
6. Samantekt 276
Byggingararfur sundlauga á landsvísu 279
Laugarþrær á landsvísu 280
Laugarhús við opnar laugar á landsvísu 282
Laugarhús yfirbyggðra lauga á landsvísu 287
Ástand og framtíðarhorfur á rannsóknarsvæðinu 2025 289
Heimildaskrá almenn 292
Heimildaskrá fyrir einstakar laugar þar sem laugarhús standa 293
Heimildaskrá fyrir einstakar laugar þar sem laugarhús eru horfin 309

1. Inngangur

Gildi sunds og sundmenningar í lífi og þjóðarvitund Íslendinga er óumdeilt, sem m.a. sést á því að hér á landi eru nú rúmlega 160 sundlaugar. Það samsvarar einni laug á u.þ.b. hverja 1.700 íbúa.[1] Þrátt fyrir að laugahald og baðmenning eigi sér hér mjög djúpar rætur bar ekki mikið á sundlaugum hér á landi fyrr en á síðari hluta nítjándu aldar og raunar urðu þær ekki algengar fyrr en á fyrri hluta tuttugustu aldar.

Á árunum 2020 til 2023 gerðu höfundar heimildaúttekt um íslenskar sundlaugar frá fyrri hluta tuttugustu aldar fyrir styrk úr Húsafriðunarsjóði. Markmiðið var að safna upplýsingum um allar þær sundlaugabyggingar með laugarhúsum sem byggðar voru á Íslandi fram undir miðja tuttugustu öld. Afraksturinn var heildaryfirlit um þessar byggingar og þróun þeirra.[2]

Úttektin leiddi í ljós upplýsingar um 93 sundlaugar og laugarhús en fyrstu vísbendingar hennar bentu til þess að meirihluti mannvirkja frá þessu skeiði hefði þegar orðið eyðileggingu að bráð. Það varð því ljóst að nauðsynlegt væri að framkvæma húsakönnun á þeim stöðum þar sem laugarhús standa enn, til að skera úr um eðli og ástand eldri sundlaugamannvirkja á Íslandi.

Styrkur til fyrsta áfanga slíkrar rannsóknar fékkst úr Húsafriðunarsjóði árið 2024. Hafist var handa á Norðurlandi þá um sumarið, skráð voru 11 laugarhús og laugar og samhliða því var farið yfir eldri heimildaúttekt um horfnar laugar á sama svæði og hún uppfærð.[3]

Árið 2025 fékkst aftur styrkur til úttektar á sundlaugum og nú voru skoðaðar laugar á Suðvestur-, Suður-, og Austurlandi, en samtals voru 31 laugar þekktar á þessu svæði. Af þeim voru 16 laugarhús horfin en 15 standa enn. Síðarnefndu húsin voru öll heimsótt og bæði laugarkör og -hús skoðuð og er skýrslan sem hér lítur dagsins ljós afrakstur af þessari vinnu. Við úrvinnsluna voru ýmsar ítarheimildir leitaðar uppi og samfelldur texti um aðdraganda og byggingarsögu mannvirkjanna ritaður. Mannvirkjum á hverjum sundstað var lýst og lagt mat á gildi hvers staðar og framtíðarhorfur. Samhliða umfjöllun um þau laugarhús sem enn standa (og laugar) fór fram endurskoðun á heimildaskráningu um horfin hús á sama svæði.

Stefnt er að því að halda úttektinni áfram 2026 á Vesturlandi og Vestfjörðum og fáist umbeðinn

[1] Samkvæmt talningu lauga á vefnum sundlaugar.is þann 16. ágúst 2023 annars vegar og einnig „Sundlaugar fyrr og nú“ Gangverk: fréttabréf VST. Talan er þó lægri ef miðað er við almenningslaugar sem eru um 120 talsins.
[2] Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson. 2023.
[3] Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson. 2024.

styrkur má gera ráð fyrir að yfirferð um landið ljúki haustið 2026.

Skýrslan er þannig byggð upp að á eftir inngangi er yfirlit um sögu sundlauga og sundkennslu hér á landi (kafli 2) og á eftir honum fylgir stuttur kafli um þá aðferðafræði sem notuð var við úttektina (kafli 3). Fjórði kafli er svo sjálf húsakönnunin og er þar að finna úttekt á öllum þeim laugum sem kannaðar voru á vettvangi 2025 ásamt myndefni. Í fimmta kafla er heimildayfirlit um aðrar laugar á úttektarsvæðinu þar sem laugarhús eru horfin. Í skýrslulok (kafli 6) er svo að finna samantekt um þróun sundlaugamannvirkja hér á landi og helstu niðurstöður ársins, m.a. einkenni og ástand húsa á því svæði sem kannað var 2025. Gert er ráð fyrir að rýna nánar í ástand og einkenni íslenskra sundlauga frá fyrri hluta 20. aldar þegar húsakönnun um allt land er lokið. Aftast í skýrslunni fylgir svo heimildaskrá.



Mynd 1: Kort sem sýnir þekktar sundlaugar á Íslandi byggðar fyrir 1950 sem rauðan punkt. Þær laugar sem kannaðar voru á vettvangi 2025 eru einkenndar með grænum punkti en laugar sem kannaðar voru 2024 gulmerktar.

2. Ágrip af sögu sundlauga og sundkennslu hér á landi

Heitar laugar hafa frá upphafi byggðar í landinu verið almannarými og samkomustaðir. Elstu frásagnir af laugum í Íslendingasögum og Sturlungu sýna að þar kom fólk saman og naut heita vatnsins og samsveru hvert við annað. En þrátt fyrir að lauga sé víða getið í fornum heimildum er mannvirkjunum sjaldnast lýst og næstum óheyrt að getið sé um einhvers konar laugarhús. Á þessu eru þó einstaka undantekningar.[4]

Eftir því sem best er vitað eru fá dæmi um manngerðar sundlaugar fyrr en komið er fram á 19. öld. Elsti sundpollur sem heimildir hafa fundist um var grafinn og hlaðinn neðan við tún á Karlsá á Upsaströnd. Eyvindur Jónsson, Duggu-Eyvindur, (1678-1746), sem þar bjó og gerði sundpollinn, lærði þar sund án tilsagnar. Óljós ummerki um pollinn fundust þegar fornleifar voru skráðar á Karlsá um aldamótin 2000.[5]

Líklegt má telja að Hallgrímur Halldórsson (1699-1769), sem bjó á Steini á Reykjaströnd, hafi lært sund af Eyvindi, en honum var komið fyrir í fóstur á Hálsi í Svarfaðardal í nágrenni Duggu-Eyvindar sem var frændi hans. Sumarið 1723 drukknuðu fimm ungir menn þegar bátur fórst á Skagafirði og tveir synir Steins Jónssonar biskups á Hólum voru þeirra á meðal. Á dögum Steins biskups vaknaði áhugi á sundiðkun meðal skólapilta á Hólum og sagt hefur verið að biskup hafi hvatt Hallgrím á Steini til að kenna ungum mönnum sund svo þeir gætu bjargað sér ef þeir féllu í vatn.[6] Skammt ofan við sjávarkambinn á Reykjum á Reykjaströnd er tjörn með volgrum í. Þar mun Hallgrímur hafa kennt sund og köfun á árunum 1730-1740 en köfunin var í raun björgunarköfun kennd í þeim tilgangi að menn gætu kafað eftir þeim sem fallið höfðu í vatn og sokkið. Er talið að flestir ungir menn í Sauðárhreppi og víðar hafi lært sund og köfun hjá Hallgrími og því má segja að kennsla hans hafi verið fyrsta sundkennsla á Íslandi fyrir almenning.[7] Meðal nemenda Hallgríms var Jón Bjarnason sem seinna varð þekktur undir nafninu Grafar-Jón. Fósturdóttir hans var Ingibjörg Jónsdóttir, móðir Jóns Samsonarsonar alþingismanns í Keldudal, en hann var sagður sundmaður góður. Sonarsonur Hallgríms, Sigurður Sigurðsson (f. 1750), sem kallaður Sigurður flótti, var einnig mikill íþróttamaður og vel syndur.

Bjarni Pálsson landlæknir fæddist á Upsum á Upsaströnd árið 1719 og ólst þar upp til 1731. Þá var hann sendur í fóstur að Stað í Hrútafirði. Bjarni fór í Hólaskóla 1734 en hætti eftir tvo vetur. Þar hefur hann sennilega kynnst sundiðkun skólasveina. Seinna var hann á Karlsá hjá móður sinni þar sem

[4] Sjá t.d. Sturlungasaga I, bls. 388, Biskupasögur I, bls. 221-212 og Eggert Ólafsson I. 1975, bls. 68.
[5] Hjalti Pálsson.1975. Heimild hans er Blanda III bindi bls. 229 og Adolf Friðriksson o.fl. 1999, bls. 67.
[6] Hjalti Pálsson. 1975. Heimild hans Skagfirðingabók 4, bls. 135.
[7] Hjalti Pálsson. 1975. Heimild Skagfirðingabók 4, bls. 137.

Duggu-Eyvindur hafði búið fram um 1720. Þar var enn sundpollurinn sem Eyvindur hafði gert og þar lærði Bjarni að synda.[8]

Í ævisögu Jóns Steingrímssonar er sagt frá sundtóft sem hlaðin hafði verið á Hólum í Hjaltadal fyrir ofan tún staðarins af „fornmönnum" og hugsanlega hafa verið einstaka dæmi af slíkum tóftum annars staðar af landinu á 18. öld en þær hafa þá verið fáar og flestar gleymdar nú.[9]

Fyrsti maður til að stunda sundkennslu á 19. öldinni svo vitað sé var Jón Þorlákssson eða Jón Kjærnested eins og hann kallaði sig eftir að hann kom til Kaupmannahafnar árið 1816. Hann dvaldi í Danmörku í tvo vetur og lagði þar stund á margvíslega iðju, m.a. akuryrkju, dýralækningar, rennismíði, sund, hljóðpípuleik og „aðrar góðar menntir." Árin 1821-1822 hóf Jón að kenna ungum mönnum sund. Þá kenndi hann átta mönnum í Eyjafirði og 24 í Skagafirði. Ári síðar kenndi hann 21 nemanda á Reykjum á Reykjabrautog árið 1824 um eða yfir 30 nemendum í Reykjavík.[10] Jón Kjærnested fluttist vestur á Snæfellsnes árið 1828 og bjó þar til æviloka 1836. Ekki finnast beinar heimildir um að hann hafi lagt stund á sundkennslu eftir að hann flutti vestur, en heimildir benda til þess að hann hafi staðið fyrir því að gerð var sundlaug í Kolviðarnesi þar sem heitu vatni var veitt í sundpoll sem myndaður var með fyrirhleðslu.[11] Jónas Hallgrímsson orti erfiljóð um Jón Kjærnested árið 1841, *Á gömlu leiði*. Jónas mun hafa lært sund hjá Jóni í Eyjafirði árið 1820, en þeir kynntust í Kaupmannahöfn.

Þrátt fyrir að áhugi á sundkennslu og sundlaugagerð hafi aukist nokkuð strax á 19. öld er talið að aðeins um hálft prósent þjóðarinnar hafi verið synd árið 1891 (eða um 350 manns)[12] þrátt fyrir að ár hvert drukknuðu hátt í 100 manns, oft vegna skorts á sundkunnáttu.[13] Fram undir 1880/1890 var sundkennsla fremur slitrótt.

Þegar sundlaugagerð kemst á flug hér á landi í kringum aldamótin 1900 er það einmitt sundkennsla sem lífsbjörg sem varð hvati þeirrar umbyltingar sem varð í byggingu og notkun sundlauga. Sundkunnátta var lífsnauðsynleg og mikilvægasti tilgangur sundstaða var að stuðla að því að þjóð sem byggði á sjómennsku lærði sund. Þrátt fyrir þetta mættu talsmenn sundiðkunar stundum talsverðri mótstöðu. Sumir héldu því t.d. fram að sundkunnátta væri ekki endilega líkleg til að bjarga sjómönnum frá drukknun heldur myndi mögulega aðeins framlengja þjáningu þeirra í sjónum (sem myndi samt sem áður enda með dauða).[14] Þetta viðhorf var þó ekki algengt og var líklega að hverfa þegar komið var fram á 20. öldina. Talsmenn sundsins héldu líka uppi sterkum rökum um gildi þess. Þegar fram liðu

[8] Hjalti Pálsson. 1975. Heimild Sveinn Pálsson: Ævisaga Bjarna Pálssonar, Akureyri 1944 bls. 24 og 25.
[9] Hjalti Pálsson. 1975. Heimild Ævisaga Jóns Steingrímssonar, Rvík 1945, önnur útgáfa bls. 49-50.
[10] Hjalti Pálsson. 1975. Heimild Klausturpósturinn, Viðeyjarklaustri 1823 og 1824 no. 6, 1824 bls. 100.
[11] Guðlaugur Jónsson. 1958 og Guðlaugur Jónsson. 1974.
[12] Samkvæmt mati Þorsteins Einarssonar íþróttafulltrúa. 1977, bls. 7.
[13] Tölur eiga við fyrstu áratugi 20. aldar, *Sundbók ÍSÍ*, formáli.
[14] *Íþróttablaðið* 05.05.1952, bls. 2.

stundir færðist áherslan nokkuð á gildi sundsins fyrir hreysti og heilsu. Að auki var þáttur hreinlætis mikilvægur, en á fyrstu áratugum lauga/laugarhúsa var sundlaugarferð fyrir marga fágætt tækifæri til líkamsþrifa, enda var aðgangur að vatni til líkamsþvotta í heimahúsum víðast takmarkaður.

Í ljósi þeirrar áherslu sem lögð var á sundkennslu fyrir sjómenn í upphafi þarf e.t.v. ekki að koma á óvart að fram yfir aldamótin 1900 var umræða um mikilvægi sundkennslu og -iðkunar nær eingöngu bundin við pilta. Í umfjöllun um laugarnar í Reykjavík (og víðar) má sjá að sundkennsla á þessum árum



Mynd 2: Gamla sundlaugin í Laugardal. Ljósmyndin var tekin rétt fyrir aldamótin 1900. Laugarhúsið er eitt elsta þekkta laugarhús landsins ásamt húsinu á Syðra-Laugalandi og Reykjanesi við Ísafjarðardjúp. Bryggjan yfir á suðurbakka laugarinnar sést vinstra megin við húsið en á myndinni eru piltar úr Lærða skólanum. Myndin er úr bók Sveins Þórðarsonar. 1998, bls. 77 en kemur frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

var einungis fyrir drengi. Konur gátu þó notað laugarnar í Reykjavík sem almennir sundlaugargestir. Skömmu fyrir 1890 var talið að aðeins væri ein kona sundfær á Íslandi, Björg Einarsdóttir frá Undirfelli.[15] Árið 1896 hóf stúlka, Sigríður Daníelsdóttir frá Steinsstöðum, nám í sundi í strákahópi í Steinsstaðalaug og er það elsta þekkta dæmið um kvenkyns sundnema hér á landi.[16]

Ingibjörg Brands varð fyrst kvenna til að læra sundkennslu í Danmörku. Þegar hún sneri heim úr námi 1903 og ætlaði að hefja sundkennslu mætti hún ekki alls staðar miklum skilningi á þeirri hugmynd að kenna ætti stúlkum, jafnt sem drengjum, sund. Aðstaðan til sundkennslu var einnig mjög bágborin.[17] Tímarnir voru þó að breytast og í því samhengi má benda á að þegar þau tímamót urðu í

[15] *Safn til sögu Íslands:* Íslenzkar gátur, skemmtanir, víkivakar og þulur, 71.
[16] Jónas Jónasson. 1979, 273-274.
[17] *Lesbók Morgunblaðsins* 14.08.1927, bls. 250.

jafnréttisbaráttu hér á landi að kona tók í fyrsta sinn til máls á bæjarstjórnarfundi í Reykjavík (19. mars 1908) sneri hennar fyrsta mál um rétt stúlkna til sundnáms. Það var Bríet Bjarnhéðinsdóttir sem flutti tillögu um jafnan rétt til sundkennslu og jafnvel þó að ekki hafi allir verið sáttir við tillögu hennar fór svo að hún var samþykkt og sundkennsla stúlkna hófst í kjölfarið.[18]

Í upphafi 20. aldar voru Íslendingar að vakna til vitundar um mikilvægi sundkennslu en kennslunni hamlaði talsvert hversu fáar góðar kennslulaugar voru. Í grein í *Norðurlandi* 1909 bendir greinarhöfundur á að menning hverrar þjóðar lýsi sér í því hversu vel þær færi sér landsnytjar og hlunnindi í not og telur hann Ísland ekki hafa staðið sig nógu vel í þeim efnum. Þó segir hann:

> Að einu leyti stöndum vér nú framar en menn áður. Vér höfum komist upp á það að nota heita vatnið í laugunum til að koma upp sundpollum með volgu vatn. Sundlaugarnar eiga sjálfsagt mestan og beztan þátt í því, að eigi svo fáir menn hér á landi kunna sund, og það væri betur að sundlaugunum fjölgaði, og að þær yrðu notaðar meira og af fleirum en hingað til. En til þess þarf að útbúa þær nokkuð öðru vísi og þá helzt að hafa það fyrir augum, að unt væri að nota laugarnar að vetrarlagi, að minnsta kosti nokkuð af þeim. Mikið væri unnið með að koma sundlaugum í þetta horf, en þá fyrst tel ég þó að sundlaugarnar komi að öllu gagni, ef settar eru upp baðstöðvar við laugarnar víðsvegar um landið. Ef þessar baðstöðvar væru nokkurn vegin eins vel úr garði gerðar og baðstöðvar í öðrum löndum, þá er ekki neinn vafi á að því, að þær yrðu sóttar mikið af hérlendum og erlendum mönnum.[19]

Á þessum tíma var umræða um stórfelldari og almennari sundkennslu að komast á flug. Strax árið 1920 ritaði stjórn Íþróttasambands Íslands opið bréf til allra skóla- og fræðslunefnda landsins þar sem þær voru beðnar um að gera það að baráttumáli að sund yrði gert að skyldunámsgrein í öllum skólum. Sú hugmynd var byltingakennd á þeim tíma en fékk betri fótfestu samhliða fjölgun sundstaða.[20] Skömmu síðar, eða 1924, urðu talsverð tímamót í sögu sundmennta hér á landi þegar frumvarp Jóhanns Jósefssonar alþingismanns (og þingmanns Vestmannaeyinga) sem veitti bæjar- og sveitastjórnum heimild til að skylda unglinga til sundnáms var samþykkt á Alþingi. Frumvarpið varð ekki til í tómarúmi heldur endurspeglar það aukna áherslu á mikilvægi sundkunnáttu og einnig strauma og stefnu í nágrannalöndum okkar. Sund hafði t.d. verið gert að skyldugrein í öllum borgaraskólum Kaupmannahafnar fyrir bæði stúlkur og drengi fyrir 1907 og á örfáum árum hafði sundkunnátta þar aukist til mikilla muna.[21]

Með nýju lögunum höfðu kaupstaðir og sveitarfélög þar sem sund var kennt á kostnað hins opinbera heimild til að gera öllum heimilisföstum unglingum á aldrinum 12-16 ára skylt að stunda sundnám í allt að fjóra mánuði samtals.[22] Þrátt fyrir að flestir væru sammála um að frumvarpið væri framfaraskref þá

[18] Lúðvík Kristjánsson. 1952*,* bls. 363.
[19] *Norðurland,* 20.02.1909, bls. 27.
[20] *Íþróttablaðið* 01.02.1925, bls. 10.
[21] *Skólablaðið* 28.02.1907, bls. 16.
[22] *Menntamál* 01.04.1925, bls. 98-99.

voru það aðeins Vestmannaeyingar sem nýttu sér þessa heimild til að byrja með enda voru sundlaugar enn fáar og aðstæður til sundkennslu víðast hvar bágbornar.

Ljóst var að til að unnt væri að gera sundkennslu að skyldugrein og sundiðkun almenna þyrfti að byggja fleiri laugar en verkefnið var stórt og kostnaðarsamt og þá, eins og nú, var tekist á um hvaða mál ættu að vera í forgangi varðandi fjármagn. Í grein í *Skinfaxa,* riti Ungmennafélagshreyfingarinnar árið 1925, eru rakin ýmis sundafrek fornkappa og núlifandi manna og fjallað um hvernig almenningur sé smátt og smátt að átta sig betur á gildi sundsins. Þar er einnig fjallað um tillögu Jónasar Jónssonar alþingismanns um gerð Sundhallar í Reykjavík sem ekki hafði verið samþykkt á Alþingi. Telur greinarhöfundur að ekki sé nóg að þjóðin eyði hundruðum þúsunda í að „krukka í veika menn og dauðvona" heldur þurfi að gera meira til að fólkið veikist ekki. Hann bætir við: „Það hefði átt að reisa sundhöll Jónasar, það hefði átt að stórbæta leikvelli, fimleikahús og baðstaði í öllum sjávarþorpum landsins. Byggja sundlaug í hverri sveit og baðhús á hverjum sveitabæ um alt Ísland, áður en farið var að reisa Landspítalann."[23] Svo mörg voru þau orð og ljóst að mörgum þótti hægt ganga að byggja laugar í bæjum og sveitum landsins.

En þrátt fyrir að yfirvöld hafi farið hægt af stað í uppbyggingu sundstaða um og upp úr aldamótum, eða kannski einmitt vegna þess, þá tóku ungmennafélög víða um land sundmálin upp á sína arma og gerðu að forgangsmáli. Ungmennafélögin voru leiðandi í sundlaugagerð í upphafi 20. aldar, sérstaklega í sveitum landsins og einnig í mörgum þorpum. Ungmennafélagarnir voru metnaðarfullir og áttu sér stóra drauma þegar kom að sundiðkun og -aðstöðu. Fyrirmyndirnar sóttu þeir gjarnan til frægra fornkappa og drógu sumar lauganna og sundfélaganna einmitt nöfn af þeim. Í *Skinfaxa* ritaði ungmennafélagi árið 1913 að meginreglan ætti að vera sú að hvert ungmennafélag ætti að eiga sundlaug og hver ungmennafélagi að vera syndur.[24] Árið 1916 áttu 12 ungmennafélög sundlaugar[25] en níu árum síðar, 1925, höfðu ungmennafélögin tvöfaldað sundlaugaeign sína og höfðu þá komið upp 25 sundlaugum. Yfirferð skýrslna ungmennafélaga frá fyrri hluta 20. aldar leiddi í ljós frásagnir um fleiri en 130 sundstaði sem ungmennafélögin komu sér upp á tímabilinu (þ.e. frá 1908-1940).[26] Hér er þó einungis fjallað um sundlaugar með laugarhúsum og kemur því aðeins hluti þessara sundstaða við sögu.

Samkvæmt yfirliti um laugar í *Vormenn Íslands* byggðu ungmennafélög landsins allt að 50 torflaugar á fyrri hluta 20. aldar og áttu ungmennafélög í Borgarfirði (þar sem jarðhiti var nægur) til að mynda átta slíkar laugar árið 1929.[27] Á fyrstu áratugum 20. aldar voru það oftast ungmennafélögin sem stóðu fyrir byggingu sundlauga, gjarnan með stuðningi íbúa, fyrirtækja og sveitarfélaga. Áhugi og stuðningur

[23] *Skinfaxi* 01.12.1925, bls. 137-139.
[24] *Skinfaxi* 10.06.1914, bls. 82.
[25] *Skinfaxi* 10.08.1916, bls. 98.
[26] Jón M. Ívarsson o.fl. 2007 bls. 59.
[27] Jón M. Ívarsson o.fl. 2007, bls. 61.

ríkisins við sundlaugagerð fór þó vaxandi á 3.-4. áratug 20. aldar, ekki síst í tengslum við uppbyggingu skólahalds á landsbyggðinni. Jónas frá Hriflu var mikill baráttumaður fyrir aukinni sundkennslu og byggingu sundlauga. Hann beitti sér m.a. fyrir því að styrkir ríkisins til sundlaugagerðar voru hækkaðir úr fimmtungi af heildarkostnaði í helming kostnaðar og sömuleiðis að styrkir ríkisins til héraðsskóla hækkuðu úr 2/5 í helming. Til að sækja um styrk til sundlaugargerðar til Alþingis var skilyrði að laugarnar væru steinsteyptar, þær væru héraðseign, og að landstjórnin hefði samþykkt uppdrátt og kostnaðaráætlun.[28]

Árið 1927 birtist hvatningargrein í *Skinfaxa*, þar sem fjallað er um sundkunnáttu sem lífsnauðsyn fyrir Íslendinga og hvatt til byggingar sundlauga. Undir greinina ritar J.J. sem vafalítið var Jónas Jónasson frá Hriflu, en hann var dómsmálaráðherra um þær mundir.[29]



Mynd 3: Sundskáli Svarfdæla er elsti sundskáli landsins en hann var vígður 1929. Myndin er frá vígsludegi og birtist áður í Íslendingi 1979.

Ári síðar sendi Jónas Jóhann Franklín Kristjánsson, byggingafræðing, um vestan- og sunnanvert landið á vegum ríkisstjórnarinnar til að kanna möguleg laugarstæði. Jóhann heimsótti staði sem til tals hafði komið að sundlaugar yrðu reistar að hluta fyrir ríkisstyrk.[30] Í *Tímanum* sumarið 1929 er að finna grein eftir Jóhann þar sem hann fjallar um þörf á áframhaldandi uppbyggingu sundlauga hér á landi. Þar segir: „Athugunin var í því fólgin, að mæla hita og vatnsmagn hveranna, velja stað fyrir sundlaug, leiðbeina um steypuefni o.fl. Kom þar til greina: Góð aðstaða til þess að byggja sundlaug, aðgengilegt umhverfi, vegalengd að heitu og köldu vatni, fallhæð og frárennsli.“[31] Í blaðagreininni fjallaði Jóhann um helstu niðurstöður sínar og nefndi fimm sundlaugar sem þegar höfðu verið gerðar og allar nutu jarðhita en þær voru í upphafi án skýlis og skjólgarðs. Eftir ferð sína um landið lagði Jóhann á ráðin um sundlaugabyggingar á átta stöðum.[32]

[28] *Menntamál* 01.04.1925, bls. 99.
[29] *Skinfaxi,* 01.02.1927, bls. 28.
[30] *Tíminn* 14.05.1930, bls. 111-112.
[31] *Tíminn* 16.02.1929, bls. 36-37.
[32] *Tíminn* 16.02.1929, bls. 36.

Á þessum tíma var þegar komin talsverð hreyfing á sundlaugagerð víða um land. Fyrsta yfirbyggða sundlaug landsins var við Laugaskóla í Reykjadal, í kjallara nýrrar álmu sem reist var við skólann 1926. Á næstu árum reis nokkur fjöldi yfirbyggðra lauga. Fyrsti yfirbyggði sundskálinn (stakstætt laugarhús) var sundskáli Svarfdæla sem vígður var 1929. Fleiri yfirbyggðar sundlaugar fylgdu svo í kjölfarið á næstu árum; sundlaugin á Reykjum í Hrútafirði var byggð 1929, sundskálinn á Hveravöllum og sundlaug sundlaug Austurbæjarskóla 1930, Sundskáli Sælingsdals var byggður 1932 og sundskálinn að Álafossi1933 og svo þar á eftir Sundhöllin í Reykjavík sem byggð var 1937.

Á þriðja áratug 20. aldar fjölgaði sundlaugum mikið. Framan af voru þær nær eingöngu á stöðum sem nutu jarðhita en þegar leið á 3. áratuginn urðu þær raddir æ háværari sem bentu á mikilvægi þess að koma einnig upp sundlaugum á „köldum stöðum". Segja má að nokkur tímamót verði árið 1929 þegar Ungmennafélagið Bolvíkingur lauk við gerð steyptrar laugar með búningsklefum í Bolungarvík. Laugin var á köldu svæði og var fyrsta kolakynta laug landsins. Almennt hafði verið talið að gerð sundlauga á slíkum svæðum væri óraunhæf. Í grein í *Lesbók Morgunblaðsins* 1933 segir að ungmennafélagið hafi með „tilraun sinni" gert möguleikann á almennri sundkunnáttu talsvert betri en áður þar sem hægt verði að gera sundlaugar víðar og ekki þurfi að leita á „afskekkta og fjarlæga staði til náms". Fram kemur að ungmennafélaginu hafi borist fjöldinn allur af fyrirspurnum um laugina úr öðrum kauptúnum.[33]

Á eftir Bolungarvík reis næst kolahituð laug í Vestmannaeyjum 1934 og Keflavík 1938. Á sama skeiði risu einnig sundlaugar sem ekki nutu jarðvarma við Héraðsskólann á Núpi 1930 og Alþýðuskólann á Eiðum 1943. Árið 1939 byggðu Siglfirðingar sundlaug sem nýtti kælivatn ljósavélar til hitunar laugarinnar og á næstu árum bættust við fleiri laugar sem ekki nutu jarðvarma. Ástæða er til að fjalla sérstaklega um þær laugar sem risu í tengslum við byggingu héraðsskóla víðs vegar um landið og verður nú vikið að þeim.

Lög um héraðsskóla voru samþykkt árið 1929. Stefnt var að því að byggja skóla í öllum héruðum landsins sem veita myndu ungmennum bóklega menntun ásamt vinnukennslu en einnig efla hreysti og heilbrigði með daglegri útivist og íþróttum. Sundlaugar urðu strax mikilvægur hluti af menningu héraðsskólanna.[34] Elsta yfirbyggða sundlaug landsins, á Laugum í Reykjadal, var í héraðsskóla staðarins. Á næstu árum fylgdu nokkrar fleiri slíkar skólalaugar, undantekningalítið tengdar héraðsskólunum (sjá þó sundlaug í Austurbæjarskóla og sundlaugina í Reykholti í Biskupstungum). Í bók Lýðs Björnssonar *Héraðsskólinn í Reykholti* er fjallað um þátt Jónasar Jónssonar frá Hriflu í þróun og stofnun lýðskóla á Íslandi.[35] Flestir skólanna risu á tímabilinu 1925-35 en nokkrir þeirra voru stofnaðir þar sem fyrir voru

[33] *Lesbók Morgunblaðsins* 12.02.1933, bls. 46-47.
[34] Lög um héraðsskóla nr. 626/1929.
[35] Lýður Björnsson. 2013, bls. 55-58.

eldri skólar, s.s. skólinn að Núpi og Eiðaskóli.

Héraðsskólinn á Laugum reis fyrstur héraðsskólanna árið 1925 og næstur var skólinn á Laugarvatni 1928. Ári síðar var skólinn að Núpi í Dýrafirði gerður að héraðsskóla. Árið 1930 var Hvítárbakkaskóli fluttur að Reykholti og var eftir það kenndur við Reykholt. Tveimur árum síðar hófst kennsla að Reykjum í Hrútafirði en yfirbyggð sundlaug hafði verið gerð þar 1929. Héraðsskólinn að Reykjanesi við Ísafjarðardjúp tók til starfa 1934 og loks Skógaskóli undir Eyjafjöllum árið 1949. Á öllum þessum stöðum (að Hvítárbakka frátöldum) voru gerðar sundlaugar, en laugin á Skógum var reyndar ekki gerð fyrr en á seinni hluta 20. aldar og fellur því utan þessarar úttektar. Í tveimur tilfellum, Reykjum í Hrútafirði og Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, voru laugarnar gerðar á undan skólunum og hafa án efa átt hlut í því að umræddar jarðir urðu fyrir valinu fyrir uppbyggingu héraðsskóla. Við val á staðsetningu skólanna vóg jarðhiti þungt enda ljóst að hann gæti auðveldað upphitun húsa og sundiðkun.[36] Í grein Jónasar Jónssonar í *Viðari* 1936 kemur fram að tveir af skólunum njóti ekki jarðhita heldur séu hitaðir með raforku og lýsi það stórhug að búið sé að reisa sundlaug á öðrum þeirra Núpi (hituð með rafmagni og kolum) og önnur í bígerð við Eiðaskóla (hituð með rafmagni).[37]

Önnur þáttaskil verða árið 1940 með gildistöku Íþróttalaganna en með þeim var sund gert að skyldunámsgrein í skólum. Lögunum var fylgt eftir með Sundreglugerð sem staðfest var 1. apríl 1943. Með því færðist ábyrgð á sundkennslu og viðhaldi og gerð sundlauga yfir á ríki og sveitarfélög í mun meira mæli en áður. Fram að þeim tíma höfðu verið byggðar a.m.k. 25 steinsteyptar laugar, langflestar að frumkvæði og með stuðningi ungmennafélaga. Í tengslum við gildistöku Íþróttalaganna var stofnaður Íþróttasjóður til eflingar á íþróttalífi og veitti Alþingi sjóðnum árlega fé til ráðstöfunar auk þess sem Íþróttanefnd var t.d. heimilað að reka veðmálastarfsemi í sambandi við íþróttakeppnir og leggja ágóða hennar í sjóðinn.[38] Með þessu færðust styrkveitingar til sundlaugabygginga frá Alþingi til íþróttasjóðs.

Í upphafi einkenndu þjóðræknishugsjónir ungmennafélögin enda stofnuð á tíma þegar sjálfstæðisbarátta Íslendinga var að komast á flug. Þetta má t.d. greina í hugmyndum í tengslum við eflingu sundsins, þ.e. að sundkunnátta væri að einhverju leyti endurvakning á hreysti og leikni fornra kappa sem hefði glatast, líkt og margt annað í seinni tíð. Elstu laugar landsins voru flestar byggðar að hluta eða fullu í sjálfboðavinnu. Margar þeirra voru einfaldar í fyrstunni og voru fyrst og fremst ætlaðar til sundkennslu. Mikilvægasti þátturinn í staðarvali var oftast nálægð við heita uppsprettu og sumar þessara eldri lauga voru því ekki alveg í alfararleið. Margar af elstu laugunum voru byggðar í talsverðu

[36] Sama heimild, bls. 57.
[37] *Viðar* 01.01.1936, bls. 42.
[38] *Íslendingur* 16.08.1950, baksíða (án blaðasíðutals).

návígi við náttúruna og aðalsmerki þeirra var einfaldleiki mannvirkjanna auk samspils laugar og náttúru.

Þegar litið er yfir sögu íslenskra lauga fram til 1950 má segja að ungmennafélög hafi verið allsráðandi fram til 1940 þegar ný lög tóku gildi sem færðu ábyrgð sundkennslu og sundstaða að mestu yfir á sveitarfélög og ríki. Á tímabilinu fram til 1950 risu a.m.k. 93 sundlaugar/laugarhús og þegar litið er til íbúafjölda, efnahags og tæknilegrar getu má það teljast þjóðfélagslegt afrek að byggð hafi verið sundlaug (og oftast margar) í hverju héraði.[39] Þrátt fyrir að í upphafi hafi hvatinn að gerð sundlaugabygginga

Mynd 4: Sundlaugin að Syðra-Laugalandi. Saga laugarhalds á þessum stað er nokkuð löng og líklega var eitt fyrsta laugarhúsið við sundlaug reist á þessum stað 1874 þegar Framfarafélag Öngulstaðahrepps veitti bæjarlæknum í sundstæði í lítilli laut sem hlaðið hafði verið fyrir og byggði laugarhús. Líklega voru hús og laug ekki mjög lengi í notkun en ný sundlaug og laugarhús voru byggð á þessum slóðum 1932 af UMF Árroðanum og UMF Ársól. Laugarhúsin voru svo rifin og ný gerð 1964. Arkitekt laugarinnar frá 1964 var Guðmundur Guðjónsson/Húsameistaraskrifstofu ríkisins. Þar sem eldri laugarhús voru rifin við byggingu þeirra yngri var laugin ekki heimsótt við húsakönnun á Norðurlandi sumarið 2024 en myndin er úr einkasafni höfundar. Ljósmynd: Elín Ósk Hreiðarsdóttir.

verið sundkennsla, urðu laugarnar fljótt ómissandi hluti af lífi fólks í þéttbýli jafnt sem dreifbýli. Líkt og áður urðu þær miðstöðvar fólks og fundarstaðir jafnvel þótt í upphafi hafi hugmyndir fólks um sundlaugarferðir verið ólíkar þeim sem við höfum nú. Markmiðið var að læra og æfa sundtökin og víða framan af var ekki ætlast til að fólk dveldi langdvölum í lauginni eða undir sturtunni.[40] Þetta breyttist hins vegar smám saman og sundlaugarferðir urðu ekki bara æfing í hreysti og sjálfsbjörg heldur einnig

[39] Laugarnar voru þó mun fleiri ef allar torflaugar (án laugarhúsa byggðar í sveitum landsins fram til 1925) væru taldar en áætla má að þessar laugar séu mögulega á nokkur hundruð til viðbótar. (sbr. Gylfi Helgason, munnleg frásögn).
[40] Sjá t.d. afrit af reglum Sundlaugar Reykjavíkur á Þjóðskjalasafni Íslands DD 018.

hvíld og andleg næring fyrir sundlaugargesti. Sú þróun hefur haldið áfram og nú er samfélagsþáttur sundferða og almenn slökun orðin einn veigamesti þáttur sundlaugarferða.

3. Aðferðafræði verksins

Húsakönnun um íslenskar sundlaugabyggingar frá fyrri hluta 20. aldar byggir á heimildavinnu þeirri sem unnin var um sama hluta byggingararfsins á árunum 2020-23. Við heimildaúttekt voru leitaðar uppi



Mynd 5: Teikning af Stefánslaug í Neskaupstað dagsett 5. mars 1942, undirrituð af Bárði Ísleifssyni, fyrir hönd Húsameistara ríkisins (neðar). Laugin var gerð eftir teikningu sem síðar var notuð á a.m.k. þremur öðrum stöðum á landinu (í Þórshöfn, á Ólafsfirði og Reykjum). Teikningin er varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands. Nú hafa verið byggð ný laugarhús við langhlið laugar og stór hluti gömlu húsanna rifinn og sá hluti sem eftir stendur ekki fengið góða umhirðu. Sundlaugin er á meðal þeirra lauga sem heimsóttar voru sumarið 2025. Efri mynd: Elín Ósk Hreiðarsdóttir.

heimildir um allar laugar sem gerðar voru hér á landi fram til 1950 og laugarhús stóðu við. Í úttektinni er bæði fjallað um laugarþrær og laugarhús en einungis voru þó heimsóttar þær laugar þar sem laugarhús stóðu enn. Laugarhúsin voru skoðuð jafnt að utan sem innan og mannvirkjum lýst. Húsin voru könnuð með tilliti til byggingasögu, minjagildis og ástands, og landsháttum og aðgengi jafnframt lýst. Á öllum þeim stöðum sem voru heimsóttir voru teknar ljósmyndir og myndir með flygildi (dróna) og á öllum stöðum var reynt að hafa uppi á staðkunnugum heimildamönnum sem varpað gætu ljósi á sögu og notkun lauganna.

Í kjölfar vettvangskönnunar var unnið úr þeim upplýsingum sem safnað var á vettvangi. Einnig var safnað ítarlegri heimildum um sundstaðina og að úrvinnslu lokinni var rituð samantekt um hvern sundstað þar sem m.a. var lagt mat á varðveislugildi lauganna. Í tilfelli þeirra lauga sem voru horfnar var einnig farið yfir eldri heimildaúttekt og hún uppfærð.

4. Sundlaugar á Suðvestur-, Suður- og Austurlandi, húsakönnun 2025



Mynd 6: Sundlaugar (með laugarhúsum) byggðar fyrir 1950 á Suðvesturlandi sýndar sem grænir punktar. Laugar þar sem laugarhús hafa verið rifin eru sýndar með rauðum lit

4.1 Suðvesturland

Sundhöll Keflavíkur (1939-)

Staðsetning: Framnesvegur 9, Reykjanesbæ	*Höfundar: Jóhann Franklín Kristjánsson í upphafi, síðar Húsameistari ríkisins; Guðjón Samúelsson, Bárður Ísleifsson o.fl.*
Byggingarár: 1939-1951	*Byggt af/eigandi: Ungmennafélag Keflavíkur, síðar Keflavíkurbær/Reykjanesbær, síðast fasteignafélag*
Helstu endurbætur: 1968 og 1980	*Yfirbyggð/opin: Fyrst opin, síðar byggt yfir*
Staða/ástand: Húsið sendur ónotað, ástand afar slæmt	*Hitun: Óhituð í upphafi, síðar hituð*

Umhverfi og aðdragandi[41]

Upphaf sundkennslu í Keflavík má rekja til ársins 1923 þegar Steinn Sigurðsson rithöfundur flutti erindi í bænum um sundkennslu. Erindið hélt hann að áeggjan Jakobs Sigurðssonar sundkennara í Hafnarfirði. Steinn lagði áherslu á hve mikilvægt það væri í byggðarlagi sem byggði lífsafkomu sína af sjómennsku að menn kynnu að synda.[42] Í kjölfar fundarins var kosin nefnd sem átti að beita sér fyrir stofnun sundfélags í bænum og ráða sundkennara. Lítið virðist hins vegar hafa orðið úr framkvæmdum að sinni. Eftir að Ungmennafélag Keflavíkur var stofnað árið 1929 leið hins vegar ekki á löngu þar til félagið stofnaði sjóð til að kosta byggingu sundskýlis á hentugum stað við sjóinn þar sem sundkennsla gæti farið fram.[43] Eftir nokkrar umræður var skýlinu valinn staður við Grófina. Sundskýlið var tekið í notkun við hátíðlega athöfn 1931. Það var 12 álna langt og 6 álna breitt og í því voru tveir búningsklefar og áhaldageymsla. Ólafur Thors alþingismaður og síðar forsætisráðherra mætti í athöfnina, hélt ræðu og gaf silfurbikar sem keppa skyldi um árlega.[44] Um þetta leyti voru, innan félagsins, ræddar hugmyndir um þróun steyptrar sundþróar við sjávarmálið sem væri niðurgrafin þannig að sjór félli í hana á flóði. Var áætlað að nota sólarljós til að hita lauginna en hugmyndin varð aldrei að veruleika.[45]

Sund var kennt við Grófina næstu sumur en auk sundkennslu var haldið þar árlegt sundmót og voru þau á meðal stærstu sundmóta landsins. Sem dæmi tóku 98 keppendur þátt í mótinu árið 1932. Þessar sundhátíðir skiluðu Ungmennafélaginu nokkrum tekjum sem síðar runnu í söfnun fyrir nýrri byggingu, steinsteyptrar sundþróar. Miklar umræður urðu innan félagsins árið 1932 um nauðsyn þess að steypa sundþró þar sem kennsla í sjó þótt erfið og kalsasöm og á þessu skeiði var stundum gripið til þess ráðs að kenna sund í tjörn eða þró við íshús Keflavíkur.[46] En ýmislegt annað torveldaði sundkennsluna í

[41] Umfjöllun um Sundhöll Keflavíkur byggir að talsverðu leyti byggt á greinargerð þeirri sem Hjörleifur Stefánsson tók saman fyrir Minjastofnun Íslands árið 2018.
[42] *Ungmennafélag Keflavíkur 30 ára: 1929-1959*. 1959, bls. 6-7.
[43] Bjarni Guðmarson. 1999, bls. 354.
[44] *Saga Keflavíkur* bls. 357.
[45] *Vísir* 16.08.1938, bls. 3.
[46] *Faxi* 1950, bls. 5-6. Ræða Ragnars Guðleifssonar við opnun Sundhallarinnar 3. des, 1950.

Grófinni. Árið 1934 var t.d. kvartað undan því hve sjórinn væri óhreinn í Grófinni vegna fiskislors og þara og ekki auðveldaði það sjósund á svæðinu að verið var að byggja þar dráttarbraut.[47]

Haustið 1934 var skipuð nefnd á vegum Ungmennafélagsins til að kanna möguleika á byggingu sundlaugar. Vorið 1935 skilaði nefndin áliti og lagði til að byggð yrði laug, 15 m á lengd og 8 m að breidd. Dýpt hennar skyldi vera 1,1-2 m. Nefndin gerði ráð fyrir að laugin yrði í Grófinni og að vatnsleiðsla yrði lögð til hennar frá vatnsgeymi sem var nálægur. Laugina og búningsklefana átti að hita með miðstöðvarkyndingu. Nefndin hafði aflað upplýsinga um sundlaugar víðs vegar um landið. Ungmennafélag Bolungarvíkur hafði staðið fyrir byggingu sundlaugar sem tekin var í notkun árið 1932 og mun hafa verið fyrsta kolakynta sundlaug landsins og vakti því mikla athygli. Nefndin horfði talsvert til þessarar laugar og varð laugin í Keflavík þriðja laug landsins sem var kolakynt á eftir Bolungarvík og Vestmannaeyjum.[48] Þegar á hólminn var komið fannst hins vegar ekki heppilegur staður við Grófina en landeigandi Vatnsness lét félaginu í té lóð í landi bæjarins, vestanvert við Básinn, sem var svolítið vik í ströndina, yst á nesinu. Þarna bjuggust menn við að geta ávallt dælt hreinum sjó í laugina og réð það miklu um staðarvalið.[49]

Ungmennafélagið fékk Jóhann Franklín Kristjánsson til að leggja á ráðin um sundlaugina og gera af henni teikningar. Ekki er ólíklegt að sú tilhögun hafi verið ákveðin í samráði við Húsameistara ríkisins og jafnvel að Jóhann hafi gert teikningarnar í umboði húsameistara eða fyrir hann. Jóhann hafði ferðast um Vesturland árið 1928 á vegum ríkisstjórnarinnar til að kanna hvar vænlegt gæti reynst að byggja sundlaugar og var jafnframt ráðgjafi bænda um byggingarmál og var því vel til þess fallin að veita Keflvíkingum ráðgjöf.

Í upphafi framkvæmda átti laugin að verða mun stærri en raun varð á. Þegar búið var að steypa botn laugarinnar olli fjárskortur því að ákveðið var að minnka hana mikið. Byrjað var að reisa mannvirkið í maí 1937. Verkstjórn framkvæmdarinnar var í höndum Kristins Jónssonar, formanns sundlaugarnefndar Ungmennafélagsins. Trésmíðameistari var Þórður Einarsson en múrverkið var undir stjórn Ingva Loftssonar. Benedikt Gröndal verkfræðingur teiknaði hitalögn hússins en Sigurður Jónasson pípulagningameistari sá um að leggja hana. Sundlaugin var tekin í notkun í júlí 1939 og var laugarkarið tilbúið um 16,7 m x 7 m að stærð.[50]

Byggingin kostaði um 18 þúsund krónur sem aflað var með frjálsum samskotum og gjöfum frá einstaklingum og félögum. Kvennadeild Slysavarnarfélags Íslands í Keflavík og Kvenfélagið Freyja í

[47] *Saga Keflavíkur* bls. 358.
[48] Jón Þ. Þór. 2007, bls. 105.
[49] Munnleg heimild í júní 2018: Sveinn Númi Vilhjálmsson, fyrrverandi byggingarfulltrúi Keflavíkur.
[50] Bjarni Guðmarson. 1999, bls. 354. Í frétt í *Tímanum* 01.08.1939 er laugin sögð vera 16,33 x 6,5 m.

Keflavík lögðu einna mest af mörkum auk þess sem styrkur fékkst úr ríkissjóði og sýslusjóði Gullbringusýslu og Keflavíkurhreppur veitti styrk til framkvæmdarinnar. Sundlaugin var steinsteypt, undir opnum himni og var vatninu dælt í laugina með slökkvislöngum úr sjónum og var það kalt fyrst um sinn því ekki var til fé til að kaupa hitunarbúnað.[51] Vegna fjárskorts voru búningsklefar og skjólveggir úr timbri. Búningsklefarnir voru óupphitaðir og baðklefar einnig og ekki var innangengt milli klefanna (sjá nánari umfjöllun um húsin og teikningu af þeim í kafla 5 um horfnar sundlaugar).

Byggingarsaga

Árið 1943 hafði fjárhagurinn jafnað sig og ákveðið var að byggja varanlega búningsklefa og aðra nauðsynlega aðstöðu, sem ráð hafði verið fyrir gert. Stjórn Ungmennafélagsins fékk húsameistara ríkisins til þess að gera teikningar að steinsteyptri byggingu meðfram vesturhlið laugarinnar með inngangi, búningsklefum, baðherbergi, áhorfendastúkum, skjólveggjum og sólpalli þaðan sem vel sæist yfir laugina. Einnig var gert ráð fyrir hreinsunarbúnaði fyrir laugarvatnið.[52] Teikningar húsameistara að þessum hlutum bygginga hafa ekki fundist þrátt fyrir umtalsverða leit.

Framkvæmdir við húsið hófust sumarið 1943 og lauk þeim ári síðar. Þá höfðu einnig verið keypt tæki til upphitunar og hreinsunar á sjónum sem dælt var í laugina.[53] Af ljósmynd sem til er af húsinu frá þessum tíma má sjá að sólbaðssvalirnar sem nú eru yfir áhorfendapöllunum voru ekki hluti af mannvirkinu. Ekkert þak var yfir áhorfendasvæðinu og þar sem nú eru kringlóttir gluggar voru op í gegnum vesturvegginn, án glers. Árið 1945 gaf Ungmennafélagið Keflavíkurhreppi þessa endurbættu laug.[54] Eftir endurbæturnar varð laugin mjög vinsæl og varð sundíþróttin vinsæl æfinga- og keppnisgrein í Keflavík og hefur verið það síðan.



Sundlaug Keflavíkur. Mynd til vinstri er tekin við vígslu laugar 1939 en mynd til hægri líklega um 1940. Báðar myndir eru úr skýrslu Hjörleifs Stefánssonar. 2018, bls. 10 og 11.

[51] *Tíminn* 1939, 88. tbl. bls. 349. Frétt um vígslu sundlaugarinnar.
[52] Ungmennafélag Keflavíkur, bréf eða tilkynning dags. 12. sept. 1943. Í vörslu byggðasafns Reykjanesbæjar.
[53] *Faxi,* 1950, bls. 6. Ræða Margeirs Jónssonar formanns sundhallarnefndar við opnun Sundhallarinnar 3. des. 1950.
[54] *Afmælisrit U.M.F.K.* 1979, bls. 35-37. Afrit af gjafabréfi í vörslu skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar.

Árið 1947 var ákveðið að byggja yfir sundlaugina og var Húsameistara ríkisins falið að gera teikningar að yfirbyggingunni. Guðjón Samúelsson og samstarfsmaður hans, Bárður Ísleifsson, rituðu nöfn sín á teikningarnar að yfirbyggingu en Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen annaðist tæknihönnun.[55] Þessar teikningar hafa varðveist og af þeim má sjá nokkuð glöggt hvernig búningsklefahúsið hefur verið áður en byggt var yfir laugina. Teikningar húsameistara sýna einfalt hús með lágu risi yfir sundlauginni en að auki var gert steinsteypt þak yfir áhorfendastúkunum og þar voru sólbaðssvalir. Stigar á milli búnings- og baðklefa og sundlaugarsalarins voru framlengdir þannig að þeir náðu til sólbaðssvalanna. Á teikningunum var gert ráð fyrir gufubaðstofum við enda áhorfendastúkanna, öðrum megin fyrir karla



Sundlaugin skömmu fyrir 1943. Mynd úr skýrslu Hjörleifs Stefánssonar. 2018, bls. 33.

Sundlaugin eftir endurbætur árið 1943. Mynd úr skýrslu Hjörleifs Stefánssonar. 2018, bls. 13.

[55] Teikningavefur Reykjanesbæjar. Teikning Bárðar Ísleifssonar og Guðjóns Samúelssonar.

og hinum megin fyrir konur. Þessu var ekki fylgt eftir við byggingu hússins, líklega til að áhorfendastúkurnar gætu verið stærri. Afleiðingin varð hins vegar sú, að stiginn að sólbaðssvölunum



Sundlaugin í Keflavík, báðar teikningar merktar Guðjóni Samúelssyni og Bárði Ísleifssyni, Reykjavík 6. mars 1947. Teikningar húsameistara ríkisins (C387_08).

varð nokkuð lengri og brattari en ella hefði orðið og aðkoma að svölunum óhentug.

Á annan dag hvítasunnu árið 1948 var haldin skemmtun í Keflavík sem nefndist *Sundlaugardagurinn* og var öllum ágóða varið til „að byggja þak yfir Sundhöll Keflavíkur“. Framkvæmdum við yfirbyggingu hússins lauk 4. desember 1951 og sundlaugin var þar með orðin að Sundhöll.[56]

Húsið var nú fullbyggt og hlé varð á framkvæmdum í nokkur ár. Gert hafði verið ráð fyrir gufubaðstofu í kjallaranum en það dróst til ársins 1957 að hún opnaði. Þá tók til starfa nýmóðins „finnsk“ gufubaðstofa í kjallara Sundhallarinnar með sérstökum búningsklefa og baði.[57] Sama ár var tekinn í notkun „clórmiðlari“ sem jók hreinlæti og „gerði vatnið tærara og skemmtilegra“.[58]

Sundhöll Keflavíkur fullbyggð 1951. Mynd úr skýrslu Hjörleifs Stefánssonar 2018, bls. 16.

Sundhöll Hafnarfjarðar fullbyggð 1952. Mynd úr skýrslu Hjörleifs Stefánssonar 2018, bls. 28.

Þann 12. nóvember 1967 varð mikill eldsvoði í sundhöllinni. Eldur kviknaði í loftræstibúnaði gufubaðstofunnar í norðurenda hússins og barst þaðan í gegnum loftstokka í einangrun og þakviði. Sprenging varð í húsinu og gluggar þeyttust út í heilu lagi. Miklar skemmdir urðu víða á húsinu og töldu menn jafnvel tvísýnt um að ráðist yrði í viðgerð. Síðar kom þó í ljós að skemmdirnar voru minni en talið var í fyrstu og í kjölfarið var ráðist í viðgerð og endurbyggingu þaksins.[59] Jes Einar Þorsteinsson arkitekt hannaði endurbætur á búningsklefum og gerð nýrrar gufubaðstofu í kjallara en gluggapóstum á sundlaugarsalnum var breytt eftir teikningu húsameistara ríkisins sama ár. Gerð var útbygging úr kjallaranum til suðausturs til að skapa rými fyrir aukinn tækjabúnað, tæplega 9 m^2 að stærð.[60] Þakið var

[56] *Faxi* 1961, bls. 10.
[57] *Faxi* 1957, bls. 74.
[58] *Faxi* 1957, bls. 135.
[59] *Faxi* 1967, bls. 144.
[60] *Fundargerðarbók byggingarnefndar Keflavíkur.* Í vörslu skipulagsfulltrúa.

endurbyggt að fullu og þakbrúnir endurskapaðar í nýrri mynd. Viðgerðin tók skamman tíma því Sundhöllin var opnuð aftur 27. janúar 1968.[61]

Sundhöllin eftir viðgerð 1967. Mynd úr skýrslu Hjörleifs Stefánssonar 2018, bls. 18.

Sundhöllin timburklædd 1982. Mynd úr skýrslu Hjörleifs Stefánssonar 2018, bls. 18.

Árið 1980 var tekið í notkun nýtt útvistarsvæði með kringlóttri byggingu, án þaks og setlaugum, austan við Sundhöllina eftir teikningu Jes Einars Þorsteinssonar.[62] Tveimur árum síðar var þak sundhallarinnar endurnýjað aftur og því breytt eftir teikningum Steinars Geirdal. Ári síðar var húsið klætt að utan með lóðréttum timburborðum og margvíslegum frágangi úr sléttu áli við glugga og þakskeggi var breytt í það horf sem verið hefur síðan.[63] Um sama leyti var nýr loftræstibúnaður settur í húsið með tilheyrandi rafmagns- og stjórnbúnaði.

Lýsing

Lögun hússins er nokkuð margbrotin sem skýrist af byggingarsögu þess sem er nokkuð flókin. Stærsti hluti byggingarinnar (sem hýsir sundlaugina) snýr norður-suður. Hún er með lágu risþaki með sem klætt er báruáli. Á suðurgaflinum er stór gluggi sem myndaður er af fjórum samliggjandi háum gluggum. Norðurgaflinn er gluggalaus og á austurhliðinni eru fjórir háir gluggar sömu gerðar og á suðurgafli en stakstæðir. Bygging sem hýsir inngang og búningsklefa er við vesturhliðina. Húsið er að mestu leyti einlyft á kjallara með sólbaðssvölum á þaki en til beggja enda er hún þó tvílyft og þar eru stigar milli búningsklefa jarðhæðar og sólbaðssvalanna. Yfir stigahúsunum eru lágreist mænisþök með austur-vesturstefnu. Á miðri vesturhlið er tvílyft útbygging þar sem er inngangur. Á vesturvegg byggingarinnar sem hýsir sundlaugina eru 10 gluggar að sólbaðssvölunum.

Gluggar eru á vesturvegg búningsklefanna og kringlóttir gluggar eru ofarlega á sama vegg og veita birtu inn í áhorfendastúku. Framan við útidyrnar er skýli með veggjum og þaki yfir.

---

[61] *Faxi* 1968, bls. 37.
[62] Teikningar frá árinu 1978, í vörslu skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar.
[63] Munnleg heimild í júní 2018, Sveinn Númi Vilhjálmsson, fyrrverandi byggingarfulltrúi Keflavíkur.

Austan við sundlaugina er steinsteyptur, kringlóttur pallur til útivistar, um 1,5 m á hæð og ofan í hann eru mótaðar tvær setlaugar. Á brún pallsins er há bárujárnsgirðing á járnstaurum og efst á henni um eins metra breitt þak eða skyggni inn yfir palljaðarinn. Milli pallsins og sundlaugarinnar er steinsteypt gönguleið og dyr á austurhlið sundlaugarhússins.

Útveggir hússins eru klæddir lóðréttri timburklæðningu í ljósum grágrænum lit. Klæðningin er negld á lárétta planka sem festir eru við steinsteyptu veggina. Þakbrúnir og gaflþríhyrnur ná lítið eitt fram yfir veggfleti og eru klæddar báruáli eins og þakið. Gluggakarmar eru úr timbri en utan við þá eru áfellur úr sléttum málmi, líklega áli. Efst á vesturvegg hefur klæðning þakbrúnarinnar horfið á kafla og þar má sjá steinsteypta þakbrún upprunalega veggjarins. Þar blasa við nokkrar skemmdir á steypunni. Göt hafa verið rofin í timburklæðningu vesturveggjar.

Ástand og horfur

Eins og fyrr segir réði nálægðin við sjóinn nokkru um staðarval laugarinnar. Þegar hún var reist stóðu aðeins örfá hús á þessum slóðum, en austan við lóð sundlaugarinnar var fiskvinnsluhús. Í dag eru aðstæður gjörbreyttar. Lóðin austan sundlaugarinnar er nú auð, en sunnan og vestan hennar er komið íbúðarhúsahverfi. Norðan laugarinnar liggur Ægisgata, umferðargata milli laugar og sjávar, sem rýfur nokkuð þá tengingu sem áður var við sjóinn. Aðkoma að lauginni hefur breyst og húsið er nú nokkuð aðþrengt til vesturs.

Sundhöll Keflavíkur má muna fífil sinn fegurri. Árið 2006 var ný sundlaug, Vatnaveröld, tekin í notkun í Keflavík. Eftir það var Sundhöllin um hríð aðeins notuð fyrir skólasund og sundæfingar eldri borgara en ári 2007 seldi Reykjanesbær eignarhaldsfélaginu Fasteign bygginguna. Bærinn leigði þó húsið af félaginu, lét byrgja sundlaugarþróna og gera þar öflugt gólf. Síðan var húsið leigt eða lánað hnefaleikafélagi Keflavíkur sem hafði þar aðsetur sitt um nokkurra ára skeið. Fasteign seldi húsið félaginu Reykjanesbyggð sem varð síðar gjaldþrota. Í kjölfar þess eignaðist Landsbankinn Sundhöllina en seldi hana árið 2016 félagi sem nefnist Vatnsnessteinn.[64] Í febrúar 2018 sótti félagið og fékk heimild byggingarnefndar Reykjanessbæjar til að rífa Sundhöllina.

[64] Munnleg heimild í júní 2018, Gunnar Kristinn Ottósson skipulagfulltrúi Reykjanesbæjar og Sveinn Númi Vilhjálmsson fyrrverandi byggingarfulltrúi.



Sundhöll Keflavíkur sumarið 2025. Húsið er komið í mikla niðurníðslu, stendur opið og er orðið hættulegt umhverfi sínu. Myndir: höfundar.

Í tengslum við það var gert mat á húsinu og í því segir:

> Heildaryfirbragð byggingarinnar er dapurlegt. Viðhald hennar hefur greinilega verið vanrækt um árabil og svipmótið ber þess glöggan vott. Hluti af þakbrún á vesturhlið hefur líklega fokið af og þar skín í eldri þakbrún úr steinsteypu sem er í slæmu ástandi. Göt hafa verið rofin í timburklæðningu veggjanna. Gluggar eru flestir í slæmu ástandi, gler er sums staðar brotið og gluggaáfellur eru óvandaðar.

Þrátt fyrir að leyfi hafi fengist til niðurrifs varð ekki af því og var félagið sem átti það afskráð 2021 og er húsið nú í eigu KEF-fasteigna.

Á þeim tíma sem liðið hefur frá því að mat var gert á ástandi hússins (2018) hefur ástandi hússins hrakað mikið bæði að utan og innan. Búið er að fjarlægja timburgólfið yfir laugarþrónni og botn þróarinnar er þakinn braki og rusli. Í horni hennar má sjá ummerki eftir íkveikju en reynt var að kveikja í húsinu 2023. Allar rúður hússins hafa verið mölbrotnar og glerbrot og ónýtir byggingahlutir þekja öll gólf. Sumir glugganna hafa verið birgðir en aðrir standa opnir. Hurðar hafa flestar verið rifnar af hjörum, veggir útkrotaðir, handlaugar og klósett hafa verið brotin, þakplötur (eingrun) hefur að nokkru leyti fallið ofan í gryfjuna og húsið í heild sinni í hræðilegu ástandi. Klæðning hússins að utan er einnig byrjuð að losna frá og liggur hluti hennar á planinu fyrir framan bygginguna.

Húsið er nú til mikilla lýta fyrir umhverfið og óviðunandi að það sé látið falla í niðurníðslu og verða miðstöð fyrir óreiðufólk, mitt inni í friðsælu íbúðahverfi.

Lokaorð

Árið 2018 var Sundhöll Keflavíkur í eigu fasteignafélags sem hugðist rífa húsið og reisa á lóðinni fjölbýlishús. Þessi áform mættu töluverðri andstöðu og safnað var undirskriftum gegn framkvæmdunum. Minjastofnun Íslands lét taka saman greinargerð með rökstuddu mati á varðveislugildi Sundhallar Keflavíkur og var niðurstaða hennar sú að Sundhöllin hefði mikið varðveislugildi þrátt fyrir lélegt ástand. Stofnunin taldi sér þó ekki fært að eiga frumkvæði að friðlýsingu hússins. Nú, sjö árum síðar, hefur Sundhöll Keflavíkur enn ekki verið rifin og þar vegur hugsanlega þyngst hröð eigendaskipti og gjaldþrotasaga. Eigendur hússins hafa því hvorki nýtt sér þá heimild né sinnt viðhaldi þess að nokkru marki heldur látið það falla í algjöra niðurníðslu.

Menningarsögulegt gildi Sundhallar Keflavíkur er mikið, bæði fyrir samfélag bæjarins og með hliðsjón af sögu sundlaugavæðingar og baðmenningar landsins. Ástand hússins er hins vegar afar dapurlegt.

Sú staðreynd að Sundhöll Keflavíkur stendur enn gefur tækifæri til að endurskoða ákvörðun um niðurrif. Breyttar aðstæður, svo sem mikill vöxtur bæjarfélagsins, stóraukinn ferðamannastraumur og vaxandi áhugi á sundi, floti og sjósundi, gefa tilefni til þess að bæjarstjórn taki málið upp að nýju og kanni hvort grundvöllur sé fyrir endurskoðun á fyrri ákvörðun. Í því samhengi er áhugavert að bera aðstæður í Reykjanesbæ saman við Hafnarfjörð. Íbúafjöldi Reykjanesbæjar er um 24.000 en í Hafnarfirði um 30.000. Í báðum bæjum voru byggðar sundhallir á svipuðum tíma, svipað stórar og hannaðar af Húsameistara ríkisins. Í Hafnarfirði eru tvær aðrar, nýlegar útisundlaugar, en í Reykjanesbæ ein. Ætlun beggja bæjarstjórna var að rífa sundhöllina þegar ný og vegleg útisundlaug hefði verið tekin

í notkun. Í báðum tilvikum var þeim áformum harðlega mótmælt af bæjarbúum. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar féll frá niðurrifi og Sundhöll Hafnarfjarðar er nú í fullum rekstri. Laugin mikið notuð til sundkennslu, vel sótt af eldri bæjarbúum og orðin eitt af kennileitum og stolti bæjarins. Allar forsendur eru fyrir hendi að sambærileg þróun gæti átt sér stað í Keflavík. Með einhentum vilja og átaki, gæti Sundhöll Keflavíkur aftur orðið kennileiti og sameiningartákn í Keflavík.

Sundlaug/-höll Hafnarfjarðar (1943-)

Staðsetning: Herjólfsgötu 10b, Hafnarfirði	*Höfundur: Guðjón Samúelsson Húsameistari ríkisins /(Ágúst Pálsson)/ Einar Erlendsson, Bárður Ísleifsson*
Byggingarár: 1943/1953	*Byggt af/eigandi: Hafnarfjörður/Ríkissjóður*
Helstu endurbætur: 1951-1952, 1980	*Yfirbyggð/opin: Upphaflega opin, yfirbyggð árið 1953*
Staða/ástand: Í notkun	*Annað: Sjólaug hituð með kolum og rafmagni í upphafi, síðar hitaveita*

Umhverfi og aðdragandi

Upphaf sundkennslu í Hafnarfirði má rekja til ársins 1894 en þá hófst kennsla í leikfimi og sundi við Flensborgarskóla. Sund var í upphafi kennt á þurru landi. Eiginleg sundkennsla í vatni hófst árið 1909 fyrir tilstilli Ungmennafélagsins 17. júní og var þá kennt í sjónum út af Hamarskotsmöl. Hús sem stóð á Mölinni var upphaflega nýtt sem sundskáli en árið 1925 var reistur þar sérstakur sundskáli. Sundkennslan var síðar flutt í Hellufjöru. Árið 1926 fór kennslan fram á Krosseyrarmölum og sundskálinn var fluttur þangað.[65] Áratug síðar var kennt í Krosseyrartjörn við Skiphól.

Í *Sögu Hafnarfjarðar* kemur fram að nokkrar þreifingar höfðu átt sér stað vegna byggingar sundlaugar í Hafnarfirði allt frá 1928.[66] Í blaðagrein frá sama ári er sagt frá fyrirhuguðum stofnfundi Sundfjelags Hafnarfjarðar og hvatt til þess að á fundinn mæti allir þeir „sem áhuga hafi á hinni fögru og nytsömu íþrótt, sundinu“. Í greininni kemur fram sú skoðun að sundlaugargerð ætti að vera auðveld á þessum slóðum þar sem frá rafmagnsstöð á svæðinu renni 30 stiga frárásarvatn sem sé engum til gagns en gæti nýst í sundlaug og því sé æskilegt að laugin verði byggð nærri rafmagnsstöðinni.[67] Síðar kom í ljós að frárennslisvatnið var ekki nógu mikið til að það dygði til sundlaugar. Næstu ár var mikið rætt um gerð sundlaugar og varð málið bitbein í kosningabaráttu árið 1930.[68] Á fjórða áratugnum stækkaði bærinn ört, áhugi á sundlaugargerð var mikill og nú þótti helst koma til álita að gera kolakynta laug, líkt og gert hafði verið í Bolungarvík.[69]

Ráðgert var að byggja laugina fyrir samskotafé og komið var á fót nefnd um framkvæmdina með fulltrúum ýmissa félagasamtaka og bæjarstjórnar. Á Þjóðskjalasafni Íslands eru varðveittar teikningar eftir Guðjón Samúelsson að yfirbyggðri sundlaug við Lækjarskóla sem dagsettar eru í mars 1937. Árið 1938 fól sundlauganefnd „Emil Jónssyni að gera uppdrátt af sundlaug og kostnaðaráætlun [...] var gert

[65] *Saga Hafnarfjarðar* bls. 737 og 638.
[66] *Saga Hafnarfjarðar,* bls. 296.
[67] *Morgunblaðinu* frá 06.06.1928, bls. 4.
[68] sjá t.d. *Alþýðublaðið* 14.02.1930, bls. 3, *Brúin* 01.02. 1930, bls. 2 og *Brúin* 15.02. 1930, bls. 3.
[69] *Haukur* 10.02.1934, bls. 3-4.

ráð fyrir að laugin yrði u.þ.b. 20 m löng, 8 m breið og 1,5-2,5 m djúp, yfirbyggð úr timbri.“ [70] Þessi orð ber að skilja á þann veg að Emil hafi verið falið að sjá um að gerður yrði uppdráttur að lauginni. Í bókun nefndarinnar segir enn fremur: „Henni (sundlauginni) var valinn staður við leikfimihús barnaskólans og féllust nefndarmenn á uppdráttinn og áætlunina í höfuðatriðum“. Vafalítið er hér um að ræða þá teikningu sem Guðjón Samúelsson undirritaði árið 1937. Ekkert varð af byggingu þessarar laugar og sundlaug Hafnarfjarðar var að lokum valinn staður við Krosseyrarmalir við Gatklett skammt



Til vinstri: Teikning af lauginni. Úr fórum Húsameistara ríkisins (C384_11-12) undirrituð af Ágústi Pálssyni fyrir hönd Húsameistara ríkisins 4. mars 1939. Til vinstri: Teikning af lauginni undirrituð af Einari Erlendssyni í mars 1941 fyrir hönd Húsameistara ríkisins. C384_11-12. Laugarkerinu hefur verið snúið um 180°, tækjaklefi stækkaður og sundlaugarbarmar mótaðir nánar.



Sundlaugin í Hafnarfirði. Teikningar Bárðar Ísleifssonar dagsettar í júlí 1942. Húsameistari ríkisins, C384_11-12.

frá þeim stað þar sem sundkennsla fór fram um og upp úr 1926.

Hönnun laugarinnar við Krosseyrarmalir fór fram árin 1939 til 1942 á vegum Húsameistara ríkisins. Elstu teikninguna sem fundist hefur gerði Ágúst Pálsson. Hún sýnir opna sundlaug sem snýr austur-vestur og er vesturendinn dýpri. Búningsklefar voru við norður- og austurbakka. Tækjaklefi var í kjallara að norðan. Sundlaugarbakkar eru teiknaðir án hrákarennu.[71] Þversnið sýnir vatnsborð 10 cm neðan við

[70] *Saga Hafnarfjarðar*, bls. 298-30 og *Morgunblaðið* 9. des. 1986. Minningargrein eftir Matthías Á. Matthíessen. Emil var verkfræðingur að mennt. Hann var bæjarstjóri Hafnarfjarðar frá 1930 þar til hann tók við embætti Vita- og hafnarmálastjóra árið 1937.

[71] Rennur þessar hafa ýmist verið nefndar yfirfallsrennur eða hrákarennur. Seinna heitið virðist oftar hafa verið notað.

Frá vígslu sundlaugarinnar 1943 til vinstri (Sarpur, safnanúmer SH-07) en laugin fullbyggð 1952 til hægri (Sarpur, safnanúmer A-SÍS-1277-2).

bakkann og 1" rör sem handlista ca. 10 cm neðan við vatnsborð. Yfirfall eða afrennsli var um rör í gegnum þróarvegginn. Yngri teikning af lauginni (dagsett 1941) er merkt Einari Erlendssyni, en er svipuð teikningu Ágústs í megindráttum. Teikning Einars víkur þó frá eldri teikningu að ýmsu leyti. Laugin snýr enn austur-vestur en nú er austurendinn dýpri. Búningsklefar eru þeir sömu, við norður- og austurbakka. Tækjaklefi í kjallara að norðan er hins vegar orðinn mun stærri en áður. Sundlaugarbakkar með hrákarennu eru teiknaðir í 1:10. Fótstallur er í dýpri endanum og ávöl kverk milli veggja og botns.

Þriðja teikningin er undirrituð af Bárði Ísleifssyni árið 1942 og sýnir hún yfirbyggða sundlaug í þeirri mynd sem hún var byggð árið 1953. Á teikningunni eru búningsklefarnir eins og þeir voru upphaflega byggðir (og teknir í notkun árið 1943) sem var verulega frábrugðið fyrri teikningum. Sundlaugin snýr eins og á teikningu Einars Erlendssonar.

Byggingarsaga

Framkvæmdir við byggingu laugarinnar hófust árið 1940 og ýmislegt bendir til þess að þá hafi þegar legið fyrir mótaðar hugmyndir um að hún skyldi verða yfirbyggð Sundhöll.[72] Byggingin hófst á stríðsárunum og tafði skortur á efni og vinnuafli verkið verulega.[73] Þegar sundlaugin var tekin í notkun árið 1943 höfðu búningsklefar verið byggðir í samræmi við sundhallarteikninguna frá 1942 en yfirbyggingunni hafði verið slegið á frest. Í stað útveggja voru byggðir skjólveggir um laugina.

Sundlaugin var því opin (ekki yfirbyggð) þegar hún var vígð sunnudaginn 29. ágúst 1943. Ítarlega lýsingu á lauginni er að finna í tímaritinu *Sveitarstjórnarmálum* 1943 og fylgir hún hér á eftir í fullri lengd:

> Sundlaug þessi er mikið mannvirki, er tekur yfir 700 fermetra svæði og er ein hæð. Hún er sjólaug og er við Krosseyrarmalir, í kvos vestan undir hraunbrúninni. Sjónum er dælt í

[72] Heimildum ber ekki saman um hvenær byrjað var á framkvæmdum. Í grein um „*Íþróttamál Hafnfirðinga*" (Haukur 10.2. bls. 3) segir að byrjað hafi verið í október 1939.
[73] *Saga Hafnarfjarðar*, bls. 298-30.

laugina með rafmagnsdælu, hann hitaður upp með kolum og rafmagni og hreinsaður í fullkomnum hreinsunartækjum, sem vélsmiðjan Hamar í Reykjavík smíðaði og setti upp. Sjálf laugarþróin er að stærð 25x8.0m. Dýptin í grynnri endann er 90 cm, en 3 m í dýpri enda. Grynnri hluti laugarinnar er um helmingur af lengdinni, en með jöfnum halla frá 90 cm til 160 cm; úr því dýpkar ört í 3 m. Hrákarenna með niðurföllum er umhverfis alla laugina, enn fremur eru gangpallar meðfram allri lauginni og eru að breidd 2 til 2,6 m. Búningsklefum, böðum og afgreiðslu er komið fyrir við grynnri enda laugarinnar. Við anddyri fer miðasala fram, og er gert ráð fyrir, að þar verði afgreidd handklæði og sundskýlur. Þegar komið er inn úr anddyrinu, er rúmgóður forsalur, sem er jafnframt biðstofa. Úr forsalnum er gengt í allar bað og búningsdeildir, í sundkennaraherbergi og inn á laugarpallinn. Til hægri er gengið í búningsdeildir karla, bæði einmenningsklefa, 10 að tölu, sem eru með óhreinum *og,* hreinum göngum, sama fyrirkomulag og er í sundhöllinni í Reykjavík —, og enn fremur er þar hópklefi fyrir 35 menn, með sérstökum læstum skáp fyrir hvern. Úr hópklefa og einmenningsklefum er gengið í þrifaböðin, en þar eru 5 sturtubásar ásamt vöskum, þar sem fæst heitt og kalt bað. Við þrifaböðin eru salerni og tilheyrandi snyrtiklefar. Hver baðgestur verður að fara í steypibað áður en hann fer í laugina, en úr steypiböðunum er gengið inn á laugarpallinn. Fyrirkomulag og stærð kvennadeildar er alveg eins, og er gengið í hana til vinstri úr forsalnum. Eru því búningsklefar fyrir 80 manns. Auk þessara búningsdeilda er sérstök gufubaðsdeild, og er einnig gengið í hana úr forsalnum. Í gufubaðsdeildinni er gufubaðsklefi eða baðstofa, 2,5x2,5 m að stærð, þrifabað og salerni, ásamt búningsklefa, sem er svo stór, að hann er líka notaður eftir baðið, og eru þar legubekkir fyrir 6 menn. Þá er einnig klefi fyrir kerlaug og allstórt herbergi fyrir enda kvennadeildar, þar sem kenna á sundtökin á þurru landi, svo kallað þurrsund. Ekki er byggt yfir laugina, en gert er ráð fyrir, að svo verði síðar, og hefur allri byggingu verið hagað með hliðsjón af því, en hár skjólgarðsveggur er kringum laugina, og búningsklefarnir skýla að nokkru leyti. Í kjallara, undir nokkrum hluta búningsklefanna, eru hreinsunartæki, 2 stórir tankar, sem sjónum er dælt í, þar sem hann síast og hreinsast. Þá eru þar einnig hitunartæki, sem hita upp sjóinn í lauginni, og miðstöðvarketill fyrir búningsklefa, ganga og þrifaböð. Rotþró fyrir allt frárennsli hefur verið byggð. Þá er gert ráð fyrir að útbúa sólbaðsskýli. Bygging sundlaugarinnar hófst á árinu 1940, en tafðist á ýmsan hátt vegna vöntunar á nægilegu vinnuafli og vegna erfiðleika með að fá efni og alls konar tæki. Upphaflega var ákveðið að byggja sundlaugina með almennum samskotum og þá valin nefnd, er í áttu sæti menn frá ýmsum félagssamtökum í Hafnarfirði og frá bæjarstjórn. En vegna þess hve mannvirkið reyndist umfangsmikið og dýrt, vegna hinna breyttu tíma, varð niðurstaðan sú, að bærinn byggði laugina með styrk úr ríkissjóði. Alls söfnuðust 30 þúsundir króna með frjálsum samskotum. Gerð og fyrirkomulag sundlaugarinnar var ákveðið í samráði við húsameistara ríkisins, íþróttafulltrúa og íþróttanefnd ríkisins. Sundlaugin mun hafa kostað alls rúml. 500 þús. kr., og verður framlag frá ríkissjóði að líkindum 2/5 kostnaðar. Sundlaugin er rekin af Hafnarfjarðarkaupstað, og fer kennsla þar fram bæði fyrir skólanemendur og almenning. Með byggingu sundlaugarinnar hafa Hafnfirðingar hrint í framkvæmd miklu nauðsynja- og menningarmáli fyrir þennan mikla útgerðar- og sjómannabæ.[74]

[74] *Sveitarstjórnarmál,* 01.12.1943, bls. 31-32.

Aðsókn að sundlauginni var góð en verulega dró úr henni að vetrarlagi og var því kennt um að hún væri opin. Ekki leið því á löngu þar til haldið var áfram og lokið við yfirbygginu laugarinnar árið 1952.[75]



Til vinstri: Árið 1959 var gerð teikning að fyrirkomulagi sólbaðsskýlis við austurenda sundhallarinnar. Steinsteyptur veggur var fyrirhugaður á suðurmörkum sólbaðssvæðisins í framhaldi af suðurhlið hússins og hornrétt á hann á austurmörkunum. Að norðan afmarkaðist svæðið af hraunklöpp sem skagaði inn í rýmið mill veggjanna. Steypti veggurinn var 150 cm hár og ofan á honum 100 cm hár trérimlaveggur. Til hægri er teikning Sigurþórs Aðalsteinssonar frá 1982 að stækkun hliðarálmunnar. Veggir viðbótarinnar eru sýndir svartir.



Teikning Húsameistara ríkisins að búningsklefum til vinstri (H29) en til hægri er tillaga Steinars Guðmundssonar fyrir hönd húsameistara ríkisins frá 1955 að flísalögn sundlaugarbakkans, yfirfallsrennu og efsta hluta veggja sundlaugarkarsins. Ekki varð af þessari framkvæmd, en hins vegar voru bakkar sundlaugar Keflavíkur flísalagðir með einmitt þeim hætti sem teikningin sýnir. Íþróttasjóðsteikningar H22.

Áður hafði komið í ljós að leiðslur og tæki laugarinnar þoldu ekki seltu sjávarins og árið 1950 var farið að nota ferskt vatn í laugina.[76] Í upphafi var vatnið hitað með brennslu kola en eftir að laugin var yfirbyggð var farið að nota olíu og rafmagn til hitunar og árið 1975 var Sundhöllin tengd hitaveitu.

Yfirbyggða laugin var í ýmsum atriðum sviplík Sundhöll Reykjavíkur og háir gluggar setja sterkan svip á báðar byggingar. Upphafleg teikning sýnir húsið án þakskeggs en þó var gerð steinsteypt þakrenna við þakbrún. Við vesturhlið sundhallarhússins og að hluta með norðurhliðinni voru búningsklefarnir í

[75] Í yfirlitsskrá í nýútkominni bók um Guðjón Samúelsson segir að laugin hafi verið byggð 1944 (var þó vígð í ágúst 1943) og endurbætt 1951 en annars staðar er talað um að endurbæturnar hafi tekið lengri tíma, jafnvel allt frá 1947 til ársins 1955. Sjá Pétur H. Ármannsson 2020, bls. 402.

[76] *Saga Hafnarfjarðar*, bls. 298-30.

lægri byggingu sem einnig var án þakskeggs. Lága byggingin við norðurhlið sundhallarinnar var síðar lengd til austurs en framkvæmdin var á vegum Rafveitu Hafnarfjarðar.

Ítarlegar teikningar voru gerðar af innréttingum búningsklefanna en fyrirkomulag þeirra var með líkum hætti og í Sundhöll Reykjavíkur. Búningsklefar karla og kvenna voru því sem næst eins. Hvor um sig greindist í sameiginlega búningsklefa, þar sem voru margir þröngir skápar í röðum með lágum bekk fyrir framan, ætlaðir börnum, og hins vegar einsmannsklefar í röð með aðkomu frá „hreinum gangi" og eftir að hafa afklæðst var gengið út um aðra hlið klefans inn í „hreinan gang", sem leiddi að herbergi þar sem gestir þvoðu sér í steypibaði og gengu þaðan til laugar. Einsmannsklefar sundhallar Hafnarfjarðar voru gerðir úr timbri.[77]

Árið 1970 gerði Jes Einar Þorsteinsson arkitekt tillögu að róttækri breytingu á búningsklefahluta sundhallarinnar. Hann lagði til að búningsklefaálman yrði rifin og í stað hennar kæmi ný hliðarálma með nýju formmáli. Á þaki hennar var ráðgert útivistarsvæði og gufubaðstofa. Ekki varð úr þessum hugmyndum.

Töluverð breyting var gerð á Sundhöllinni árið 1982 eftir teikningu Sigurþórs Aðalsteinssonar arkitekts. Búningsklefaálman var þá breikkuð til norðurs og innri skipan afgreiðslu og búningsklefanna endurmótuð. Einsmannsklefarnir voru lagðir af og fyrirkomulagið með „óhreinum og hreinum gangi" yfirgefið. Jafnhliða þessu var ytra svipmóti álmunnar breytt, útveggurinn lækkaður, þakið framlengt fram yfir vegginn með þakskeggi. Útveggurinn sem snýr að götunni er þó enn jafnhár og fyrr en bætt hefur verið við hann til vesturs til að hylja þakskeggið.

Um sama leyti var þak sundhallarinnar endurnýjað með breyttu sniði. Upphaflega var lágreist valmaþak sem sást aðeins úr fjarlægð og í nánd var svipmót hússins eins og um flatt þak væri að ræða. Nú var því breytt í lágreist mænisþak sem látið var ná út yfir veggbrúnir og þar var myndað allhátt þakskegg, klætt timbri. Á skammhliðum mynduðust þríhyrndir þakgaflar, klæddir timbri. Þessi breyting gekk í berhögg við mikilvæg stíleinkenni hússins, og ekki hafa fundist skýringar á því af hverju hún var gerð.

Enn var gerð sú breyting fyrir fáum árum að gluggar voru endurnýjaðir og gerðir hver um sig með þremur rúðum í stað tíu rúðna áður. Nýju gluggarnir eru úr plasti. Allar þær breytingar sem hér hafa verið taldar hafa orðið til þess að slæva stíleinkenni hússins og þá hugsun sem hönnun þess hvíldi á, mismikið þó.

[77] Pétur H. Ármannsson sem rannsakað hefur ævistarf Guðjóns Samúelssonar húsameistara ríkisins las góðfúslega þessa umfjöllun um Sundhöll Hafnarfjarðar og gerði ekki efnislaga athugasemd aðra en þá að um 1970, þegar hann ungur var sundnemandi í Sundhöll Hafnarfjarðar, minnist hann þess ekki að búningsklefar hafi verið með því móti sem hér er lýst.

Sundhöll Hafnarfjarðar er sviplík nokkrum öðrum sundhallarbyggingum landsins frá því um miðbik 20. aldar, en meðal einkenna þeirra eru einföld form og háir gluggar. Þær sverja sig í ætt við Sundhöll Reykjavíkur að nokkru leyti. Eftir að Sundhöll Reykjavíkur var tekin í notkun 1937 hannaði embætti Húsameistara ríkisins nokkrar sundhallir, sem bera svip af Sundhöllinni; Sundhöll Hafnarfjarðar, Keflavíkur, Seyðisfjarðar og Siglufjarðar. Sá skyldleiki er með sundhöllum Keflavíkur og Hafnarfjarðar umfram hinar er að þær voru teknar í notkun sem opnar laugar og síðar reist yfir þær hús. Sundlaug Hafnarfjarðar var frá upphafi ætlað að verða sundhöll, en sundlaugin í Keflavík var í upphafi gerð eftir teikningum Kristjáns Franklíns Jóhannssonar og var síðar endurbætt mikið eftir teikningum húsameistaraembættisins og óx þannig stig af stigi uns hún varð að sundhöll.

Lýsing

Sundhöllin í Hafnarfirði var skoðuð undir leiðsögn Hermanns Sigurðar Jónssonar, tæknistjóra laugarinnar. Hún er í suðurjaðri Hafnarfjarðarhrauns en milli hennar og sjávarins er fjölfarinn akvegur en sjávarmegin við hann er göngustígur meðfram sjónum. Suðurhlið Sundhallarinnar sem er með háum gluggum snýr að sjó. Austurhliðin er með sams konar gluggum og snýr að laugargarði, en norðurhliðin sem er án glugga snýr að íbúðabyggð.

Sundlaug Hafnarfjarðar, annars vegar nýbyggð ((Sarpur, safnanúmer A-SÍS-1277-2), hins vegar árið 2025 (ljósmyndir: höfundar). Þakgerðin gjörbreytt sem slævir mjög stíleinkeni hússins. Gluggar breyttir, í stað 10 rúðna í hverjum glugga eru þær nú þrjár. Sólskýlisveggurinn, sem bætt var við síðar, er í slæmu ástandi.

Sundlaugarsalurinn er bjartur með greiðum bökkum kringum laugina. Laugarkerið er málað og með hrákarennur á allar hliðar. Laugin er 1,2 m til 3,2 m á dýpt og stökkbretti er við dýpri endann. Hljóðdempandi plötur eru á veggjum og lofti klætt timburrimlum. Hljómburður í salnum er því betri en ella og er hann stundum notaður til tónleikahalds og fyrir samkomur af ýmsu tagi.

Gengið er um dyr á austurvegg salarins út í laugargarðinn sem umluktur er steinsteyptum vegg. Þar eru heitir pottar og sólbaðsaðstaða á steinsteyptum pöllum.

Um 2012 kom til tals að loka eða rífa Sundhöllina. Því var mótmælt af krafti og horfið var frá þeim hugmyndum. Í Hafnarfirði eru nú þrjár sundlaugar og hefur bæjarfélagið lagt áherslu á að hlúa




Sundhöll Hafnarfjarðar sumarið 2025. Ljósmyndir: Höfundar.

að hverri og einni og draga fram sérstöðu þeirra. Sundhöllin nýtist vel til sundkennslu skólabarna en auk þess sækja hana mikið eldri borgarar og íbúar í nágrenninu. Hinar laugar Hafnarfjarðar eru Suðurbæjarlaug og Ásvallalaug. Sú fyrri er 25 metra útilaug, vinsæl meðal fjölskyldufólks og sú síðari er með tveimur laugum, 50 m keppnislaug innandyra og annarri minni utandyra.

Ástand og horfur

Ástand Sundhallarinnar er blendið. Umgengni virðist vera góð og sundhallarsalurinn ber vott um góða umhirðu. Hins vegar blasir við að brýn þörf er á margvíslegu viðhaldi, þakbrúnir eru skemmdar og laugargarðinn þarf að endurnýja. Í tilefni þess að 80 ár voru liðin frá því sundhöllin var fullgerð efndi

bæjarstjórn Hafnarfjarðar til fagnaðar og veislu í lok ágúst 2023.[78] Upplýsingaspjöldum um sögu laugarinnar var komið fyrir í anddyri Sundhallarinnar og við göngustíginn sjávarmegin við húsið þar sem sundkennsla fór fram í sjónum áður fyrr. Einnig voru kynntar tillögur sem bæjarstjórn hafði falið VA-arkitektum að móta og sneru að umfangsmiklum endurbótum/breytingum á laugarhúsinu: uppstokkun rýma, endurnýjun heitapottsaðstöðu o.fl. Tillögurnar eru enn til umfjöllunar og ekki hefur verið afráðið að hve miklu leyti þeim verður fylgt.

Sundhöll Hafnarfjarðar var í upphafi fallega mótuð bygging eftir rökréttum meginreglum sundlaugabygginga, sem bárust til landsins og birtust fyrst í Sundhöll Reykjavíkur. Hún var metnaðarfullt byggingarlistaverk. Í tímans rás hefur þess ekki verið gætt sem skyldi að halda mikilvægum einkennum hússin óbreyttum. Nauðsynlegt hefur reynst að laga Sundhöllina að breyttu hlutverki sem fylgir þróun í baðmenningu Íslendinga, en slíkar breytingar og/eða viðbætur ætti að fella að einkennum hússins eftir mætti. Mikilvægt er að þær endurbætur sem gerðar verða á Sundhöll Hafnarfjarðar í framtíðinni taki mið af því að endurheimta þá þætti sem horfið hafa við fyrri breytingar. Þar má helst nefna þak og þakbrúnir, bæði á aðalhluta hússins og hliðarálmunum en einnig gluggagerð.

[78] https://hafnarfjordur.is/sundholl-hafnarfjardar-80-ara/

Sundlaug Austurbæjarskóla (1933-)

Staðsetning: Barónsstíg 32, Reykjavík	*Höfundur: Sigurður Guðmundsson arkitekt*
Byggingarár skólans: 1927-1931	*Byggt af/eigandi: Reykjavíkurbær/Ríkissjóður*
Helstu endurbætur:	*Yfirbyggð/opin: Yfirbyggð*
Staða/ástand: Til staðar, ekki í notkun	*Hitun: Jarðvarmi*

Formáli

Undirbúningur að byggingu nýs barnaskóla í Reykjavík hófst árið 1923. Í fyrstu drögum að teikningum frá 1924 var ekki gert ráð fyrir að sundlaug yrði í húsinu. Þegar endanlegir uppdrættir voru samþykktir í bæjarstjórn Reykjavíkur 6. maí 1926 voru áform um lagningu hitaveitu úr Laugardal til upphitunar skólans til umræðu og þá hafði teikningunni verið breytt þannig að þar sem áður var ætlaður kyndiklefi var nú teiknuð sundlaug.

Framkvæmdir hófust 1927 og kennsla byrjaði í nóvember 1929, áður en skólinn var fullbyggður. Sundlaugin var tekin í notkun árið 1933 og þar var nemendum Miðbæjarskóla og Austurbæjarskóla kennt sund næstu áratugina.

Full ástæða væri til að gera byggingu skólans ítarlegri skil vegna þess hve merkileg hún er og mikilvæg í byggingarlistarsögu landsins. Hér verður sjónarhornið hins vegar þrengra og beinist fyrst og fremst að sundlaug skólans en þó nauðsynlegt að fara nokkrum orðum um skólann í heild sinni til að setja laugina í samhengi.

Umhverfi og aðdragandi

Árið 1923 ákvað skólanefnd Reykjavíkur að fela Sigurði Guðmundssyni (1885-1958) að gera frumteikningar að nýjum barnaskóla í Reykjavík fyrir 600 börn sem tvöfalda mætti að stærð síðar. Í skólanum skyldu vera 20 kennslustofur.[79] Ári seinna fól bæjarstjórn Reykjavíkur Sigurði að gera fullnaðaruppdrætti að nýja barnaskólahúsinu.[80] Sigurður var þá búsettur í Kaupmannahöfn, hafði verið þar frá 1915 við nám í byggingarlist og hafði jafnframt unnið sér til framfærslu á teiknistofum arkitekta og sem blaðamaður. Um sumarið kom hann til Reykjavíkur og vann áfram að mótun tillögu sinnar að skólanum. Um þetta leyti var nýskipuð samvinnunefnd um skipulag Reykjavíkur að móta fyrsta heildarskipulag bæjarins. Efst á Skólavörðuhæðinni var ráðgert að reisa helstu opinberu byggingar Reykjavíkur, háskóla, leikhús, listasafn og kirkju. Austan við háhæðina voru áætlaðar lóðir fyrir

[79] *Morgunblaðið* 14.10.1928.
[80] *Morgunblaðið* 04.05.1945.

Landspítala, nýjan barnaskóla og íþróttamannvirki en þeirra á meðal var sundlaug. Enn austar, í Norðurmýrinni, var járnbrautarstöð fyrirhuguð.[81]

Um aldamótin var áberandi fjölbreytni í byggingarlist Danmerkur, nýbarokk, júgendstíll og þjóðernisrómantík höfðu tekið við af þeirri nýklassík sem einkenndi fyrri hluta 19. aldar. En um þær mundir sem Sigurður Guðmundsson hóf nám við arkitektadeild Konunglegu listaakademíunnar í Kaupmannahöfn árið 1915 var að mótast ný stefna sem fólgin var í afturhvarfi til klassískra fyrirmynda en með breyttum áherslum þó: „Endurmat á nýklassík 19. aldar leiddi til víðtækari áhuga á rótum byggingarlistar -formrænum og fagurfræðilegum grunnreglum gríska og rómverskrar byggingarlistar, sem og á eiginleikum og gæðum alþýðuhúsagerðar fyrri tíðar þar sem einfaldleiki og notagildi héldust í hendur.“[82]

Lóðin sem ákveðin hafði verið fyrir skólann var á Skólavörðuholtinu austanverðu, sunnan Bergþórugötu og austan Vitastígs. Aðalálman hafði verið áformuð niður með Bergþórugötu, en Sigurður taldi æskilegra, með hliðsjón af landhalla, að hafa skólahúsið ofar á lóðinni, samsíða Vitastíg.

Elstu teikningar sem fundist hafa af skólanum eru gerðar í Kaupmannahöfn og dagsettar nóvember 1924. Þá hefur skólahúsið í aðalatriðum verið fullmótað.[83] Gert var ráð fyrir því að húsið yrði

Vatnslituð teikning Sigurðar Guðmundssonar að nýja barnaskólanum, líklega frá 1924. Þjóðskjalasafn Íslands.

[81] Haraldur Sigurðsson, bls. 214-219.
[82] Pétur H. Ármannsson. 1997, bls. 3. Vísað er í: Fisker, Kay. 1950, bls. 501-502.
[83] Fjöldi teikninga Sigurðar Guðmundssonar af skólanum eru varðveittar í Þjóðskjalasafni Íslands.

miðstöðvarhitað með þremur stórum kolakötlum. Norðan við kyndiklefann var kolageymsla en sunnan við hann var íbúð kyndara. Íbúð umsjónarmanns var sunnan við íbúð kyndara og við hlið hennar þvottahús og salerni drengja. Norðan við kolageymsluna var stórt baðherbergi og við hlið þess klæðaherbergi. Norðan við það voru salerni stúlkna. Leiksvæði skólabarnanna var í lokuðum húsagarði milli þriggja álma skólans en á austurjaðri garðsins voru einnar hæðar skýli. Gert var ráð fyrir að leiksvæðinu yrði skipt milli drengja og stúlkna með vegg.



Grunnmynd kjallara dagsett í nóvember 1924. Varðveitt í Þjóðskjalasafni Íslands. Gert var ráð fyrir þremur kolakötlum til hitunar vatns í miðstöðvarkerfi hússins. Kyndiklefinn var fyrirhugaður þar sem sundlaugin var síðar gerð. Í austurenda suðurálmu var gert ráð fyrir almenningsböðum.

Aðdragandi hitaveitu

Verkfræðingafélag Íslands var stofnað árið 1912 og varð strax umræðuvettvangur um margvíslega tækni. Um 1920 var vaxandi áhugi á því að kanna möguleika á hagnýtingu jarðvarma til húshitunar. Á fundi í Verkfræðingafélaginu 7. apríl 1920 flutti Þorkell Þorkelsson erindi um jarðhita og benti á að álitlegt væri að leiða heitt vatn heim að bæjum til upphitunar. Árið 1926 voru möguleikar jarðhitanýtingar aftur á dagskrá. Þorkell Þorkelsson, Steingrímur Jónsson rafmagnsstjóri, Jón Þorláksson landverkfræðingur og Knud Zimsen voru áhugasamir um málið og á fundi í Verkfræðingafélaginu 17. nóvember 1926 flutti Jón Þorláksson erindi sem hann nefndi *Hitaveita Reykjavíkur*. Á sama fundi flutti Benedikt Gröndal fyrirlesturinn: *Notkun Þvottalauga í Reykjavík til hitunar nokkurra stórhýsa í bænum.*[84] Þar greindi hann frá athugun sem hann hafði gert að frumkvæði Knuds

[84] Lýður Björnsson. 2007, bls. 47-49.

Zimsens borgarstjóra og í samráði við Valgeir Björnsson bæjarverkfræðing. Hugmyndin var að nýta heita vatnið til hitunar hins fyrirhugaða nýja barnaskóla og til Sundhallar Reykjavíkur sem áformað var að byggja. Útreikningar hans sýndu ótvírætt að rétt væri að ráðast í þessa hitaveitu „því jafnvel þótt það geti komið til greina að hita upp alla borgina með hverahita, þá á þessi veita rétt á sér, því að hún mundi alltaf vera búin að borga sig áður hinu stærra fyrirtæki væri hrundið í framkvæmd.“[85]

Þann 6. maí 1926 samþykkti borgarstjórn uppdrætti að nýjum barnaskóla og skipaði nefnd til að sjá um byggingu hans. Nefndin var skipuð Pétri Halldórssyni borgarstjóra, Hallbirni Halldórssyni, Ólafi Friðrikssyni og Guðmundi Ásbjörnssyni. Á fyrsta fundi nefndarinnar var borgarstjóra falið að leita samninga við Sigurð Guðmundsson um að „standa fyrir byggingunni“ og einnig leita samninga við Benedikt Gröndal um að „sjá um hitaleiðslur, vatnsleiðslur, skolpleiðslur og loftræstingu.“[86]

Hugmyndin um hitaveitu fyrir Reykjavík var orðin nokkuð skýrt mótuð árið 1927 þegar byrjað var að byggja Austurbæjarskóla. Í upphafi gengu framkvæmdir hægt enda þurfti að sprengja mikið af klöpp í undirbúningsferlinu.[87] Í samþykkt sem gerð var í Rafmagnsnefnd Reykjavíkur 13. desember 1927 var ákveðið að rannsaka möguleika á því að nota jarðhita í nánd við Reykjavík til orku- og hitaframleiðslu. Árið 1929 samþykkti Veganefnd Reykjavíkur bráðabirgðaáætlun um lögn hitaveitu frá Laugunum til bæjarins og fól Benedikt Gröndal að gera fullnaðaráætlun um hitaveituna. Fundur bæjarstjórnar Reykjavíkur samþykkti þessa ráðstöfun án athugasemda 5. desember 1929 og þar með var hugmyndin orðin að ásetningi.[88]

Bær í mótun

Í byrjun 20. aldar var Reykjavík í mótun og mikli áform um framkvæmdir af ýmsum toga. Byggingu Landspítala var valinn staður á Grænuborgartúni árið 1917 og hugmynd var mótuð um byggingu *Háborgar* á efst á Skólavörðuhæðinni þar sem helstu menningarstofnanir og söfn yrðu byggð. Bygging Reykjavíkurhafnar árin 1913-1917 hafði líklega einna mest áhrif á mótun bæjarins og henni tengdist járnbrautarstöðin sem valinn var staður í Norðurmýri.[89] Fyrstu hugmyndir um sundhöll í Reykjavík komu fram um 1924 og lagt var til að hún risi á svipuðum slóðum og síðar varð. Skipulagsnefnd ríkisins var sett á fót í kjölfar samþykktar skipulagslaga árið 1921 og unnið var að fyrsta heildarskipulagi Reykjavíkur á árunum 1924-1927. Þessar stórhuga ráðagerðir um Landspítala, nýjan barnaskóla og sundlaug tvinnuðust saman, þroskuðust og breyttust í nýrri sýn á þann möguleika að leiða heitt vatn í rörum frá Þvottalaugunum í Laugardal til að hita hús spítalans og barnaskólans og að nýta

[85] Sama heimild bls. 49.
[86] Gjörðabók byggingarnefndar Skjalasafn Reykjavíkurborgar barnaskóla v. Vitastíg 1926-1928.
[87] *Austurbæjarskólinn 1930-1980*. bls. 1-4.
[88] Lýður Björnsson. 2007, bls. 41-60.
[89] Haraldur Sigurðsson. 2023, bls. 203-227.

frárennslisvatnið til sundalaugargerðar. Deiliskipulagsuppdrátturinn frá 1927 tók mið af þessu og sameinaði öll áformin.



Skólinn var byggður með flötu, steinsteyptu þaki. Tæpum tveimur áratugum seinna var byggt lágreist timburþak með eirklæðningu yfir skólahúsið. Teikning varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands.



Þakbrúnin var mótuð úr steinsteypu með hallandi fleti skreyttum samfelldri röð af innfelldum ferhyrningum. Teikning varðveitt í Þjóðskjalasafni Íslands.

Byggingarsaga skólans

Framkvæmdir við skólann hófust sem fyrr sagði árið 1927. Á meðan skólinn var enn í byggingu árið 1928 var fjallað um húsið og gerð grein fyrir því í ritinu *Menntamál* með fyrirsögninni „Barnaskólinn nýi í Reykjavík".



Afstöðumynd nýja barnaskólans frá 1926. Blómagarður átti að vera meðfram suðurmörkum skólalóðarinnar þar sem nú eru malbikuð bílastæði. Skólinn og leikskýlin mynduðu skjólsælan leikvöll sem skipta átti í tvennt milli drengja og stúlkna.

Meginhluti greinarinnar er fólginn í lýsingu Sigurðar Guðmundssonar arkitekts á skólanum en formála hennar hefur útgefandi ritsins, Ásgeir Ásgeirsson líklega skrifað en þar segir m.a.:

„Nýi barnaskólinn stendur um allan útbúnað á sporði bestu skólum á Norðurlöndum. Hann er fyrsti skólinn hjer á landi, sem bygður er eftir fylstu nútímans kröfum“. Lýsing Sigurðar er ítarleg og ber með sér hve skólinn var mótaður eftir skýrri sýn. Sem dæmi verða hér teknar fáeinar sundurlausar glefsur:

> Legu hússins ræður sól og umhverfi. Aðalhúsið snýr frá norðaustri til suðvesturs. [...] Leikvöllur barnanna verður í húsagarðinum milli álmanna, -nýtur þar vel sólar móti suðaustri og skjóls við norðanátt…[...] Blómagarði er ætlaður staður í sól og skjóli suðvestan undir húsinu, og svo sneiðin niður að Barónsstíg, í stefnu við húshliðina. [...] Húsum er svo háttað, að bekkirnir (skólastofurnar) eru í samfelldri röð með öðrum hliðarvegg, en göng með hinum. Hefur þessi húsaskipun þótt gefast vel, og fylgja þeir kostir, að þá má velja bekkjunum sólarátt eftir vild, þá er og greiður gangur að öllum bekkjunum og göngin loftgóð og björt. [...] Upphitunin verður miðstöðvarhitun með vatni. Líklegt er að bærinn geti tekið laugavatnið í þjónustu sína. Vatnshitun er fyrir margra hluta sakir hentug. Og væntanleg notkun laugarvatnsins nóg ástæða til að velja hana. Hitaleiðslunni ætti að koma fyrir þannig, að hægt væri með litlum tilkostnaði að breyta til og koma fyrir kötlum ef laugavatnið reyndist ekki einhlítt. Mætti þá setja katlana þar sem nú er sundlaugin og kol mætti geyma í næsta stafgólfi. Loftræsting á að fást nægileg gegnum glugga og loftháfa án þess að beitt sé nokkrum vjelabrögðum til þess að koma loftinu á hreyfingu – enda eru slíkar ráðstafanir dýrar og reynast jafnan ónógar í skólahúsum. Þó má hafa rafmagnsþyril á stöku stað, t.d. í myndasalnum og víðar þar sem einkum verður fjölmennt. Loftháfarnir flestir ganga upp í gegnum skilvegginn milli bekkjanna og gangnanna. Er einn ætlaður hverjum bekk – og svo eftir þörfum annarsstaðar í húsinu. Gluggana verður að gera hentuga til loftræstingar.[...] Leikskýlin liggja í boga fyrir leikvellinum í skólagarðinum, loka honum að nokkru leyti og gera hlje fyrir austanvindunum. En leikskýlin eru til afdreps í illum veðrum. -Bogalínan gerir leikvöllinn rýmri og skemmtilegri, lagar sig eftir götunni (Barónsstígnum), er beygir fyrir hæðina og kemur í rjetta stefnu við húsgaflana.

Þótt þessi lýsing Sigurðar sé ítarleg er fátt sagt um sundlaugina. Greint er frá leikfimisal og baði á þessa leið:

> …leikfimisalurinn er á neðsta gólfi í norðurálmunni. Gólfflötur 9,18 m. Þykir þetta hæfileg stærð. Lofthæð ca. 5,5 m. Hjer er neytt hallans og gólfinu hleypt niður. Í sambandi við salinn eru tvö klæðaherbergi handa skólabörnunum. Fyrir miðju eru svalir, sem gengið er á úr stigagöngunum. Bað handa skólabörnunum er í kjallara. Um 6 brúsar með volgu vatni og einn kaldur og fótlaug handa 12. Klæðaherbergi með bekkjum og fatabásum er áfast. Þaðan er innangengt í leikfimissalinn. Sundlaug er í sambandi við baðið. [90]

Fleiri voru orðin ekki um sundlaugina sem skýtur óneitanlega skökku við. Ákvörðun um að hafa sundlaug í skólanum hlýtur að hafa byggt á vandlegri yfirlegu og því hefði ef til vill mátt ætla að í lýsingu á húsinu kæmi fram skýring á eða rökstuðningur fyrir lauginni, en því er sem sagt ekki að heilsa.

[90] *Menntamál* IV ár, mars-apríl 1928, bls. 33-41.

Í kaflanum um upphitun skólans kemur fram að ef laugarvatnið reynist ekki nægilegt til hitunar hússins megi koma kyndikötlum fyrir þar sem sundlaugin er. Þetta bendir ef til vill til þess að ekki hafi verið gefinn eins mikill gaumur að sundlauginni og öðrum deildum hússins eða hún ekki talin mjög mikilvæg.

Ljóst er að á fyrstu teikningum af skólahúsinu var ekki gert ráð fyrir sundlaug. Í fundargerð skólabyggingarnefndarinnar frá 9. apríl 1927 kemur fram að sá uppdráttur sem þá er til umfjöllunar sýni leikfimisal til viðbótar þeim sem fyrir var en nokkru minni og sundlaug og ýmsar minniháttar breytingar í sambandi við þessar. Nefndin telur ekki að umræddar breytingar valdi miklum kostnaðarauka og samþykkti þær. Á sama fundi var ákveðið að bjóða út steypuvinnu við kjallarann með lofti yfir.[91]

Á þeim árum þegar unnið var að undirbúningi að byggingu nýja barnaskólans voru hugmyndir að Sundhöll Reykjavíkur einnig að mótast þótt ákvörðun um byggingu hennar hafi ekki verið teknar fyrr en 1928. Frá upphafi var ráðgert að afrennslisvatn frá Austurbæjarskóla yrði notað í Sundhöllina. Þegar ákveðið var að hætta við almenningsböðin í suðurálmu Austurbæjarskóla og koma þar fyrir kvikmyndasal hefur það að líkum tengst því að í hinni fyrirhuguðu Sundhöll áttu að vera almenningsböð.

Af því sem fram hefur komið hér að ofan verður að telja ljóst að ákvörðun um að sundlaug skyldi vera í nýja barnaskólanum hafi verið tekin þegar stefnt var að því að skólinn yrði hitaður með vatni frá Laugaveitu. Full vissa var þó ekki um að það tækist og því gerður sá fyrirvari að kolakatlar kæmu í stað sundlaugarinnar ef nauðsyn bæri til.

Lægsta tilboð í uppsteypu kjallarans átti Kristinn Sigurðsson. Lægsta boð í pípulagnir kom frá J. Þorlákssyni og Norðmann og lægst buðu Bræðurnir Ormsson í raflagnir. Þegar kallað var eftir tilboðum í framhald byggingar skólans snemma árs 1928 urðu sömu verktakar fyrir valinu þar sem þeir buðu lægst. Gluggasmíðin var boðin út sérstaklega og óskað eftir tveimur kostum, annars vegar glugga úr furu eða hins vegar úr eik. Óskað var eftir tilboðum innanlands sem utan. Lægsta tilboðið kom frá Jóhannesi Reykdal í Hafnarfirði og miðaðist það við glugga úr „olíuseyrðri“ furu. Byggingarnefndin ákvað að fela Kristni Sigurðssyni að annast múrhúðun skólans. Byggingarnefndin taldi mikilvægt að velja gler í glugga skólans sem hleypti sem mestu af útfjólubláu sólarljósi í gegn og taldi nefndin að svokallað „Vita“-gler hefði þessa eiginleika. Tilboðs var aflað í slíkt gler og því var tekið. Síðar barst annað tilboð frá þýsku fyrirtæki og við samanburð kom í ljós að fyrir lágu rannsóknargögn um þýska glerið en ekki hið enska og fyrri ákvörðun var því breytt og glerið keypt frá Neue Glasindustrie-

[91] *Gjörðabók byggingarnefndar Skjalasafn Reykjavíkurborgar barnaskóla við Vitastíg 1926-1928.*

Gesellschaft G.m.b.H. í Berlín. Ekki verður betur séð en að þessu sinni hafi aðeins verið keypt gler í kjallaragluggana því í júní 1929 bókar byggingarnefndin þá ákvörðun að kaupa af Jóni Loftssyni Vita-gler fyrir 9,5 danskar krónur á fermetra.[92]



Gluggar voru smíðaðir hjá trésmiðju Jóhannesar Reykdal í Hafnarfirði úr olíuseyrðri furu. Ytri gluggarammar og innri rammar voru með sérstöku gleri sem útilokaði ekki útfjólublátt ljós í sama mæli og venjulegt gler.

Teikning varðveitt í Þjóðskjalasafni Íslands.

Risgjöld voru haldin 13. október 1928 og þangað boðið starfsmönnum við bygginguna, bæjarstjórn, skólanefndinni, fræðslumálastjórn, skólastjóra barnaskólans, formanni kennarafélags skólans og fulltrúum þriggja dagblaða bæjarins. Ákveðið var að verja allt að 1000 kr. til að láta gera frumdrætti að lágmyndum yfir báðum aðaldyrum skólans. Ásmundi Sveinssyni var falið að gera myndirnar og hann gerði einnig lágmyndir á göflum hliðarálma skólans. Á fundi skólabyggingarnefndarinnar 17. maí 1929



Árið 1947 var hallandi timburþak klætt eir sett á skólann. Teikning varðveitt í Þjóðskjalasafni.



Til álita virðist hafa komið árið 1946 að byggja heila hæð úr timbri ofan á skólann en af því varð ekki. Teikning varðveitt í Þjóðskjalasafni.

[92] *Gjörðabók byggingarnefndar Skjalasafn Reykjavíkurborgar barnaskóla við Vitastíg 1926-1928* og *1928-1931.*

bókar nefndin þann vilja sinn að fullgerðar verði átta skólastofur næsta haust. Þann 19. maí var tilboði Helga Magnússonar & co í hitalagnir tekið og ákveðið var að leggja korkplötur á gólf í fjórum kennslustofum en „gúmmí“ á aðrar fjórar stofur, gang og stiga.[93]

Mánudaginn 7. september árið 1931 kom skólabyggingarnefndin saman í nýja barnaskólanum og gekk um húsakynnin til skoðunar og eftirlits. Ýmislegt var enn ógert hér og hvar og var ákveðið að ljúka öllum nauðsynlegum framkvæmdum áður en kennsla hæfist síðar um haustið. Sundlaugin og kvikmyndasalurinn voru þó ekki tilbúin og ákvað nefndin að ljúka framkvæmdum við hvort tveggja þegar bæjarsjóður hefði gengið frá lántöku.[94]

Sundlaug Austurbæjarskóla var tekin í notkun 2. júní 1933 og frá því var sagt á sýningu Hollvinafélags Austurbæjarskóla. Jón Sigurðsson, yfirkennari, greindi frá þessum tímamótum í *Skrá yfir muni og áhöld Austurbæjarskóla* 20. júní 1933:

> Sund var fyrst kennt í lauginni föstudaginn 2. júní s.l. og voru nemendur börn úr vorskóla Austurbæjarskólans. Síðan hefir stöðugt verið kennt þar um 400 börnum úr vorskólum barnaskóla bæjarins. Sundlaugin er ennþá ekki fullgerð að öllu leyti, en vorskólinn fékk leyfi til að nota hana til júníloka. Verður laugin hin fullkomnasta, að öllum frágangi og tvímælalaust eitthvert almesta menningartæki skólans.[95]

Síðar sama sumar flutti *Alþýðublaðið* eftirfarandi frétt:

> Á morgun kl. 2 sýna 80 - 100 börn sund í sundlaugunum innfrá. Flest þessi börn voru í vorskóla Austurbæjarskólans nú í vor eða hafa verið á sundnámskeiði vorskólans, sem byrjaði í júlí, þegar vorskólinn hætti. Börnin eru á aldrinum 5 - 14 ára og aðeins örfá þeirra höfðu áður fengið lítils háttar tilsögn í sundi. Á morgun ætla þau að sýna hvað þau hafa verið dugleg að læra að synda í 4 - 5 vikur og bjóða bæði pabba og mömmu, afa og ömmu inn eftir og horfa á sig busla í vatninu. Öll börn sem lært hafa að fleyta sér á sundnámskeiði vorskólans, eru beðin að mæta í Austurbæjarskólanum kl. 1 stundvíslega á morgun.[96]

Árið 1947 var þaki skólans breytt. Ofan á flatt, steinsteypuþakið var reist timburþak klætt eirþynnum. Teikningar voru líka gerðar að mun hærra þaki eða öllu heldur viðbótarhæð með hallandi timburþaki. Ráðgert var að koma þar fyrir bæjarbókasafni í suðurálmunni, húsmæðraskóla í norðurálmunni og námsflokk Reykjavíkur í miðálmunni auk barnalesstofu. Fjallað var um þessi áform á kennarafundi 22.

---

[93] *Gjörðabók byggingarnefndar Skjalasafn Reykjavíkurborgar barnaskóla við Vitastíg 1928-1931.*

[94] Sama heimild.

[95] Öll gögn Hollvinafélags Austurbæjarskóla um sögu skólans voru afhent Skjalasafni Reykjavíkurborgar til varðveislu, þeirra á meðal dagbók Sigurðar Guðmundssonar arkitekts frá árunum sem hann vann að hönnun skólans. Skjalasafn Reykjavíkurborgar hefur nú verið lagt niður og öll gögn þess afhent Þjóðskjalasafni Íslands. Gögnum Hollvinafélagsins hefur verið komið fyrir í bráðabirgðageymslu þar sem þau eru ekki aðgengileg. Þar verða þau þar til Þjóðskjalasafnið hefur skráð þau og komið fyrir á varanlegum stað að sögn starfsmanns Skjalasafns Reykjavíkur mánudaginn 15. desember 2025. Óvíst hvenær.

[96] *Alþýðublaðið* 12.08.1933, bls. 4.

mars 1946 og voru kennararnir á einu máli um að viðbótarhæðina ætti einvörðungu að nota í þágu skólans.

> Nú sé tví-, þrí- eða fjórsett í kennslustofur skólans. Auk þess hafi sumar sérstofur verið teknar til almennrar kennslu. Skólanum bráðliggi á fleiri kennslustofum, nýjum sérstofum, t.d. söngsal, smíðastofu, landafræðistofu, náttúrufræðistofu, samkomusal, ásamt smáherbergjum honum viðkomandi og stórri stofu fyrir skólabókasafn, einnig leikfimisal ásamt klefum. Þórarinn Einarsson, smíðakennari ræðir um brýna þörf á annarri smíðastofu og að sett verði trégólf í smíðastofu þá er fyrir er. Þá vill hann koma upp annarri handavinnustofu til viðbótar fyrir drengi, t.d. vegna málmsmíða.[97]

Á sama fundi bar einnig á góma slæm hljóðvist í skólanum:

> Sigurður Magnússon telur bergmálið í skólanum há allri starfsemi hans og sæti það furðu, að ekki skuli hafa verið gerð tilraun amk. í einni stofu til að útrýma því. Telur hann skólann ekki fullbyggt hús fyrr en bergmálinu hefur verið útrýmt. Slíkt sé ekki dýrt. Ef settar yrðu texplötur í kverkar stofanna, telja sérfróðir menn líkur á að bergmálið hverfi með öllu. Slíkt hafi reynst vel í Laugarnesskólanum.



Hluti teikningar Sigurðar Guðmundssonar arkitekts frá 1926. Gert er ráð fyrir sundlaug. Sundlaugin átti að ná milli útveggja og ekki er gerð grein fyrir gangvegi með laugarbökkum. Tvær ferstrendar stoðir eru sýndar. Gert var ráð fyrir að í stað sundlaugar yrði þarna ketilhús ef ekki fengist nægilegt heitt vatn með Laugaveitunni.



Teikning Vilhjálms Hjálmarssonar arkitekts frá 1995 að endurbættu fyrirkomulagi við sundlaugina. Búningsklefar voru þá gerðir fyrir drengi og stúlkur hvort um sig og aðstaða kennara. Ekki er að fullu ljóst hvernig búningsklefum var háttað áður. (Borgarvefsjá)

Ekki varð af því að bætt yrði við einni hæð ofan á skólahúsið aðeins lágreist timburris klætt eirþynnum.

Lýsing

Sundlaug Austurbæjarskóla var skoðuð 28. apríl 2025 undir leiðsögn Kristínar Jóhannesdóttur skólastjóra.

[97] Frásögn Péturs Hafþórs Jónssonar. Tilvísun hans í Fundargerðarbók Kennarafélags Austurbæjarskóla í stílabók sem er meðal þeirra gagna sem Hollvinafélagið afhenti Skjalasafni Reykjavíkurborgar og er nú ekki aðgengileg.



Sundlaugin hefur ekki verið notuð í nokkur ár nema sem geymsla fyrir húsbúnað.

Tröppur eru í norðvesturhorni laugarinnar.



Gangur norðvestan við sundlaugina er notaður sem geymsla. Þar er loftræsting laugarinnar.

Tæknibúnaður laugarinnar er í lágum kjallara norðan við laugina, undir gólfi matsalar.

Búningsklefar laugar og leikfimisalar eru enn lítt breyttir.

Horft til suðurs yfir laugarkarið.

Austurbæjarskóli er sem fyrr segir steinsteypt hús, tvær hæðir og kjallari, undir mænisþaki. Það skiptist í miðálmu en út frá endum hennar ganga tvær hliðarálmur. Sundlaugin er í miðjum kjallara miðálmu skólans. Hún er 8,2 × 5,75 m að grunnfleti. Laugarkerið er 1,45 m á dýpt í grynnri enda og 1,7 m í

þeim dýpri en ummerki á flísum benda til að hún hafi ekki verið fyllt heldur hafi vatnsdýpt verið 93–120 cm. Sundlaugin hefur ekki verið notuð í nokkur ár. Hún er nú notuð sem geymsla fyrir húsbúnað af ýmsum toga.

Gangur er með laugarbarminum að norðan og austan en ekki að sunnan og vestan. Á veggjum sundlaugarkersins eru sægrænar leirflísar sem gætu verið upprunalegar en á botninum gráar „takkaflísar“. Sundlaugarbarmurinn er lagður gráum flísum. Ofarlega á veggjum sundlaugarinnar er smágerð hrákarenna úr ryðfríu stáli sem fest er á flísarnar með ryðguðum skrúfum. Járnrör er fest við veggina um 10 cm neðan við vatnsyfirborðið eins og ætla má að það hafi verið, ætlað börnunum til að halda sér í. Á austurvegg laugarinnar er yfirfallsop sem ráðið hefur vatnshæðinni. Hæð frá gólfi salarins til lofts er 3-3,5 m og er loftið klætt hljóðdempandi plötum. Veggir eru klæddir hvítum leirflísum í um það bil 200 cm hæð en efri hluti þeirra er hvítmálaður. Loftræstibúnaður er undir loftinu í gangi, norðan við sundlaugarrýmið og loftræstistokkur þvert yfir salinn. Loftræstibúnaðurinn nær út úr vesturvegg hússins. Loftræstibúnaðurinn var settur í salinn 1985-95.[98] Ætla má að í fyrstunni hafi aðeins verið notast við þá útloftun sem fékkst með opnanlegum gluggum.[99]

Á austurvegg laugarsalarins eru þrír gluggar og á vesturvegg tveir gluggar beint yfir lauginni og sá þriðji skammt frá, við aðkomuganginn að lauginni. Norðan við laugina er herbergi sundkennara og gluggi á þeim vegg sem snýr að lauginni.

Slípuð steinsteypugólf eru í laugarsalnum við hlið laugarinnar sem hallast að veggjum þar sem niðurföll eru á nokkrum stöðum. Dyr eru við enda gangvegarins með austurhlið laugarinnar. Þar er gengið upp fjögur þrep inn í matsal nemenda.

Fyrstu áratugina voru drengir og stúlkur ekki saman í sundi og því ekki búningsklefar fyrir hvort kynið um sig. Ekki hafa fundist heimildir um hvernig búningsklefum var háttað í fyrstunni nema það sem fram kemur í lýsingu Sigurðar Guðmundssonar frá 1928, þ.e. að sömu búningsklefar voru nýttir fyrir leikfimi og sund. Frá 1995 hafa verið sérstakir búningsklefar fyrir sundlaugina bæði fyrir drengi og stúlkur. Þá var einnig útbúið herbergi fyrir sundkennara með yfirsýn að sundlauginni.

Hljóðvist í sundlaugarsalnum hefur líklega verið afar slæm í upphafi. Ragnheiður Pálsdóttir sundkennari byrjaði að kenna sund í Austurbæjarskólanum 1965 og kenndi til 2002. Jón Ingi Guðmundsson „sundkóngur“ hafði annast alla sundkennslu í Austurbæjarskólanum fram til þess að

[98] Ragnheiður Pálsdóttir. Samtal við Hjörleif Stefánsson 05.05.2025.

hún byrjaði að kenna. Hljómburður í sundlaugarsalnum var afar slæmur og við lá að Ragnheiður missti heyrn af glymjandanum. Þegar hávaðinn í börnunum var yfirgengilegur átti Jón Ingi það til það slá

Austurbæjarskóli úr lofti, vorið 2025. Ljósmyndir höfunda.

með priki sínu í málmrennuna (hrákarennuna) til að fá börnin til að þagna. Einhverjar úrbætur voru snemma gerðar á hljóðvistinni og milli 1970 og 1980 voru settar í loftið þær hljóðeinangrandi plötur sem þar eru enn.

Ástand og framtíðarhorfur

Eins og þegar hefur verið rakið hér að framan er Austurbæjarskóli á meðal merkustu bygginga Íslands og nýbyggður var hann talinn á meðal fullkomnustu skólabygginga á Norðurlöndum. Mikilvægt er að honum verði haldið við af sama metnaði og lá að baki hönnunar hans og byggingu.

Umfjöllunarefni þessarar úttektar er fyrst og fremst sjálf sundlaugin, en við lauslega yfirborðskoðun á húsinu virtist ástand byggingarinnar í stórum dráttum vera viðunandi, þótt margt mætti betur fara. Hér gildir sú meginregla, líkt og annars staðar, að samfellt og markvisst viðhald er lykillinn að góðu ástandi byggingarinnar. Hér eru þó nefnd tvö atriði sem mikilvægt er að bæta sem fyrst. Í fyrsta lagi eru skýlin sem marka skólaleikvöllinn og skábrautin niður af leikvellinum vanhirt. Skýlunum hefur verið lokað og nýtast þau börnunum ekki lengur. Í öðru lagi má nefna að gluggar skólahússins þurfa sárlega á betri umhirðu að halda. Þeir eru ómetanlegur hluti upprunalegrar byggingarinnar, fágæti sem yrði afar kostnaðarsamt að endurnýja.

Sundlaug Austurbæjarskóla hefur ekki verið notuð í nokkur ár en ekki hefur fundist augljós skýring á því þótt þyngst virðist hafa vegið einhvers konar hagræðis sjónarmið, þ.e. að ódýrara sé að senda börnin í Sundhöllina heldur en að skólinn reki sína eigin skólalaug. Ljóst er að frá upphafi var sundlaugin líklega að ýmsu leyti vanhugsuð, þ.e.a.s. hún var ekki mótuð af þeirri þekkingu og yfirsýn sem þá var fyrir hendi um hvernig kennslulaugar skyldu vera. Úr þeim annmörkum var smám saman bætt og laugin gegndi hlutverki sínu í um það bil 90 ár.

Sundlaugin er órjúfanlegur hluti af byggingunni og mikilvægt er að hefja vegferð að endurgerð hennar með hliðsjón af upprunalegri gerð, en jafnframt með þeim endurbótum sem nauðsynlegar eru til að hún geti áfram þjónað hlutverki sínu við sundkennslu barna. Sundlaugin var frá upphafi órjúfanlegur þáttur í þeirri heild sem gerði Austurbæjarskóla að einni nútímalegustu skólabyggingu á Norðurlöndum. Viðhald og endurnýjun sundlaugarinnar styrkir því ekki aðeins starfsemi skólans, heldur einnig menningarlegt og byggingarfræðilegt gildi hans.

Sundhöll Reykjavíkur (1937-)

Staðsetning: Reykjavík, Barónsstígur 45A	*Höfundur: Guðjón Samúelsson arkitekt*
Byggingarár: 1937	*Byggt af/eigandi: Reykjavíkurbær/borg og Ríkissjóður*
Helstu endurbætur: 1980-81, 2001, 2017	*Yfirbyggð/opin: Yfirbyggð frá upphafi*
Staða/ástand: Í notkun	*Hitun: Jarðvarmi*
	Annað: Húsið er friðað árið2004

Umhverfi og aðdragandi

Ekki er hægt að fjalla um Sundhöll Reykjavíkur án þess að fjalla um aðdraganda þess að hún var byggð og sögu sundlaugahalds í Reykjavík.

Lítið er vitað um sundiðkun í Reykjavík á fyrri öldum, en víst er að heita vatnið í Laugardal var notað til baða um miðja 18. öld og vafalítið miklu lengur, þótt ekki finnist um það ritaðar heimildir. Ef til vill var synt þar líka (sjá nánari umfjöllun um laugarnar í Laugadal í kafla 5 um horfnar laugar). Elstu heimildir um sundkennslu í Laugunum eru frá árinu 1824 en samfelld sundkennsla hófst þar sumarið 1873 þegar Ingimundur Ingimundarson og Benedikt Pálsson hófu að kenna þar sund. Þessi kennsla stóð ekki yfir í mörg ár en eftir að sundpollurinn hafði verið endurbættur 1884 hóf Björn L. Blöndal sundkennslu og í kjölfarið var Sundfélag Reykjavíkur stofnað.[100]

Sundlaugin í Laugunum var mynduð með fyrirhleðslu úr torfi og grjóti en ekki er vitað til þess að laugarhús hafi verið reist. Sundfélagið lét hlaða stíflugarða og reisti sundskýli í lauginni árið 1886.[101]

Þegar Björn L. Blöndal sundkennari drukknaði árið 1887 féll sundkennsla niður í nokkur ár eða allt til ársins 1891.[102] Sama ár var endurútgefinn kennslubæklingurinn *Sundreglur prófessors Nachtegalls: auknar og lagaðar eptir Íslands þörfum,* sem Jónas Hallgrímsson hafði þýtt og var fyrst gefinn út árið 1836. Endurútgáfa hefur líklega átt að blása landanum von í brjóst og hvetja til aukinnar sundkennslu.[103]

Um aldamótin 1900 þótti sundlaugin heldur dapurleg. Vatnið í henni kom úr þvottalaugunum og var sama vatn og áður hafði verið til þvotta óhreinna klæða. Það var því í raun illa lyktandi skolp. Um þetta leyti hófst hins vegar umræða um möguleika á að koma upp yfirbyggðri sundlaug nær bænum. Knud

[100] Guðjón Friðriksson. 1991, bls. 478.
[101] *Sögustaður við sund*, III. bindi, bls. 105-106.
[102] Guðjón Friðriksson. 1991, bls. 479.
[103] *Sundreglur prófessors Nachtegall.* 1891, bls. 38-52.

Zimsen bæjarverkfræðingur lagði fram tillögu í þá veru árið 1902 en hún fékk ekki hljómgrunn í bæjarstjórn Reykjavíkur og féll málið niður um skeið.[104]

Árin 1904-1905 féll sundkennsla niður vegna þess að Guðmundur Björnsson héraðslæknir bannaði að laugin yrði notuð af heilbrigðisástæðum.[105] Árið 1908 urðu hins vegar tímamót þegar Reykjavíkurborg lét gera nýja sundlaug á sama stað með steinsteyptum botni og grjóthlöðnum veggjum og veitt var í hana hreinu, volgu vatni eftir opnum tréstokk. Baðhús úr timbri var með annarri langhlið laugarinnar.[106] Nýtt laugarhús úr timbri reis við vesturenda laugarinnar á fjórða áratugnum en lauginni sjálfri var lítið breytt. Árið 1958 var byrjað að reisa nýja sundlaug sunnan Sundlaugarvegar eftir teikningum Einars Sveinssonar. Hún var tekin í notkun árið 1968 og gömlu sundlaugarnar þá aflagðar og mannvirkin rifin.

Á þriðja áratugnum kviknuðu aftur hugmyndir um yfirbyggða sundlaug nær miðbæ Reykjavíkur.[107] Árið 1923 hélt Jónas frá Hriflu jómfrúarræðu sína á Alþingi og fjallaði þar um nauðsyn þess að gera sundhöll í Reykjavík. Í ræðu sinni benti hann m.a. á að nýlega hefði Sigurjón Pétursson á Álafossi fundið leið til þess að veita heitu vatni eins kílómetra leið án þess að vatnið kólnaði nema lítið eitt og þar væri vatnið notað til að hita verksmiðjuhús og íbúðarhús.[108] Hafa verður í huga að á þessum tíma var það því sem næst óþekkt að heitt vatn væri leitt um langan veg og umræðan um yfirbyggða sundlaug í Reykjavík varpaði upp ýmsum óleystum tæknilegum vandamálum. Jónas lagði síðar fram þingsályktunartillögu um að hafin yrði rannsókn á möguleikum þess að koma upp yfirbyggðri sundlaug í Reykjavík.[109]

Í *Íþróttablaðinu* birtist grein árið 1925 undir yfirskriftinni „Yfirbygð sundlaug í Reykjavík". Þar kemur fram að ástand sundlaugarmála í Reykjavík sé ófullnægjandi. Mörg hundruð börn sæki laugarnar á hverju vori og ónóg pláss sé til að sinna þeim auk þess sem sundhald að vetrum sé lítið vegna kulda og ófærðar. Eigi sundlaugar að ná almennum vinsældum þurfi, samkvæmt greinarhöfundi, að „stækka laugarnar, flytja þær nær bænum og byggja yfir þær,…"[110]

Ári síðar ritaði Íþróttasambandið menntamálanefnd efri deildar bréf með ósk um að ríkið legði til hæfilega stóra lóð á Arnarhóli fyrir sundlaug.[111] Þá þótti mikilvægt að laugin yrði í miðbænum, helst í túni Arnarhólsbæjarins, en frá því var síðar fallið. Bygging Austurbæjarskóla var í undirbúningi á

[104] Knud Zimsen. 1943, bls. 363-364.
[105] *Ísafold* 1904.04.23, bls.91.
[106] Knud Ziemsen. 1943, bls. 360-362.
[107] Sveinn Þórðarson. 1998, bls. 277.
[108] https://www.althingi.is/altext/raeda/35/2918.html
[109] *Tíminn* 14.05.1939, bls. 111.
[110] *Íþróttablaðið* 10.04.1925, bls. 24-26.
[111] *Nýja dagblaðið* 21.03.1937, bls. 2-3.

þessum tíma og var ráðgert að leiða heitt vatn frá Laugardal að skólanum. Í tengslum við það vöknuðu vonir um að unnt yrði að nota afrennslisvatn frá skólanum í sundlaugina. Því var æskilegast að sundlaugin yrði nálægt honum. Í kjölfar bréfs Íþróttasambandsins samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu þar sem skorað var á stjórnina að „láta rannsaka skilyrði fyrir því, að reist verði yfirbyggð sundlaug í bænum eða við hann, með heitu vatni úr laugunum og sjóvatni.“[112]



Hluti skipulagsuppdráttar að Reykjavík frá 1927. Landspítalinn og Austurbæjarskólinn á sínum stöðum, járnbrautarstöð í Norðurmýrinni. Norðaustan við Landspítalann var sundlaug ætlaður staður. Lesbók Morgunblaðsins 29.11 bls. 4.



Fyrstu hugmyndir Guðjóns Samúelssonar að sundlaug í Reykjavík sem birtust í Íþróttablaðinu árið 1925. Sjá einnig Húsameistari ríkisins C390_01.

[112] *Íþróttablaðið* 10.04.1925, bls. 24-26.

Stjórnin fól Húsameistara ríkisins að gera uppdrátt og kostnaðaráætlun vegna sundhallar. Í ýmsum greinum sem ritaðar voru um málið kom fram að staðsetning laugarinnar hafi ráðist af nálægðinni við barnaskólann til að laugin gæti nýtt heitt affallsvatn frá honum. Í áðurnefndri grein sem birts hafði í *Íþróttablaðinu* 1925 eru kynntar fyrstu hugmyndir Guðjóns Samúelssonar húsameistara að Sundhöll Reykjavíkur.[113] Greinarhöfundur segir að samhent átak Alþingis og Reykjavíkur þurfi til að af þessum hugmyndum geti orðið. Í greininni kemur fram að Guðjón hafi „lagt hina mestu alúð við verkið, kynnt sér rækilega gerð slíkra sundlauga í öðrum löndum og gert síðan uppdrátt þann, sem hér er birtur." Greininni fylgir teikning að sundhöll með lögun burstabæjar. Burstirnar voru þrjár og ein laug í hverri. Miðlaugin átti að verða stærst með volgu vatnsveituvatni og var hún ætluð þeim sem þegar kynnu að synda en vildu æfa sund og fyrir sundkeppnir, en ekki til kennslu. Beggja vegna voru aðrar laugar og einnig fataklefar og sturtur. Öðrum megin við miðjulaugina átti að vera kennslulaug en í hinni laug með sjó blönduðum heitu vatni. Við annan enda sjólaugarinnar var ráðgerður bústaður umsjónarmanns og á efri hæðinni svalir fyrir áhorfendur, kennslu og æfingarsvæði og pallur fyrir sólböð. Dæla átti sjó úr Rauðarárvík í laugina en meinbugir þóttu á því þar var útrennsli holræsa bæjarins. Engin lauganna þriggja þótti nægilega stór til að teljast lögleg keppnislaug sem talið var annmarki á tillögunni.[114]

Ítarlega er fjallað um Sundhöll Reykjavíkur í bók Péturs H. Ármannssonar um Guðjón Samúelsson og byggir söguleg samantekt sú sem hér birtist að nokkru leyti á henni. Í bókinni segir:

> Á þingi Íþróttasambandsins 28. janúar 1927 sem haldið var í tilefni af fimmtán ára afmæli þess var bygging sundhallar Reykjavíkur helsta umræðuefni. Meðal frummælenda voru Benedikt Waage forseti ÍSÍ, Knud Zimsen borgarstjóri, Jónas Jónsson frá Hriflu og Ásgeir Ásgeirsson fræðslumálastjóri. Ræðumenn voru á einu máli um að Reykjavík gæti ekki, sóma síns vegna, tekið heitt vatn úr laugunum til hitunar húsa, og látið það fara heitt úr þeim húsum, án þess að hagnýta hitann betur. Besta og auðveldasta ráðið til þess að hagnýta það heita afrennslisvatn væri að nota það í sundlaugarvatn. Fundurinn ályktaði að brýna nauðsyn bæri til að reisa sundhöll í Reykjavík í tengslum við fyrstu hitaveitu er lögð yrði til bæjarins. Skorðaði fundurinn á Alþingi og bæjarstjórn að hrinda þessu menningarmáli í framkvæmd hið allra fyrsta svo laugin mætti verða fullgerð eigi síðar en árið 1930. Um þetta leyti hófst undirbúningur að lagningu svonefndrar Laugaveitu, heitavatnsleiðslu frá Þvottalaugunum að tveimur stórhýsum sem til stóð að reisa í austanverðu Skólavörðuholti, Landsspítala og barnaskóla Austurbæjar. Nýta átti afrennslisvatnið frá byggingunum til að hita laugina og skyldi henni valinn staður með tilliti til þess.[115]

[113] *Íþróttablaðið* 4. tbl. 10.04.1925, bls. 24-26.
[114] *Gjörðabók Veganefndar 1915-32,* fundir 30. júlí 1928, 15. janúar, 2. september. 1929.
[115] Pétur H. Ármannsson. 2020, bls. 236.

Í kjölfar fundar Íþróttasambandsins samþykkti bæjarstjórn Reykjavíkur að leita eftir samstarfi við Alþingi um byggingu sundhallar.[116]

Byggingarsaga

Á vorþingi 1928 var samþykkt lagafrumvarp Jónasar frá Hriflu um sundhöll í Reykjavík. Landsstjórninni var þar með veitt heimild til að leggja fram allt að 100 þúsund krónur á móti jafn háu framlagi úr bæjarsjóði til að byggja sundhöll. Bærinn átti að leggja sundhöllinni til heitt vatn og ókeypis lóð nærri hinum nýja barnaskóla og kosta auk þess viðhald og rekstur byggingarinnar. Aðgangseyri átti að stilla í hóf og nemendur í skólum skyldu fá ókeypis aðgang til æfinga. Í frumvarpinu var tiltekið að „sundhöllin sé í öllum aðalatriðum gerð samkvæmt þeirri teikningu sem Guðjón Samúelsson húsameistari hefur gert fyrir Alþingi, þannig að laugarnar séu þrjár, samhliða, ein sérstaklega ætluð íþróttamönnum, önnur til kennslu og hin þriðja með sjóvatni.“[117]

Í janúar 1928 fór Guðjón til Norðurlanda til að kynna sér leikhús- og sundlaugabyggingar.[118] Í Osló hitti hann Einar S. Ween, forstöðumanni sundhallar í borgarinnar, Torvgatans bad, sem þá var í byggingu. Samkeppni um sundhöllina hafði verið haldin meðal norskra arkitekta árið 1920 og í kjölfar hennar var arkitektunum Christian Frederik Jacob von Munthe av Morgenstierne og Arne Eide falið að hanna hana. Þeir voru báðir menntaðir í Berlín um og fyrir aldamótin 1900 og þekktu því vel til baðhúsamenningar og sundlauga í Þýskalandi.[119] Undirbúningur framkvæmda tók nokkur ár. Fjórir menn höfðu ferðast í nokkra mánuði um Þýskaland, Frakkland og England á vegum Oslóarborgar til að kynna sér sundhallabyggingar og Ween hafði samið bækling um reynslu þeirra og niðurstöður úr ferðinni. Guðjón gat því að nokkru fært sér í nyt þá reynslu sem þar var gerð grein fyrir. Ween sagði Guðjóni frá Frederiksberg-sundlauginni í Danmörku, sem þá var í byggingu en á þessu stigi taldi Guðjón þá framkvæmd ekki til fyrirmyndar. Að sögn Ween var ríkjandi fyrirkomulag í öllum sundlaugum á Norðurlöndunum þannig að karlar og konur voru ekki samtímis í sundlaug. Því notuðu bæði kynin sömu fataklefa og steypiböð, en sitt á hvorum tíma[120].

---

116 Guðjón Friðriksson. 1991, bls. 154.
117 Pétur H. Ármannsson bls. 236. *Alþingistíðindi* 1928 A, bls. 84.
118 Eitthvað misræmi hefur verið í frásögnum af kynnisferðum Guðjóns til Norðurlandanna 1928 og 1929. Í bók Péturs H. Ármannssonar segir: „Fyrr í þeim mánuði (mars 1928) kom Guðjón heim úr tveggja mánaða kynnisferð um Norðurlönd. Tilgangur ferðarinnar var að athuga skipulag og gerð leikhúsa og sundlauga.“ Í greinargerð Guðjóns Samúelssonar sjálfs segir hins vegar: „Veturinn 1929, skömmu eftir nýár, sigldi ég til að athuga leikhúsbyggingar í sambandi við Þjóðleikhúsbygginguna. Í þessari ferð minni athugaði ég þær sundhallir, er til voru á Norðurlöndum, en þær voru þá ekki margar.“ Sennilega hefur Guðjón litið svo á að ferð hans 1928 hafi aðeins verið farin vegna leikhússbygginga þótt hann hafi einnig skoðað sundlaugar. Í greinargerð sinni um Sundhöllina nefnir hann ekki þessa ferð, aðeins kynnisferð sína árið 1929. Pétur segir hann einnig hafa skoðað sundlaugar 1928 og er það vafalaust rétt og engin mótsögn í þessu fólgin.
119 Hovedoppgav (1) Torvgatens bad.
120 Guðjón Samúelsson: *Um aðdraganda og byggingarsögu Sundhallarinnar*, bls. 2.

Strax í fyrri kynnisferð sinni hefur Guðjón fengið ýmsar nýjar hugmyndir að því hvernig sundhöllin gæti litið út og líklega er það ástæða þess að þegar lagafrumvarp um höllina var endanlega afgreitt frá Alþingi, 19. mars 1928, hafði ákvæðinu um burstabæjarhöllina verið breytt á þann veg að ráðuneytið áskilji sér rétt til að fá uppdrátt og lýsingu af sundhöll og legu hennar til samþykktar. Þessa breytingu má vafalítið rekja til þess að Guðjón var þá nýkominn heim úr kynnisferð sinni og var þegar byrjaður að móta hugmyndir um sundhöll sem var með gjörólíku sniði frá fyrstu hugmyndum hans.

Guðjón byrjaði að þróa þessar hugmyndir sínar strax um mitt ár 1928 í samráði við Veganefnd.[121] Elstu varðveittu heildarteikningar af sundhöllinni sem komið hafa í leitirnar eru hins vegar hálfu ári yngri eða frá því í janúar 1929 en tvær ódagsettar blýantsteikningar (skissur) hafa þó varðveist frá því ári sem sýna að hann var þá strax kominn með hugmynd að sundhöll sem var gjörólík fyrri hugmyndum hans.[122] Í ársbyrjun 1929 leggur Guðjón hins vegar fram fyrstu heildarteikningarnar af nýrri sundhöll sem hafði þá þegar fengið það svipmót í aðalatriðum sem hélst allt til enda.

Pétur H. Ármannsson lýsir þessari tillögu Guðjóns þannig:

> Nýja tillagan var ólík fyrri burstabyggingu jafnt í stíl og innra skipulagi. Ein meginálma með sléttu þaki, háum gluggum og voldugri veggkrónu lá niður með Bergþórugötu. Sundlaug og kennslulaug voru þar í einum sal. Létt skilrúm var milli lauganna og mátti sameina þær í eina keppnislaug. Lægri útbygging með búningsklefum var fram með suðurvegg salarins og á þaki hennar svalir fyrir sólböð. Búningsaðstaðan var tvískipt. annar hlutinn var fyrir börn í sundnámi og var aðkoma þeirra um sérstakan inngang á neðri hæð í austurenda aðalálmu. Nær Bergþórugötu var lægri tvílyft hliðarálma með anddyri og miðasölu niðri og fyrirhuguðum lækningaböðum á efri hæð. Í suðurenda hennar var minni salur með sjólaug og búningsklefum.[123]

[121] Guðjón Samúelsson *Um aðdraganda og byggingarsögu Sundhallarinnar*, bls. 1-10.
[122] Pétur H. Ármannsson. 2020, bls.236-237.
[123] Pétur H. Ármannsson. 2020, bls. 239-240.



Teikningar Guðjóns frá í janúar 1929 (teikning 2 þó misrituð 1928). Hliðarálma með sjólaug að Barónsstíg. Grynnri hluti aðallaugarinnar ætlaður til kennslu og inngangur að honum fyrir börn að austan. Aðeins er gert ráð fyrir einmenningsklefum. Dýpri endi laugarinnar að vestan og halli laugarbotns gegn landhalla. Húsameistari ríkisins, C391_01-03.

Þegar lögin um sundhöll Reykjavíkur voru samþykkt var talið að hún myndi kosta 200.000 kr. en ný áætlun á grundvelli þessarar nýju tillögu gerði ráð fyrir tvöfalt meiri kostnaði.

Í janúar 1929 fór Guðjón í aðra kynnisferð til Norðurlandanna í tvo mánuði og kynnti sér nú sundlaugar. Í greinargerð sinni um Sundhöllina sem skrifuð var að framkvæmdinni lokinni sagði Guðjón að sundhöllin í Bisletbadet, sem byggð var í nýklassískum stíl árið 1920, hafi verið talin fullkomnasta sundhöll sem þá var til. Sundlaugin var aðeins 8x15 m og yfir henni glerþak. Guðjón taldi ekkert vera til fyrirmyndar í þessum efnum í Stokkhólmi og „í Finnlandi var ekkert sem hét sundhöll“.[124] Guðjón hafði meðferðis teikningar sínar að Sundhöllinni. Hann bar þær undir álit Ween, sundlaugarstjóra, sem mælti með þeim en þó taldi hann laugina í stærra lagi fyrir svo lítinn bæ sem Reykjavík.

Guðjón kynntist í þessum ferðum sínum tveimur sundlaugum sem báðar voru í byggingu; Torvgatens bad í Osló og Frederiksberg svömmehall í Danmörku. Báðar voru þær með glerþaki, sem var mjög í anda framsækinnar byggingarlistar í Evrópu á þessum tíma. Sundlaugarsalirnir urðu fyrir vikið mjög

[124] Guðjón Samúelsson, Sundhöllin, bls. 3.

bjartir að degi til, líkt og væru laugarnar undir berum himni. Hvorug þessara lauga var fullbyggð, en Guðjóni hefur verið ljóst hve mikilvægt þetta atriði var í mótun þeirra.

Þegar heim kom gerði Guðjón teikningu að glerþaki yfir sundhallarsalnum, sendi uppdrætti utan og fékk tilboð í þakið frá Henry Hope & Sons Ltd. í Birmingham á Englandi, dagsett í júlí 1929. Veganefnd Reykjavíkur, sem hafði verið falið umsjón með framkvæmdunum, þótti hugmyndin of dýr í framkvæmd og hafnaði henni því og var í kjölfarið ákveðið að loftið yfir laugarsalnum yrði úr steinsteypu.[125]



Tillaga frá janúar 1929, laugin á móti landhalla. Húsameistari ríkisins, C391_01-03.



Teikning frá apríl 1930, laugin með landhalla. Húsameistari ríkisins, C391_01-03.

Veganefndin fékk Valgeir Björnsson bæjarverkfræðing til að rýna tillögu Guðjóns og áætlanir. Hann taldi að byggingin gæti orðið ódýrari ef henni yrði snúið þannig að langhlið hennar væri samhliða Barónsstíg. Í kjölfarið lagði Veganefndin til að Guðjóni yrði falið að endurskoða teikningar sínar og gera nýjan uppdrátt með hliðsjón af athugasemdum Valgeirs og að byggingu sjólaugar yrði frestað.

Morgunblaðið birti 10. febrúar 1929 grein um „Sundhallarmálið" þar sem bæjarverkfræðingur er helsti heimildarmaður þess. Bæjarverkfræðingur hafði áður gert bæjarstjórn grein fyrir áliti sínu og Veganefndar á tillöguteikningu Guðjóns og er efni þess uppistaða í grein *Morgunblaðsins*. Þar segir:

> Rannsókn bæjarverkfræðings á áætlun og uppdráttum húsmeistara ríkisins, leiddi það sem sje í ljós, að mörg undirbúningsatriði eru óleyst, og þannig er frágangur á uppdráttum þeim, sem nú liggja fyrir, að hann má telja með öllu óviðunandi." Eitt helsta gagnrýniefni bæjarverkfræðings var að stefna laugarinnar í landslaginu en í grein Morgunblaðsins er haft eftir honum: „Eins og uppdrátturinn ber með sjer veit dýpri hluti aðallaugar inn á brekkuna. Mjer hefði þótt sjálfsagt að snúa lauginni við og nota sjer þá kosti er staðhættir gefa. Jeg get alls engin skynsamleg rök fundið, er stutt gætu það að haga lauginni eins og uppdrátturinn sýnir. Dýpri hluti laugarinnar er sprengdur niður á klöpp, aftur á móti eru stoðir og bitar settir undir grynnri hlutann og myndast þar undir mikið rúm sem að mínu áliti er ekki til mikils nýtilegt.[126]

Bæjarverkfræðingur gagnrýnir einnig þak- og veggjagerð hússins:

[125] Pétur H. Ármannsson. 2020, bls. 237. Húsameistari ríkisins 1997 B/190 Sundhöll Reykjavíkur.
[126] *Morgunblaðið* 10.02.1929, bls. 6-7.

> Húsameistari hefir ætlast til að öll þök byggingarinnar yrðu flöt.[…] Þessa gerð á þökum álít jeg ekki nothæfa hjer á landi á slíkri byggingu sem hjer um ræðir. […] Ef þökin eiga að verða flöt, álít jeg nauðsynlegt að steypa þau úr járnbentri steypu með kuldavörn, t.d. korkplötum.



Teikning Húsameistara dagsett í júní 1929 sýnir hvernig fyrirkomulagi lauganna tveggja var hugsað á þessum tíma. Steinsteyptur veggur var milli lauganna. Kennslulaugin átti að vera 1,2 -1,8 m djúp en aðallaugin 1,1-3,5 m. Tvö stökkbretti, 3 m og 5 m á hæð voru fyrirhuguð og lofthæð í sundlaugarsalnum 7,5 m. Húsameistari ríkisins, C391_01-03.

Um veggjagerðina segir hann:

Húsameistari hefur gert ráð fyrir að norðurveggur aðalhússins yrði 70 cm þykkur, en suðurveggur 50 cm., báðir úr venjulegri steypu án kuldavarnar. […] Jeg hef gert ráð fyrir að burðarsúlur járnbentar yrðu í veggjunum og þær beri uppi þakið. Má þá þynna veggina að miklum mun. Við þetta sparast meir en kostnaður verður við kuldavörn.



Teikningar Guðjóns frá í júní 1929. Á þeim var gert ráð fyrir tveimur laugum en hliðarálman felld brott. Enn var gert ráð fyrir að karlar og konur myndu baða sig hvort í sínu lagi og að búningsklefar væru með óhreinum og hreinum gangi. Samkvæmt teikningunni voru einnmenningsklefar á 1. hæð en samklefar í kjallara. Dýpri endi laugar að austan og halli hennar með landhalla. Í kjallara vestanverðum eru sýndar kerlaugar. Líklega hefur þar með verið komið á móts við sjónarmið Veganefndar.

Þessari gagnrýni svaraði Guðjón Samúelsson með grein í dagblaðinu *Vísi* þann 20. mars sama ár.[127] Hann segist sannfærður um „að erlendis mundi engum koma til hugar, sem nokkuð vit hefur á þessum málum, að snúa lauginni eins og bæjarverkfræðingurinn mælir með.“ Guðjón hélt fast við tillögu sína og færði fyrir henni ýmis rök. Af máli hans virðist sem hann hafi valið að skilja orð bæjarverkfræðings á þann veg að snúa ætti sundhöllinni óbreyttri um 90° og þá myndu aðaldyrnar snúa að Bergþórugötu. Þessi túlkun Guðjóns á gagnrýni Valgeirs er hæpin þar sem eðlilegra hefði verið að skilja álit bæjarverkfræðinga á þann veg að ef sundlauginni yrði snúið þá yrðu öðrum atriðum, svo sem aðkomu og búningsklefum, einnig snúið og þau löguð að breyttri stöðu og stefnu. Guðjón lýsir í greininni þeirri skoðun sinni að auðvitað eigi aðalinngangur Sundhallarinnar að snúa að Barónsstíg, en af öryggisástæðum ættu börn að ganga um dyr frá umferðarminni götu. Mikilvægt taldi Guðjón að komið væri að grynnri hluta laugarinnar þegar gengið væri í sundlaugarsalinn og hann gerði ráð fyrir inngangi að kennslulaug um dyr á austurenda hússins. Gagnrýni verkfræðingsins á veggjagerðina mætir Guðjón með þeim rökum að þykkir útveggirnir gefi nægilega kuldavörn og að reynslan hafi sýnt að sementshúðin á korkeinangrun springi oftast mikið og í sprungurnar safnist gerlar og óhreinindi. Hann segir að vel megi vera að bæjarverkfræðingur hafi rétt fyrir sér í því að heppilegt sé að hafa steinsteypt þak á Sundhöllinni, en hins vegar hafi hann rangt fyrir sér í því að klaki muni myndast á þaki af þeirri gerð sem hann hafði lagt til. Fyrir því hafi hann séð með hitalögn í þakrýminu. Í greininni hafði því verið haldið fram að einn galli á uppdráttum Sundhallarinnar væri sá að þar vanti „almenn ræstingarböð“. Guðjón svaraði því til að þeim hefði ekki verið gleymt, heldur myndu þau gerð síðar þegar efni og ástæður leyfa. Hann segist hafa hagað byggingunni þannig að hægt yrði síðar að byggja aðra hæð ofan á klefabyggingu, þar sem gert var ráð fyrir sólböðum. Þar yrðu gerðir „baðstofubaðs- og kerbaðsklefar.“ Ofan á inngangsbygginguna kæmu lækningaböð.

Þessi skoðanaskipti milli bæjarverkfræðing og húsameistara bera þess vott að samskipti þeirra hafa ekki verið eins og best verður á kosið. Líklegt má telja að bæjarverkfræðingur hafi sett fram gagnrýni sína áður millilíðalaust en að hugsanlegt er að frá upphafi hafi samskipti þeirra einkennst af kergju sem átti rætur í átökum á sviði stjórnmálamanna. Jónas Jónsson frá Hriflu var fyrirferðarmikill í öllum samfélagsmálum á hönnunar- og byggingartíma Sundhallarinnar og töldu Framsóknarmenn hann hafa átt frumkvæði að sundhallarmálinu en Sjálfstæðismenn litu málið allt öðrum augum. Sundhallarbyggingin var á forræði Reykjavíkurborgar þótt Alþingi veitti til hennar fjárstyrk. Guðjóni Samúelssyni var falið að annast hönnunina, en embætti Húsameistara var að öllu öðru leyti helgað því að hanna byggingar ríkisvaldsins um land allt.

[127] *Vísir*, 20.03.1929, bls. 3-4.

Gagnrýni bæjarverkfræðings virðist að mörgu leyti verið réttmæt og svör Guðjóns virðast að nokkru leyti hafa einkennst af þvermóðsku. Í framhaldinu verður ekki betur séð en að Sundhöllin hafi í ýmsu verið endurbætt til að bregðast við gagnrýninni. Húsameistari lagði fram nýjan uppdrátt fyrir Veganefnd bæjarstjórnar þann 18. apríl 1929.[128] Var nú gert ráð fyrir einni sundlaug 33 m langri en að henni væri skipt í tvennt með steinsteyptum vegg. Í öðrum enda yrði 8 m löng sjólaug en 25 m vatnslaug í hinum. Á teikningunni er sjólaugin nefnd kennslulaug. Byggingin var nú minni en áður sem nam hliðarálmunni með sjólauginni sem var við Barónsstíg í fyrri tillögu. Í húsinu áttu að vera 30 einmenningsklefar, sex klefar fyrir tíu menn hver og tvær stofur fyrir íþróttamenn, þvotta- og snyrtiklefar og íbúð fyrir umsjónarmann, ásamt sólbaðsstað. Nefndin féllst á uppdráttinn í aðalatriðum en vildi þó koma fyrir kerlaugum þar sem unnt væri að fara í sjóböð. Stóðu vonir til að hægt yrði að ráðast í bygginguna fljótlega og jafnvel að hún yrði tilbúin 1930.[129] Ekki hafa fundist uppdrættir sem með vissu má segja að séu þeir sem hér er vísað til. Hins vegar má telja víst að á þeim hefur verið komið til móts við flest þau atriði sem bæjarverkfræðingur hafði gert athugasemdir við.





Teikning Húsameistara dagsett í júní 1929 að glerþaki yfir Sundhöllinni og teikning með tilboði að slíku þaki. Andstaða Valgeirs Björnssonar bæjarverkfræðings sem byggði á áætlun hans um að þakið yrði dýrara en steinsteypt þak, varð til þess að glerþakinu var hafnað. Húsameistari ríkisins_C391_01-03.

Af teikningum Guðjóns frá 1929 má ætla að hann hafi þá þegar verið búinn að kynnast því flísa- og hleðslusteinakerfi sem búningsklefar Sundhallarinnar eru mótaðir af og eru meðal aðalsmerkja hennar. Um er að ræða brennda keramiksteina með glerjaðri húð sem ætlaðir voru fyrir búningsklefa þar sem miklar kröfur voru gerðar til hreinlætis, þ.e.a.s. almenningsbaðhús og sláturhús:

Bygging Sundhallarinnar var boðin út haustið 1929, og átti að fullsteypa allt húsið og húða það allt að innan og utan. Þessu verki var lokið og úttekt bæjarverkfræðings fór fram 4. október 1931. Eftir það

[128] *Morgunblaðið* 19.11.1929, bls. 2.
[129] *Morgunblaðið* 18.05.1929, bls. 3.

varð hlé á framkvæmdum og segir Guðjón í greinargerð sinni um byggingu sundhallarinnar að ekkert hafi verið: „… aðhafst við sundhöllina og lítið um hana rætt við mig nema einstöku sinnum af íþróttamönnum.“[130] Í ágúst 1934 virðist hins vegar sem skriður komist aftur á málið. Pétur H. Ármannsson rekur framvinduna á þessa leið: „Jón Þorláksson borgarstjóri leitaði til Guðjóns og bað hann um að vinna húsameistarastörf við lokafrágang laugarinnar. Var húsameistari tregur til, enda verkið utan hans embættisstarfs. „Þegar ég byrjaði á starfinu og gerðist að nokkru leyti brautryðjandi þess, taldi ég líklegt að þeir, sem ættu að njóta starfans, myndu sýna skilning og velvild til þess, en svo hefur mér ekki reynst, öðru nær.““[131]

Áður en Guðjóni vannst svigrún til að byrja aftur í þeirri trú að samstaða væri um verkefnið barst honum bréf frá bæjarverkfræðingi dagsett 16. ágúst 1934 þar sem hann vísar til þess að bæjarráð hafi á fund sínum 24. apríl sama ár falið honum að gera tillögur að breytingum á fyrirkomulagi sundhallarinnar sem hann teldi nauðsynlegar. Aðallega sé þó um að ræða breytingar sem íþróttamenn hafi rætt og talið æskilegar. Íþróttamenn óska þess eindregið að laugarnar tvær verði sameinaðar með því að brjóta niður vegginn milli þeirra. Þeir telja kennslulaugina of djúpa en stærri laugina of grunna í annan endann. Bæjarverkfræðingur leggur til „að milliveggurinn verði tekinn burt og hækkaður botninn í minni lauginni þannig að dýptin verði 1,2 m við endann en 1,10 m þar sem nú er milliveggurinn“. Hann segir laugina ekki hæfa til dýfinga af háu bretti að áliti fulltrúa íþróttamanna sem höfðu óskað eftir því að komið verði fyrir áhorfendapöllum við sundlaugina. Bæjarverkfræðingur leggur til að pallar verði með norðurhliðinni en lausir stólar að sunnan, sem fjarlægja megi þegar þeirra er ekki þörf. Þessu til viðbótar rekur hann nokkur atriði sem hann telur nauðsynlegt að breyta: Þak yfir forstofu segir hann að sé of hallalítið og bendir á að allt vatn af aðalþaki Sundhallarinnar sé látið flæða yfir þak neðri hluta byggingarinnar og því þurfi að breyta. Hann vill að gerðar verði dyr á austurgafl sundsalarins svo hægt sé að ganga út á þakpall sem þar sé vel nothæfur til sólbaða og að lokum segir hann að ekki hafi verið gert ráð fyrir að dyrum milli véla- og þvottahúss annars vegar og

[130] Guðjón Samúelsson *Um aðdraganda og byggingarsögu Sundhallarinnar,* bls. 1-10.
[131] Pétur H. Ármannsson. 2020, bls. 241.



Teikningar Guðjóns frá desember 1934. Árið 1934 var ákveðið að bæði karlar og konur skyldu geta baðað sig og synt samtímis. Í kjallaranum sem áður hafði verið ætlaður samklefum með skápum fyrir börn, var nú gert ráð fyrir búningsaðstöðu kvenna í einmenningsklefum líkt og á 1. hæð og samklefum með skápum.

aðalsundsalarins hins vegar. Til að komast þar á milli þarf að fara út úr húsinu og inn um aðrar dyr, sem ekki sé viðunandi. Teikningum sínum breytti Guðjón og sameinaði laugarnar í eina í samræmi við ósk bæjarverkfræðings og að vilja íþróttamanna. Í greinargerð hans um þróun hönnunarinnar gætir þó gremju í garð bæjarverkfræðings þegar hann lýsir því hvernig unnt sé að laga laugarbotninn þannig að úr verði samfella. Hann lýsir því hvernig hann hafi alla tíð hagað hönnun laugarinnar með það í huga að þessi breyting væri möguleg, án þess þó að gera Veganefndinni grein fyrir því.



Teikningar Guðjóns frá september 1935 sem sýnir hvernig sundlaugarnar tvær voru sameinaðar, veggurinn milli þeirra fjarlægður og samfelldur botn gerður.





Að ofan: bæklingar yfir flísar frá framleiðendum sem varðveist hafa á meðal gagna um Sundhöllina á Þjóðskjalasafni Íslands. Neðar: Ljósmyndir af Sundhöllinni í byggingu, úr bók Péturs H. Ármannssonar.

Ekki verður betur séð en vilji íþróttamanna um gerð laugarinnar hafi verið flöktandi og óljós skilaboð hafi borist um vilja þeirra í ýmsum efnum. Meðal íþróttamanna voru þeir sem töldu að sund í sjó væri heilnæmara en sund í ósöltu vatni og krafan um að hægt væri að synda í sjó í Sundhöllinni virðist hafa verið óumdeild. Um tíma var rætt um möguleika á að dæla sjó úr Skerjafirði. Vert er að nefna að sjólaugin var upphaflega ekki ætluð til sundkennslu, heldur var hún fyrirhuguð 1,3 til 3,1 m á dýpt. Aðallaugin var á þeim tíma 1,1 til 3,5 m djúp og grynnri endinn ætlaður til kennslu. Næsta skref í þróun byggingarinnar fólst í því að hætt var við sjólaug í hliðarálmunni og tvær laugar hafðar saman, önnur 25 m, 1,1 til 3,5 m á dýpt, hin með sjóvatni 8 m, 1,2 til 1,8 m djúp. Á teikningu var sjóvatnlaugin nefnd kennslulaug. Þess ber að geta að árið 1930 var barnaskóli Austurbæjar tekinn í notkun en í honum var

lítil sundlaug, sem fyrst og fremst var ætluð til sundkennslu. Áhersla á kennslulaug í væntanlegri sundhöll varð þaðan í frá væntanlega heldur minni. Í gagnrýni íþróttamanna, sem endurspeglaðist í orðum bæjarverkfræðings, er kennslulaugin, þ.e.a.s. sjólaugin, sögð of djúp og aðallaugin of grunn fyrir dýfingar af 5 metra bretti. Krafan um að sameina laugarnar kom frá íþróttahreyfingunni, sem áður hafði beitt sér fyrir sjólauginni og augljóst virðist að ekki hefur verið auðvelt að átta sig á hvert stefna bæri í öllum efnum. Guðjón fór fram á að forráðamenn íþróttahreyfingarinnar rituðu undir skjal með lýsingu á vilja þeirra um helstu atriði í gerð sundhallarinnar, sem þeir gerðu að því undanskildu að einn stjórnarmanna ÍSÍ neitaði að skrifa undir og birti þess í stað mjög óvægna gagnrýni á hönnunina í nokkrum greinum í *Morgunblaðinu.*[132] Líklega var gagnrýnin réttmæt í sumum atriðum en framsetningin var augljóslega rætin og persónuleg.

Guðjón virðist hafa haldið sambandi sínu við Ween sundlaugarstjóra í Osló áfram, en eins og áður sagði hafði Guðjón eftir honum árið 1928 að hvergi á Norðurlöndunum væri sundlaug þar sem karlar og konur syntu samtímis. Skömmu síðar var hins vegar sundhöllin í Kaupmannahöfn gerð. Þar var gert ráð fyrir að karlar og konur gætu verið í lauginni á sama tíma og var það fyrsta sundlaugin sem gerði ráð fyrir slíku á Norðurlöndum.[133] Þegar reynsla var komin á þetta nýja fyrirkomulag fáum árum síðar var ákveðið að breyta Torvgatans bad og bæta við búningsklefum þannig að karlar og konur gætu baðað sig á sama tíma og Guðjón mælti fyrir því að sambærileg breyting yrði gerð á hönnun Sundhallar Reykjavíkur. Þegar ákveðið hafði verið að haga búningsklefum þannig að konur og karlar skyldu gætu synt og baðað sig samtímis var líklega búið að hlaða einmenningsklefana á 1. hæð. Svo virðist sem 12 einmenningsklefar hafi verið teknir niður eða rifnir og í þeirra stað komið fyrir fataskápum. Lokað var fyrir aðkomu að því sem áður var „óhreinn gangur" og hann gerður að „hreinum gangi" en opnuð leið að þeim gangi sem áður ætlaður „hreinn gangur". Hann varð nú „óhreinn" og jafnframt var súlnagöngunum að sundlaugarsalnum lokað með ógegnsæu gleri. Um þetta atriði segir í bók Péturs H. Ármannssonar: „Upphaflega átti ytri gangur að fataklefum að liggja með útvegg og sá innri að sturtuklefum í opnum bogagöngum meðfram lauginni. Nauðsynlegt reyndist að venda þessu fyrirkomulagi svo tengja mætti stiga að búningsklefum kvenna á neðri hæð við laugarsalinn. Fljótlega eftir að laugin var byggð var bogadregnu opunum í súlnaganginum milli salar og gangs lokað með gluggum."[134] Líklega var þessi breyting talin nauðsynleg vegna þess að samkvæmt upphaflegu fyrirkomulagi var gert ráð fyrir að sundlaugargestir gengju naktir eftir súlnagöngunum að

[132] Guðjón Samúelsson. *Um aðdraganda og byggingarsögu Sundhallarinnar,* bls. 1-10
[133] Pétur H. Ármannsson. 2020, bls. 242. Örebro svömmehal var tekin í notkun 1930 og Frederiksberg svömmehald var byggð á árunum 1930-1934. Ekki er ljóst til hvorrar þeirra Guðjón vísar. Hins vegar er greinilegt að þessi viðhorfsbreyting átti sér stað um 1930. Nokkru áður hafði hún orðið í Þýskalandi og barst þaðan til Danmerkur.
[134] Pétur H. Ármannsson. 2020, bls. 242, Húsameistari ríkisins 1997 B/189. Bréf ÍSÍ til kennslumálaráðherra 29. október 1934.

sturtuklefunum en það þótti ekki við hæfi þegar ljóst varð að bæði konur og karlar yrðu samtímis í sundi. Stigi milli búningsklefa á neðri hæðinni og sturtuklefa á efri hæðinni var fyrirhugaður á teikningunni árið 1929 en nú var honum breytt, hann gerður snúinn og látinn opnast inn í sundlaugarsalinn. Þar með hefðu súlnagögnin ekki lengur legið beint að sturtuklefunum því stiginn lokaði leiðinni. Kjarni málsins er auðvitað sá, að súlnagögnin, falleg sem þau hefðu orðið, féllu ekki lengur að eðlilegri innri skipan sundlaugarinnar.

Í mörgum þeirra baðhúsa og sundlauga sem byggðar voru í Þýskalandi og á Norðurlöndunum undir lok 19. aldar og fyrstu áratugum þeirrar 20. var leitað fyrirmynda í súlnagögnum baðhúsa á tímum Rómverja. Súlnagögnin meðfram suðurhlið sundlaugarsalarins voru af þeim toga en með þessari breytingu misstu þau marks því þeim var lokað og salarmegin var miðstöðvaofnum komið fyrir þar sem áður hafði átt að vera opið milli salar og súlnagagna. Skilin milli „óhreins gangs“ og „hreins“ urðu óljósari því umferðarleiðin var ekki eins skýr og áður.



Teikning að gerð sundlaugarbakkans með hrákarennu. Varðveitt á meðal gagna Húsameistara. C391_01-03.



Bæklingur um stálglugga af þeirri gerð sem settir voru í Sundhöllina. Varðveitt á meðal gagna Húsameistara. C391_01-03.



Bæklingur um glerjaðar keramikflísar sem valdar voru í Sundhöllina. Varðveitt á meðal gagna Húsameistara. C391_01-03.



Bréfaskifti húsameistara við fyrirtækið sem hjó til flísar sem hrákarennurnar eru gerðar úr. Á dönsku nefnast rennurnar „overløbsrender" eða yfirfallsrennur. Varðveitt á meðal gagna Húsameistara. C391_01-03.

Alúð var lögð við hönnun margvíslegra smáatriða eins og sundlaugarbakkanna og valdar voru vönduðustu gerðir flísa á gólf og veggi.

Í maí 1935 lágu fyrir teikningar og útboðsgögn að fullgerðri sundhöll og í júlí sama ár samþykkti bæjarráð Reykjavíkur tilboð um verkið. Mánuði síðar hófust framkvæmdir og sundlaugin var vígð 18 mánuðum síðar, þann 23. mars 1937.

Sundhöllin var án efa glæsilegasta sundhús landsins þegar hún var vígð og vakti mikla aðdáun enda langtum betur búin en aðrir sundstaðir hérlendis. Í byggingunni voru margar nýjungar sem landsmenn höfðu ekki séð áður, bæði hvað varðaði tæknilega útfærslu og búnað. Sundhöllin var t.d. fyrsta sundlaug landsins þar sem hreinsitækjum (síun á laugarvatni og klórblöndu) var komið fyrir.[135] Í upphafi var notað í laugina affallsvatn frá 26 húsum sem nutu hitaveitu frá Laugunum ásamt Austurbæjarskóla en síðar var farið að nota vatn frá hitageymunum í Öskjuhlíð.[136] Þær gagnrýnisraddir sem höfðu verið háværar á undirbúnings- og byggingatíma laugarinnar þögnuðu að mestu eftir að hún var tekin í notkun. Í forsíðufrétt *Nýja dagblaðsins* á vígsludegi var Guðjón sagður „hafa leyst hina vandasömu byggingaþraut á svo glæsilegan hátt, að þetta hús er nú ein merkilegasta bygging, sem

135 Þorsteinn Einarsson, *Drög að sögu íþróttamannvirkja.*
136 Sveinn Þórðarson. 1998, bls. 280.

nokkurntíma hefur verið reist á Íslandi.“ Umfjöllun *Morgunblaðsins* var jákvæð en á hófstilltari nótum en þar segir m.a. að sundlaugarsalurinn sé „óneitanlega stórskemmtilegur“ og „þótt mörg mistök hafi orðið í sambandi við byggingu Sundhallarinnar, frá byrjun, er ekki ástæða til að rifja þau upp nú, heldur að fagna því, að þessi mikla og kærkomna bygging er komin upp.“[137]

Lýsing

Sundhöll Reykjavíkur er háreist steinsteypt hús, hæð og kjallari. Hún snýr austur–vestur og einkennist af skýrri og samhverfri heildarmynd í klassískum anda, þar sem einföld form og agað hlutfall setja svip á útlitið. Sundlaugarsalurinn er bjartur og rúmgóður með háum gluggum á norður- og austurveggjum og bogadregnum súlnagöngum sunnanmegin. Í austurenda salarins eru stökkbretti og meðfram laugarkerinu liggja breiðar, flísalagðar hrákarennur sem halla inn að lauginni, líklega til að tryggja það að sjálf laugin nái réttri keppnislengd.

Búningsklefar, sturtur og innra skipulag bera enn sterk einkenni upprunalegrar hönnunar Guðjóns og vandaðar keramikflísar og einmenningsklefar setja svip á rýmin. Að mestu hefur verið haldið í upprunalegar innréttingar, glugga og hurðir.

Í umfjöllun sinni um stíleinkenni Sundhallar Reykjavíkur segir Pétur H. Ármannsson: „Þær sundhallir sem húsameistari skoðaði á Norðurlöndum voru flestar í þeim nýklassíska stíl sem ríkjandi var á þeim tíma. Í þeim anda hafði Guðjón mótað tillögu sína að Háborg á Skólavörðuhæð. Varðveist hafa fríhendisskissur frá árinu 1928 sem sýna hvernig hin endurskoðaða sundhöll tók á sig mynd. Sjá má þróun ytra útlits frá hreinræktaðri nýklassík yfir í einfaldari, stílfærð og stölluð form í anda þeirrar formhugsunar Eliel Saarinens sem áður var vitnað til. Í endanlegri mynd birtast hin klassísku áhrif í skilvirku innra skipulagi og agaðri formfestu í mótun rýmis og útlitsmynda, án þess að klassískar súlur eða þjóðlegar skírskotanir komi við sögu. Tímalaus einfaldleiki Sundhallarinnar veldur því að hún hlaut fyrr náð fyrir augum yngri kynslóða arkitekta en önnur verk Guðjóns Samúelssonar.“[138]

Árið 1934 virðist Guðjón hafa talið hina nýju sundhöll í Árósum (Århus kommunale svömmehal og badeanstalt) frá 1933 þá best heppnuð þeirra lauga sem hann þekkti til. Byggingin var gerð í anda fúnksjónalisma en með lítilsháttar klassískum einkennum þó. Sundhöllin í Österbro í Kaupmannahöfn sem opnaði 1930 er talin vera í nýklassískum stíl. Sundhöllin í Frederiksberg er hins vegar talin vera nær hugmyndafræði fúnksjónalisma. Sú sundhöll sem Guðjón skoðaði fyrst á meðan hún var í byggingu, Torvgatens bad í Osló, er talin vera í nýklassískum stíl. Allar þessar byggingar sóttu að einhverju leyti til fornra fyrirmynda í rómverskum böðum þar sem opin súlnagögn voru meðal

[137] Pétur H. Ármannsson. 2020, bls. 243.
[138] Pétur H. Ármannsson. 2020, bls. 244.

einkennandi þátta og þær eiga það flestar sameiginlegt að leitast var við að gera þær eins bjartar og kostur var, sumar með glerþaki yfir sundlauginni. Allar þessar fyrirmyndir voru hins vegar baðhús í þeim skilningi að í þeim voru almenningsböð með sundlaug. Sundhöll Reykjavíkur virðist aldrei hafa verið ætlað að verða að almenningsbaðhúsi í sama skilningi heldur fyrst og fremst sundhöll þar sem um tíma var íhugað að kostur yrði á baðlaugum. Sundhöll Reykjavíkur ber óneitanlega svipmót af stíl ýmissa áberandi bygginga í Þýskalandi sem byggðar voru um og upp úr 1930. Þær einkenndust margar af mónumentalisma, höfðu tilvísanir í klassíska byggingalist, línur þeirra voru einfaldar og gjarnan samhverfar og þær voru táknrænar fyrir ríkisvaldið. Útlitseinkenni Bauhaus-stefnunnar voru fremur litin hornauga.

Ástand og horfur

Sundhöllin hefur nú verið í því sem næst samfelldri notkun í tæp 90 ár. Framan af var aðsóknin gríðarleg og fyrstu tvo áratugina kom það oft fyrir að sundlaugargestir stóðu í biðröð eftir því að komast að. En eftir því sem sundlaugum Reykjavíkur fjölgaði hefur aðsóknin minnkað. Ýmsar minni háttar breytingar voru gerðar á fyrirkomulagi í austurenda kjallarans um 1940, þar sem upphaflega hafði verið fyrirhuguð íbúð sundlaugarvarðar og ljósaböð höfðu verið um tíma. Um 1980 var ráðist í umfangsmikla viðgerð á Sundhöllinni, gert var við sprungur og steypuskemmdir, gluggar ryðhreinsaðir, glerjaðir að nýju og allt húsið málað að utan. Þá var heitum pottum komið fyrir á lægra þaki við austurgafl sundlaugarsalarins og þar var síðar komið fyrir gufuklefa.

Sundhöllin var friðuð samkvæmt lögum um menningarminjar þann 20. desember 2004 og nær friðunin til ytra- og innra borðs laugar, búningsklefa og sturtuklefa.[139]

Árið 2013 efndi Reykjavíkurborg í samvinnu við Arkitektafélag Íslands til opinnar samkeppni um hönnun á viðbyggingu og útilaugasvæði við Sundhöllina. Markmið var að kalla fram vandaðar tillögur að viðbótum við Sundhöllina. Sérstök áhersla var lögð á að byggingarlist hússins, að innan sem utan, yrði gert hátt undir höfði og að fullt tillit tekið til hennar við hönnun á viðbyggingu og við endurbætur. Fyrstu verðlaun hlutu VA arkitektar og var þeim falið að annast hönnun nýrrar 25 m langrar útilaugar og þeirra breytinga á Sundhöllinni sem voru hluti af tillögu þeirra. Viðbygging var reist við suðurhlið Sundhallarinnar. Nýr skáli með rúmgóðu anddyri var byggður að henni og suðurveggurinn opnaður þar sem gengið er milli bygginganna. Þar sem áður var afgreiðsluherbergi í anddyri sundhallarinnar var komið fyrir lyftu svo fatlaðir eigi auðveldara með að komast um húsið en að öðru leyti var ekki hreyft við skipulagi rýmisins, gluggagerð eða flísum. Nýir búnings- og baðklefar voru gerðir í opinni byggingu sunnan við útilaugina og eru kvennaklefar laugarinnar þar til húsa þó að eldri kvennaklefar í gömlu

[139] Gagnagrunnur Minjastofnunar Íslands.

byggingunni sé enn á sínum stað og notaðir stöku sinnum. Umhverfis nýju útilaugina eru heitir og kaldir pottar, vaðlaug og gufubað. Í austurenda búningsklefaálmu Sundhallarinnar var gerður nýr stigi þar sem ganga má milli sundlaugarsalarins og nýju útilaugarinnar og þar var einnig komið fyrir lyftu milli hæða. Á suðausturhorni Sundhallarinnar, yfir stiganum, var byggður nýr útsýnisklefi fyrir sundlaugarverði sem fylgjast með báðum laugunum með ýmsum tæknibúnaði.

Sundhöllin í Reykjavík var skoðuð að innan og utan þann 4. júní 2025, þó án þess að viðbyggingar og útilaug, sem bættust við árið 2017, væru teknar sérstaklega fyrir.

Með viðbyggingum við suðurhlið og útilaug tók ásýnd sundhallarinnar og innra skipulag hennar nokkrum breytingum, þótt viðbyggingar séu fremur lágstemmdar. Þær umlykja nú sundlaugargarðinn og mynda með honum húsasamstæðu. Þrátt fyrir það má segja að Sundhöllin hafi að talsverðu leyti haldið upprunalegu yfirbragði sínu og byggingasögulegum einkennum.

Sundhöll Reykjavíkur hefur líklega reynst erfið bygging í viðhaldi. Eins og fyrr segir er húsið lítið einangrað, aðeins þakið en ekki veggir. Einfalt gler er í gluggum úr járni. Loftraki mikill og rakaþétting á öllum köldum flötum. Húsið er því sem næst í samfelldri notkun og viðhaldsverkefni hefur að mestu leyti þurft að sníða að rekstrinum en ljóst að viðhalds er nú þörf á mörgum stöðum. Gluggar og gluggapóstar eru margir illa farnir og í veggjum eru víða steypuskemmdir og sjálf laugarþróin hefur lekið um nokkurt skeið.

Lengi hefur þó verið ljóst að ekki yrði dregið mikið lengur að Sundhöllin hlyti allsherjar yfirhalningu. Í byrjun árs 2016 fól Reykjavíkurborg arkitektum og verkfræðingum sem unnu að hönnun viðbygginga og útisundlaugar (VA arkitektar og Verkís) að meta ástand Sundhallarinnar og fjalla um nauðsynlegar endurbætur og kostnað við þær. Í uppafi skýrslu sinnar segja þeir:

> Undanfarin ár hafa litlar sem engar endurbætur verið framkvæmdir innan- og utanhúss en í tímana rás hefur eitt og annað verið breytt á þeim tæpu 80 árum sem hún hefur verið í notkun. Eru það ekki allt breytingar sem að ríma við byggingastílinn og þyrftu því að endurskoðast. Leitast er við að gera þessum atriðum skil í þessari úttekt sem er þó ekki tæmandi. Ætti að vera markmið að færa bygginguna sem næst upprunalegs horfs en þar sem að ákvæði reglugerða (öryggismál, brunavarnir o.fl.) þarf að uppfylla þá verður hönnunin að falla sem best að upprunalegum byggingarstíl Sundhallarinnar.[140]

Niðurstaða úttektarinnar var sú að ástandið væri víða mjög slæmt. Kostnaður viðgerðanna var áætlaður um 695 milljónir króna og var lagt til að þær yrðu framkvæmdar á árunum 2017–2019. Enn hefur ekki verið ráðist í þær viðgerðir sem lagt var til í skýrslunni. Mörg þeirra atriða sem talin var þörf á að endurbæta voru þess eðlis að þau ollu áhyggjum um framtíð hússins og öryggi sundlaugargesta. Þeirra

[140] Skrifstofa framkvæmda og viðhalds í Reykjavíkurborg. 1-hluti 2016-11-10_GR_Ástandsskoðun.

á meðal var ástand sundlaugarkersins, en steypuskemmdir voru greinilegar og vatnsleki var allvíða. Árið 2021 fól Reykjavíkurborg Verkís að meta að nýju ástand laugarkersins og bera það saman við niðurstöður skoðunarinnar frá 2016.

Sundhöllin vorið 2025. Ljósmyndir: höfundar.

Niðurstöður hennar voru m.a. að nokkrir staðir utan á kerinu væru í töluvert verra ástandi en fimm

árum fyrr þegar síðasta úttekt hafði verið gerð. Í minnisblaðinu er jafnframt bent á að ef ekki verði brugðist skjótt við sé:„…töluverð hætta á frekari skemmdum á veggnum eða að veggurinn gefi sig undan vatnsþrýstingnum með þeim afleiðingum að tæknirýmin lendi undir vatni með tilheyrandi tjóni.“[141]

Í frétt *Morgunblaðsins* í desember 2023 segir að Menningar-, íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur hafi samþykkt að ráðast í umtalsverðar breytingar á Sundhöllinni en þar segir: „Löngu tímabært er að gera endurbætur á gamla laugarkerinu og liggur nú fyrir endanleg tillaga um hönnun mannvirkisins sem mun skila endurbyggðu laugarkeri í innilaug, nýjum pottum á austursvölum og tveimur nýjum gufuböðum, þurrgufu og infrarauðri gufu á neðri hæð.“[142] Í ráði var að hefja framkvæmdir árið 2024 en þegar þessi orð eru skrifuð síðla árs 2025 hefur verið ákveðið að verkinu verði frestað til ársins 2030.

Að lokum

Bygging Sundhallarinnar markaði þáttaskil í sund- og baðmenningu þjóðarinnar. Viðfangsefni Guðjóns Samúelssonar að hanna og byggja nýja sundhöll fyrir höfuðstaðinn var flókið verkefni og undirbúnings og byggingartíminn einkenndist af átökum milli pólitískra fylkinga. Þetta olli því að afar vandasamt hefur verið að greina hvaða óskir og þarfir ættu að liggja til grundvallar hönnuninni og það varð líka til þess að Sundhöllin tók nokkrum breytingum á hönnunartímanum sem margar voru til heilla fyrir laugina og nýtingu hennar. Sundhöllin hefur fyrir löngu áunnið sér sess sem eitt af helstu kennileitum borgarinnar.

Mikilvægt er að Sundhöllin fá sem allra fyrst þá heildaraðhlynningu sem hún þarfnast. Til samanburðar má geta þess að flestar sundhallir í nágrannalöndum okkar sem byggðar voru um sama leyti hafa verið endurbyggðar síðan. Frederiksberg svömmehal, sem byggð var á sama tíma, var t.d. opnuð aftur árið 2024 eftir heildarviðgerð þar sem meginähersla var lögð á trúnað við upprunaleika og byggingasöguleg einkenni laugarhússins.

Endurbætur á Sundhöllinni ættu að taka mið af upphaflegri gerð hennar í sem flestum atriðum þannig að byggingarlist hússins raskist sem minnst. Þær breytingar sem verða óhjákvæmilegar, t.d. vegna breyttra félagshátta og vegna öryggissjónarmiða ætti að fella að yfirbragði og efnisvali sem mótaði Sundhöllina í upphafi eftir því sem kostur er.

[141] Skrifstofa framkvæmda og viðhalds í Reykjavíkurborg. Minnisblað 15.7.2021 - Skoðun og mat á gamla Laugarkerinu (ID 227424) (ID 230486).

Sundhöll Reykjavíkur er tvímælalaust á meðal merkustu húsa borgarinnar og raunar landsins alls, og er eitt af lykilverkum Guðjóns Samúelssonar. Það varð fyrirmynd og innblástur að ýmsum sundhöllum í kaupstöðum landsins og gegnir því mikilvægu hlutverki jafnt í sögu íslenskra sundlaugabygginga og menningarsögu landsins í heild.

Sundlaug Álafoss, Mosfellsbæ (1933-)

Staðsetning: Álafossvegur 22, Mosfellsbæ	*Höfundar: Einar Sveinsson og Eiríkur Einarsson arkitektar*
Byggingarár: 1933	*Byggt af/eigandi: Álafossverksmiðjan*
Helstu endurbætur: 1998, 2000	*Yfirbyggð/opin: Yfirbyggð*
Staða/ástand: Húsið er nú notað sem hljóðver	*Hitun: Jarðvarmi*

Við Varmá í Mosfellssveit voru gerðar tvær sundlaugar á 20. öld. Um þá eldri er fjallað sérstaklega í kafla um horfnar laugar (sjá kafla 5) en hér er þó lítillega fjallað um þá laug í umfjöllun um aðdraganda byggingar yngra laugarhússins sem enn stendur í Álafosskvosinni.

Umhverfi og aðdragandi

Þar sem Varmá í Mosfellssveit liðast í gegnum Álafosskvos er fossinn sem kvosin er kennd við. Álafoss er á náttúruminjaskrá, friðlýstur sem náttúruvætti ásamt nánasta umhverfi og menningarminjum sem þar eru og vitna um sögu og þróun Mosfellsbæjar. Ofan við fossinn, í Reykjahverfi, falla heitir hveralækir í ána, og þar voru kjöraðstæður til sundiðkunar. Björn Bjarnason útbjó sundpoll við einn þessara volgu lækja og kenndi þar nokkrum piltum sund.[143] Undir lok 19. aldar virðist áhugi á sundiðkun vera að aukast á svæðinu eins og víða annars staðar og að frumkvæði Lestrarfélags Lágafellssóknar var stofnað félag árið 1895 sem hafði sundiðkun og sundlaugargerð á stefnuskrá sinni.

Árið 1896 hófst ullarvinnsla við Álafoss að frumkvæði Bjarna Þorlákssonar bónda á Varmá (1854-1904) sem flutti til landsins ullarvinnsluvélar. Áin var þá stífluð ofan við fossinn og fallhæð vatnsins notuð til að knýja vélarnar. Ofan stíflunnar myndaðist mikið lón, um 100 metrar á lengd og um 20 á breidd, sem hentað vel til sundiðkunar. Á næstu árum endurbættu félagar UMF Aftureldingar þar aðstöðuna og um 1909 var farið að nefna það sundlaug.[144] Árið 1917 eignaðist Sigurjón Pétursson (1888-1955) ullarverksmiðjuna á Álafossi ásamt bróður sínum og fáum árum síðar var hann orðinn eini eigandi hennar. Sigurjón hafði lært sund í sundlaugunum í Laugardal árið 1901 hjá Páli Erlingssyni og varð fljótt hugfanginn af íþróttinni. Hann gekk í Ungmennafélag Reykjavíkur og var í forystusveit þess þegar það reisti sundskála í Örfirisey árið 1908, en þaðan var um tíma stundað sjósund. Sigurjón stóð fyrir sundkennslu á Álafossi frá 1924, í upphafi ef til vill í samvinnu við Aftureldingu.[145] Sigurjón var einn helsti íþróttafrömuður landsins um árabil og rak íþróttaskóla á Álafossi auk sundkennslunnar.

[143] Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson. 2005, bls. 265.
[144] *Skinfaxi,* 12.01.1909, bls. 22.
[145] *Morgunblaðið* 10.05.1955.

Árið 1926 byggði Sigurjón í samvinnu við ungmennafélagið sundskála og stökkpall við laugina. Í *Lesbók Morgunblaðsins* 1926 kemur fram að lónið í Varmá sé einhver allra besta sundlaug á Íslandi.[146] Í

Stökkbrettin voru tvö, 3 ½ metri á hæð og 5 metra. Á myndinni hægra megin er sundskálinn sem reistur var 1926. Dyr og gluggar voru á þeirri hlið sem sneri frá sundlauginni. Að auki má sjá tvö minni hús með topplaga þökum, sem ekki hafa fundist frekari heimildir um. Mynd til vinstri er frá Willem van de Poll en mynd til hægri frá Ljósmyndasafni Akraness.(ómerkt laug, sundmót)

Íþróttablaðinu sama ár kemur m.a. fram að hitaleiðsla liggi í gegn um sundskálann en það var mikil nýlunda á þessum tíma.[147] Jónas Jónsson frá Hriflu getur hitaleiðslu Sigurjóns í ræðu sem hann flutti á Alþingi 1923 og fjallaði um undirbúning að byggingu Sundhallar Reykjavíkur. Þar getur hann þess að Sigurjón hafi lagt leiðslu til að flytja heitt vatn frá hver sem var kílómetra ofan við Álafoss og að verksmiðjunni neðan við fossinn þar sem vatnið er notað til að hita verksmiðjuhúsið og íbúðarhús.[148]

Ári eftir að laugarhúsið reis tók Íþróttaskólinn á Álafossi til starfa. Allt starfsfólk í verksmiðjunni lærði að synda enda vildi Sigurjón meina að lækniskostnaður sinn vegna starfsfólksins væri mjög lítill og væri það lauginni að þakka.[149] Í grein í *Vísi* 1930 kemur fram að Sigurjón hafi látið koma fyrir raflýsingu við laugina til að hún nýtist betur og þar segir einnig að beðið hafi verið um slíka lýsingu í Reykjavík árum saman án árangurs.[150]

Ekki er vitað hvenær sundskálinn frá 1926 vék en ætla má að það hafi gerst um svipað leyti og ný sundlaug var tekin í notkun í Álafosskvosinni árið 1933. Enn má sjá ummerki um mannvirkin á syðri árbakkanum rétt ofan við fossbrúnina.

Byggingarsaga

Fljótlega eftir að sundskálinn hafði risið komu fram hugmyndir um að bæta aðstöðu til sunds enn frekar. Strax 1929 var byrjað að safna fyrir yfirbyggðri sundlaug sem var svo byggð og tekin í notkun

146 *Lesbók Morgunblaðsins* 25.09.1926, bls. 303.
147 *Íþróttablaðið* 01.09.1927, bls. 99-100.
148 Jómfrúarræða Jónasar Jónssonar 1923.
149 *Alþýðublaðið* 05.09.1930, bls. 3.
150 *Alþýðublaðið* 05.09.1930, bls. 3 og *Vísir* 05.09.1930, bls. 3-4.

árið 1933. Einar Sveinsson og Eiríkur Einarsson arkitektar teiknuðu húsið en frumteikning þess hefur ekki fundist. Nýja sundlaugarhúsinu var valinn staður við árbakkann neðan við fossinn. Það var steinsteypt og með einhalla þaki. Á tveimur hliðum þess voru háir gluggar.

Í blaðagrein í *Vísi* árið 1934 er framkvæmd Sigurjóns lýst með aðdáun:

> Sigurjón er óvenjulega stórhuga íþróttamaður. Og hann gat ekki sætt sig við það til lengdar, að þess væri ekki kostur að iðka sund á Álafossi að vetrinum. Vitanlega geta þeir, sem hraustir eru, notað hina opnu laug í vetrarveðrum, en hinir munu þó fleiri, sem kveinka sér við því að fara í opna sundlaug að vetri til í misjöfnu veðri. S. P. ákvað því að koma upp nýtísku sundlaug undir þaki. Og hann var ekki að melta og sjóða þá fyrirætlan með sér von úr viti, heldur hófst þegar handa, með þeirri atorku, sem honum er lagin. Og nú er hin nýja sundlaug tekin til starfa fyrir all-löngu. Hefir fólkið flykkst að Álafossi síðustu vikurnar og sundgestir skift hundruðum suma dagana. Hin nýja sundlaug er 15 m. löng, 7 m. breið og 5 ¾ m. há. Vatnið er tveggja metra djúpt, og sífeldur straumur í laugina og úr henni. En alt vatnið endurnýjast einu sinni á sólarhring. Hrákarenna er við annan hliðvegginn og streymir þar um vatn jafnt og þétt. Er slíkt til mikilla bóta og raunar alveg sjálfsögð þrifnaðar- og heilbrigðisráðstöfun. Í botni laugarinnar er komið fyrir rafmagnsljósum og lýsa þau svo vel, að nægilegt reynist að kveldi, þó að annara ljósa njóti ekki. Gluggar eru á suðurgafli laugarinnar og vesturhlið, og hitaleiðslur um alt húsið. Enginn má fara óþveginn í laugina og eru steypubaðtæki í sérstökum klefum, bæði fyrir karla og konur. Þar er og sápa og annað, er þurfa þykir. — Gestir skulu og taka sér kalda steypu til hressingar, er þeir koma úr lauginni. Við stökkpallana eru skálar með vatni, og skulu gestir lauga þar fætur sína, áður en þeir leggjast til sunds. Búningsherbergi karla og kvenna eru hin þokkalegustu og raflýst. Gert er ráð fyrir, að leikfimihús verði reist við aðra hlið sundlaugarinnar, undir eins og S. P. treystir sér til að leggja í þann kostnað. En á þaki sundlaugarinnar verður sólskýli. Norðanmegin lækjarins (árinnar) verður íbúðarhús íþróttaskólans. Sigurjón Pétursson er einn hinn merkasti íþróttafrömuður hérlendur, og sjálfur þjóðkunnur garpur í mörgum íþróttagreinum. Hann var lengi glímukonungur landsins, sem kunnugt er, og þótti ekki dælt við hann að fást. Það er bersýnilegt, að þörfin fyrir hina nýju sundlaug á Álafossi hefir verið mikil. Um það ber órækt vitni hin mikla aðsókn, sem þar hefir verið daglega að kalla má, síðan laugin tók til starfa. Eins og áður segir, hafa sundgestir skift hundruðum suma dagana og stundum dag eftir dag. – Er þess að vænta, að áhuginn fari heldur vaxandi en þverrandi, því að það er hverjum manni gott, ungum jafnt sem rosknum, að fara í volga laug, synda þar góðan sprett og lauga sig því næst í köldu vatni.[151]

Nokkur atriði í þessari lýsingu vekja athygli. Í fyrsta lagi virðist laugin öll vera tveggja metra djúp, en allar aðrar steinsteyptar sundlaugar sem þekktar eru frá þessum tíma voru þannig gerðar að í öðrum enda var vatnið grynnra svo það hentaði ósyndum. Í öðru lagi var sírennsli vatns í gegnum laugina og því ekki þörf á hreinsunarbúnaði og þriðja atriðið má nefna sem var að sólbaðsskýli átti að verða á þaki hússins. Ekki er þó ljóst hvort af því varð.

Sennilega hefur Álafosslaugin verið formleg eign Álafossverksmiðjunnar, en Sigurjón var eigandi hennar og hefur því ráðið öllu um byggingu laugarinnar. Hugsjónir hans um mikilvægi íþrótta og

[151] *Vísir* 26.05.1934, án blaðsíðutals.

heilnæmra lifnaðarhátta birtust líka í rekstri verksmiðjunnar. Í blaðaviðtali árið 1939 sagði hann að allir starfsmenn verksmiðjunnar, um eitt hundrað talsins, væru syndir og þeir fengju sér daglega bað. [152]

Óhætt er að segja að Sigurjón hafi verið afar sérstakur maður að flestu leyti. Árið 2013 var minningu hans sýndur sérstakur sómi á íþróttaþingi ÍSÍ. Þar segir m.a.:

> Hann var einn mesti íþróttakappinn á Íslandi á öðrum áratug tuttugustu aldar, meðal annars Glímukóngur Íslands árin 1910-1919, sexfaldur skjaldarhafi Ármanns, góður skautahlaupari, sundmaður, göngugarpur og frjálsíþróttamaður. Sigurjón Pétursson hafði frumkvæði að því að íþróttahreyfingin á Íslandi sameinaðist undir merkjum Íþróttasambands Íslands þann 28. janúar árið 1912, sem varð meðal annars til þess að Íslendingar gátu keppt fyrir hönd þjóðarinnar á Ólympíuleikunum árið 1912. Hann keppti í glímu á Ólympíuleikunum 1912, þar sem hann komst í átta manna úrslit, og hlaut fjölmargar viðurkenningar fyrir margskonar íþróttir á sínum íþróttaferli.[153]

Sigurjón var mjög litrík persóna og kom víða við í íslensku þjóðlífi. Hann taldi sig hafa dulrænt samband við skáldið Jónas Hallgrímsson sem var grafinn í Kaupmannahöfn árið 1845. Sigurjón fékk því framgengt að Matthías Þórðarson þjóðminjavörður fór á hans kostnað og gróf upp ætlaðar líkamsleifar Jónasar og voru þær fluttar til Íslands og endurgrafnar á Þingvöllum eftir að Sigurjón hafði látið flytja þær norður í Öxnadal þar sem hann vildi láta jarðsetja þær.[154]

Álafosslaugin sem byggð var 1933. Sigurjón Pétursson stendur prúðbúinn á sundlaugarbakkanum. Þrjú börn við sundæfingar. Ljósmyndari: Willem van de Poll.

Sigurjón stofnaði og rak íþróttaskóla á Álafossi 1928 til 1940 og líta verður á byggingu og rekstur sundlaugarinnar sem þátt í þeirri starfsemi. Börnin voru þjálfuð í að ganga fylktu liði undir bláhvítum fána, sem síðar varð merki Ungmennafélags Íslands.[155] Lögð var mikil áhersla á holla fæðu og lýsisneyslu. Sigurjón lét einnig gera útileikhús með áhorfendasvæði sem mótað var í brekku framan við sviðið.

[152] *Dagblaðið Vísir*, 30.08.1939, bls. 7-8.
[153] https://isi.is/um-isi/heidursholl-isi/sigurjon-petursson/
[154] *Morgunblaðið* 16.11.2007. *Tíminn* 6.2.1990.
[155] Fáni sem gerður var að hugmynd Einars Benediktssonar skálds. Sjá m.a.:
https://www.stjornarradid.is/verkefni/stjornskipan-og-thjodartakn/thjodartakn/fani-islands/saga-fanans/

Sveitarstjórn Mosfellssveitar gerði samning við Sigurjón um gjaldfrjáls afnot hreppsbúa af lauginni og sundkennslu skólabarna og greiddi fyrir það fast verð árlega. Álafosslaugin var eini opinberi sundstaður sveitarinnar þar til ný Varmárlaug var tekin í notkun árið 1964.[156] Fjölmenn hermannabyggð var í Mosfellssveit og á Kjalarnesi á stríðsárunum og var Álafosslaugin fjölsótt af hermönnum.[157]

Árið 1949 tók Ásbjörn, sonur Sigurjóns, við sem forstjóri Álafoss og annar sonur hans, Pétur, varð verksmiðjustjóri. Mikill samdráttur var í rekstri verksmiðjunnar um miðbik 20. aldar þegar ný fataefni komu á markaðinn, en starfsemin tók að blómstra á ný um 1955 þegar farið var að framleiða gólfteppi þar og fyrirtækin Axminster og Vefarinn voru sett á fót.[158] Álafossverksmiðjan var áfram eigandi laugarinnar[159] og síðast var keppt í henni 1959. Líklega hefur skömmu síðar (eða a.m.k. eftir 1964 þegar ný laug var komin í gagnið í Mosfellssveit) en þá var byrjað að nota húsið í tengslum við gólfteppagerðina.[160] Árið 1986 varð Álafossverksmiðjan gjaldþrota og ríkissjóður varð eigandi fasteigna hennar, þar með talið sundlaugarhússins. Húsin voru lítið sem ekkert notuð um tíma en smám saman voru þau aftur tekin í notkun sem vinnustofur og híbýli listamanna.[161] Árið 1998 var laugarhúsinu breytt híbýli listamanns, en teikningar að breytingunum gerði Gunnar Már Eðvarðsson.



Uppmæling og teikning Gunnars Más Eðvarðssonar frá 1997 af sundlauginni sem þá var breytt í vinnustofu listamanns og stúdíóíbúð. Ekki fundust upprunalegar teikningar Einars Sveinssonar og Eiríks Einarssonar af lauginni. Teikning af kortavef Mosfellsbæjar.

Aftur var húsinu breytt árið 1999 þegar hljómsveitin Sigur Rós eignaðist það og hóf að nota sem til æfinga. Byggingin frá 1933 var þá endurbætt mikið. Gluggar á langhlið hússins, sem höfðu verið byrgðir, líklega þegar það var notað til gólfteppaframleiðslu, voru opnaðir aftur og endurnýjaðir. Þakið, sem frá upphafi var borið af

156 Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson. 2005, bls. 307–310.
157 Sveinn Þórðarson.1998, bls. 79.
158 *Morgunblaðið* 06.04.1986.
159 DD 95 Þjóðskjalasafn Íslands.
160 Sveinn Þórðarson. 1998, bls. 79.
161 *Morgunblaðið* 25.11.1999.

stálbitum og klætt bárujárni á timburslám, var nú einangrað og klætt að neðan með hljóðdempandi plötum. Húsið var í alla staði gert vandaðra en það hafði verið frá upphafi. Árið 2008 var farið að reka húsið sem upptökuver og er það enn nýtt sem slíkt. Er það er í eigu Kjartans Sveinssonar, eins af meðlimum hljómsveitarinnar.[162]

Lýsing og ástand

Húsið er steinsteypt. Laugarkarið náði yfir suðvesturhluta hússins en í norðausturenda þess voru tvær hæðir, annars vegar kjallari (búningsklefar og sturtur) og hins vegar hæð sem skiptist í inngang, pall við laugarenda og einhvers konar afstúkað rými. Á ljósmyndum að dæma var laugin að jafnaði ekki fyllt af vatni enda heldur karið aðeins fyllt að hálfu, a.m.k. þegar sund var kennt. Stigi var ofan í laugina í norðurhorni hennar og stökkpallur út í laug á miðri norðausturhlið. Greinilegt er að tvennar dyr voru norðaustarlega á vesturlanghlið laugar. Þegar húsið var skoðað stóð yfir umfangsmikil viðgerð á ytra byrði þess. Frá upphafi voru útveggir múrhúðaðir með hraunáferð. Þeir voru farnir að láta á sjá og

Sundlaugarhúsið við Álafoss. Myndir teknar í ágúst 2025. Ljósmyndir: Höfundar.

[162] https://sundlaugin.com/

sprungur höfðu myndast neðarlega í veggi. Nú er unnið að því að múrhúða veggina eins og þeir voru áður.

Allt er húsið er nú vandað bæði að utan og innan. Sundlaugarkerið er innréttað sem upptökusalur þar sem hátt er til lofts og hægt er að stjórna hljómburði með ýmsu móti. Í suðvesturendum laugarkarsins hefur nú verið afstúkað rými á tveimur hæðum og þar eru hljóðfæri, bókasafn, upptökutæki og -rými. Meðfram suðausturhlið laugarkars hefur verið gerður gangur (á annarri hæð) yfir í afstúkað rými í suðvesturenda. Enn er gengið inn á efri hæðinni og er þar er nú borðstofa og eldhús. Frá húsinu var tengigangur yfir ána en ekki er innangengt úr rýminu yfir ána lengur. Þröngur stigi er frá anddyri og niður í kjallara þar sem sturtur og búningsklefar voru áður í norðausturenda hússins. Þar er rýmið lítið breytt og skiptist upp í nokkur smærri rými og ná veggir víða hvorki upp í loft né niður í gólf. Þessi hluti er sjálfsagt sá hluti hússins sem er hvað minnst breyttur og er nú að mestu nýttur sem geymslurými. Stórir stálstigar hafa nú verið settir ofan í „laugarkarið“ frá bæði norðaustur- og suðvesturendum suðaustur langhliðar. Á hluta norðvesturhliðar langveggjar laugar er enn slá frá tíma sundlaugarinnar, gerð fyrir nemendur til að halda sér í.

Um tíma var upptökusalurinn eftirsóttur vegna fullkomins tæknibúnaðar, en með vaxandi tölvutækni við tónlistarflutning hefur notkun hans dregist mikið saman. Eigandi hússins hefur fullan hug á því að varðveita húsið eins og það er nú. Ekki er því líklegt að tilvist þess verði ógnað í bráð.

Álafosslaugin var meðal fyrstu sundlauga landsins sem byggt var yfir. Álafosslaugin er hins vegar eina yfirbyggða sundlaugin frá 4. áratugnum sem byggð var að frumkvæði einstaklings. Sundlaugin var aflögð um 1960 og sundlaugarhúsið hefur fengið annað hlutverk en er í mjög góðu ástandi.

4.2 Suðurland



Mynd 7: Sundlaugar (með laugarhúsum) byggðar fyrir 1950 á Suðurlandi. Laugar þar sem laugarhús hafa verið rifin eru sýndar með rauðum punkti (sjá kafla 5) en laugar þar sem enn standa laugarhús og voru kannaðar sumarið 2025 með grænum punkti.

Seljavallalaug (1923-)

Staðsetning: Seljavöllum, Hvolsvelli	*Höfundur: Heimamenn*
Byggingarár: 1923	*Byggt af/eigandi: Íþróttafélaginu/Ungmennafélaginu Eyfellingi*
Helstu endurbætur: 1930, 1936, 1954, 1979, 1995, 1998	*Yfirbyggð/opin: Opin*
Staða/ástand: Í notkun.	*Hitun: Jarðhiti.*
	Annað: Laugin var friðlýst 12.06.2006

Umhverfi og aðdragandi

Eyjafjallahreppur var hvorki stór né fjölmennur í upphafi 20. aldar og vorið 1922 þegar Íþróttafélag Reykjavíkur hélt sundnámskeið fyrir fulltrúa ungmenna- og íþróttafélaga víðs vegar um landið var engum slíkum félagsskap að skipa í Austur-Eyjafjöllum. Oddviti hreppsins vildi þó ekki láta tækifæri til að mennta heimamenn í sundkennslu úr hendi sleppa. Hann hafði því samband við ungan mann úr hreppnum, Björn Andrésson frá Berjanesi sem þá var á vertíð í Vestmannaeyjum, og fór fram á að hann myndi sækja umrædd námskeið þá um vorið og taka síðan að sér að kenna heimamönnum sundtökin. Björn, sem þá var þegar syndur, féllst á þetta og nýtti sér námskeiðið vel til að læra um tækni við sundkennslu og raunar fleiri íþróttir.[163]

Þegar Björn kom heim fór hann þegar í stað að huga að því hvar unnt væri að koma upp sundaðstöðu til kennslu. Fljótlega beindist athygli hans að gljúfrum Laugarár í landi Seljavalla þar sem heita uppsprettu var að finna í hlíðinni. Var leitað til Jóns Jónssonar bónda á Seljavöllum sem heimilaði að aðstaðan yrði könnuð með það að leiðarljósi hvort byggja mætti þar sundlaug.[164] Eftir að hafa ráðfært sig við Ólaf Pálsson á Þorvaldseyri varð niðurstaðan sú að hentugast væri að staðsetja laugina nokkru innan við heitu uppsprettuna á Seljavöllum, á eyrunum framan við gljúfur Laugarár. Björn reið næst um sveitirnar og ræddi við alla unglingspilta á svæðinu og fékk þá til liðs við sig með því að lofa þeim sundkennslu endurgjaldslaust þegar laugin væri tilbúin. Gert var ráð fyrir að ljúka verkinu á einum degi en þegar á reyndi tók það tvo daga. Alls tóku um 25 piltar þátt í verkinu og grófu þeir með handverkfærum niður í aur sem var bæði grýttur og þéttur og gerði vinnuna erfiða. Laugarstæðið var síðan hlaðið að innan með grassniddum og þakið grassverði og vatn leitt í laugina frá heitu uppsprettunni með því að klappa skorur í bergfláann.[165] Laugin var um 9 x 4,5 til 5 m að stærð (10 x 7 m skv. grein í *Íþróttablaðinu*). Að loknu erfiðu helgarverki var vatni hleypt á laugina fyrsta sinn og þá

[163] Björn J. Andrésson. 2001, bls. 132-133.
[164] Jón R. Hjálmarsson. 1992. bls. 69.
[165] Björn J. Andrésson. 2001, bls. 134-135.

fylltist piltahópurinn andagift og söng „Þú bláfjallaheimur með heiðjöklahring“ á meðan þeir horfðu á laugina fyllast. Vonbrigðin urðu hins vegar mikil þegar námskeiðið átti að hefjast nokkru síðar, þar sem aðeins var botnfylli í af vatni lauginni og hún reyndist hriplek. Það varð þó ekki til að stöðva drengina, sem skelltu sér í pollinn og þegar vatnið gruggaðist þéttust veggirnir og vatnsborðið tók að hækka. Á endanum reyndist því mögulegt að halda fyrsta sundnámskeiðið á staðnum. Á meðan á því stóð höfðust þátttakendur við í tjöldum og að viku liðinni gátu allir í hópnum fleytt sér. Reynslan kveikti mikinn sundáhuga á meðal heimamanna og jafnframt þá sannfæringu að brýnt væri að reisa steinsteypta laug á staðnum sem fyrst. Til þess að gera það varð þeim ljóst að best væri að stofna félag og í lok námskeiðsins var skipuð nefnd um þann ásetning. Nefndin hóf þegar undirbúning og þann 23. desember sama ár var formlegur stofndagur hins nýja félagsins sem hlaut nafnið *Íþróttafélag Eyfellinga.* Á stofnfundi þess var samþykkt að hefja undirbúning að byggingu steinsteyptrar laugar og að félagsmenn myndu vinna endurgjaldslaust að gerð hennar.[166]

Byggingarsaga

Þegar Íþróttafélag Eyfellinga hafði verið stofnað var þegar hafist handa við að láta drauminn um steypta sundlaug rætast. Undirbúningur að byggingu laugarinnar hófst strax milli jóla og nýárs 1922, þegar byrjað var að grafa fyrir hinni nýju laug, nokkru fjær ánni en sú fyrri hafði verið. Fé til framkvæmdanna var aflað með ýmsum hætti, meðal annars með hlutaveltum og skemmtunum. Sótt var um styrk til sýslunefndar Rangárvallasýslu, en þeirri beiðni var í fyrstu synjað. Sýslumaður tók hins vegar frumkvæði að því að sækja um styrk til Alþingis.

Vorið 1923 var verkinu haldið áfram, laugin steypt og ruddur vegur að henni, en þá þraut fjármagn til framkvæmdanna. Allt mótatimbur til steypuvinnunnar var fengið að láni, oft tekið úr útihúsum í sveitinni og skilað aftur að verki loknu. Um haustið fékkst styrkur frá hreppnum og var þá byggður lítill búningsklefi við laugina. Hann var fullkláraður vorið á eftir, árið 1924, þegar lítill styrkur fékkst úr ríkissjóði.[167] Lauginni er lýst á eftirfarandi hátt í *Íþróttablaðinu* skömmu eftir að hún var byggð:

> Laugin er að stærð 9 x 25 m. og dýpt 1-2,25 m. Heita vatnsleiðslan að henni er 40 m. Kaldur lækur rennur við annan enda hennar svo hægt er að nota steypibað eftir hverja sundæfingu. Umhverfis laugina eru há og hrikaleg fjöll svo að segja á alla vegu, og skamt frá henni rennur Laugará með ísköldu jökulvatni.[168]

[166] Björn J. Andrésson. 2001, bls. 132-134, *Íþróttablaðið,* 01.05.1929, bls. 135-137.
[167] Bréf frá Birni J. Andréssyni til Dómsmálaráðuneyti, dagsett 11. janúar 1926, Dóms- og kirkjumálaráðauneyti, dagb. 7, númer 450, 25/20. Frásögn af byggingu Seljavallalaugar, *Goðasteinn* 2001. Björn J. Andrésson, bls. 132-134, *Íþróttablaðið,* 01.05.1929, bls. 137-139 og *Lesbók Morgunblaðsins,* 26.07.1931, forsíða.
[168] *Íþróttablaðið,* 01.05.1929, bls. 37-38.

Vinnan var öll unnin í sjálfboðavinnu og voru dagsverkin í kringum 380.[169] Í kjölfar þess að laugin var fullbúin hófst sundkennsla í henni. Íþróttafélagið stóð fyrir sundnámskeiðum haustið 1923, vorið 1924 og haustið 1925, án þess að hljóta nokkurn styrk til þeirra, og var aðsókn góð og héldu námskeiðin áfram næstu árin. Árið 1932 gerðu Eyfellingar sund að skyldugrein við barnaskóla hreppsins og urðu þar á meðal fyrstu sveitarfélaga landsins til að taka upp slíkt skyldunám, ásamt Reykjavík, Svarfdælingum og Vestmannaeyjum.[170]

Þrátt fyrir að stórum hluta vinnunnar hafi lokið strax árið 1924 voru ýmis verkefni enn óunnin. Auk þeirra mannvirkja sem áður hafa verið nefnd stóð til að hlaða öflugan varnargarð við þann gafl laugarinnar þar sem búningsklefinn stóð, til að varna því að áin bryti af húsi og laug í vatnavöxtum. Jafnframt var gert ráð fyrir að stækka búningsklefann og koma þar fyrir sturtum, hlaða stétt eða varnargarð meðfram langhlið laugarinnar og setja upp stökkbretti, stiga og handrið í lauginni (sjá teikningu).

Í ársbyrjun 1926 ritaði Björn Andrésson, forsvarsmaður laugarinnar, Dómsmálaráðuneytinu bréf fyrir hönd Íþróttafélagsins í því skyni að afla styrks til verksins. Í bréfinu kemur fram að þörf sé á að hlaða stétt úr blágrýti meðfram allri lauginni og gera hana nægilega öfluga til að hún geti jafnframt þjónað sem varnargarður þegar Laugará sé í vatnavöxtum. Til þess þurfi að sprengja grjót úr berginu við laugina og grafa undirstöðuna niður fyrir vatnsyfirborð árinnar.

Björn tekur fram að einnig þurfi að kaupa vatnsleiðslupípur svo að unnt sé að leiða bæði heitt og kalt vatn með öruggum hætti í laugina og byggja þrjá litla baðklefa, enda hafi sá klefi sem þegar var byggður upphaflega verið ætlaður mönnum til búðar á meðan sundnámskeið stæðu yfir. Þá eigi enn eftir að koma upp köldu steypubaði, dýfingapalli, stigum ofan í laugina og handriði í veggjum laugarinnar, auk þess að byggja sterkan varnargarð til varnar vatnságangi, í samræmi við það sem teikningin sýndi. Hann segir ennfremur: „Auk þess sem hér hefur verið talið, eru miðstöðvarofnar til að hita upp klefana, en það hefur félagið í hyggju að gera þegar tök verða á og nota þá jafnframt til þess að hita vatnið." Björn bendir á að haustin séu besti tími ársins til sundkennslu á staðnum og að þá skipti miklu máli, sérstaklega fyrir börn, að klefarnir séu hlýir. Félagið hyggist halda áfram sundnámskeiðum, ekki aðeins fyrir börn af svæðinu heldur einnig, eftir atvikum, fyrir börn annars staðar að, til dæmis frá Vestmannaeyjum, sem gætu sótt sumarnámskeið í sundi í lauginni.[171]

[169] Sama heimild, bls. 138-139 og *Lesbók Morgunblaðsins* 26.07.1931, forsíða.
[170] Gjörðabók Austur-Eyjafjallahrepps 1915-1961, Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, dagb. 8 nr. 519. Héraðsskjalasafn Rangæinga. Jón R. Hjálmarsson. 1992, bls. 72 og *Lesbók Morgunblaðsins* 26.07.1931, forsíða.
[171] Bréf frá Birni J. Andréssyni til Dómsmálaráðuneyti, dagsett 11. janúar 1926.

Bréfi Björns fylgdi vandaður uppdráttur af Seljavallalaug og nánasta umhverfi. Uppdrátturinn sýnir heildarmynd af laug og laugarhúsum eins og til stóð að gera þau og virðist honum hafa verið fylgt eftir að mestu. Uppdrátturinn er óundirritaður og samanburður á rithönd bendir ekki til þess að Björn hafi sjálfur teiknað hann, þótt ljóst sé að hann hafi tekið virkan þátt í útfærslu laugarinnar. Hugsanlegt er að Ólafur Pálsson, kennari á Þorvaldseyri, hafi gert uppdráttinn, enda leitaði Björn til hans þegar kom að verkfræðilegum úrlausnum og lýsir því í grein sinni um byggingu laugarinnar að hann hafi haft „meðfætt verkfræðieðli“.[172] Ekkert verður þó fullyrt um þetta að svo stöddu án frekari gagna.

Uppdrátturinn sýnir sjálfa laugina 1–2,25 m djúpa. Umhverfis hana er teiknuð gangstétt við allar hliðar



Seljavallalaug Austur-Eyjafjallasveit í Rangárvallasýslu. Teikningin er óundirrituð og ódagsett, en er merkt Alþingi, nr. 2/1926. Stjórnarráð Íslands I. Db. 7, nr. 450. Varðveitt í teikningasafni Þjóðskjalasafns Íslands 22/7.

laugarinnar nema þá sem liggur að berginu og átti stéttin einnig að liggja meðfram baðklefunum að norðan. Undir gangstéttinni sunnan við laugina var áætlað að gera mikla blágrýtishleðslu og jafnframt að reisa varnargarð skáhallt í norður-suður suðaustan við laugina, að Laugará.

Stigar ofan í laugina eru á teikningunnin í suðvestur- og norðvesturhorni hennar og útrennsli úr lauginni á svipuðum stöðum, rétt eins og raunin er enn í dag. Tilkomumikið stökkbretti er teiknað við vesturenda laugarinnar, miðja vegu, ásamt nokkrum tröppum upp á það. Við austurenda laugarinnar

[172] Björn J. Andrésson. 2001, bls. 133 og Jón R. Hjálmarsson. 1992, bls. 70.

voru laugarhúsin. Syðsta rýmið var þegar byggt og var það stærst að flatarmáli og merkt sem *íbúðarklefi*. Norðan við það voru tveir *baðklefar* af sömu stærð og að baki þeirra sá þriðji með *kerlaug*. Gert var ráð fyrir að heitavatnsleiðsla lægi í gegnum húsið í kringum þann klefa og út í laugina. Köld vatnsleiðsla var einnig áætlað að leggja að sama klefa, eða að kverkinni milli hans og vestari klefanna. Að baki allra húsanna allra var ráðgert að hlaða blágrýtisvegg en aðeins virðist slíkur veggur hafa verið gerður að baki elsta hússins en ekki þess hluta laugarhúsanna sem síðar var byggður.



Seljavallalaug. Efri myndin til vinstri er tekin á árunum 1923-1935, áður en laugarhúsin voru lengd til norðurs (líklegast 1934-35). (Mynd: Héraðsskjalasafn Árnesinga: Fljótshlíðarferð, ljósmyndari ópekktur/2021_16_SJ_00313). Efri mynd til hægri er tekin 1936 eða síðar, eftir að baðklefarnir að sunnan voru byggðir (birtist í Bændablaðinu 2. júní 2023). Neðri mynd er líklega tekin 1938 (birt í Facebook hópnum Gamlar myndir, Sigrún Sighvatsdóttir).

Ekki er vitað hvort, eða hversu hár, styrkur fékkst vegna styrksbeiðninnar árið 1926 en í það minnsta virðast framkvæmdir hafa gengið fremur hægt næstu árin. Með tíð og tíma virðist þó flestir af þeim verkþáttum sem Björn taldi brýnt að ljúka hafa verið unnir. Komið var upp dýfingapalli, stétt hlaðin

umhverfis laugina með mikilli blágrýtishleðslu að sunnan og stigar og handrið sett ofan í laugina, auk þess sem búningklefum var komið upp. Ekki er ljóst hvort varnargarðurinn, sem til stóð að reisa suðaustan við laugina, hafi einnig verið byggður. Þar sem hann var talinn eitt helsta forgangsverkefnið í þeim framkvæmdum sem eftir voru árið 1926 verður þó að telja líklegt að svo hafi verið. Það var hins vegar ekki fyrr en sumarið 1936 að lokið var við að byggja búningsklefana líkt og teikningin sýnir og tók húsið þá á sig þá mynd sem það hefur enn. Svo virðist sem fallið hafi verið frá því að skipta bakrými þeirra upp í sérstakan klefa og ekkert sem bendir til annars en að klefarnir tveir hafi alltaf verið tvískipt rými sem náðu jafnlagt til austurs og upprunalegi klefinn.

Sama haust og lokið var við byggingu laugarhúsanna, nánar tiltekið 16. september 1936, gerði vonskuveður og mikið hlaup kom í Laugará. Áin æddi yfir eyrarnar og sundlaugina, rauf gafl laugarinnar og fyllti þróna af aur og grjóti, auk þess sem vegurinn að lauginni skemmdist verulega.

Eins og gefur að skilja var þetta mikið áfall fyrir heimamenn og í kjölfarið hófust umræður um hvort skynsamlegra væri að byggja nýja laug eða gera við þá sem fyrir var. Niðurstaðan var að gera við gömlu laugina og var hafist handa strax sama haust.[173] Í bréfi frá stjórnarmönnum Íþróttafélagsins Eyfellings til Dómsmálaráðuneytisins vorið 1937 kemur fram að laugin hafi eyðilagst haustið á undan en verið endurbyggð frá grunni í sömu mynd og áður, að því undanskildu að þessu sinni voru veggirnir gerðir úr járnbentri steypu og mun þykkari en áður og grafið var fyrir þeim eins langt niður í urðina og unnt var. Í bréfinu er tekið fram að sá veggur sem snýr að ánni sé 1 m á þykkt neðst en 26 cm efst og flái ytri hlið hans því sem þeim mismun nemur. Aðrir veggir séu hins vegar 26 cm að þykkt og sé steypan öll járnbent. Kostnaður við þessar framkvæmdir var gríðarlegur og fór félagið þess á leit að Dómsmálaráðuneytið styrkti það um eins háa upphæð og mögulegt væri. Jafnframt er bent á að ekki hafi annað komið til greina en að ráðast í framkvæmdirnar, enda hafi laugin verið afar mikið notuð af félagsmönnum Íþróttafélagsins Eyfellings og sem hluti af barnaskólanámi í hreppnum, auk þess sem þar voru haldin sundnámskeið fyrir aðra, meðal annars á vegum ungmennafélaga í Rangárvallasýslu og Skaftafellssýslu.[174]

Í gegnum tíðina hefur laugin þurft reglulegt viðhald. Auk umfangsmikilla framkvæmda í kjölfar flóðsins í ánni haustið 1936, var farið í talsverðar endurbætur árið 1954 en þá var laugarhúsið lagað og meðal annars komið upp nýju salerni, sem þó reyndist skammlíft.[175]

[173] *Morgunblaðið* 22.09.1936, bls. 6.
[174] Bréf þeirra Eggerts Ólafssonar og Ólafs Eiríkssonar til Dómsmálaráðuneytis, dagsett 04.04.1937.
[175] *Bændablaðið* 02.06.2023.

Ekki er ljóst hversu lengi sturturnar tvær, sem samkvæmt endurminningum Eggert Ólafssonar frá Þorvaldseyri voru settar upp strax þegar húsið var lengt 1936 voru við lýði, en tilraunin til að endurnýja salerni 1954 virðist hafa verið skammlíf.[176]

Ýmsar viðgerðir og lagfæringar hafa verið unnar á Seljavallalaug í gegnum tíðina. Á myndinni til vinstri er unnið að endurbótum á laugarhúsunum árið 1954 en myndin til hægri er tekin þegar unnið var að því að moka ösku úr Eyjafallagosinu upp úr lauginni en samanlagt var mokað 80 tonnum af gjósku upp úr lauginni eftir gosið. Báðar myndirnar eru úr grein um laugina sem birtist í Bændablaðinu 02.06.2023.

Sund var síðast kennt í Seljavallalaug vorið 1959. Ári síðar var fullbúin innilaug við Skógaskóla tekin í notkun og færðist sundkennsla þangað.[177] Í kjölfarið virðist viðhald laugarinnar hafa dregist saman. Í grein um Seljavallalaug í *Morgunblaðinu* árið 1997 er fjallað um sögu og stöðu laugarinnar og kemur þar fram að henni hafi verið vel viðhaldið á meðan hún var eina sundlaug svæðisins og gegnt hlutverki eins konar sameiningartákns fyrir sveitina. Eftir að sundkennsla lagðist af um 1960 hafi viðhaldi hins vegar verið ábótavant. Árið 1979 var laugin þó endurbætt og lagfærð[178] en í *Yfirliti yfir mannvirki* frá 1983 kemur engu að síður fram að hún hafi þá verið talin „ónothæf".[179]

Litlu sem engu viðhaldi var sinnt á næstu árum og árið 1995 var ástand laugarinnar orðið svo bágborið að talin var hætta á að hún yrði ónýt á skömmum tíma. Þá var botn laugarinnar sprunginn, hún farin að leka og tekið var að grafast undan henni, svo ljóst var að bregðast þyrfti hratt við ef forða ætti frekari skemmdum.

Úr varð að nokkrir brottfluttir Eyfellingar tóku höndum saman við heimamenn og gerðu við laugina til bráðabirgða, meðal annars með því að pétta botn hennar og lagfæra vatnslögn til laugarinnar. Í

[176] Jón R. Hjálmarsson. 1992, bls. 77.
[177] Jón R. Hjálmarsson. 1992, bls. 72.
[178] *Sunnlenskar byggðir IV,* bls. 36.
[179] *Yfirlit yfir mannvirki frá 1983*, Menntamálaráðuneyti, DD 05.

kjölfarið var haldinn fundur í því skyni að undirbúa stofnun félags um varðveislu Seljavallalaugar og var viðhaldi á henni haldið áfram næstu árin og lauk árið 1998, en þá átti laugin 75 ára afmæli.[180]

Sundlaugin á Seljavöllum var í upphafi reist með samþykki landeigenda. Árið 1943 ákváðu þáverandi eigendur jarðarinnar, Anna Jónsdóttir og Sveinn Óskar Ásbjörnsson, að gefa allt það vatn sem til laugarinnar þyrfti úr landi sínu um ókomin ár en hvorki var talið nauðsynlegt að þinglýsa þessari gjöf né að skrá eignarhald laugarinnar sérstaklega og var einungis gert munnlegt samkomulag þar um.[181]

Með árunum jókst hins vegar álag á svæðið sökum heimsókna ferðamanna og skömmu eftir að laugin hafði verið gerð upp var henni lokað í kjölfar kæru bóndans á Seljavöllum til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og hollustunefndar, þar sem krafist var að lauginni yrði lokað til frambúðar. Af þessu spruttu nokkrar deilur en að lokum var laugin aftur opnuð. Laugin fór illa í Eyjafjallajökulsgosinu 2010 og þurfti að moka upp úr henni gríðarlegu magni af gjósku áður en hægt var að nota hana að nýju.[182]

Í blaðagrein í *Morgunblaðinu* árið 2006 kemur fram að Húsafriðunarnefnd hafi lagt til að Seljavallalaug yrði friðuð. Þar er greint frá því að eftir að nefndin hafði skoðað laugina sumarið á undan samþykkti hún eftirfarandi umsögn með friðun í huga:

> Seljavallalaug er ein elsta steinsteypta laug landsins sem varðveist hefur og hefur hún sem slík mikið menningarsögulegt gildi. Margar slíkar laugar voru gerðar um land allt á 3.-4. áratug 20. aldar og er Seljavallalaug sú sem varðveist hefur best í upphaflegri mynd. Laugin og nánasta umhverfi hennar hefur auk þess sérstakt listrænt gildi vegna áhrifamikils samspils hins steypta mannvirkis við náttúruna. Gert er ráð fyrir að friðunin taki til laugarinnar, mannvirkja við hana og nánasta umhverfis.[183]

Seljavallalaug var friðlýst árið 2006 (2006-12-06Z). Friðlýsingin nær til laugarinnar, mannvirkja við hana og nánasta umhverfis, þ.e. svæðis sem nær 10 metra frá lauginni til suðurs, norðurs og austurs. Klettaveggurinn að vestan er allur friðaður, samkvæmt gögnum frá Minjastofnun Íslands.

Lýsing

Laugin er um 1,2 km innan við bæinn Seljavelli, í dalkvos sem skerst inn í fjöllin. Bílastæði hefur verið gert um 800 m SSV af lauginni og er það an um 15 mínútna gönguleið að sundstaðnum. Leiðin er að mestu ómerkt og þarf meðal annars að stikla yfir urð og smálæki á leiðinni. Laugará, sem rennur neðan við laugina í dalsbotni, dregur nafn sitt af heita læknum sem rennur í hana á þessum slóðum. Skammt

[180] *Morgunblaðið* 19.02.1997 „Nokkur orð um Seljavallalaug og ástand hennar“ aðsend grein frá Páli A. Andréssyni.
[181] *Morgunblaðið* 20.02.1999, bls. 50.
[182] *Bændablaðið* 02.06.2023, „Einstök sundlaug“ Erla Hjördís Gunnarsdóttir.
[183] *Morgunblaðið* 30.01.2006, bls. 46F „Vill friða Daltangavita og Seljavallalaug“.

Seljavallalaug við vettvangsskoðun í maí 2025. Ljósmyndir: Höfundar.

sunnan við laugina er heit uppspretta og er vatn úr henni leitt í laugina. Þar er vatnstankur og ýmiss konar rörabúnaður sem er áberandi í umhverfinu. Í klettinum beint ofan við laugina sprettur kalt vatn fram úr berginu og með blöndun heits og kalds vatns er hitastigi laugarinnar stjórnað. Laugin er undir háum kletti enda var talið að klettaveggurinn myndi veita vörn gegn skriðuhlaupum úr fjallinu. Hlíðin liggur í boga sem myndar norðurvegg laugar og er úr hrjúfu bergi, að hluta til grónu, og nær gróður sums staðar alveg niður að vatnsborði laugarinnar. Aðrar hliðar laugarinnar eru steinsteyptar. Við vesturenda laugarinnar var áður dýfingabretti en þar er nú steinsteyptur veggur, reistur til að varna því að jarðvegur úr brekkunni ofan við renni ofan í laugina. Við sundlaugarendann eru laugarhús sem þjóna hlutverki búningsklefa en hvorki eru nú sturtur eða salerni á staðnum. Frá norðausturhorni laugarhússins er hleðsla úr vikursteini upp í brekkuna, til varnar því að jarðvegur skríði niður og ofan í laugina.

Búningsklefarnir eru einfaldir að formi, úr grófri, hvítmálaðri steypu og með aflíðandi skúrþaki. Að húsabaki er grjóthlaðinn veggur syðst. Húsin skiptast í þrjú rými og er hvergi innangengt á milli þeirra, en öll eru þau með dyr á vesturhlið, í átt að lauginni. Elsta rýmið er syðst og er það jafnframt stærst. Dyr eru á miðjum vesturvegg og gluggi á suðurgafli þess, að Laugará, en þar hefur gleri verið skipt út fyrir plast. Til stóð að setja upp sturtur í þessu rými fyrir nokkrum árum en ekki varð af því. Norðar er tvískipt rými. Dyrnar eru þar þétt saman og er einn lítill gluggi í hvoru rými, til hliðar við dyr, ofarlega á veggnum sem snýr að lauginni. Timburgrindur eru á gólfum til að varna því að fólk þurfi að ganga í bleytu sem safnast þar fyrir. Veggir og loft hafa verið klædd með þunnum plötum sem nú eru útkrassaðar af ferðamönnum og eru engar fastar innréttingar í rýmunum, einungis fatasnagar.

Á þakinu er bárujárn og ná veggir upp fyrir þakflötinn nema að austan. Sundlaugin sjálf var máluð með kalkmálningu árið 2023 en er nú farin að láta á sjá og augljóst að hún þarfnast talsverðs viðhalds, enda er hún í mikilli notkun. Sírennsli vatns er um laugina og vatnið frá henni er leitt um tvær rennur til suðurs nærri suðaustur- og suðvesturhorni. Ekkert hreinsikerfi er í lauginni og vex því talsverður gróður í henni á milli þess sem hún er hreinsuð.

Upprunalegir stigar ofan í laugina eru allra austast og vestast á norðurhlið hennar. Falleg grjóthleðsla er meðfram lauginni að suðaustan og ofan á henni er stétt meðfram lauginni.

Ástand og horfur

Seljavallalaug var skoðuð vorið 2025 í fylgd með Magðalenu Jónsdóttur, gjaldkera Ungmennafélagsins Eyfellings, sem á laugina og annast viðhald hennar. Sundlaugarmannvirkin eru lágstemmd og látlaus en falla vel að umhverfi sínu og eru einstaklega falleg í samspili við stórbrotna náttúruna í kring. Laugin

er að talsverðu leyti niðurgrafin og klettaveggur markar norðurhlið hennar, þannig að sundlaugagestir eru í náinni snertingu við umhverfið.

Laugarhúsin eru orðin nokkuð illa farin og steinsteypa þeirra farin að gefa eftir. Bakveggur hússins er sprunginn og þar hefur vatn hripað í gegn, sem eykur hættu á áframhaldandi skemmdum. Laugin er mikið notuð en ekkert daglegt eftirlit er með henni. Umgengni á staðnum er afar slæm og þegar laugin var skoðuð voru fataklefarnir fullir af rusli eftir ferðamenn, meðal annars umbúðum, fötum og handklæðum sem hafði verið hent á blautt gólf og skilið eftir.

Ungmennafélagið reynir eftir fremsta megni að sinna þrifum og viðhaldi laugarinnar en eftir að ferðamannastraumur þangað margfaldaðist hefur verkefnið orðið því um megn. Félagið er fámennt, ungmennin hafa elst og þeim fækkað. Ljóst er að brýn þörf er á að létta álagi af ungmennafélaginu og finna eftirliti og viðhaldi góðan farveg svo að laugin geti áfram gegnt hlutverki sínu sem einn af sérstæðustu og fallegustu baðstöðum landsins.

Seljavallalaug er ein elsta sundlaug landsins sem enn er í notkun og er merkur minnisvarði um það hugsjónastarf og framtíðarsýn sem ríkti í sveitum landsins í upphafi 20. aldar. Gangan að lauginni er hluti af upplifuninni við að heimsækja hana og staðsetning hennar í fjallshlíðinni er einstök. Þaðan sér hvorki til sjávar né byggðar heldur aðeins til fjallshlíðarinnar, árinnar og náttúrunnar allt um kring. Þetta samspil manngerðs umhverfis og stórfenglegrar náttúru er ein helsta sérstaða Seljavallalaugar og undirstrikar mikilvægi þess að tryggja vandað viðhald og ábyrga umgengni til framtíðar.

Grafarbakkalaug/Gamla laugin (1891/1934-)

Staðsetning: Gröf, Flúðum	*Höfundur: Þórir Baldvinssyni (laugarhús)*
Byggingarár: 1891/1934	*Byggt af/eigandi: UMF Hrunamanna*, sýslunefnd, ríkissj.*
Helstu endurbætur: 1910, 1934, 2014	*Yfirbyggð/opin: Opin*
Staða/ástand: endurbætt laug í notkun og steypuleifar laugarhúss standa á laugarbakkanum	*Hitun: Jarðvarmi*

**Ungmennafélag Hrunamannahrepps gerði laugina í núverandi mynd 1908 en líklega voru það heimamenn sem stóðu að sundlaugargerðinni upprunalega, árið 1891.*

Umhverfi og aðdragandi

Mikill jarðhiti er í landi Grafar og er talið að þar hafi verið þvotta- og baðstaður um aldir. Um 1890 var ákveðið að gera þar sundlaug með vatni úr Hverahólma. Lítið er vitað um aðdraganda þess að ráðist var í þessa framkvæmd, eða hvernig henni var háttað, en árið 1891 sóttu nokkrir heimamenn til sýslunefndar Árnesinga um styrk til sundlaugargerðar og sundkennslu. Þeir fengu vilyrði fyrir um 40 króna framlagi sem skyldi greitt þegar laugin væri tilbúin.[184] Framkvæmdin virðist hafa gengið eftir, a.m.k. var hún tekin út ári síðar „…og fannst ekkert athugavert við hana.“[185]

Sundlaugin var lengst af kölluð *Grafarbakkalaug* en eftir að ný sundlaug var tekin í gagnið á Flúðum 1948 festist heitið *Gamla laugin* við hana. Á allra síðustu árum, eftir að laugin varð aðdráttarafl fyrir erlenda ferðamenn, var farið að kalla hana *The Secret lagoon.*

Laugin er norðaustan við þéttbýlið á Flúðum, tæplega 700 m norðaustan við gamla bæinn á Gröf.[186] Hún er á flata við Litlu-Laxá. Á þessum slóðum byggðist nýbýlið Hvammur árið 1929 (sem síðar skiptist í Hvamm I, 1963 og Hvamm II, 1958). Úr landi nýbýlisins byggðist svo garðyrkjubýlið Garður árið 1945, en það var fyrsta hreinræktaða garðyrkjubú sveitarinnar. Íbúðarhúsið í Garði var byggt örskammt frá Grafarbakkalaug. Á tímabilinu 1945-1965 voru byggð aflöng gróðurhús í Garði eftir endilöngum norðvesturbakka laugarinnar, á svipuðum slóðum og ný laugarhús voru byggð 2014.[187]

Byggingarsaga

Á meðal gagna Héraðsskjalasafns Árnesinga er að finna úttekt á Grafarbakkalaug frá árinu 1891. Þar segir að mannvirkið hafi verið vandað og að samtals hafi verið varið 35 dagsverkum í gerð þess. Tveir

184 *Ísafold* 05.08.1891, bls. 32 og *Þjóðólfur* 21. tbl. 05.05.1891, bls. 82.
185 Fylgiblað við *Ísafold* 30.07.1892, „Sýslufundargerð“.
186 Laugin var fyrst skráð í fornleifaskráningu á svæðinu árið 2016. Sjá: Kristborg Þórsdóttir og Stefán Ólafsson. 2016, bls. 81-82.
187 *Árnesingar I. 1999,* bls. 228-237.

garðar voru hlaðnir. Annars vegar garður úr sniddu sem gerður var þar sem laugin var dýpst og vatnsþunginn mestur. Hann var um 33,4 metra langur og um 1,5 metra á hæð. Á hinn veg laugarinnar þar sem vatnsþungi var minni var hlaðinn annar garður, 28 metra langur. Þar sem garðurinn var þykkastur var rennustokkur úr borðum lagður í gegnum hann og fóru níu borð í stokkinn.[188] Samanlagt var laugin ríflega 750 fermetrar að stærð og var hún 29 til 30 gráðu heit.[189] Í úttektinni kemur fram að eftir sé að slétta og grafa svolítið niður í botninn á litlum bletti og lengja lægri garðinn fáa faðma til að ná jafnari vatnsdýpt í allri lauginni. Áætlað var að umræddar lagfæringar yrðu gerðar næsta vor.[190]

Árið 1908 þegar Ungmennafélag Hrunamannahrepps er stofnað, er ein af fyrstu samþykktum þess að „gera sundlaug hjá Gröf". Orðalagið bendir til að eldri laug sem gerð var tveimur áratugum fyrr, hafi þá verið alveg úr sér gengin.[191] Af gögnum Ungmennafélagsins má sjá að gert var ráð fyrir að „vinna fengist ókeypis", en að styrk frá Sýslusjóði yrði varið til sundkennslu, gerð rennustokks og til annars nauðsynlegs kostnaðar, eins langt og hann dygði til. Á fyrsta aðalfundi Ungmennafélagsins var áætlun um sundlaugargerð samþykkt og kosin nefnd til að fylgja málinu eftir.[192]

Í bréfi Helga Ágústssonar, formanns Ungmennafélagsins, til Sýslumanns vorið 1909 kemur fram að Ungmennafélagið hafi „látið byggja" stíflugarðinn fyrir sundlaugina strax sumarið 1908 og ráðgert hafi verið að byrja sundkennslu þá um sumarið. Garðurinn var nýr og ógróinn og þegar vatni var hleypt í laugina kom skarð í hann. Brugðist hafi verið við þessu strax og garðurinn lagaður en ekki hafi verið talið ráðlegt að fylla laugina fyrr en næsta sumar og því hafi ekki náðst að kenna sund sumarið 1908. Í framkvæmdirnar höfðu farið 13 dagsverk og auk þess kostnaður við fjóra hesta í einn dag og efni í rennustokk. Helgi fór þess á leit að styrkurinn sem sýslunefnd hafði lofað yrði greiddur út, enda væri sundlaugin tilbúin og þegar búið að ráða sundkennara fyrir næsta sumar.[193] Á fundi Ungmennafélagsins þann 10. maí 1909 kemur fram að búið var að ákveða hvenær sundkennsla skyldi fara fram, hver skyldi kenna og að karlmenn í félaginu skyldu hreinsa laugina áður en kennsla hæfist.[194] Þegar fram liðu stundir fór hreinsun laugarinnar hins vegar þannig fram að hestur var látinn draga sköfu eftir tómum sundlaugarbotninum til að hreinsa hana af gróðri og aur.[195]

---

188 Úttekt á sundlauginni á Grafarbakka, Héraðsskjalasafn Árnesinga, 2005_30, BB_3_1, 1885-1992.
189 Úttekt á hitastigi í sundlauginni á Grafarbakka gerð 9. ágúst 1891, skrifað 15. nóvember sama ár, Héraðsskjalasafn Árnesinga, 2005_30, BB_3_1, 1885-1992.
190 Úttekt á sundlauginni á Grafarbakka, Héraðsskjalasafn Árnesinga, 2005_30, BB_3_1, 1885-1992.
191 Á fyrsta aðalfundi félagsins 28. maí sama ár var borin fram tillaga um að gera sundlaug hjá Gröf, sem væntanlega
192 Fundargerðarbók Ungmennafélags Hrunamannahrepps HérÁrn. 2003/28 Ungmennafélag Hrunamanna. Fundargerðabók 1908-1910, A1-1 og https://www.fludir.is/wp-content/uploads/2016/08/Saga_hitaveitunnar_1.pdf.
193 Bréf Helga Ágústssonar formanns UMF Hrunamannahrepps til sýslumanns, dagsett 2. apríl 1909, HérÁrn_2005_30_Sýslunefnd Árnesinga_BB_9_2_1908-1909.
194 Fundargerðarbók Ungmennafélags Hrunamannahrepps HérÁrn. 2003/28 Ungmennafélag Hrunamanna. Fundargerðarbók 1908-1910, A1-1.
195 Upplýsingar á texta við myndir á veggjum laugarhúss árið 2020.



Grafarbakkalaug í gegnum tíðina. Myndir úr safni eigenda laugarinnar

Svo virðist sem laugin hafi krafist mikils viðhalds og stanslausra endurbóta. Af fundargerðarbókum Ungmennafélagsins fyrir árin 1910-32 sést að flest ár var fundað um nauðsynlegar viðgerðir á lauginni og flest vor hafi þurft að ráðast í viðgerðir til að hægt hafi verið kenna í henni.[196]

Fyrstu árin er talsvert kvartað yfir sundlauginni og félagsmenn veltu því fyrir sér hvort það borgaði sig að lappa upp á hana þar sem hún væri að mörgu leyti óhentug og ekki unnt að steypa þar garð í stað torfhleðslunnar. Á fundunum er því velt upp hugmyndum um að hætta viðhaldi og finna annan betri stað fyrir sundlaug. Úr því varð þó ekki.[197]

Hugmynd um byggingu sundskýlis við laugina kemur fyrst fram á fundi Ungmennafélagsins 1913 en ekkert varð úr framkvæmdum þrátt fyrir góðar undirtektir.[198] Hugmyndinni skýtur aftur upp á fundi þremur árum síðar.[199] Piltar sem unnu að viðgerð á lauginni höfðu rætt sín á milli um nauðsyn þess að gera skýli svo að einnig væri hægt að kenna á haustin og að hlaða grjóti innan á

[196] Fundargerðarbók Ungmennafélags Hrunamannahrepps árin 1908-17 og 19-32. Ekki hafa fundist bækur fyrir árin þarna á milli eða árin eftir 1932. Bækurnar eru aðgengilegar á vef Héraðsskjalasafns Árnesinga: https://myndir.myndasetur.is/main/archives/Fundarger%C3%B0ab%C3%A6kur%20ungmennaf%C3%A9laga/Hrunamannahreppur/Fundarger%C3%B0ab%C3%B3k%20Ungmennaf%C3%A9lag%20Hrunamanna?selected=&query=

[197] Fundargerðarbók Ungmennafélags Hrunamannahrepps. https://myndir.myndasetur.is/main/archive/Fundarger%C3%B0ab%C3%A6kur%20ungmennaf%C3%A9laga/Hrunamannahreppur/Fundarger%C3%B0ab%C3%B3k%20Ungmennaf%C3%A9lag%20Hrunamanna/1914-1915?slide=21

[198] Fundargerð Ungmennafélags Hrunamannahrepps þann 30. mars 1913.

[199] Fundargerðarbók Ungmennafélags Hrunamannahrepps þann 4. janúar 1916.

sundlaugarbakkana.[200] Framan af virðist ætlunin hafa verið að hlaða skýlið úr torfi og grjóti. Í fundargerð frá 1916 kemur fram sú skoðun að skýlið þyrfti helst að hafa 2-3 klefa og gott væri að leiða hveragufu í einn þeirra. Fundarmenn voru sammála um nauðsyn skýlisins og skipuð var nefnd til að kanna málið en ekkert varð úr framkvæmdum að sinni.

Málið var enn reifað næsta ár og þá samþykkt að allir karlmenn innan félagsins legðu til dagsverk við að „byggja tóftina".[201] Ekki er hins vegar að sjá á fundarbókum að úr þessu hafi orðið. Á næstu árum virðast félagsmenn hafa lagt mesta áherslu á að vinna í umfangsmikilli grjóthleðslu umhverfis laugina og árið 1919 var t.d. talið nauðsynlegt hlaða „garðinn" á löngu svæði svo að laugin yrði nothæf. Sama ár er enn og aftur minnst á mikilvægi þess að byggja hús í hólmanum og lagt er til að Ungmennafélagar og bændur í nágrenninu leysi málið í sameiningu og að húsið gæti bæði þjónað hlutverki sundskýlis og þvotthúss.[202]

Á næstu árum (1919-32) eru ófá dagsverk unnin við að taka upp grjót í Högnastaðaás og flytja það á sleðum eða vögnum til laugarinnar á vetrum og flest vor er unnið í grjóthleðslu laugarinnar. Greinilegt er að á þessum tíma er sundlaugin orðin nokkuð vinsæl, a.m.k. samþykkir félagið 1929 að taka að sér að setja vírgirðingu í kringum slægjublett Högnastaðabænda sem árlega sé skemmdur af hestum þeirra sem nota laugina á vorin og sumrin.[203]

Snemma vors 1922 leggja bændur sem búa í nágrenni laugarinnar fram tillögu um að drífa í að byggja skýli við laugina, sem lengi hafi verið rætt um.[204] Til verksins mætti nýta grjót sem búið var að koma á staðinn í bland við torf. Hugmyndin var að húsið yrði með steyptu gólfi og í því yrði baðker. Þannig gæti húsið nýst sem baðskýli, þvottahús og búningsklefi. Töldu bændur að mjög áríðandi væri fyrir þá að koma upp þvottaskýli á staðnum sem fyrst og lögðu til að kostnaði yrði skipt jafnt á milli bænda og Ungmennafélags. Var fremur dræmt tekið í þetta á fundinum og þótti málið illa undirbúið, tiltækt grjót ætti að fara í laugina, ekki yrði hreinlegt að hafa þvottaskýli úr torfi að hluta. Ungmennafélagar töldu heldur ekki endilega eðlilegt að kostnaðarskiptingin yrði jöfn og betur kynni að fara á því að Ungmennafélagið borgaði þriðjung af kostnaði. Fundurinn samþykkti þó að gott væri að samkomulag yrði gert á milli Ungmennafélags og bænda um bygginguna en rétt væri að undirbúa málið betur og fresta ákvörðun um eitt ár. Í kjölfarið virðist málið hins vegar falla í gleymsku um skeið.

Ungmennafélagið hélt sínu striki og dró að grjót og lagfærði laugina eftir getu og þörfum. Árið 1928 töldu félagsmenn að lítið vantaði á til að ljúka framkvæmdinni og töldu þeir að ef það myndi takast

[200] Fundargerðarbók Ungmennafélags Hrunamannahrepps þann 4. janúar 1916.
[201] Fundargerðarbók Ungmennafélags Hrunamannahrepps þann 11. febrúar.
[202] Fundargerðarbók Ungmennafélags Hrunamannahrepps 9. nóvember 1919.
[203] Fundargerðarbók Ungmennafélags Hrunamannahrepps þann 13. apríl 1920.
[204] Fundargerðarbók Ungmennafélags Hrunamannahrepps þann 26. mars 1922.

mætti taka laugina út næsta vor og hugsanlega fá styrk en ekki fundust heimildir um að svo hafi orðið. Áfram er tekið upp og flutt að grjót og bætt í laugina næstu árin og svo langt sem fundargerðarbækur ná (1932). Tveimur árum síðar, árið 1934 var svo loksins byggt sundskýli við laugina sem á þessum tíma er nefnd Hvammslaug í bréfaskriftum. Í bréfi Helga Kjartanssonar og Emils Ásgeirssonar til Stjórnarráðs Íslands frá árinu 1934 fara þeir fram á styrk fyrir byggingu sundskýlisins þá um haustið sem byggt verði eftir teikningu sem Stjórnarráðið hafði sent. Í bréfinu kemur fram að laugin er þá 40 x 20 m stór og að hún hafi verið endurbætt mikið á síðustu árum með því að gera grjóthleðslu innan við eldri torfhleðslu sem þar var fyrir og hreinsa botninn og setja möl í hann. Bréfinu fylgir kostnaðaráætlun um skýlið sem gerð var af Þóri Baldvinssyni hjá Teiknistofu Byggingar- og landnámssjóðs frá 23. ágúst 1934 og gerir ráð fyrir kaupum á sementi, járni, dyrum og gluggum, ásamt flutningi og vinnu og teikning af laugarhúsinu.[205]

Sundkennsla í Grafarbakkalaug hófst fljótlega eftir gerð hennar árið 1909 og virðist hafa verið nokkuð samfelld. Þá kenndi Valdimar Brynjólfsson 32 piltum sund en ári síðar samþykkir Ungmennafélagið að hefja sundkennslu fyrir stúlkur, aðeins tveimur árum eftir að slík tillaga hafði verið samþykkt í höfuðstaðnum.[206] Ekki er ljóst hvort kennsla stúlkna hófst þetta sama ár en ári síðar voru haldin tvö

[205] Bréf Helga Kjartanssonar og Emils Ágeirssonar frá 1934 til Stjórnarráðs Íslands.
[206] Fundargerðarbók Ungmennafélags Hrunamannahrepps þann 3. apríl 1910. Lúðvík Kristjánsson. 1952, bls. 363.

sundnámskeið í lauginni og var annað þeirra fyrir stúlkur. Kennari þeirra var Ingibjörg Jónsdóttir frá Háholti. Árið 1913 var svo farið að kenna stúlkum og drengjum sund saman í lauginni.[207]



Laugarhúsin við Grafarbakka-/Hvammslaug frá 1934. Teikningin er ómerkt en er væntanlega gerð af Þóri Baldvinssyni. Hún er geymd á meðal gagna frá Stjórnarráði Íslands, Þjóðskalasafni Íslands.

Börn komu víðs vegar að til sundnáms og einnig var nokkuð um að fólk kæmi til langt að, t.d. alla leið frá Reykjavík, til að njóta laugarinnar. Oftast var hafst við í tjöldum nærri lauginni á meðan. Engin búningsaðstaða var við laugina fyrstu árin en hún var byggð um 1934.

Lýsing

Sundlaugin við Grafarbakka er nú um 45 x 26 m að stærð og víðast um 1 m á dýpt. Veggir hennar eru grjóthlaðnir að norðvestan, norðaustan og suðvestan en suðausturhliðin er afmörkuð af náttúrulegu landslagi, allt að austurhorni þar sem hlaðið er fyrir heitt vatn frá hverasvæði. Umhverfis laugina er nú

[207] Skilti við sundlaug.

grjóthlaðin stétt og göngustígur úr timbri/timburlíki liggur einnig umhverfis laugarsvæðið. Breiðar tröppur eru ofan í laugina á miðri norðvesturhlið.





Laugarhúsið var mælt og teiknað lauslega við vettvangsskoðun 2025.

Gamla laugarhúsið við Grafarbakkalaug, myndir teknar við húsakönnun sumarið 2025. Ljósmyndir: Höfundar.

Laugarhúsið hefur tekið litlum breytingum frá því að það var byggt. Í minningum Helgu R. Einarsdóttur sem birtust í bókinni *Árnesingar I* lýsir hún laugarhúsinu eins og það var í hennar minni, líklega upp úr 1950, á eftirfarandi hátt:

> Sundskýlið við laugina var hólfað í tvennt, í öðrum endanum var búningsklefi með bekkjum við veggi, en í hinum var gufubað. Hár bekkur með einum vegg, en í öðru gólfhorninu á móti kom gufan inn jafnt og þétt, þangað leidd í stokki frá einum hvernum.“[208] Eins og ráða má af lýsingunni voru ekki sturtur í húsinu. Sundnámskeið voru haldin í lauginni árlega til 1947 þegar farið var að nota nýbyggða sundlaug á Flúðum til kennslu. Í kjölfarið lagðist notkun laugarinnar að mestu af þótt heimamenn hafi notað hana lengur.[209]

Upp úr 2005 voru viðruð áform um að gera laugina upp og opna að nýju. Hugmyndin varð að veruleika þann 7. júní 2014. Þá hafði verið byggt nýtt aðstöðuhús með búningsklefum norðvestan við laugina á sama stað og gróðurhúsin stóðu áður.[210] Laugarbakkarnir höfðu verið endurhlaðnir en eftir sem áður var malar- og sandbotn í lauginni. Gamla laugarhúsið var áfram á sínum stað.

Laug og laugarhús á Grafarbakka voru skoðuð í júlí 2025. Nýja laugarhúsið er margfalt stærra en það gamla en er þó lágreist og einfalt að gerð. Það skyggir því ekki eins mikið á laugina og hærri eða íburðarmeiri bygging hefði gert. Gamla laugarhúsið er einfalt, steinsteypt hús á einni hæð, undir steinsteyptu, einhalla þaki (með 5-6 gráðu halla). Grunnflötur þess er 608 x 320 cm að utanmáli og skiptist það í tvo jafna hluta með þvervegg. Sem fyrr segir var gufubað í norðausturhlutanum og búningsklefar í þeim suðvestari. Veggirnir eru án styrktarjárna, um 20 cm þykkir, en þakið, sem er 10 cm þykkt, er með járnagrind. Tvennar dyr eru á húsinu að lauginni og einn fjögurra rúðna gluggi með steyptum gluggapóstum á hvorum gafli miðjum. Gluggarnir eru gerðir úr steinsteypu með járnstyrkingu. Glerfals er í gluggakörmum og póstar í öðrum þeirra, en allt gler er horfið. Gluggi gufubaðsklefans er mikið skemmdur. Gólf gufubaðsklefans virðist hafa verið endursteypt þegar veggirnir voru endurbættir en mun lengra virðist síðan gólf búningsklefans var endurbætt. Gufan var leidd eftir tréstokk inn í baðið frá hver sem er skammt frá. Í steinsteyptu gólfi búningsklefans er rás þar sem gufustokkurinn var. Steinsteypan í húsinu er mikið veðruð, einkum veggirnir og efsti hluti þeirra er mjög illa farinn. Molnað hefur utan af veggnum sem nemur h.u.b. hálfri þykkt þeirra. Húsið hefur sigið nokkuð og hallar lítillega til norðurs.

[208] *Árnesingar I.* 1999, bls. 229.
[209] sveitir.is, sjá einnig https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1564577/
[210] Samkvæmt munnlegum upplýsingum frá Agnesi Szwaja, einum af eigenda laugarinnar, 09.05.2025.

Grafarbakkalaug, myndir teknar við húsakönnun sumarið 2025. Ljósmyndir höfundar.

Eigendur réðust í aðkallandi endurbætur á norðausturhluta hússins, þar sem gufubaðið var, í kringum 2020. Sá hluti var þá talsvert farinn að láta á sjá og veggir byrjaðir að hrynja. Í lagfæringum var leitast við að halda upprunalegu útliti hússins og ekki lagfæra umfram það sem þurfi. Veggir gufuklefans voru endurbættir með því að steypa innan á þá 10 cm þykkt lag og var yfirborð steypunnar skolað þannig að það líkist veðrun.

Laugarhúsið er einfalt og látlaust, og eins og mörg af eldri laugarhúsum í dreifbýli hér á landi fellur það vel að náttúrunni í kring. Húsið er skammt frá bökkum Litlu-Laxár og umhverfis laugina eru nokkrir hverir sem setja svip sinn á umhverfið. Básahver er skammt frá norðausturhorni hússins og Vaðmálahver suðvestar. Ummerki eftir steypta þró eru merkjanleg á tveimur stöðum nærri laugarhúsinu en í þeim var bæði þveginn þvottur og þær nýttar til baða.[211] Sjálf laugin hefur verið endurhlaðin og löguð til á síðustu árum en hefur þó haldið sinni upprunalegu mynd að mestu.

Árin 2024-2025 voru unnar nokkrar viðbætur á aðstöðu í og við laugina. Þá var stígur við laugina lengdur og bætt við tveimur pottum (grunnum potti og köldum potti) við suðvesturenda hennar.

Ástand og horfur

Í endurbótum síðustu ára hefur gamla laugarhúsið fengið að standa sem myndræn rúst á sínum upprunalega stað. Mikill fjöldi gesta sækir Grafarbakkalaug nú heim ár hvert og því fylgir álag á umhverfið og laugina. Ferðamönnum er hins vegar beint í nokkuð fastan farveg umhverfis laugina og hverina enda umhverfið viðkvæmt og hverirnir varhugaverðir. Átroðningur er því minni en annars hefði verið.

Gamla laugin á Flúðum er ein elsta sundlaug landsins og án efa sú elsta sem er í notkun. Sundlaugarskýlið er nokkru yngra, en það var byggt 1934. Eigendur staðarins hafa lagt sig fram um að varðveita sýnilegar minjar og má í raun segja að sundstaðurinn hverfist að nokkru leyti um sögu staðarins. Upplýsingum um söguna er m.a. komið til skila með skilti á gamla laugarhúsinu og framan við það nýja.

[211] *Árnesingar I.* 1999, 229.

Sundlaugin Reykholti (1929-)

Staðsetning: Reykholti, Biskupstungum	*Höfundur: Guðjón Samúelsson/Einar Erlingsson*
Byggingarár: 1929	*Byggt af/eigandi: Barnaskólinn í Reykholti*
Helstu endurbætur:	*Yfirbyggð/opin: Opin, til stóð að byggja yfir en ekki varð af*
Staða/ástand: Skólahúsið stendur en laugin hefur verið fyllt (1973) og byggt íbúðarhús yfir	*Hitun: Jarðvarmi*

Umhverfi og aðdragandi

Ungmennafélag Biskupstungnahrepps var stofnað á sumardaginn fyrsta árið 1908. Eins og mörg önnur ungmennafélög létu félagsmenn sig ýmis málefni varða og höfðu meðal annars áhuga á íslenskri tungu, skógrækt og íþróttum. Áhugi á sundi vaknaði fyrst fyrir alvöru árið 1909 þegar Ungmennafélag Hrunamannahrepps bauð félaginu afnot af Grafarbakkalaug til sundnáms. Boðið var ekki þegið en í kjölfar þess hófst umræða um mikilvægi þess að koma sér upp eigin sundlaug til sundkennslu.

Til stóð að hefja framkvæmdir strax árið 1910 en þá fékkst ekki leyfi landeiganda á þeim stað sem ungmennafélagar höfðu augastað á. Ári síðar var skipuð formleg sundlaugarnefnd til að hefja laugargerðina. Úr varð að gera laugina í Reykholti þar sem nægur jarðhiti var. Hafist var handa við verkið vorið 1911 og því lokið ári síðar.

Laugin var 12 x 10 m að stærð og var gerð með því að hlaða torfveggi úr sniddu fyrir lækinn sem rann úr Reykholtshver. Allt verkið var unnið í sjálfboðavinnu. Kostnaður við laugina nam 33,80 krónum og innifalið í þeirri upphæð var greiðsla til landeiganda fyrir sundlaugarstæðið, auk tveggja sundkúta.[212]

Sundkennsla hófst í kjölfarið. Næstu árin var kennt sund í eina viku á ári og var hafst við í tjöldum á meðan. Árið 1914 kom til tals að byggja sundskýli við laugina og áætlaður kostnaður við slíkt mannvirki en ekkert varð af framkvæmdunum.

Á næstu árum kemur fram í fundargerðum félagsins að sundlaugin þurfi mikið viðhald og var henni lýst sem „forarpolli“ á fundi félagsins árið 1915. Laugin var lagfærð flest ár og hún var áfram notuð næstu árin. Á tíu ára afmæli ungmennafélagsins árið 1918 var laugin tekin til gagngerrar lagfæringar og voru þar einkum félagsstúlkur að verki, þar sem margir karlmenn í félaginu voru á sjó.[213]

[212] Jón M. Ívarsson. 2013, bls. 43-44.
[213] Jón M. Ívarsson. 2013, bls. 45-46.

Endurnýjuð laug var þó enn sem fyrr torfhlaðin og þannig úr garði gerð að hún þarfnaðist stöðugs viðhalds. Ekki er ljóst hvenær laugin var síðast notuð en einhvern tíma á árunum 1923 til 1924 tóku ungmennafélagar þá ákvörðun að hætta að halda henni við og byggja í hennar stað nýja sundlaug á Syðri-Reykjum. Ekkert er vitað um stærð þessarar nýju laugar sem komst í gagnið árið 1924 en líkt og fyrirrennari hennar var hún hlaðin úr torfi og grjóti. Hún entist enn skemur, líklega aðeins í tvö til fjögur ár.[214] Engin laugarhús voru við þessar laugar og voru þær ekki skráðar sérstaklega.

Þegar kom að gerð steyptrar laugar í hreppnum um 1930 var það í tengslum við skólahald og á því tímabili þar sem ungmennafélagið var að koma upp samkomuhúsi á svæðinu. Félagið var því skuldum vafið og tók ekki þátt í gerð þeirrar steinsteyptu laugar sem tengdist skólanum.

Í Biskupstungnahreppi hófst umræða um mikilvægi þess að koma upp barnaskóla snemma á 20. öld. Strax í febrúar 1913 tók ungmennafélagið málið upp á sína arma að undirlagi prestshjónanna á Torfastöðum, og fjallaði á fundum um mikilvægi þess að reisa skólahús í hreppnum. Þá þóttu þó litlar forsendur til að ráðast í svo mikla framkvæmd.[215] Um 1920 seldi Biskupstungnahreppur hluta vatnsréttindi í Hvítárvatni og Hvítá og fékk fyrir nokkurt fé. Í kjölfarið var ákveðið að nýta tækifærið til að byggja heimavistarskóla fyrir börn sem fram að þessu höfðu, líkt og börn víðast í sveitum, aðeins notið kennslu í farskóla.

Ýmislegt gerði það að verkum að hugmyndin var ekki auðveld í framkvæmd, ekki síst sú staðreynd að vegasamband á svæðinu var enn afar takmarkað. Brúará var til dæmis ekki brúuð fyrr en 1923 og þá fór loksins að komast hreyfing á skólamálið. Ýmsar hugmyndir voru uppi um hvar best væri að staðsetja skólann og þótti ekki augljóst að Reykholt yrði fyrir valinu enda enginn vísir að þéttbýli þar þá. Úrslitum réði hins vegar sú staðreynd að Jón Halldórsson, eigandi jarðarinnar Stóra-Fljóts, hét því að gefa hreppnum lóð undir skólann og að auki leggja til eins mikið heitt vatn og skólinn þyrfti.

Í kjölfarið leitaði oddviti hreppsins til Húsameistara ríkisins, og fór þess á leit að hann gerði teikningu og kostnaðaráætlun um skólabygginguna. Hvoru tveggja var skilað í árslok 1926. Samkvæmt áætlun skyldi skólahúsið vera steinsteypt og átti að rúma kennslustofur, íþróttasal, eldhús og heimavist fyrir 15-20 nemendur. Ráðgert var að skólahúsið myndi kosta 20 þúsund krónur fullgert.[216]

Fyrstu drög að heimavistarskólanum gerðu ekki ráð fyrir að sundlaug yrði tengd skólanum en sú viðbót virðist hafa komið fram snemma og ákvörðun verið tekin um hana á byggingartíma skólahússins. Að minnsta kosti var þess getið þegar kostnaður við skólahúsið var gerður upp við verklok að hluti

[214] Jón M. Ívarsson. 2013, bls. 44-46.
[215] Þorfinnur Þórarinsson. 1988, bls. 5.
[216] Einar J. Helgason.1988, bls. 41.

kostnaðarins væri vegna fyrirhugaðrar sundlaugar sem steypt yrði í beinu framhaldi. Því er ekki hægt að fjalla um sögu sundlaugarinnar í Reykholti nema í nánu samhengi við sögu skólans.[217]

Byggingarsaga

Í maímánuði 1927 kom hreppsnefnd saman í þeim tilgangi að ákveða staðsetningu heimavistarskólans í samráði við gefanda landsins og ábúanda. Ósk þeirra var að skólalóðin yrði öll norðan hverarásarinnar og eftir nokkrar vangaveltur var ákveðið að skólinn skyldi rísa á sléttri flöt beint neðan við hverinn. Í kjölfarið var hafist handa við að grafa fyrir húsinu. Nokkru síðar kom hins vegar í ljós að fræðslunefnd hreppsins hafði ekki verið höfð með í ráðum og formaður hennar taldi ótækt að byggja skólann á þessum stað þar sem hann taldi að umhverfi skólans yrði þá of berangurslegt og óaðlaðandi. Í kjölfarið samdi hann við landeigendur um að skólalóðin yrði færð ofar í hlíðina og nokkuð suður fyrir hverarásina. Þá var verið að ljúka við að taka húsgrunninn á fyrri staðnum en í kjölfarið var hafist handa á nýja staðnum.



Heimavistarskólinn í Reykholti í Biskupstungum, teikning frá júlí 1926, arkitekt Einar Erlendsson. Menntamálaráðuneytið 2000. H/28-25. 1926. Þjóðskjalasafn Íslands.

Hreppsnefndin var ekki sátt við þessa breytingu og áður en yfir lauk þurfti að kalla Benedikt Gröndal verkfræðing á svæðið til að meta hvor staðsetningin væri betri. Úr varð að húsið var byggt á hólnum þar sem það stendur enn. Skólahúsið skyldi vera steinsteypt, á þremur hæðum og Eiríkur Gíslason, byggingameistari frá Eyrarbakka, var yfirsmiður þess. Eiríkur var fær smiður sem byggði og teiknaði fjölda húsa, meðal annars við Tjörnina og Stýrimannastíg í Reykjavík.[218]

[217] Jón M. Ívarsson. 2013, bls. 44-46, bls. 86-87.
[218] Gísli Bjarnason. 1988, bls. 22.

Möl í húsið fannst uppi á Reykholti en hana þurfti að þvo með hveravatni og blanda saman við aðra, betri möl. Sandinn varð að sækja niður í Hrosshagavík í Tungufljóti og sement og timbur var flutt á vögnum hluta leiðarinnar þar sem vegurinn var enn ekki bílfær.[219]

Bygging skólahússins gekk ágætlega en ýmislegt olli því að kostnaðaráætlun fór langt fram úr áætlun. Sem dæmi má nefna að Húsameistari hafði gert áætlun um magn efnis sem þyrfti til hússins en þegar lokið var við undirstöður upp að kjallaragólfi var allt efni uppurið. Þá þurfti að hefjast aftur handa við að afla meira efnis með tilheyrandi kostnaði.



Sundlaugin að Reykholti í Biskupstungum. Efri myndirnar tvær eru úr Sarpi (myndanúmer A-DG-166 til vinstri og A-DG-125 til hægri). Neðri myndirnar eru frá Héraðsskjalasafni Árnesinga (Myndanúmer vinstri mynd 2006_16_22_00007 en sú til hægri 2006_16_22_00003). Allar myndirnar eru teknar á árabilinu 1930-40.

Á meðan á byggingunni stóð kom Benedikt Gröndal á staðinn til að kanna aðstæður og mældi hverinn ofan við húsið. Niðurstaða hans var sú að ef allt vatn nýttist gæti hverinn dugað til að knýja rafstöð sem væri nægjanlega öflug til að lýsa skólahúsið. Varð því úr að ákveðið var að ráðast í þá framkvæmd

[219] Einar J. Helgason. 1988,bls. 41-42.



Sundlaugin að Reykholti í Biskupstungum. Efri teikning er frá 5. apríl 1930 og er merkt Guðmundi Guðjónssyni en sú neðri frá apríl sama ár, merkt Einari Erlendssyni. Báðar teikningar eru varðveittar á Þjóðskjalasafni. Sú efri er úr Teikningum Íþróttasjóðs (H28) en sú neðri úr teiknisafni Húsameistara ríkisins, C323_03.

þótt hún hefði ekki verið hluti af upprunalegri áætlun. Hveravatnið var látið knýja rafstöðina og vatni jafnframt safnað þegar hverinn gaus. Þegar skólahúsið var fullbyggt átti enn eftir að ljúka rafstöðinni en gerð hennar lauk snemma árs 1928. Seinni hluta janúar 1928 var haldin vígsluhátíð og hófst

skólahald daginn eftir. Þegar húsið var fullklárað reyndist kostnaður við það um þrisvar sinnum meiri en upphafleg áætlun hafði gert ráð fyrir.[220]

Í aðsendri grein í *Morgunblaðinu* í febrúar sama ár og húsið var vígt er greint frá byggingu skólans og rætt um hversu dýr skólinn varð. Þar segir meðal annars:

> ... er það fordæmi ekki til hvatningar fyrir tilbreytni að byggja barnaskóla í sveitunum, ef þeir þurfa að vera svona dýrir þegar öll aðstaða er svo góð sem kosið verður, eins og þarna var. Annars er ekki enn kunnugt hverjar orsakir eru til þessa ofurverðs.[221]

Greininni var svarað 17. mars í annarri nafnlausri grein. Bréfritari segir að illa sé vegið að framkvæmdinni í fyrri grein og kostnaður við skólann gerður tortryggilegur. Ástæða þess að skólabyggingin hafi reynst dýr sé annars vegar sú að byggingin sé hin vandaðasta og búin öllum útbúnaði og þægindum og hins vegar sú að mjög margt sé talið með í heildarkostnaði. Þar er nefnt að innifalinn sé kostnaður við innanstokksmuni fyrir 20 manna heimavist, öll áhöld, rafstöð, 600 m langan veg sem hafi verið mölborinn og gerður bílfær frá aðalvegi og síðast en ekki síst kostnaður við steinsteypta sundlaug sem eigi að gera þetta vor.[222] Af þessu má sjá að sundlaugin hefur þegar verið ráðgerð þegar skólinn tók til starfa. Sundlaugin var þó ekki tekin í notkun fyrr en tveimur árum eftir að skólinn var vígður, skömmu eftir áramótin 1929/1930.

Skólahúsið var í hópi fyrstu sérbyggðu heimavistarskóla fyrir börn í dreifbýli. Húsið þótti nútímalegt og vel búð því það var bæði upphitað og raflýst, enda voru flest hús í hreppnum á þessum tíma torfbæir. Í kjallara hússins var eldhús, búr, geymsla og baðherbergi og á miðhæðinni rými fyrir fatnað, kennslustofa, rými fyrir kennara og leikfimistofa. Á efstu hæðinni var pallur, gangur og tvö rými fyrir skólabörn, sem hvort um sig rúmaði átta börn. Þrátt fyrir þetta voru útikamrar en salernisskál var þó í baðherberginu. Eftir að baðklefi var gerður við sundlaugina var baðkarið flutt þangað, salernisskálunum fjölgað í þrjár og þiljað á milli þeirra.[223] Í húsinu var heitt vatn en til að ná í kalt vatn var tveimur tunnum komið fyrir undir súð, vatn leitt í þær og þaðan inn í baðherbergið. Misjafnlega gekk með rafstöðina enda hafði hveragufan tærandi áhrif og eftir nokkur ár var hún orðin ónýt.[224]

Guðjón Samúelsson, Einar Erlendsson og Guðmundur Guðjónsson virðast hafa komið að teikningu skólahúss og sundlaugar í Reykholti. Í bók um Guðjón Samúelsson er hann sagður höfundur

[220] Einar J. Helgason. 1988, bls. 44.
[221] *Morgunblaðið* 10.02. 1928, bls. 3.
[222] *Morgunblaðið* 17.03.1928, bls. 2.
[223] Einar J. Helgason. 1988, bls. 42-44 og Gísli Bjarnason.1988, bls. 22.
[224] Margrét Hárlaugsdóttir. 1988, bls. 25.

mannvirkjanna ásamt Einari[225] en í yfirlitsskýrslu um skóla og fundarhús á Íslandi er Einar sagður eini höfundur skólahússins enda ritar hann einn undir teikninguna.[226]

Þrjár teikningar hafa fundist af sundlaug við Reykholt. Tvær þeirra eru frá apríl 1930, önnur gerð snemma í apríl af Guðmundi en hin er ódagsett en frá sama mánuði, undirrituð af Einari. Teikning Guðmundar sýnir staka og opna laug, nokkurn spöl austan við skólahúsið. Teikning Einars sýnir hins vegar sundlaug með yfirbyggingu úr timbri sem er sambyggð skólahúsinu. Hvorug þessara teikninga er þó keimlík þeirri laug sem síðar var byggð.



Sundlaugin að Reykholti í Biskupstungum frá júní 1930, arkitekt Guðjón Samúelsson. Þjóðskjalasafn, Húsameistari ríkisins, C323_03.

Frá júní sama ár er hins vegar að finna teikningu Guðjóns af yfirbyggðri sundlaug sem líkist að talsverðu leyti þeirri laug sem byggð var. Háir steinsteyptir veggir með gluggum voru í kringum laugina. Teikning Guðjóns sýnir lágreist mænisþak úr timbri en það komst aldrei til framkvæmda. Búningsklefar sem Guðjón teiknar austast á suðurbakka laugarinnar voru hins vegar gerðir vestast á sama bakka.

[225] Samkvæmt yfirlitsskrá í bók um Guðjón teiknaði hann sundlaugina ásamt Einari. Pétur H. Ármannsson. 2020, bls. 405.

[226] *Fundarhús og skólar í sveitum landsins: Könnun á fjölda og ástandi varðveittra húsa frá fyrri hluta 20.aldar.*

Í upphafi var vatnið í lauginni affallsvatn sem þegar hafði runnið í gegnum ofna í skólanum en síðar var lögð leiðsla frá hvernum beint í laugina.[227] Sund var kennt einu sinni í viku og sáu skólabörnin sjálf um að þrífa laugina einu sinni til tvisvar í mánuði.[228]

Lýsing

Skólahúsið í Reykholti stendur enn lítið breytt. Húsið snýr ASA til VNV en til einföldunar er hér miðað við höfuðáttir. Það er nú sem fyrr í eigu sveitarfélagsins en uppi eru hugmyndir um að selja það enda hefur það verið lítið notað síðustu ár.

Húsið er steinsteypt, með kjallara og háu risi. Veggir þess eru sagðir tvöfaldir og á húsinu er bratt mænisþak úr timbri, auk stromps. Húsið er klætt að utan með steniplötum og á þakinu er bárujárn. Nýlega hefur jarðvatnslögn verið komið fyrir við húsið en frágangi þeirrar framkvæmdar er ekki lokið. Suðvestanvert við húsið er viðbygging frá því um 1980. Hún er með skúrþaki og þar er nú forstofa. Viðbyggingin var gjarnan nefnd Péturskirkja, eftir byggingameistaranum sem hana gerði. Á austurgafli hússins hafa verið gerðar dyr þar sem áður var gluggi á rishæð og hefur flóttastiga komið fyrir niður frá henni. Gluggagerð var upphaflega með smárúðum, níu rúðum á aðalhæð og líklega sex í kjallara, en nú eru tvær til fjórar rúður í flestum gluggum. Innri skipan hússins er nokkuð breytt en meginform þess að mestu óbreytt.

Á næstu áratugum eftir að skólinn tók til starfa fjölgaði börnum á svæðinu og brátt þótti skólahúsið of lítið til að hýsa bæði skóla og heimavist. Nýtt skólahús var tekið í notkun 1957 og eftir það breyttist hlutverk hússins mikið, þótt áfram væri það notað samhliða nýja húsinu. Í fyrstu var það notað til kennslu en síðar sem heimavist og kennarabústaður. Enn seinna var þar mötuneyti og húsnæði fyrir ýmsa þá sem þurftu á því að halda og að lokum var þar rekinn leikskóli. Á því skeiði komu upp grunsemdir um myglu í kjallara hússins og því var nýr leikskóli byggður árið 2018. Þá lagðist leikskólahald í húsinu af og hefur það lítið verið notað síðan nema tímabundið sem bústaður fyrir verkamenn í nágrenninu. Ekki er ljóst hvort tekist hafi að uppræta rakavandamál í húsinu en heitir lækir eru í hlíðinni fyrir ofan sem gætu skýrt vandann að hluta.

Reykholtslaug var 8 x 5 m að stærð. Upphaflega var innangengt í hana frá kjallara skólahússins og ekki er ólíklegt að þar hafi á allra fyrstu árum laugarinnar verið búningsklefar. Hugsanlegt er þó að búningsklefinn, sem var í horninu á milli sundlaugar og íbúðarhúss, hafi verið byggður um leið og sundlaugin. Sem fyrr segir stóð upphaflega til að byggja yfir laugina og voru því steyptir veggir allt í kringum hana, með háum gluggum. Veggirnir virðast hafa verið um 2 m á hæð. Laugarkarið náði alveg

[227] Ingólfur á Iðu. 1984, bls. 17.
[228] Ásrún Sæland. 2012, bls. 22-23.

að norður- og vesturvegg en stallur virðist hafa verið milli útveggjarins og austurhliðar laugarkarsins. Norðurgaflinn var gluggalaus en á vesturhlið var röð fimm hára glugga, líklega um 1,5 m á hæð, sem til stóð að væru með átta rúðum. Á austurhlið voru tveir áþekkir gluggar og sá þriðji minni. Aldrei var hins vegar glerjað og virðast gluggaopin fljótlega hafa verið byrgð með timbri.

Reykholt við vettvangskönnun 2025. Myndir: höfundar.

Samkvæmt teikningu Guðjóns Samúelssonar skyldi búningshús úr timbri rísa á suðurbakka laugarinnar nærri austurhorni. Átti rýmið að vera tvískipt en gert var ráð fyrir að stúlkur og piltar færu í sund á sama tíma. Þegar búningsklefinn var byggður var hann hins vegar gerður allra vestast á sama bakka.

Inngangur að sundlauginni var þá utan frá, nærri suðausturhorni, og var gengið upp nokkur þrep á pall og þaðan inn í klefann. Klefinn var sameiginlegur fyrir pilta og stúlkur og voru þar snagar og á einhverju tímaskeiði ein sturta.

Þegar Sveinn Sæland (f. 1954) man eftir höfðu íbúar fullan aðgang að lauginni hvenær sem var. Dyrnar að lauginni og búningsklefanum voru ólæstar og krakkarnir komu einfaldlega og fóru eins og þeim sýndist.

Þegar frá leið þótti laugin við skólann í Reykholti ekki nægjanlega góð fyrir sundæfingar og kom þar ýmislegt til. Í fyrsta lagi var hún lítil og því óhentug til æfinga. Opnunartími hennar var einnig smám saman skertur verulega frá því sem áður var, aðeins opin á skólatíma og jafnvel ekki á sumrin. Undir lokin var hún svo á tímabili alveg lokuð fyrir sundæfingar. Í þriðja lagi var aðstaðan að sumu leyti ófullnægjandi. Vatn úr Reykholtshver rann beint í laugina í röri í öðru horni laugarinnar, allt að 100 gráðu heitt, en kalt vatn var leitt í hitt hornið. Sundmenn þurftu því að gæta sín á því að brenna sig ekki og þegar komið var í laugina þurfti að blanda heita og kalda vatninu saman með því að vaða eða synda fram og til baka. Að auki vildi safnast mikið slý í laugina þegar fór að birta á sumrin.[229]

Ungmennafélagið hóf umræðu um gerð nýrrar laugar og ályktaði á aðalfundi 1960 að áríðandi væri að hafist yrði handa við laugarbyggingu á sama ári. Ekkert varð að framkvæmdum að sinni en um áratug síðar, árið 1971, ákvað sveitarstjórn Biskupstungnahrepps að ráðast í gerð nýrrar sundlaugar. Hilmar Ólafsson var ráðinn arkitekt hennar ári síðar.

Gamla sundlaugin var lítið opin almenningi á þessum árum en sumarið 1971 var hún þó opin í fyrsta sinn um nokkurt skeið enda var þá ekki lengur búið í skólahúsinu. Árið eftir væntu ungmennafélagar þess að aftur yrði opið en ekki varð af því þar sem skólahúsið var þá nýtt sem mötuneyti. Ári síðar, árið 1973, var laugin rifin til grunna þar sem hún þótti hentug undirstaða fyrir nýjan kennarabústað.

Við þær framkvæmdir var laugarkarið fyllt af möl og steypt gólfplata sett yfir. Veggir sundlaugagarðsins voru sagaðir niður og nýttir sem grunnur fyrir timburhús með lágu risþaki sem þá var byggt ofan á. Líklegt er að búningsklefarnir hafi enn staðið á þessum tíma og verið rifnir að sama tilefni þótt

[229] Jón M. Ívarsson. 2013, bls. 44-46 og 148.

mögulegt sé að þeir hafi vikið fyrr. Framkvæmdirnar þóttu að einhverju leyti hroðvirknislega unnar og húsið hlaut háðungarheitið Bráræði á meðal heimamanna.

Í kjölfar niðurrifs gömlu laugarinnar var sundlaugarlaust í Reykholti í þrjú ár en 1976 var vígð ný laug á staðnum. Hún var nýtískuleg, 25 x 11 m stór plastlaug, með setlaug og sundlaugarhúsi á tveimur hæðum.[230]

Ástand og horfur

Reykholtsskóli var skoðaður vorið 2025 í fylgd Sveins Sælands (fyrrum oddvita) sem þekkir sögu svæðisins vel.

Viðbyggingarnar tvær sem nú standa við skólahúsið eru frekar til lýta. Húsið sem byggt var í stað sundlaugarinnar er óvandað og ástand þess er fremur lélegt. Skólahúsið í Reykholti stendur hins vegar enn, lítið breytt að meginformi. Það hefur verið í lítilli notkun síðustu ár. Til stendur að skilgreina lóð umhverfis húsið og selja það.



Íbúð fyrir kennara, sambyggð við gamla skólahúsið og ofan á gömlu laugarþrónni. Teikningin er gerð af Símoni Ólafssyni. Þjóðskjalasafn, Húsameistari ríkisins.

Skólahúsið í Reykholti var vel byggt og vandað í upphafi og í því liggja augljós tækifæri. Mikilvægt er þó að varanleg lausn finnist á raka- og myglumálum í kjallara. Vel færi á því að gera húsið upp í upprunalegri mynd og þá helst fjarlægja viðbyggingarnar og Steni-klæðninguna. Vera má að sundlaugin sé að mestu óskemmd undir fyllingunni og því mætti jafnvel grafa möl upp úr laugarþrónni og koma henni aftur í notkun í einhverri mynd.

Reykjaskóli var einn af fyrstu heimavistarskólum landsins með sundlaug og mannvirkin því merkileg í sögu kennslumála og sundkennslu, auk þess sem skólinn var mikilvægur áfangi í sögu

[230] Jón M. Ívarsson. 2013, bls. 44-46, bls. 148-150.

Biskupstungnanna. Samspil skólahúss, jarðhita, rafstöðvar og sundlaugar endurspeglar einnig metnað til nútímavæðingar í dreifbýli á fyrri hluta 20. aldar.

Brýnt er að sveitarfélagið móti sér skýra framtíðarsýn um notkun hússins, svo forðast megi að mannvirkið standi autt og rýrni enn frekar. Ef til sölu kemur, er einnig mikilvægt að hún verði skilyrt, til dæmis með ákvæðum um varðveislu, viðhald og útlit. Með slíkri stefnu, og með vönduðum viðgerðum sem taka mið af upprunalegri gerð hússins, yrði sögu staðarins sýndur sá sómi sem hún á skilið.

Sundlaug Héraðsskólans á Laugarvatni – eldri laug (1928-)

Staðsetning: Laugarvatn, Árnessýsla	*Höfundur: Guðjón Samúelsson húsameistari ríkisins og aðrir starfsmenn embættisins*
Byggingarár: 1928-1945	*Byggt af/eigandi: Ríkissjóður, sýsla*
Helstu endurbætur: Byggð leikfimiálma 1945, endurbygging eftir bruna 1957.	*Yfirbyggð/opin: Opin í upphafi en síðar yfirbyggð*
Staða/ástand: Héraðsskólinn stendur en sundlaugin í kjallara þar sem síðar var borðstofa	*Hitun: Jarðvarmi*

Formáli

Frásögn af sundlaugum á Laugarvatni verður ekki skilin frá sögu skólabyggingarinnar því laugarnar sem hér verður fjallað um voru hluti af skólahúsinu. Saga sjálfs skólahússins er mjög merkileg enda er héraðsskólabyggingin á meðal mikilvægustu húsa í byggingarsögu landsins frá fyrri hluta 20. aldar.

Við skólann á Laugarvatni voru tvisvar byggðar opnar laugar. Hér er aðallega sú fyrri til umfjöllunar, sú sem gerð var í húsi Héraðsskólans sem enn stendur. Saga húsanna er þó svo samrofin að ekki er hægt að segja sögu annarrar laugar án þess að fjalla um hina og því er í kaflanum hér á eftir saga lauganna við skólann á Laugavatni að nokkru leyti rakin saman. Ítarlegri umfjöllun um yngri laugina, sem síðar var rifin, er hins vegar að finna í kafla 5 um horfnar laugar.

Fyrri laugin var byggð 1928 austan við skólahúsið sem þá var í byggingu, í undirstöðum eða kjallara þar sem árið eftir var byggt við húsið. Hún var fyrst notuð sem opin laug en fyrir veturinn var byggt þak úr timbri og bárujárni yfir laugina og hún notuð þannig veturinn 1928-29.[231] Sennilega var ætlunin að þessi laug yrði til frambúðar, en þau áform breyttust fljótt. Sumarið eftir reis viðbyggingin yfir sundlauginni og næsta vetur var laugin því í kjallara skólahússins þar sem matsalur skólans var síðar. Haustið 1929, þegar búið var að stækka skólahúsið, var grafið fyrir annarri sundlaug austan við húsið.[232] Laugarkerið var steypt árið 1930 og var laugin í upphafi opin en síðar byggt yfir hana úr steinsteypu. Þeirri laug var ætlað að vera til bráðabirgða því fyrirhugað var að byggja stóra álmu með glæsilegri sundlaug, 33,4 m á lengd norðaustan við skólann.[233]

[231] Jónas Jónsson. 1933, bls. 74 og 75. Í frásögn hans kemur fram að sundlaugin hafði verið gerð til bráðabirgða í norðurhelmingi núverandi borðstofu, og átti að vera opin en síðar var ákveðið að setja yfir hana þak úr bárujárni.
[232] Jónas Jónsson. 1933, bls. 76.
[233] Jónas Jónsson. 1933, bls. 78 og 79.

Samkvæmt teikningu af mannvirkjunum var þá fyrirhuguð geymsla þar sem sundlaugin frá 1930 var byggð. Ekki varð af byggingu glæsilegu laugarinnar en um 1945 reis í hennar stað álma með stórum íþróttasal. Á sama tíma var sundlaugin frá 1930 endurbætt enda ljóst að hún yrði þar til langframa. Umrædd laug hélt velli allt til 2001 þegar hún var rifin.

Pétur H. Ármannsson arkitekt hefur rakið sögu Laugarvatnsskóla ítarlega í bók sinni *Guðjón Samúelsson húsameistari* og verður hér á eftir stuðst við bók hans auk annarra heimilda um skólahúsið sjálft, en sjónarhornið hér er þrengra og því verður einkum beint að sundlaugunum.[234] Gleggsta heimildin um þróun sundlauganna er þó ritgerð Jónasar Jónssonar í Riti nemendasambands Laugarvatnsskóla 1933.

Umhverfi og aðdragandi

Á fyrstu áratugum síðustu aldar var víða mikill áhugi á stofnun alþýðuskóla sem tækju við menntun ungmenna heima í héraði að loknum barnaskóla. Hugmyndafræði lýðskólanna í Danmörku, Noregi og Svíþjóð var þar mikilvæg fyrirmynd, þótt slíkir skólar hafi ekki risið hér á landi. Þessi hreyfing var eitt af birtingarformum þeirrar framfarahugsjónar sem þá var að mótast.[235] Áhugi á líkamsrækt og íþróttum, einkum sundi var annað birtingarform og fylgdi víða umræðu um alþýðumenntun. Ungmennafélögin sem spruttu upp um land allt knúðu á um framfarir í þessum efnum og tóku þátt í eða þrýstu á um uppbyggingu íþróttavalla, sundlauga og skóla heima í héraði. Á sama tímaskeiði var sjónum manna í vaxandi mæli að beinast að þeim möguleikum sem lágu í heitum hverum landsins. Verkfræðingafélag Íslands var stofnað 1917. Mönnum með þekkingu á margvíslegum tæknisviðum fjölgaði og í byrjun 3. áratugarins voru haldnir umræðufundir á vegum Verkfræðingafélagsins þar sem hagnýting heits hveravatns var rædd og hugmyndir um hitaveitur voru mótaðar.[236]

Þegar umræða hófst um byggingu alþýðuskóla á Suðurlandi var Laugarvatn fljótlega nefnt sem vænlegur möguleiki en ýmsir staðir komu til greina og Rangæingar vildu t.a.m. að skólinn risi í Árbæ í Holtum en þar var enginn jarðhiti. Deilur um staðsetningu ollu nokkrum töfum á því að hafist væri handa. Mótmælafundir voru haldnir og undirskriftum safnað gegn því að skólinn yrði hafður við Laugarvatn.[237]

Árið 1923 samþykkti Alþingi að skora á landsstjórn að hefja undirbúning að byggingu alþýðuskóla á Suðurlandi í samráði við heimamenn. Árið eftir fól Jón Magnússon ráðherra Guðjóni Samúelssyni að meta hvar ákjósanlegast væri að hafa skólann og taldi hann Laugavatn heppilegasta staðinn.[238] Þegar

[234] Pétur H. Ármannsson. 2020.
[235] Sigrún Kristín Magnúsdóttir: https://gatt.frae.is/2018/hver-er-saga-lydskola-a-islandi/
[236] Lýður Björnsson. 2007, bls. 47-49.
[237] Jónas Jónsson. 1933, bls. 68 og 69.
[238] Pétur H. Ármannsson. 2020, bls. 264.

Guðjón mælti eindregið með Laugarvatni höfðu áform um virkjun hveravatns mótast í þeim mæli að ný framtíð var í sjónmáli. Þegar búið var að útkljá staðarvalið og fjárveiting hafði verið tryggð þannig að hægt væri að hefja framkvæmdir árið 1928 höfðu hitaveituáformin þroskast. Í Reykjavík var fyrirætlun í burðarliðnum um að leiða heitt vatn frá Sundlaugunum í Laugardal til að hita upp nýjan barnaskóla (Austurbæjarskóla sem byrjað var að undirbúa 1924) og frárennslisvatnið átti að nota í Sundhöll Reykjavíkur en fyrstu tillögur að henni voru kynntar sama ár.

Framkvæmdir við skólabygginguna á Laugarvatni, þróun hugmynda um gerð hennar og tilkoma sundlaugar skólans tengjast náið hugmyndum og framkvæmdum við sambærileg mannvirki héraðsskólanna á Reykjum við Hrútafjörð og á Litlu-Reykjum í Þingeyjarsýslu, sem reistir voru á svipuðum tíma og Laugarvatnsskóli. Báðir þessir skólar voru byggðir við heitar laugar og hófust byggingarframkvæmdir á því að gerðar voru sundlaugar og skólahús byggt yfir þær. Jóhann Franklín Kristjánsson teiknaði sundlaugina á Reykjum en skólann sem byggður var yfir hana teiknaði Guðjón Samúelsson árið 1930 með svipuðum stíleinkennum og hann mótaði fyrst fyrir Sundhöll Reykjavíkur 1929. Skólann á Litlu-Reykjum teiknaði Jóhann Franklín í burstabæjarstíl, svipuðum Laugarvatnsskóla, en sundlaugina teiknaði byggingameistari skólans. Skólahúsið var tekið í notkun haustið 1928, fyrsta skólahúsið sem hitað var með jarðhita og með sundlaug innanhúss.



Elsta teikning að Unglingaskólanum á Laugarvatni er dagsett í apríl 1928. Skólinn er þar sýndur með tveimur burstum auk einnar minni burstar á inngangs- og stigahúsi. Eftir þessari teikningu var byggt árið 1928. Teikning af Héraðsskólanum á Laugarvatni frá apríl 1928, C326_01, Þjóðskjalasafn Íslands.

Byggingarsaga

Fyrsta teikning sem Guðjón gerði að Laugarvatnsskóla var með fjórum burstum en sú teikning virðist hafa glatast því hún er ekki meðal skjala stjórnarráðsins og þegar Jónas Jónsson gerði grein fyrir þróun málsins 1933 var teikninguna ekki lengur að finna.[239]

Elsta teikning að skólanum sem þekkt er, dagsett í apríl 1928, með tveimur burstum. Ætlunin var að hafa þær sex talsins en vegna fjárskorts var ákveðið að byggja aðeins tvær burstir til að byrja með.[240] Benedikt Þ. Gröndal verkfræðingur mótaði hvernig hveravatnið skyldi notað til upphitunar og matseldar, en honum hafði einnig verið falið að hanna fyrstu hitaveitu Reykjavíkur. Húsið var byggt sumarið 1928 og á meðan birtist í Tímanum teikning sem boðaði hvernig skólinn yrði fullbyggður með sex burstum.[241] Kjallaraveggir næsta áfanga voru strax steyptir austan við húsið án þess að á þeim væru gluggar eins og seinna varð. Svo virðist sem þá hafi verið búið að ákveða að breikka skólahúsið og bæta skólagangi við að norðanverðu. Kjallaraveggirnir fyrir næsta áfanga náðu nokkuð norður fyrir skólahúsið og þarna var útbúin sundlaug, 9 x 14 m að grunnfleti. Sérstök hitaleiðsla var lögð frá hvernum neðan við skólann og í sundlaugina.[242] Húsið var hitað með þeim hætti að miðstöðvarkatli var komið fyrir í hver við vatnsbakkann og frá honum leitt vatn í ofna skólahússins og gufa frá öðrum yfirbyggðum hver var einnig leidd inn í eldhús byggingarinnar og notuð til suðu.[243] Laugin var í upphafi undir berum himni en af ljósmyndum má sjá að yfir hana var sett bárujárnsklætt skúrþak. Ekki hafa

Skólahúsið sem byggt var 1928, austurhlið. Við norðurhlið hússins má sjá þak sem er yfir sundlauginni, sem þá var gerð í grunni þess hluta hússins sem reis árið eftir. Ljósmynd: Sarpur, Safnnúmer A: JK5-231

Skólahúsið 1928, vesturhlið. Við norðurhlið hússins er grunnurinn þar sem fyrsta sundlaug staðarins var gerð. Norðurveggur hússins er hlaðinn úr steypusteinum, en þegar byggt var við húsið 1929 var opnað á milli byggingarhlutanna. Myndin er úr safni Sigríðar Jónsdóttur.

[239] Jónas Jónsson. 1933, bls. 70.
[240] Sama heimild bls. 73.
[241] *Tíminn* 14. júlí 1928.
[242] *Tímarit Verkfræðingafélags Íslands* 08.12.1928 og 1933, 18. árg. 6. tbl. bls. 66.
[243] Pétur H. Ármannsson. 2020, bls. 195.

fundist ljósmyndir af byggingunni innanverðri og fátæklegar eru upplýsingar um hana enda varð hún skammlíf. Laugin var án efa einfalt mannvirki en innangengt var úr skólanum í hana.[244]

Fyrir veturinn 1929-1930 var byggt skúrþak yfir laugina. Þá var einnig gerður gluggi á sökkulvegginn og gluggi var á gafli skúrsins. Mynd á skólaspjaldi í núverandi húsnæði Menntaskólans á Laugarvatni.

Sumarið 1929 voru tvær burstir byggðar til beggja hliða við upprunalega byggingu, og burstirnar þar með orðnar sex. Sundlaugin sem gerð hafði verið árið áður var nú orðin innanhúss í kjallara viðbótarinnar. Þegar laugin var gerð haustið 1928 má ætla hún hafi verið hugsuð til frambúðar. Það breyttist þó fljótt því árið eftir höfðu verið mótaðar hugmyndir um sundhallarbyggingu sem viðbót við skólann. Þaðan í frá var kjallaralaugin til bráðabirgða. Þetta sumar var grafið fyrir nýja sundlaugarkerinu austan við skólann en frekari framkvæmum frestað til næsta árs.[245] Húsið var að miklu leyti gert úr forsteyptum holsteinum sem nemendur bjuggu til.

[244] *Tíminn* 23.12.1929, bls. 262.
[245] Bjarni Bjarnason. 1958, bls. 76.



Teikning Guðjóns Samúelssonar af Héraðsskólanum á Laugarvatni frá maí 1929. Á meðal gagna Húsameistara ríkisins, C326_01, varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands.



Á teikningu Guðjóns frá júlí 1929 hafði skólahúsið breikkað sem nam skólagangi með svölum yfir. Einnig hafði sundlaugarálma bæst við norðaustan við húsið. Á meðal gagna Húsameistara ríkisins, C326_01, varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands.



Eitt af aðalverkum skólafólksins var að koma upp sundlaug. Nokkuð kom vinnan misjafnt niður. Menn eru mislagnir og ekki jafn viljugir. Nokkrar stúlkur unnu til jafns við piltana. (Úr fyrirlestri Pálma Hilmarssonar, birt með leyfi höfundar).
Myndin sýnir aðferð við framleiðslu holsteina sem Guðmundur Hannesson læknir og Jóhann Franklín Kristjánsson ráðunautur mótuðu á árunum 1910-20.



Fyrsta veturinn, 1928, var sundlaugin í grunni viðbyggingar sem áformuð var norðaustan við skólann og skúrþak sett yfir hana til bráðabirgða.[246] Vorið 1929 reis viðbyggingin og þar með var sundlaugin í kjallara skólans. Fyrir veturinn var grafið fyrir nýrri sundlaug norðaustan við hið nýbyggða skólahús. Byrjað var að nota hana sem opna laug og borðsalur gerður þar sem eldri laugin hafði verið. Árið 1930 voru steyptir veggir umhverfis nýju laugina með háum gluggum til suðurs og steinsteypt þak byggt yfir hana. Ofan á þakinu var pallur eða svalir með handriði. Teikningin til vinstri sýnir laugina eftir að byggt hafið verið yfir hana. Ljósmyndin til hægri er tekin áður en byggt hafði verið yfir. Mynd til hægri: Héraðsskjalasafn Árnesinga 2011_34_THT_00199, ljósmyndari Þorfinnur Tómasson. Teikning til vinstri: Sundlaug Héraðsskólans, teikning úr teiknisafni Húsameistara ríkisins frá desember 1942, C326_01.

Skólahúsið sem byggt var 1928 var 9 m á breidd og skólastofur náðu þvert yfir húsið með gluggum á báðum útveggjum. Þegar ákveðið var að lengja húsið snemma árs 1929 var í fyrstunni ekki gert ráð fyrir „skólagangi“ og svo virðist sem þetta fyrirkomulag hafi sætt nokkurri gagnrýni. Jónas Jónsson sagði svo frá:

> Ýmsir gagnrýndu mikið skipulag hússins á Laugarvatni. Þeir sögðu, að kennslustofurnar væru allt of stórar, og að það væri móti öllum reglum skólamanna, að hafa birtu frá tveim hliðum. Ég benti á að engin sýnileg óhollusta væri að því undir berum himni […] Loks var sýnt fram á, að það væri brot á öllum reglum að hafa ekki skólagang, og að vel mætti þilja þriðjung af breidd skólaherbergjanna og hafa það fyrir gang. Ég var ekki hræddur við neitt af þessu og ætlaði að treysta framtíðinni til að geta gert gang meðfram norðurhlið hússins. að fá birtu frá öllum hliðum. Og birta frá tveim hliðum myndi tæplega vera skaðleg.[247]

[246] Bjarni Bjarnason. 1958, bls. 52.
[247] Jónas Jónsson. 1933, bls. 75.

En áfram þróuðust hugmyndir um hvernig skólinn skyldi gerður og Guðjón Samúelsson og Jónas Jónsson voru fyrr en varir búnir að skipta um skoðun, breyttu hönnun hússins, breikkuðu það sem nam skólagangi norðan við skólastofurnar.[248] Skólagangurinn var í kjallara hússins og á fyrstu hæð. Yfir honum voru svalir með steyptu brjóstriði. Gluggar skólagangsins voru hærri en aðrir gluggar hússins og sneru mót norðri. Þeir félagar Jónas og Guðjón voru stoltir af framkvæmdinni og Jónas lýsir henni svo:

> Skólagangurinn var eitt hið mesta vandaverk í nýju byggingunni, af því að hann varð að vera nokkuð með öðru sniði en meginbyggingin. […] Við húsameistari vorum báðir töluvert hrifnir af hinum þýzk-finnska „jugend" -stíl í byggingum, þar sem lögð er áherzla á lóðrétta línuna, eins og í gotneskum stórhýsum miðaldanna. Í þessum stíl var norðurgangurinn gerður, og tókst sú framkvæmd svo vel, að hún þykir prýða skólann, og mun það þó ekki algengt um viðbyggingar.[249]

Skólinn var settur öðru sinni 4. október 1929 en um veturinn unnu nemendur að margvíslegri uppbyggingu skólahúsanna s.s. að afþilja herbergi og fleira en stærsta verkefnið var þó að koma upp sundlauginni sem bæði nemendur og kennarar unnu saman að.[250] Verkstjórn var í höndum eins verkfróðs manns sem stjórnaði steypuvinnunni, yfirgerðinni og gerð vatnsleiðslunnar. Markmiðið hafði verið að allir nemendur skólans gætu fleytt sér fyrir jól, og það markmið náðist.[251]

Síðasta árið sem byggingarnefndin starfaði, árið 1930, skýrði hún frá því að þá um sumarið hafi bæði húsið og sundlaugin verið fullbúin.[252]



Önnur sundlaug Laugarvatns, gerð 1929. Hún var í upphafi opin og átti að vera til bráðabirgða en fljótlega var byggt yfir hana. Um 1945 var hún endurbætt og eftir það ætlað að vera til frambúðar. Ofan á þakinu voru svalir með handriði mót suðri. Mynd til vinstri: Roni Horn, mynd tekin rétt áður en húsið var rifið og birtist í Lesbók Morgunblaðsins 10. apríl 1999, bls. 11. Mynd til hægri: Skarphéðinn, Héraðsskjalasafn Árnesinga, ártal ópekkt_2018_14_HSK_00924.

[248] Jónas Jónsson. 1933, bls. 76.
[249] Jónas Jónsson. 1933, bls. 76.
[250] Jónas Jónsson. 1933, bls. 78. Í samantektinni kemur fram að fyrsta veturinn sem *Bjarni Bjarnason stýrði skólanum* (1929-1930) hafi húsið verið ófullgert og nemendur og kennarar unnið mikið sjálfboðastarf við framkvæmdir, einkum við sundlaugina. Þar segir að laugin hafi reynst ágætlega, þótt litlu hafi verið til kostað.
[251] Bjarni Bjarnason. 1958, bls. 53.
[252] Bjarni Bjarnason. 1958, bls. 54.

Sundlaugin áður en búið var að steypa þak yfir hana. Mynd úr safni Pálma Hilmarssonar/Skólaskýrslum.

Þótt byggingarnefndin hafi komist svona að orði árið 1930 er það málum blandið hvort svo hafi í raun verið. Skólaganginum bætti Guðjón Samúelsson við eftir að hann hafði farið í könnunarferð til Norðurlandanna til að kynna sér sundlaugar til undirbúnings Sundhallar Reykjavíkur. Hönnun hans á skólaganginum með svölunum er vissulega „með öðru sniði en meginbyggingin“ (orð Jónasar Jónssonar) og ber hún vott um ákveðna stefnubreytingu í húsagerð hans. Á sama tíma (í júlí árið 1929) gerði Guðjón teikningar sem sýna langa álmu norðaustan við skólann þar sem gert var ráð fyrir innanhússsundlaug eða sundhöll, sambyggð skólahúsinu. Fyrirhugað útlit var afar ólíkt hinu nýbyggða skólahúsi og svipaði meira til Sundhallar Reykjavíkur og ljóst er að Guðjón var þá þegar farin að efast um gildi burstabæjarstílsins í nýbyggingum.[253] Athyglisvert er að þessi breyting á byggingarstíl sem Guðjón valdi á Laugarvatni á sér stað á sama ári og breytingin varð á teikningum hans að Sundhöll Reykjavíkur. Hann hafði teiknað hana í burstabæjarstíl árið 1924 en eftir umrædda kynnisferð til Norðurlandanna (snemma árs 1929) gerði hann nýjar teikningar með þeim stíleinkennum sem Sundhöllin að lokum fékk og sem einkenndu líka tillögu hans að sundhallarálmunni á Laugarvatni. Sökum fjárskorts varð ekkert úr byggingu þessa húss en í staðinn var byggð áðurnefnd laug við norðausturenda skólans og ætluð var til bráðbirgða þar til sundlaugarálman langa risi.

[253] Pétur H. Ármannsson. 2020, bls. 296.

Framtíðarsýn fyrir Laugarvatn lýsti Jónas árið 1933:







Teikningar Guðjóns Samúelssonar frá júlí 1929 sem sýna mikla sundhallarálmu norðaustan við skólann. Sundlaugin átti að vera 33,4 metrar á lengd. Í bogalaga tengibyggingu milli skólans og sundhallarinnar átti að vera geymsla en þar var hins vegar gerð lítil sundlaug sem átti að vera til bráðabirgða en var svo endurbætt um 1945 og var þá ætlað að vera til frambúðar. Allar teikningarnar eru úr safni Húsameistara ríkisins, varðveittar á Þjóðskjalasafni Íslands (nr. C326_01). Teikning efst og neðar til hægri dagsettar í júlí 1929, teikning til vinstri í september sama ár.

> Við Guðjón Samúelsson unnum um þessar mundir að því að leggja drög að framtíðarskipulagi skólabygginganna. […]..áttu byggingar skólans að mynda nálega samhangandi skeifu, opna móti fjallshlíðinni. Þá átti að steypa þak yfir núverandi sundlaug, og að hafa að nokkru leyti ofanljós í þeim sal, sem vel gæti verið kennsluherbergi í náttúrufræði eða vinnustofa. Þá kæmi sundhöllin og skyldi vera 33 metra löng, með háum gluggum og flötu þaki. Þar næst kæmi leikfimihúsið, í sama stíl og sundhöllin en stefndi miklu meir til vesturs. Þar sem sundhöll og leikfimihús mætast, liggur nú vegur niður að vatni og á þar að vera port í gegn. Á hæðinni sunnanvert við hlaðið, þar sem nú er fánastöngin, var kirkjunni ætlaður staður. Á milli kirkju og íþróttahúss liggur svo hlaðið, og hinir nýgerðu fögur grasvellir. Gegnt þessu er svo vegurinn og skógarhlíðin. Skólahúsið og sundhöllin verða, þegar þetta er byggt, tengd saman með gangi þeim, sem nú hefir verið gerður. Á steypuloftinu yfir núverandi sundlaug yrði hentugt að taka sólböð, því að skjólveggir væru móti þrem áttum, en steinrið, líkt og á gangsvölunum, á suðurbrún.[254]

[254] Jónas Jónsson: *Draumar og veruleiki* bls. 78 og 79.

Sundlaugin sem gerð var árið 1929 var í lágri, bogalaga tengibyggingu milli skólans og hinnar stóru, fyrirhuguðu sundhallarálmu. Á þessum stað hafði Guðjón gert ráð fyrir geymslu. Sundlaugin var 12,5 x 6,75 m að stærð[255] og af ofangreindum gögnum er ljóst að henni var aðeins ætlað að vera til bráðabirgða.



Vorið 1930 var orðið ljóst að fyrirhuguð álma með sundlaug yrði ekki reist í bráð. Við hlið alþingishússins í Reykjavík hafði þá risið listamannaskáli sem heimilaður hafði verið gegn því að hann yrði rifinn um haustið. Jónas Jónasson frá Hriflu lagði til og fékk því framgengt að Þórarinn Stefánsson smíðakennari Laugarvatnsskóla ásamt 16 skólapiltum tóku húsið niður undir leiðsögn Samúels Jónssonar, föður Guðjóns húsameistara. Það var svo endurreist á Laugarvatni sem íþróttahús.[256]

Enn urðu tíðindi í sögu sundlaugarhalds á Laugarvatni árið 1942 þegar þeir Guðjón Samúelsson og Einar Erlendsson gerðu nýja teikningu að íþróttaálmu við norðausturgafl héraðsskólans. Forsendur höfðu nú breyst með tilkomu Íþróttaskóla Íslands. Íþróttaálman var teiknuð með sléttu þaki og svipuðu sniði og sundlaugarálman sem Guðjón hafði teiknað 1929. Þessi nýja viðbygging skyldi húsa

Álman sem Guðjón og Einar teiknuðu árið 1942-43. Svipmót hennar var skyldara Sundhöll Reykjavíkur en burstabæjarformi Laugarvatnsskóla. Mynd til vinstri: Vigfús Sigurgeirsson, Safnnúmer A: SÍS-369-4, Sarpur, mynd til hægri: Sarpur, safnnúmer A - SÍS-1265-2.

stærsta íþróttasal landsins og var gólf hússins sérbyggt fyrir bæði fimleika og körfubolta. Það var gert úr þriggja sentimetra þykku Oregan pine viði og var kvistalaust með öllu. Samkvæmt Pálma Hilmarssyni heimildamanni og umsjónamanni eigna sá lítið sem ekkert á gólfunum þegar húsið var rifið árið 2001.[257]

[255] Spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld, DD 95.
[256] Lesbók Morgunblaðsins 08.01.2000. *Listaskáli verður að fimleikahúsi.*
[257] Frásögn Pálma Hilmarssonar, 12.05.2025.



Teikning Guðjóns Samúelssonar og Einars Erlendssonar að viðbyggingu við Héraðsskólann á Laugarvatni, dagsett í apríl 1943. Viðbótarálman var um margt keimlík þeirri sem áformuð var 1929 og bar nokkurt svipmót af Sundhöll Reykjavíkur. Nú var aðeins áformað að hafa leikfimisal í nýbyggingunni en að sundlaugin sem gerð hafði verið í tengibyggingunni 1929 til bráðabirgða yrði endurbætt og fest í sessi. Teikning af íþróttahúsi og sundlaug, úr teikningasafni Húsameistara ríkisins, dagsett apríl/júní 1943, nr. C326_01.

Laugarvatnsskóli skemmdist mikið í bruna 17 ágúst 1947. Tvær efstu hæðir hússins gjöreyðilögðust nema austasta burstin. Það sem eftir stóð af göflunum var brotið niður og flatt þak sett yfir húsið til bráðabirgða. Þannig var skólinn til ársins 1957 þegar byrjað var að endurbyggja burstirnar og breyta fremstu burstinni með stigahúsinu eftir teikningum Þóris Baldvinssonar arkitekts.[258]

[258] Bjarni Bjarnason. 1958, bls. 70.

Eftir brunann var skólahúsið með flötu þaki í um það til 10 ár. Sundlaugin var enn sem áður í tengibyggingunni milli skólahússins og íþróttálmunnar frá 1942. Ljósmynd Sigríður Erlendsdóttir, Byggðasafn Hafnarfjarðar, Safnnúmer A: SE-748.

Þrátt fyrir brunann árið 1947 reyndist unnt að nota húsið áfram til kennslu. Um þær mundir var byrjað að kenna til stúdentsprófs í skólanum og jafnframt var farið að huga að stofnun sérstaks menntaskóla á Laugarvatni. Íþróttakennaraskóli Íslands hafði verið settur á stofn á Laugarvatni árið 1943[259] og til álita kom að hann fengi héraðsskólahúsið en byggt yrði nýtt hús fyrir Héraðsskólann. Svo virðist sem forráðamenn íþróttaskólans hafi ráðgert að gera við skólahúsið án þess þó að endurreisa burstirnar og þegar það varð ljóst var fallið frá því að íþróttaskólinn tæki við húsnæðinu. Þess í stað var byggt nýtt hús fyrir Menntaskólann og Íþróttaskólinn fékk landsvæði fyrir starfsemi sína og byggingar.[260]

[259] Sigurbjörn Árni Arngrímsson. 2012.
[260] Bjarni Bjarnason. 1958, bls. 72.

Alþýðuskólahúsið á Laugarvatni var endurbyggt um 1958 að mestu leyti í upprunalegri mynd. Helsta breytingin var fólgin í því að miðjuburstin með inngangi og stigahúsi var gerð mun breiðari en áður. Efri myndin er tekin 1931, fyrir brunann (Ljósmyndari ópekktur, Þjóðminjasafn Íslands, Safnnúmer A: Lpr Safnnúmer B: 2015-218-18) en sú neðri eftir endurbyggingu 1958 (Þorsteinn Jósepsson. Þjóðminjasafn Íslands Safnnúmer A: ÞJ_Árn-974).

Héraðsskólinn var lagður af 1992 en Menntaskólinn á Laugarvatni tók að sér að reka þar áfram unglingadeildir til 1996. Eftir 1996 hafði Menntaskólinn afnot af byggingunni fyrir starfsemi sína og nýtti þá heimsvistina. Bókasafn Menntaskólans og tölvuver fékk þar aðstöðu. Matsalurinn var notaður

Myndir teknir við vettvangsúttekt á Héraðsskóla Laugarvatns vorið 2025. Ljósmyndir: Höfundar.

sem félagsmiðstöð. Árið 2007 tóku Ríkiseignir við forræði hússins, það var gert upp og hefur verið rekið sem gistiheimili síðustu ár. Nýtt íþróttahús Íþróttaskólans var tekið í notkun 1987 og dró þá verulega úr notkun gamla íþróttahússins. Ekki er vitað hversu mikið sundlaugin var notuð í seinni tíð en í yfirliti yfir sundlaugar landsins frá árinu 1971 er laugin sögð „varla nothæf.“[261] Ný sundlaug Íþróttaskólans tekin í notkun árið 1991 og eftir það var norðausturálmu Héraðsskólans með íþróttasalnum og sundlauginni ekki haldið við sem skyldi. Endurbygging skólahússins stóð fyrir dyrum og þótti ærið viðfangsefni og niðurstaða þeirra sem báru ábyrgð á framkvæmdum var sú að rífa skyldi íþróttaálmuna þrátt fyrir andóf ýmissa heimamanna enda var því haldið fram að steinsteypa hennar væri ónýt. Annað kom þó í ljós að mati þeirra sem fengnir voru til að rífa húsið.[262]

Hús Héraðsskólans á Laugarvatni er merkilegt í íslenskri byggingarsögu. Pétur H. Ármannsson bendir á í bók sinni um Guðjón Samúelsson að með skólahúsinu á Laugarvatni hafi burstalag íslenskra sveitbæja í fyrsta sinn verið yfirfært á opinbera steinsteypta byggingu sem sameinaði ólík notkunarhlutverk, þ.e. heimavistarskóla, fundarhús og sumarhótel. Að mati hans markar byggingin endalok ákveðins þróunarskeiðs húsameistarans, því með því lauk tilraunum hans til að móta séríslenskan byggingarstíl á forsendum fyrri tíðar bæjarlags. [263]

Við þetta má bæta að mótun skólans á Laugarvatni árin 1928 og 1929 spannaði umskipti í listsköpun Guðjóns frá þjóðlegri burstabæjarrómantík yfir í hinn „klassíska“ stíl sem einkenndi margar af byggingum hans þaðan í frá. Draumurinn um að gera alla Íslendinga synda fléttaðist inn í þá stefnu að æska landsins skyldi eiga kost á menntun heima í héraði og bygging Héraðsskólans á Laugarvatni með sundlaugum sínum var meðal stærstu skrefa sem tekin voru til að láta þann draum rætast. Hús Héraðsskólans var friðlýst samkvæmt lögum 12. apríl 2003. Þá voru tvö ár liðin frá því leikfimiálma skólans var rifin og er óneitanlega mikil eftirsjá að henni.

Ástand og framtíðarhorfur

Húsnæði Héraðsskólans á Laugarvatni var skoðað vorið 2025 í fylgd Pálma Hilmarssonar húsvarðar Menntaskólans á Laugarvatni sem er fjölfróður um sögu staðarins og húsanna.

Skólahúsið virðist í mjög góðri umhirðu. Það heldur öllum helstu ytri einkennum sínum frá því húsið taldist fullbyggt um 1930 með þeim breytingum sem gerðar voru við endurbygginguna eftir brunann 1957. Engin ummerki eru um þær tvær sundlaugar sem skólinn skartaði í upphafi og fram til 2001 og lítið sem ekkert sést af upphaflegum innréttingum hússins eða yfirborðsefnum innanstokks .Allir

[261] Yfirliti yfir sundlaugabyggingar 1971, DD 05, Menntamálaráðuneyti.
[262] Pálmi Hilmarsson: Saga hússins frá 1992 byggir á frásögn Pálma og ábendingum hans í samtali við Hjörleif Stefánsson í janúar 2026.
[263] Pétur H. Ármannsson. 2020, bls. 199.

gluggar og hurðir hafa verið endurnýjaðir. Ekki verður betur séð en að varðveita megi skólahúsið um ókomin ár og að það geti staðið undir sér með hótelrekstri.

Sundlaugin Sólheimum (1943-)

Staðsetning: Sólheimum, Grímsnesi	*Höfundur: Leiðbeiningateikningar Íþróttanefnd ríkisins*
Byggingarár: 1943	*Byggt af/eigandi: Byggingafélagið Goði/Sólheimahælið*
Helstu endurbætur: 1974, 1980, 2020	*Yfirbyggð/opin: Opin*
Staða/ástand: Í notkun	*Hitun: Jarðvarmi*

Umhverfi og aðdragandi

Saga laugarhalds á Sólheimum má rekja til ársins 1891 þegar Þorkell Jónsson á Ormsstöðum bar fram tillögu í Framfarafélagi Grímsnesshrepps um að byggð yrði sundlaug í hreppnum. Framfarafélagið hafði verið stofnað ári áður af Þorkeli sjálfum og má segja að hlutverk þess hafi verið að stuðla að framförum og heilsubótum á svæðinu, meðal annars með því að efla lestur og draga úr drykkju.[264]

Þorkell fylgdi máli sínu eftir og árið 1893 ritaði hann sýslunefnd bréf þar sem hann sótti um styrk til að byggja sundlaug í Hverakoti (síðar Sólheimar). Í bréfinu benti hann á að staðurinn væri afar hentugur fyrir sundlaugargerð, þar sem þar væri nægt heitt vatn til laugarinnar sem og kalt vatn til að stilla af réttan vatnshita. Hann vísaði jafnframt til þess að Alþingi hefði árið áður lagt fjármagn á fjárlögum til sundkennslu og taldi því eðlilegt að hefja uppbyggingu sundlaugar.

Skilyrði fyrir veitingu styrks voru að tryggt væri mótframlag sem væri að minnsta kosti jafnhátt og styrkurinn sjálfur. Þorkell virðist hafa talið það tryggt og nefndi meðal annars að þegar hefði verið kosin nefnd til að mæla út sundlaugina. Þrátt fyrir þessi rök fékk félagið engan styrk, en byrjaði þó á lauginni. Þorkell lést skömmu síðar og virðast hugmyndir um sundlaugargerð á svæðinu hafa þó fallið í dá um nokkurt skeið. Það var svo um hálfri öld síðar að slíkar hugmyndir komust aftur á kreik, nú í tengslum við starfsemi nýstofnaðs barnaheimilis á jörðinni.[265]

Tilviljun virðist að hluta hafa ráðið því að jörðin Hverakot í Grímsnesi varð fyrir valinu sem staðsetning fyrir barnaheimili á Suðurlandi á 4. áratugnum. Hverahitinn hefur þó ráðið úrslitum enda var forstöðukona heimilisins, Sesselja Sigmundsdóttir, með mótaðar hugmyndir um nýtingu hverahitans til húshitunar og í grænmetisrækt. Sesselja var þá nýkomin úr námi í uppeldisfræðum erlendis og hafði þar kynnst uppeldisaðferðum dr. Rudolfs Steiner. Hún var ákveðin í að stofna barnaheimili í anda hans við heimkomuna, fyrir börn sem áttu í erfiðleikum af ýmsum toga.

[264] *Grímsnes: Búendur og saga II. bindi,* bls. 514 og 561.
[265] Sama heimild, bls. 561.

Sesselja hafði sérstakan áhuga á jörð sem nyti jarðhita og þegar hún skoðaði Hverakot, sem þá var til sölu, þótti henni ljóst að jörðin félli vel að hugmyndum hennar og framtíðarsýn, þrátt fyrir að þar stæðu einungis óíbúðarhæf torfhús og enginn eiginlegur vegur lægi um jörðina. Úr varð að Barnaheimilisnefnd kirkjunnar keypti jörðina og gerði kaupleigusamning við Sesselju.

Sesselja hófst handa við uppbyggingu á staðnum með aðstoð fjölskyldu og vina sama vor. Barnaheimilið tók til starfa strax í júlí sama ár, þótt húsið sem þá var í byggingu væri enn ófullgert. Um haustið var flutt inn í húsið og á næstu árum risu fleiri byggingar á svæðinu. Barnaheimilið varð að sjálfseignarstofnun árið 1934 og hlaut þá nafnið Sólheimar.

Í upphafi var heimilið bæði fyrir fötluð og ófötluð börn en eftir stríðslok aðeins fyrir fatlaða einstaklinga. Ekki er ljóst hver var tilurð þess að ráðist var í að gera sundlaug á svæðinu á stríðsárunum. Á þessum tíma var rekstur heimilisins erfiður og í raun svo viðkvæmur að ári eftir að sundlaugin var fullgerð þurfti að loka Sólheimum, þar sem ekki fékkst starfsfólk. Heimilið opnaði þó aftur ári síðar og hefur starfað óslitið síðan.[266]

Aðdragandi þess að sundlaug var byggð á Sólheimum er því að mestu óþekktur. Vafalaust hefur framkvæmdin þó verið að frumkvæði Sesselju Sigmundsdóttur, þótt svo virðist sem byggingarfélagið Goði hafi lagt til vinnu og efni við bygginguna og afhent Sólheimum sundlaugina fullgerða árið 1943. Í viðtali við Sesselju kemur fram að Oddur í Glæsi hafi veitt stærsta einstaka styrkinn til verksins.[267] Ekki hafa skjöl sem varða byggingarsöguna eða teikningar af laug eða laugarhúsum, komið í leitirnar á Sólheimum, Þjóðskjalasafni Íslands eða Héraðsskjalasafni Árnesinga.

Byggingarsaga

Sundlaugarhúsið á Sólheimum minnir um margt á ýmis laugarhús sem risu við sveitalaugar á fjórða og fimmta áratug 20. aldar, þótt það sé ekki byggt eftir neinni af þeim teikningum sem fundist hafa meðal gagna Húsameistara ríkisins eða Íþróttasjóðs. Húsið er hlaðið úr holsteini (steyptum steinum) sem er óvanalegt í sögu íslenskra laugarhúsa en þó ekki einsdæmi. Líklegt má telja að bygging þess hafi alfarið verið í höndum byggingafélagsins Goða en afdráttarlaus heimild hefur ekki fundist um það. Til er talsvert af myndum af lauginni og af þeim að dæma hefur laug og laugarhús tekið fremur litlum breytingum í gegnum tíðina. Á ljósmyndum sem teknar eru eftir 1934, en áður en laugin er gerð, má sjá að á svæðinu við hverinn standa þá nokkrir litlir kofar og svo virðist sem niðurgröftur sé við þá á svipuðum slóðum og sundlaugarmannvirkin eru nú. Umræddur niðurgröftur virðist hins vegar snúa

[266] *Morgunblaðið* 19.12.1964, bls. 8-9 og *Grímsnes: Búendur og saga II. bindi,* bls. 554-558.
[267] *Grímsnes: Búendur og saga II. bindi,* bls. 561.

Sundlaugin í Sólheimum í gegnum tíðina. Myndirnar eru úr safni Reynis Péturs. Á efstu myndinni til vinstri er húsið ekki risið og þar sést móta fyrir grunni eða þró sem snýr þvert á núverandi laugarþró. Á myndinni við hliðina má fá hugmynd um hvernig austurhlið hússins leit út í upphafi með útdreginni miðju þar sem var inngangur. Hinar myndirnar sýna laugina í notkun og kálgarða norðan laugar.

þvert á legu laugarinnar og vera nokkru minni. Rætt var við Reyni Pétur Steinunnarson, íbúa á Sólheimum, göngugarp og sögugrúskara, um sögu laugarinnar. Hann hefur viðað að sér miklu magni ljósmynda frá Sólheimum og telur hann hugsanlegt að þar séu ummerki um minna laugarkar sem

mögulega hafi verið á staðnum áður. Einnig er mögulegt að þar megi greina húsgrunn sjálfs laugarhússins en erfitt er að skera úr um þetta.

Líklega hefur laugin verið í nokkuð stöðugri notkun frá því að hún var opnuð og svo virðist sem hún hafi notið sæmilegs viðhalds. Viðbygging með skúrþaki virðist snemma hafa risið við austurhlið laugarhúsanna nyrst og stendur hún enn. Hugsanlegt er að hún hafi verið gerð fyrir hreinsitæki sem voru sett í laugina árið 1974.[268] Þegar komið var undir lok 8. áratugarins voru mannvirkin komin í nokkra niðurníðslu. Var þá ráðist í miklar endurbætur sem Lionsklúbburinn Ægir stóð fyrir, í tilefni af 50 ára afmæli staðarins. Þá var þakgerð hússins breytt og mænisþak úr timbri sett á það og hús og þak klædd bárujárni.

Árið 2017 var aftur orðin brýn þörf á endurbótum. Þá fór svo að sundlaugin á Sólheimum stóðst ekki kröfur heilbrigðisteftirlitsins um hollustuhætti og henni var lokað. Árið 2019 var hins vegar hafist handa við endurbætur sundlaugarinnar og byggingu nýs búningshúss. Verkið var að mestu unnið fyrir gjafa- og söfnunarfé og aftur var það Lionsklúbburinn Ægi sem var í forsvari, að þessu sinni var tilefnið af 90 ára afmæli Sólheima. Endurbæturnar sem hófust 2019 voru að mestu unnar fyrir gjafa- og söfnunarfé. Þá var settur heitur pottur við laugina og byggt var nýtt laugarhús á norðurbakka laugarinnar.

Lýsing

Sundlaugin á Sólheimum er örfáum metrum sunnan við Sólheimahver. Býlið Hverakot var í upphafi 19. aldar við hverinn, en var um miðja öldina flutt upp á hól nokkru norðar. Ekki er vitað nákvæmlega hvar eldra býlið var, en líklegt er að það hafi verið á þeim slóðum þar sem sundlaugin var síðar gerð.

Laugin er í brekkukverk eða kvos, þar sem land hækkar bæði til suðurs og vesturs. Suðurendi laugarhússins var upphaflega lítillega grafinn inn í brekkuna sunnan við laugina, en síðar hefur verið grafið frá húsinu. Norðan við laugina voru um langt skeið miklir matjurtagarðar. Í dag er svæðið gróið trjám, einkum að baki laugarinnar, þar sem áður var inngangur að lauginni. Nú er aðkoma að laugarsvæðinu úr vestri og þar stendur nýtt laugarhús norðvestan við sundlaugina.

Gamla laugarhúsið á Sólheimum er einföld bygging á einni hæð. Sundlaugin snýr ANA til VSV og er laugarhúsið við austurenda laugarinnar og snýr þvert á hana. Engar teikningar af sundlauginni eða laugarhúsinu hafa fundist, en af eldri ljósmyndum að dæma hefur húsið lítið breyst að öðru leyti en því að það var upphaflega með hallalitlu steinsteyptu þaki en er nú undir mænisþaki. Laugarhúsið er hlaðið úr steinsteyptum holsteinum og var upphaflega múrhúðað og ómálað. Um skeið var húsið málað í ljósgulum lit en síðar klætt bárujárni. Frá vesturhlið hússins gengu vísar að hliðarálmum út til beggja enda og um miðbik hússins var einnig lítillega útdregið rými, bæði á austur- og vesturhlið.

[268] *Yfirlitsskjali um sundlaugar* frá Menntamálaráðuneyti.

Á húsinu eru nokkrir litlir gluggar, tví- eða þrískiptir, flestir á vesturhlið sem snýr að sundlauginni. Inngangur var áður brekkumegin við húsið, á miðri austurhlið, með tveimur aflöngum gluggum sitt hvoru megin við hann. Á vesturhlið voru þrennar dyr, tvennar inn í miðrými hússins og einar inn í suðurálmu. Inngangur í norðurálmuna var á norðurhlið hennar. Í norðurenda hússins var vararafstöð.



Sundlaugin í Sólheimum við vettvangsúttekt 2025. Myndir: höfundar.

Húsið skiptist í nokkur rými. Syðst var áður gufubað, sem nú er nýtt sem geymsla og þvottahús. Þar norðan við voru búningsklefar karla, sturtur og salerni, en búningsklefar kvenna voru nyrst í húsinu.

Húsið er nú allt klætt bárujárni og gluggar eru úr timbri, þó líklega séu þeir ekki upprunalegir. Laugarkarið er 12,5 x 6 m að stærð.[269] Upphaflega var það steypt um 20–30 cm hærra en umhverfið

[269] *Yfirlit yfir mannvirki frá 1983* DD05.

og myndaði þannig háan kant umhverfis laugina. Laugin er að mestu leyti í upprunalegri mynd, en hún er nú klædd dúk. Þetta er í annað sinn sem laugin er klædd slíku efni.

Af eldri ljósmyndum að dæma var ekki stigi ofan í laugina í upphafi. Þegar stiga var síðar bætt við var hann staðsettur á miðjum austurenda laugarinnar. Um skeið virðist rafmagnsstaur með lampa hafa verið staðsettur ofan í lauginni, við hlið stigans. Eldri stigi hefur síðan verið fjarlægður og núverandi stigi úr ryðfríu stáli er austarlega á norðurbakka laugarinnar. Þegar sundlaugin var opnuð að nýju árið 2023 var ákveðið að hún yrði eingöngu nýtt af íbúum og starfsmönnum Sólheima. Hún er því ekki opin almenningi í dag.[270]

Ástand og horfur

Sólheimalaug var skoðuð með leiðsögn Valgeirs Friðdolf Backmans, félags- og tómstundafulltrúa Sólheima, og Reynis Péturs Steinunnarsonar, íbúa á Sólheimum, vorið 2025.

Laugin og umhverfi hennar eru í góðu ástandi og, eins og áður hefur komið fram, er nýtt laugarhús staðsett norðan við laugina, vestanverða. Umhverfis laugina er hellulögð stétt og há timburgirðing, frá báðum endaálmum gamla laugarhússins.

Gamla laugarhúsið er nú lítið notað og orðið tímabært að huga að ýmiss konar viðhaldi. Innanhúss virðist skipulag að mestu leyti upprunalegt, þótt ætla megi að einhverjar breytingar hafi verið gerðar, t.d. þegar hætt var að nýta innganginn á austurhlið hússins. Búningsklefar eru einfaldir, klæddir flísum og í fremur dapurlegu ástandi.

Þótt gamla laugarhúsið í Sólheimum hafi nú lokið hlutverki sínu sem aðal búningshús laugarinnar eru engar hugmyndir uppi um að rífa það. Þess í stað hefur verið rætt um að endurnýja húsið og hugsanlega koma þar fyrir vel búnum fjölskyldu- og búningsklefum. Slíkar breytingar myndu væntanlega kalla á talsverða endurgerð hússins, en um leið tryggja að það héldi velli og þjónaði áfram sundlauginni í Sólheimum.

[270] *Blað Lionsklúbbsins* 2020, bls. 26.

4.3 Austurland



Mynd 7: Sundlaugar (með laugarhúsum) byggðar fyrir 1950 á Suðurlandi merktar með grænum punkti. Á svæðinu er aðeins vitað um eitt laugarhús sem er horfið, sem var á svipuðum stað og yngri sundlaug í Selárdal var síðar gerð.

Sundlaugin í Selárgljúfrum/Selárlaug/Sundlaug Vopnfirðinga, yngri laug (1949-)

Staðsetning: Selárdalur, Vopnafirði	*Höfundur: Bárður Ísleifsson/Húsameistari ríkisins, laugarkar hugsanlega Jóhann Franklín Kristjánsson*
Byggingarár: 1949	*Byggt af/eigandi: Ungmennafélagið Einherjar/Vopnafjarðarhreppur, Ríkissjóður*
Helstu endurbætur:	*Yfirbyggð/opin: Opin*
Staða/ástand: Í notkun	*Hitun: Jarðvarmi*

Umhverfi og aðdragandi

Saga laugarhalds í Selárdal nær aftur til 18. aldar, þegar getið er um volgar uppsprettur í dalnum og notkun þeirra í heilsubótarskyni. Um miðja 19. öld var hlaðið fyrir heita uppsprettu norðvestar í dalnum, svokallaða Hróaldsstaðalaug, sem var notuð langt fram á 20. öld. Snemma á 20. öld voru síðan gerðar tilraunir með sundlaugar nær núverandi laugarstæði við Selá, en þær reyndust skammlífar, meðal annars vegna vatnavaxta og óhagstæðrar staðsetningar nærri ánni.

Fyrsta varanlega sundlaugin á staðnum var reist árið 1929 að frumkvæði ungmennafélags í Vopnafirði, eftir teikningum Jóhannesar Guðmundssonar verkstjóra. Um var að ræða steinsteypta laug byggða upp við klettavegg með einföldu sundskýli úr mótatimbri. Laugin var tekin í notkun sama ár og nýtt til sundkennslu næstu árin, en skemmdist í jökulhlaupi árið 1941 og varð síðar ónothæf (um eldri laugina, sjá nánar kafla um horfnar laugar, í kafla 5).

Í Vopnafirði, líkt og víða annars staðar, komst mikil hreyfing á félags- og ungmennastarf snemma á 20. öld. Þá voru stofnuð nokkur íþrótta- og ungmennafélög (sjá umfjöllun um eldri laug við Selá) og í kjölfar þeirra ungmennafélagið Einherjar þann 1. desember 1929, í fyrstu sem íþróttafélag. Í upphafi snerist starfsemi þess að miklu leyti um fimleikaæfingar og aðrar íþróttir, en félagið hélt jafnframt skemmtanir og sýndi leikrit.

Þegar ljóst varð að steypta laugin við Selá var ekki lengur nothæf gerði ungmennafélagið það að einu helsta forgangsmáli sínu að koma upp nýrri sundlaug. Félagið starfaði í þremur deildum, sem voru virkar á mismunandi svæðum, og var B-deildin í norðursveitinni sérstaklega atkvæðamikil í aðdraganda sundlaugagerðarinnar, þótt allar deildir félagsins hafi komið þar við sögu.[271]

Eldri steinsteypta laugin við Selá fór illa í jökulhlaupi 1941 en líklega hefur áin áður verið búin að ógna henni, í það minnsta má sjá að hugmyndir um nýja laug á þessum slóðum eru strax komnar fram 1937.

[271] Ólafur Valgeirsson. 2013, bls. 29 og Heiðar og Bjartur Aðalbjörnssynir. „Við vorum alltaf litla liðið."

Í bréfi Páls Zóphóníassonar ráðunautar til Atvinnumálaráðherra í janúar 1938 kemur fram að Ungmennafélagið í Vopnafirði hafi sent ráðuneytinu beiðni um styrk ári áður ásamt teikningu að laug og kostnaðaráætlun sem Jóhann Fr. Kristjánsson húsameistari í Reykjavík hafði gert. Umrædd áætlun og teikning hafa ekki komið í leitirnar og ljóst er að ekki varð að laugargerðinni á næstu árum eins og Páll hafði ráðgert.[272]

Í aðdraganda þess að byggð var ný laug við Selá var talsvert rætt um hvar best væri að staðsetja mannvirkin, í ljósi sögunnar. Til tals kom að byggja laugina í kauptúninu sjálfu og um tíma var rætt um að velja henni stað neðan við Garðsklett eða við frystihús Kaupfélagsins. Íþróttanefnd ríkisins hafði hins vegar frá upphafi augastað á heitu uppsprettunni í Selárdal og varð fljótlega ljóst að þar skyldi byggt, þó nokkru fjær árbakkanum en áður.[273] Reynslan af fyrri laugum og viðhorf samtímans til staðarins koma vel fram í lýsingu Þorsteins Einarssonar íþróttafulltrúa, sem ritaði um byggingu nýju laugarinnar:

> Þetta er í 3 eða fjórða sinn sem sundlaug er byggð á þessum stað. Hinar fyrri voru svo nærri ánni, að hún tók þær í vorleysingum. Sumt fólk hafði orðið vantrú á sundlaug í gljúfrinu vegna tveggja dauðsfalla sem átt höfðu sér stað við þennan sundstað. En bjartsýnt og raunsætt ungt og eldra fólk lét ekki slíkt á sig fá og hafa nú reist eina hina ágætustu sundlaug á Íslandi.[274]

Selárlaug er í landi jarðarinnar Fremri-Nýpa, í svokölluðum *Laugarhvammi* við *Selá*, í *Selárdal* suðaustanverðum, þar sem klettanes gengur út í ána. Jörðin var í eigu Vopnafjarðarhrepps á þeim tíma sem sundlaugin var byggð.[275] Laugin er um 12 km frá Vopnafjarðarkauptúni og 3,5 km frá þjóðvegi 85 að Bakkafirði. Aðkoma að lauginni er að austan, niður bratta brekku og er laugin ofan í sjálfu gilinu en Selá rennur í grunnu gljúfri á þessum slóðum.

Byggingarsaga

Á seinni hluta fjórða áratugar 20. aldar söfnuðu Einherjar talsverðu fé í sérstakan sundlaugarsjóð. Samhliða því unnu ungmennafélagar að öðrum uppbyggingarverkefnum, meðal annars að gerð íþróttavallar í móanum ofan við sundlaugina. Íþróttavöllurinn var afgirtur og í eigu ungmennafélagsins, líkt og sundlaugin, en bæði mannvirki voru vígð sama ár.[276]

---

[272] Bréf frá Páli Zóphóníassyni, dagsett 10. janúar 1938, til Haraldar Guðmundssonar, atvinnumálaráðherra, varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands.
[273] „70 ár frá vígslu sundlaugarinnar í Selárgljúfrum“ 13.08.2020.
[274] *Vísir* 04.10.1950, bls. 5.
[275] Dómur um eignarrétt á svæðinu umhverfis Selárlaug, bls. 4.
[276] Dómur um eignarrétt á svæðinu umhverfis Selárlaug, bls. 4. Á sama stað kemur fram að völlurinn taldist á meðal eigna félagsins fram til 1970.

Teikningar af laugarhúsunum komu frá Íþróttasjóði og í gögnum sjóðsins sem varðveitt eru á Þjóðskjalasafni Íslands fundust nokkrar útgáfur af teikningum af húsunum. Sú elsta er frá janúar 1945 og er eftir Bárð Ísleifsson.[277] Að auki fundust þrívíddarteikningar, grunnmyndir og flatarteikningar frá maí sama ár, gerðar af Herði Björnssyni byggingatæknifræðingi. Hörður var áður félagi í Einherja og keppti fyrir þeirra hönd á íþróttamótum. Teikning hans er sögð „breyting á uppdrætti Bárðar Ísleifssonar húsameistara ríkisins", dagsett í janúar, og virðist Hörður því hafa útfært teikningar Bárðar á lokastigi verkefnisins.[278] Umræddar teikningar voru að laugarhúsunum en ekki laugarþrónni. Ef til



Laugarhús í Selárdal, undirritað af Herði Björnssyni þann 9. maí 1945. Teikningin er breyting á teikningu Bárðs Ísleifssonar frá janúar sama ár. Á meðal teikninga Íþróttasjóðs, Menntamálaráðuneyti H27, varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands.

[277] Frumteikning Bárðar fannst þó ekki á meðal umræddra gagna.
[278] Teiknisafn Íþróttasjóðs H27.

vill hefur laugarþóin verið gerð eftir þeirri teikningu sem Jóhann Fr. Kristjánsson gerði 1937 en hún hefur enn ekki fundist eins og áður sagði.



Tvær útgáfur af Selárdalslaug. Teikningar gerðar af Herði Björnssyni í apríl og maí 1945, byggðar á teikningu Bárðar Ísleifssonar af lauginni frá janúar sama ár. Á meðal teikninga Íþróttasjóðs, Menntamálaráðuneyti H27, varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands.

Framkvæmdir við nýja laug í Selárgljúfrum hófust sumarið 1947. Félagar í Einherjum lögðu þar til mikið starf í sjálfboðavinnu. Fyrsta skrefið í sundlaugargerðinni var þó að leggja bílfæran veg eftir dalnum.[279] Talsverð vinna fór einnig í landmótun í og við laugarstæðið og þurfti til dæmis að móta laugarbotninn með grjóti sem tínt var á melunum í umhverfis. Öll vinnan var unnin með handafli og handtökin því æðimörg. Auk sjálfboðastarfs öfluðu félagar í Einherja ýmissa framlaga til verksins en að auki fengust styrkir til framkvæmda frá Hreppsnefnd Vopnafjarðar, Íþróttasjóði ríkisins, Sýslusjóði Norður-Múlasýslu og Fjórðungssambandi fiskifélagsdeilda Austfjarða og fleiri aðilum.[280]

[279] Þórunn Kristbjörg Friðriksdóttir, úr ræðu varðveitt í Fundargerðarbók Einherja.
[280] Ólafur Valgeirsson. 2013, bls. 30.

Selárlaug var tekin í notkun 1949 en formlega vígð 13. ágúst 1950. Ofan við laugina var hvammurinn snidduhlaðinn og voru áhorfendastallar hlaðnir í brekkuna við sundlaugina.[281] Laugarkarið var 12,5 x 6 m að stærð og húsið við hana hýsti bæði búningsklefa og heimavist. Sólbaðsskýli var strax í upphafi við enda laugar. Í tilefni vígslunnar var fjallað ítarlega um mannvirkin í *Skinfaxa* árið 1950:

> Við laugina er byggt snoturt hús með aðstöðu fyrir böð, og heimavist fyrir 24 nemendur, kennaraherbergi, eldhús og borðstofa. Laugin er hituð upp með jarðhita, og má geta þess, að þetta er eina heita laugin byggð á Austurlandi, enda nokkuð notuð til baða á síðastliðinni öld, og þóttu böð þar holl gigtveikum. Nú hafa Einherjar gert margra ára draum að veruleika og með aðstoð íþróttanefndar ríkisins komið þarna upp einum fegursta baðstað á landinu. Við laugina er hár melur, sem hefur verið hlaðinn upp með fallegum grasbekkjum. Vinnuna hafa Einherjar lagt til í frístundum sínum. Vígslan fór fram með hinni mestu prýði, þrátt fyrir miklar rigningar og óhagstætt veður við undirbúning.[282]

Myndir frá vígslu laugarinnar í Selárdal. (Skinfaxi 1950 bls. 83 og 85.)

Eins og kemur fram í lýsingunni var í laugarhúsinu „aðstaða fyrir böð“ en engar sturtur voru þó í húsinu framan af þar sem fallhæð á heita vatninu var ekki nægjanleg. Af sömu ástæðu var heldur ekki hægt að kynda húsið með heita vatninu. Því var fljótlega komið upp olíukyndingu til að hita húsið og hún var síðar notuð til að hita vatn í sturturnar.[283] Fram til 1970 var algengt að börn sæktu sundnámskeið í Selárlaug að vori og dvöldust á heimavistinni í um tvær vikur. Síðar var farið að aka börnum í og úr lauginni í skólarútum, sem er enn raunin. Fram til 1991 var haldið í þá hefð að kenna sundið aðeins á vorin. Að stærstum hluta voru það börn og unglingar úr Vopnafjarðar- og Skeggjastaðahreppi sem lærðu sund í lauginni.[284]

---

[281] Kjartan Björnsson. 1951, bls. 13-14.
[282] *Skinfaxi* 01.11.1950, bls. 79-80. Byggir á frásögn Bóasar Emilssonar íþróttakennara.
[283] Ólafur Valgeirsson. 2013, bls. 31.
[284] *Skrá yfir sundlaugar í Austfjarðarkjördæmi* 1976, eftir Þorstein Einarsson, DD 05 og https://www.visitvopnafjordur.com/is/afthreying/sundlaugin

Rétt undir 1980 voru laugin og laugarhúsið komin í talsverða niðurníðslu. Árin 1979-1980 var hins vegar borað var eftir heitu vatni við laugina og voru mannvirkin tekin í gegn í kjölfarið. Þá var loksins hægt að nýta heita vatnið til að hita húsið og í sturturnar og varð laugarhúsið þar með eina húsið á öllu svæðinu frá Fellabæ að Kópaskeri sem hitað var með hitaveitu.[285]

Vopnafjarðarhreppur seldi jörðina Fremri-Nýpa árið 1963 en í kaupbréfinu var sundlaugin undanskilin ásamt „nauðsynlegu athafnasvæði" sem mæla átti út og skyldi áfram vera eign Ungmennafélagsins.[286] Formleg mæling fór hins vegar aldrei fram og varð það síðar orsök deilna um rétt til vatnstöku úr heitu uppsprettunni við laugina, sem tvisvar fóru fyrir dóm eftir árið 2000.[287]

Þrátt fyrir að Ungmennafélagið hafi upphaflega átt laugina og haft umsjón með henni, færðist eignarhaldið smám saman í hendur Vopnafjarðarhrepps. Sveitarfélagið tók að sér viðhald og framkvæmdir, meðal annars með því að grafa skurð ofan við íþróttavöllinn um 1970 til að verja svæðið fyrir vatnsflaumi og með áðurnefndum borunum 1979–1980. Með þessu tók sveitarfélagið í reynd við rekstri laugarinnar, þótt hún væri enn skráð eign Ungmennafélagsins Einherja í Fasteignamati árið 2016.[288]

Sundlaugin var lengst af opin öllum þeim sem vildu heimsækja hana, hvenær sólarhringsins sem var. Sumarið 1991 réði sveitarfélagið hins vegar starfsmann til að sinna gæslu og þrifum og var laugin eftir það formlega opin frá lokum júní til ágústloka og hélst það fyrirkomulag í á þriðja áratug.

Lýsing

Selárlaug var skoðuð vorið 2025 í leiðsögn Almars Loga Kristjánssonar sundlaugarvarðar. Laugin snýr NNA–SSV. Laugarhúsið er við suðurenda laugarinnar og stendur talsvert hærra en hún. Upphaflega voru breiðar tröppur frá húsinu niður að suðurenda laugarinnar. Síðar var laugin lengd til suðurs og þar komið fyrir lítilli barnalaug með steyptum tröppum beggja vegna.

Laugarhúsið er steinsteypt, ein hæð undir lágu mænisþaki sem upphaflega var klætt asbesti. Húsið er L-laga að grunnfleti. Aðalálman snýr eins og laugin. Við suðurenda hennar er þverálma til VNV. Þar var upphaflega forstofa, borðsalur, eldhús og gistirými fyrir stúlkur. Heimavist fyrir pilta var í norðurenda aðalálmunnar. Á milli voru búningsklefar, sturtur, salerni, forstofa og kennaraaðstaða. Við NNA-enda hússins hefur síðar verið byggt lítið varð- eða eftirlitshús.

[285] Ólafur Valgeirsson. 2013, bls. 31.
[286] Dómur um eignarrétt á svæðinu umhverfis Selárlaug, bls. 5.
[287] Dómur um eignarrétt á svæðinu umhverfis Selárlaug, bls. 5.
[288] Dómur um eignarrétt á svæðinu umhverfis Selárlaug, bls. 5 og 7.

Laugarkarið virðist að mestu upprunalegt. Stigi liggur niður í barnalaugina og er opið milli hennar og aðallaugarinnar. Stálstigi er einnig við norðurenda laugarinnar. Laugarkarið er steinsteypt og málað og er hrákarenna í veggjum karsins, um 27 cm neðan við laugarbarminn. Auk barnalaugar hafa verið settir upp tveir pottar, heitur og kaldur, við NNA-enda laugarinnar, með sólpalli í kring. Norðan við laugina hefur verið byggt lítið dælu- og tækjahús sem er steinsteypt undir einhalla þaki. Meðfram lauginni að austan er stétt og steinsteyptur stoðveggur en vestan hennar er timburgirðing.[289]




Selárlaug við vettvangsskoðun í maí 2025. Ljósmyndir: Höfundar.

Ýmsar breytingar sem snúa að öryggi sundstaðarins og heilbrigðisháttum hafa verið gerðar á síðustu árum. Upphaflega kom vatnið í lauginni úr heitri uppsprettu ofan við laugina sem leitt var inn í horn hennar sem þá var mikið heitara en laugin almennt. Eftir að ný reglugerð um hollustuhætti á

[289] Sbr. Skipulagsuppdrátt frá 06.05.2013, Verkfræðistofa Norðurlands og *Austurglugginn* 05.12.2014.

sundstöðum tók gildi 2010 var ekki talið öruggt að hita laugina með þessum hætti.[290] Nú er heita vatnið notað til að hita kalt vatn sem veitt er í laugina. Nútímalegur búnaður er við laugina til að halda vatninu hreinu og sýrustigi æskilegu.

Öryggisgirðing er umhverfis svæðið til að tryggja að ekki sé farið í hana utan auglýstra opnunartíma en nokkuð hafði verið farið að bera á því að laugin væri notuð sem samkomustaður um nætur og umgengni var oft á tíðum slæm.

Ástand og horfur

Á síðustu árum virðist nokkur óvissa hafa ríkt um framtíð sundlaugahalds á Vopnafirði. Um tíma var unnið eftir þeirri hugmynd að byggja nýja innilaug í þorpinu. Í frétt í *Austurglugganum* í árslok 2017 kemur fram að sveitastjórn Vopnafjarðarhrepps hafi samþykkt tillögu minnihluta sveitarstjórnar um að hefja undirbúning að byggingu sundlaugar við íþróttahús staðarins og jafnframt ákveðið að skoða málið í tengslum við fjárhagsáætlun ársins 2018. Samkvæmt fréttinni var þá gert ráð fyrir að byggja 16,7 m langa innilaug á tveimur árum en jafnframt ráðgert að Selárlaug yrði áfram opin yfir sumartímann.[291] Ekkert varð úr þessum áformum.

Árið 2021 fékk sveitarfélagið Yrki arkitekta til að vinna úttekt þar sem kostnaður við nýbyggingu sundlaugar á Vopnafirði var borinn saman við kostnað við umfangsmiklar viðgerðir og endurbætur á sundlauginni í Selárdal. Niðurstaða þeirrar úttektar var sú að endurbætur á gamla laugarstaðnum myndu aðeins kosta brot af verði nýbyggingar, eða um 80 milljónir króna í stað ríflega 500 milljóna króna.[292] Í kjölfarið var ákveðið að freista þess að ráðast í viðgerðir og endurbætur á Selárlaug fremur en að byggja nýja laug.

Yrki arkitektar voru í framhaldinu fengnir til að teikna heildarendurbætur á laugarhúsinu. Samkvæmt þeim tillögum var meðal annars gert ráð fyrir að stækka og endurgera búningsklefa, bæta aðstöðu gesta og fjölga pottum.[293] Í viðtali við sveitarstjóra Vopnafjarðar í árslok 2023 kom fram að áformað væri að veita fjármagni til að ráðast í uppbyggingu sundlaugarinnar í Selárdal á árunum 2024–2025 í samræmi við tillögurnar. Framkvæmdir drógust þó á langinn og var þeim síðar frestað til haustsins 2025.

Í nóvember 2025 var síðan greint frá því á vef sveitarfélagsins að fyrirhuguðum framkvæmdum, sem áttu að hefjast sama mánuð, hefði verið frestað um óákveðinn tíma. Ástæðan var sú að talið var

[290] *Reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, númer 814/2010.*
[291] *Austurglugginn* 07.07.2017.
[292] *Austurglugginn* 29.07.2021.
[293] *Selárlaug, drög að verklýsingu,* október 2024 og *Morgunblaðið* 26.12.2023.

heppilegra að vinna að endurbótum á laugarhúsinu að vori eða sumarlagi fremur en yfir vetrartímann.[294]

Þegar þessi samantekt er rituð í árslok 2025 eru endurbætur á gamla laugarhúsinu því ekki hafnar. Laugarhúsin standa enn að mestu óbreytt frá fyrstu tíð. Form hússins, þakgerð og meginskipan eru með upprunalegum hætti og fjöldi dyra og glugga sá sami, þótt gluggum hafi verið breytt þannig að flestir eru nú póstalausir í stað upprunalegra tvískiptra glugga áður. Steypa í húsinu er víða léleg og morkin, og eru útveggir sums staðar sprungnir og skemmdir. Þak og þakskegg hafa verið endurnýjuð, en almennt hefur húsið ekki hlotið nægilegt viðhald á síðustu árum og er því uppsöfnuð þörf á umfangsmiklum viðgerðum eða endurbyggingu.

Á meðal gagna með fundargerð sveitastjórnar Vopnafjarðarhrepps þann 25. september 2025 voru lagðar fram teikningar af endurbótum laugarhúsanna frá Yrki arkitektum. Þær miða að mestu við að halda í upprunalega gerð hússins en þó er gert ráð fyrir að húsið verði klætt að utan með málmplötum.[295] Af þrívíddarteikningum hússins frá 1946 hefur ytri gerð hússins fylgt skandínavískum tíðaranda naumhyggju-fúnksjónalisma. Það svipmót mun að einhverju leyti hverfa við þessar endurbætur. Ljóst er að ef koma á í veg fyrir frekari hnignun hússins og tryggja áframhaldandi notkun þess til framtíðar er brýnt að ráðist verði í framkvæmdir við laugarhúsið hið fyrsta.

Selárlaug er notuð af Vopnfirðingum jafnt sem ferðamönnum allt árið um kring. Þótt laugarhúsið sé lágstemmt þá eru byggingarlistarleg einkenni þess merkileg. Laugarstæðið sjálft er afar fallegt og laugin og laugarhúsið falla vel að umhverfi sínu. Með markvissum endurbótum á húsinu og nánasta umhverfi mætti gera þessum sundstað aftur hátt undir höfði og tryggja áframhaldandi gildi hans sem mikilvægs samkomu- og útivistarstaðar.

[294] *Austurfrétt,* 04.11.2025.
[295] *Selárlaug – drög að verklýsingu.*

Sundlaug Eiðaskóla/Alþýðuskólans á Eiðum (1943-)

Staðsetning: Eiðum	*Höfundur: Bárður Ísleifsson teikning að sundlaug og íþróttahúsi. Guðjón Samúelsson teiknaði stækkun skólahússins 1926. Einar Erlendsson teiknaði heimsvistina.*
Byggingarár: 1943	*Byggt af/eigandi: Ríkið*
Helstu endurbætur: 1969, 1977	*Yfirbyggð/opin: Yfirbyggð*
Staða/ástand: Í notkun	*Hitun: Upphaflega olíuhituð, svo hituð með raforku*

Umhverfi og aðdragandi

Um miðja 19. öld var, að frumkvæði Jóns Sigurðssonar, farið að ræða um nauðsyn þess að stofna búnaðarskóla á Íslandi.[296] Í kjölfarið voru fjórir slíkir skólar stofnaðir á níunda áratug aldarinnar. Sá fyrsti var settur á fót í Ólafsdal 1880. Skagfirðingar stofnuðu slíkan á Hólum árið 1882 og sama ár keyptu Múlasýslur kirkjustaðinn Eiða og settu þar á fót búnaðarskóla árið eftir. Síðastur slíkra skóla var búnaðarskólinn á Hvanneyri sem stofnaður var árið 1889.[297]

Eiðar fyrir 1960, horft til vesturs. Lengst til vinstri er húsið sem byggt var 1868 og lengt tvisvar sinnum. Næst er kirkjan sem snýr gafli til austurs. Vestan hennar er fjósbygging. Fyrir miðri mynd er skólahúsið frá 1908 sem lengt var til norðurs 1926. Við norðurgafl þess er sund- og leikfimihúsið sem tekið var í notkun 1943, snýr þvert á skólahúsið. Næst nyrst er heimavistin sem byggð var 1950 eftir teikningu Einars Erlendssonar. Mynd í vörslu Héraðsskjalasafns Austurlands.

[296] Jón Sigurðsson. 1849.
[297] *Vísir* 08.08.1964.

Um 1912 hófst umræða um að breyta búnaðarskólanum á Eiðum í alþýðuskóla á vegum ríkisins. Áhrifa frá lýðskólum Norðurlanda gætti nokkuð í allri umræðu um skólamál hér á landi enda hafði búnaðarskólinn veitt almenna menntun og margir af farkennurum landsins komu þaðan.[298] Umræðan leiddi til þess að árið 1918 var stofnaður Alþýðuskóli á Eiðum með svipuðu sniði og gert var í öðrum landsfjórðungum, þ.e. tveggja vetra unglingaskóli með yngri og eldri deild.

Alþýðuskólar voru fyrir ungmenni sem lokið höfðu skyldunámi og veittu almenna bóklega fræðslu í ætt við gagnfræði. Laugaskóli í Suður-Þingeyjarsýslu var stofnaður 1924 sem alþýðuskóli og Laugavatnsskóli 1928. Árið 1929 voru sett lög á Alþingi um héraðsskóla og eftir það nefndust alþýðuskólarnir *héraðsskólar.*[299] Talsverð samfella var í rekstri þessara mismunandi skóla þrátt fyrir nafnabreytingar. Allir voru þeir heimavistarskólar og kennsluskráin að mestu áþekk. Samkvæmt lögum frá 1917 um stofnun Alþýðuskólans á Eiðum skyldi t.d. á hverju vori halda búnaðarnámskeið í 6-7 vikur og þannig gegndi hinn nýi skóli að nokkru leyti fyrra hlutverki búnaðarskólans samhliða unglingakennslunni.[300] Að sama skapi má ætla að ofarlega á stefnuskrá þeirra allra hafi verið kennsla sunds og iðkun sundíþrótta.

Alþýðuskólinn á Eiðum var frá upphafi til húsa í þeirri byggingu sem búnaðarskólinn hafði áður notað. Skólinn hóf starfsemi 1883 í timburhúsi sem fyrir var á jörðinni, og Jónatan Pétursson sjálfseignarbóndi á Eiðum hafði byggt 1868. Eftir að kennsla hófst var húsið lengt til suðurs, árið 1884. Síðar, eða 1928 var það einnig lengt til norðurs.[301] Byggt var nýtt skólahús fyrir Búnaðarskólann á Eiðum árið 1908 eftir teikningum Rögnvaldar Ólafssonar. Stjórn skólans eða skólanefndin, séra Magnús Blöndal, Jón Bergsson og Jónas Eiríksson skólastjóri gerðu fyrst riss af tvílyftu skólahúsi með þeirri húsaskipan sem þeim þótti henta starfsemi skólans. Rögnvaldi Ólafssyni var svo falið að gera „fullkomna teikningu og útreikning efnis“ eftir rissi þeirra. Húsið var steinsteypt á tveimur hæðum og með risi. Allt byggingarefni til hússins var keypt erlendis og flutt sjóleiðina til Seyðisfjarðar og þaðan áfram sjóleiðis að Unaósi við Héraðsflóa þaðan sem efnið var flutt á sleðum á ís og snjó til Eiða.[302]

[298] *Viðar* 01.01.1938, bls. 52.

[299] Hvítárbakkaskóli sem var stofnaður 1905 hefur líklega talist alþýðuskóli. Var hann einkaskóli í anda lýðskóla Grundvigs. Skólahaldið fluttist að Reykholti 1931 og taldist skólinn þá héraðsskóli.

[300] Lög um breyting á lögum nr. 36, 26. okt. 1917, Lög um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhending Eiðaeignar til landssjóðs, nr. 24/1921.

[301] Ármann Halldórsson, Þórarinn Þórarinsson og Ólöf Birna Blöndal. 1983, bls. 14.

[302] Magnús Blöndal Jónsson. 1980, bls. 18-20.

Skólahúsið á Eiðum sem byggt var eftir teikningum Rögnvalds Ólafssonar árið 1908 fyrir Búnaðarskólann. Í þessu húsi starfaði Alþýðuskólinn í upphafi. Mynd í vörslu Héraðsskjalasafns Austurlands.

Skólahúsið eftir að það hafði verið lengt um þriðjung til norðurs og leikfimisalur gerður í kjallara viðbyggingarinnar. Mynd í vörslu Héraðsskjalasafns Austurlands.

Eins og þegar hefur verið sagt var Alþýðuskólinn á Eiðum fyrst í því skólahúsi sem byggt hafði verið fyrir búnaðarskólann 1908. Skólahúsið var of lítið og úr því var bætt með því að lengja það til norðurs árið 1926 með sama sniði, eftir teikningu Guðjóns Samúelssonar og í kjallara viðbyggingarinnar var gerður leikfimisalur. Stór miðjukvistur var gerður á framhlið hússins og tveir litlir, sinn til hvorrar

hliðar. Aðrir alþýðu- og héraðsskólar sem settir voru á stofn um og upp úr 1930 voru frá upphafi í húsum sem skipulögð og byggð voru fyrir þá. Þeim var valinn staður við heitar uppsprettur og var sundlaug hluti af skólamannvirkinu enda var lögð mikil áhersla á sundkennslu og iðkun sundíþróttar í skólastarfinu.

Árið 1936 er þess getið í grein í *Nýja dagblaðinu* að rafveita fyrir Eiðaskóla sé að verða tilbúin og muni hún duga fyrir hitun á húsum, ljósi og suðu og einnig fyrir hitun á sundlaug sem í ráði var að byggja. Þegar Eiðajörðin var afhent ríkinu var það með skilyrði um að þar yrði rekinn vel útbúinn „æðri alþýðuskóli sem samsvaraði að öllu leyti kröfum tímans“ [303] og ljóst er að Héraðsbúum þótti nokkuð vanta á að skóli þeirra væri jafn vel útbúinn og aðrir héraðsskólar landsins.

Í greininni kemur fram að sund var skyldunámsgrein í tíð búnaðarskólans og að vonir standi til að með sundlauginni verði sund aftur skyldunámsgrein í Eiðaskóla.[304] Ef rétt er að sund hafi verið skyldunámsgrein við búnaðarskólann má telja víst að sundpollur hafi verið gerður í nágrenni skólans en engar heimildir hafa þó fundist um það. Þegar rafstöð Eiða var tekin til starfa 1936 og nóg rafmagn fyrir hendi var vegurinn greiður til þess að láta drauminn um sundlaug fyrir skólann rætast.

Byggingarsaga

Bygging íþróttahúss og sundlaugar hafði verið á döfinni allt frá 1932[305] en þegar rafstöð Eiðaskóla var að verða tilbúin þótti tímabært að hefja tangarsókn að því að knýja framkvæmdir af stað. Skólastjóri Alþýðuskólans og formaður Íþróttaráðs Austurlands skáru árið 1935 upp herör með hástemmdu bréfi með hvatningu um aðgerðir og hefst bréfið á eftirfarandi orðum:

> Fáar eða engar íþróttir mundu standa sundíþróttinni á sporði um nytsemi, hollustu og fegurð. Er því gott til þess að vita, hversu mjög áhugi og skilningur Íslendinga á nauðsyn sundkunnáttu hefir aukist á seinni árum. Verkin sýna merkin: Fjöldi góðra, upphitaðra sundlauga hefir verið byggður í landinu, bæði við héraðsskóla og á öðrum stöðum […] En því miður eiga ekki allir landshlutar hér óskipt mál. Austurland, eða að minnsta kosti Fljótsdalshérað og Austfirðir sker sig alveg úr. Þar er engin volg sundlaug til, hvorki við Eiðaskóla né annars staðar….[306]

Þeir hvetja til sem víðtækastrar samstöðu; að félög og einstaklingar styðji málið og leggi því lið með áskorunum til Alþingis og með loforðum um að leggja fé til verksins og um sjálfboðavinnu. Bréfið var

[303] *Nýja dagblaðið* 23.06.1936, bls. 2.
[304] *Nýja dagblaðið* 23.06.1936, bls. 2.
[305] Textaspjald í kennarastofu Eiðaskóla 2025.
[306] Bréf dags. 20. sept. 1935 til formanns Búnaðarsambands Austurlands, undirritað af Jakobi Kristinssyni f.h. Eiðaskóla og Ásgeiri Einarssyni f.h. Íþróttaráðs Austurlands.

stílað á formann Búnaðarsambands Austurlands og því fylgdi uppkast að áskorun til Alþingis og ríkisstjórnar um að veita fé til byggingar sundlaugarinnar á fjárlögum fyrir árið 1936.[307]

Síðla sama ár var á fundi Samvirkjafélags Eiðaþinghár lagt fram bréf frá Íþróttaráði Austurlands með hvatningu til félagsins um að senda áskorun til þings og stjórnar um fjárveitingu til byggingar sundlaugar- og leikfimihúss á Eiðum á fjárlögum 1936 og sama ár virðast hafa verið ákveðið að leggja fram 70 dagsverk til byggingar sundlaugar að Eiðum. Alþingi samþykkti ríflegt framlag til sundlaugarinnar á Eiðum fyrir 1937 og samkvæmt yfirlitskrá yfir verk Guðjóns Samúelssonar teiknaði hann upphaflega sundlaugar- og leikfimihús á Eiðum ári síðar (1938) en sú teikning hefur ekki komið í leitirnar og ekkert varð af framkvæmdum fyrr en vorið 1939.[308]

Sumarið 1939 var hafist handa við framkvæmdir. Þá var grafið fyrir lauginni með handverkfærum, þvert frá norðausturhorni skólahússins en ekki gerðist meira að sinni.[309] Í byrjun árs 1940 ritaði skólastjóri Eiðaskóla kennslumálaráðuneytinu bréf og spurði hvort ekki væri hægt að gera laugina nothæfa yfir sumarmánuðina fyrir það fé sem kynni að vera haldbært fyrir framkvæmdirnar. Þá var ketill til upphitunar vatnsins þegar kominn á staðinn en enn átti eftir að kaupa hreinsitæki.[310] Ekki er ljóst hvort að þessu varð en árið 1942 var framkvæmdum svo haldið áfram og húsið þá byggt í einni lotu og þá strax tekið í notkun en formlega vígt í mars 1943 þótt framkvæmdum hafi ekki að fullu lokið fyrr en um mitt sumar 1943.[311] Við vígsluna renndu nemendurnir Björg Finnbogadóttir og Benedikt Davíðsson sér niður í volgt vatnið og syntu, en þau voru þá einu syndu nemendur skólans.[312]

Þegar íþróttahúsið og sundlaugin voru tekin í notkun árið 1943 var gamla skólahúsinu breytt á ýmsa lund.[313] Sundlaugin í íþróttahúsinu á Eiðum var fyrsta yfirbyggða sundlaugin á Austurlandi[314]og heimamenn voru svo stoltir af aðstöðunni að nýja byggingin var nefnd *Íþróttahöll*.

Nokkuð ítarlega lýsingu á húsinu er að finna í skýrslu skólastjóra frá 1942 sem prentuð er í *Eiðasögu* en þar segir:

> Íþróttahöllin má heita fullgerð. Hún er hið myndarlegasta hús, vönduð að efni og vinnu, Húsið er teiknað í skrifstofum húsameistara ríkisins í samráði við íþróttafulltrúa Smiðir voru: Einar Stefánsson, Reykjavík og Guðmundur Þorbjarnason Seyðisfirði Húsið er 9,50x21 metri. Hæð 11.20 m. Við vesturenda laugar er vélasalur, 4x9.5 m og 2.50 m á hæð.

[307] Bréf dags. 20. sept. 1935 til formanns Búnaðarsambands Austurlands, undirritað af Jakobi Kristinssyni f.h. Eiðaskóla og Ásgeiri Einarssyni f.h. Íþróttaráðs Austurlands.
[308] Fundargerð 13. október 1935, Gjörðabók Samvirkjafélags Eiðaþinghár 1925-1938 og 1938-1942. Sjá einnig *Nýja dagblaðið* 23.06.1936, bls. 2 og Pétur H. Ármannsson. 2020, 405.
[309] Ármann Halldórsson, Þórarinn Þórarinsson og Ólöf Birna Blöndal. 1983, bls. 41.
[310] Bréf skólastjóra Eiðaskóla til kennslumálaráðuneytinu bréf dags. 4. febrúar 1940.
[311] Ármann Halldórsson, Þórarinn Þórarinsson og Ólöf Birna Blöndal. 1983, bls. 41.
[312] Sama heimild, bls. 41.
[313] Sama heimild, bls. 31.
[314] Sama heimild, bls. 42.

Í húsinu eru auk fyrrnefnds vélasalar: Á efri hæð: Leikfimissalur 9 m, lofthæð 5.20 m. Við enda salarins er búningsherbergi, sem jafnframt er leiksvið, og áfast við það er steypubaðklefi með heitum og köldum böðum, og salerni. Undir búningsherberginu er áhaldageymsla. Á neðri hæð: Sundlaugarsalur, sömu stærðar og leikfimissalur, sundlaugin er 6.75 x 12.50 m. Mesta dýpi er 1.80 m. Tveir búningsklefar eru áfastir sundlaugarsal, með ræstiböðum og salernum. Gengið er inn í íþróttahúsið úr gamla fimleikasalnum, er var breytt í snyrtiherbergi og rúmgott anddyri, bæði fyrir skólann og íþróttahúsið. Vatnið í lauginni er hitað upp með miðstöð skólans, sem hituð er upp með rafmagni og kolum. Sundlaugarvatnið er á sífelldri hringrás gegnum sandsíu og hitara. Auðvelt hefur reynzt að halda lauginni hæfilega heitri. Skipt er um vatn tvisvar á ári. Vatnið helzt alltaf jafntært og ómeingað.[315]



Teikning af viðbyggingu fyrir sundlaug og leikfimihús á Eiðum. Teikningin er merkt Bárði Ísleifssyni/Húsameistara ríkisins í apríl 1942 og samþykkt af Íþróttasjóði 23/5 1942. (Húsameistari ríkisins, C384). Inngangur í leikfimihúsið var um anddyri í kjallara gamla skólahússins og þar voru snyrtingar fyrir hvort kynið um sig. Sundlaugarkerið var við norðurútvegg byggingarinnar og gangvegur að því á þrjár hliðar. Í kjallaranum var leiðslugangur meðfram laugarkerinu á tvo vegu en að vestan var „vélahús" með öllum þeim tækjabúnaði sem til þurfti. Í suðvesturhorni byggingarinnar var steinsteyptur stigi. Lofthæð í sundlaugarsalnum var nógu mikil til þess að búningsklefar gátu verið á tveimur hæðum yfir vélarsalnum. Á neðri hæðinni, sama gólfi og sundlaugarsalurinn, voru búningsklefar karla, sturtur og salerni en á þeirri efri sama aðstaða fyrir konur. Annar stigi var milli sundlaugarsalarins og búningsklefa kvenna. Snyrtingar fyrir hvort kynið um sig voru í kjallara gömlu skólabyggingarinnar þar sem áður hafði verið leikfimisalur. Leikfimisalur nýja hússins var yfir sundlaugarsalnum og vestast voru búningsklefar, sturtuherbergi og áhaldaherbergi. Athygli vekur að fyrirkomulag sem teikningin sýnir kemur ekki að öllu leyti heim og saman við lýsingu á húsinu sem skólastjóri ritaði árið 1942. Þar segir hann: „Við enda salarins er búningsherbergi, sem jafnframt er leiksvið, og áfast við það er steypubaðklefi með heitum og köldum böðum, og salerni. Undir búningsherberginu er áhaldageymsla."

[315] Benedikt Gíslason. 1958, bls. 368-369.



Á langskurðarmyndinni má sjá að búningsklefar fyrir sundlaugina eru á tveimur hæðum fyrir vesturenda laugarinnar, yfir vélaherberginu í kjallaranum. Teikningin fellur ekki vel að lýsingu skólastjóra á búningsherbergi, áhaldageymslu og leiksviði fyrir leikfimisalinn. Teikning: Húsameistari ríkisins, C384.

Sund- og leikfimihús ásamt skólahúsinu. Sund- og leikfimihúsið minnir um margt á sundhallarbyggingar Húsameistara ríkisins frá því skömmu fyrir 1950, einkum gluggasetning. Athyglisvert er að á myndunum má sjá að ofarlega á veggjum hússins er brík sem að líkindum er þakrenna úr steinsteypu. Á teikningu að húsinu er steinsteypt þakrenna sýnd ofar eða þar sem þakflöturinn mætir útvegg. Myndir í vörslu Héraðsskjalasafns Austurlands (HerAust).

Árið 1946 varð sú breyting á rekstri Eiðaskóla að námið var gert þriggja vetra langt. Nemendur urðu mun fleiri og nauðsynlegt að auka við húsakostinn. Byggt var nýtt heimavistarhús eftir teikningum Einars Erlendssonar og það tekið í notkun 1950.[316] Þann 29. júní 1960 brann skólahúsið á Eiðum til kaldra kola á rúmri klukkustund. Þá brann líka þak leikfimihússins og leikfimisalurinn varð fyrir

[316] Textaspjald í kennarastofu Eiðaskóla 2025.

verulegum skemmdum af vatni.[317] Nýtt þak var sett á húsið strax eftir brunann 1960 og skömmu síðar skipt um gólfið sem hafði skemmst af vatni í brunanum og regni meðan húsið var þaklaust.[318] Á húsinu var upphaflega valmaþak, en þegar þakið var endurgert var þakgerðinni breytt og síðan hefur húsið verið undir mænisþaki. Á sama tíma virðist gluggasetningu á vesturgafli hafa verið gjörbreytt, þar sem áður voru þrír stórir gluggar, en gaflinn er nú gluggalaus. Sigvaldi Thordarson arkitekt hafði verið nemandi við Alþýðuskólann á Eiðum árin 1929-1930 og var honum falið að hanna nýtt skólahús á Eiðum. Norðurendi gamla skólahússins sem brann var endurbyggður og þar gerður inngangur í leikfimihúsið, anddyri þess og snyrtingar. Nýja húsið sem Sigvaldi teiknaði var byggt við suðurenda gamla skólahússins. Það var tekið í notkun árið 1963, án þess þó að vera fullgert.[319]

Í brunavirðingu frá Brunabótafélagi Íslands, dagsettri 19. ágúst 1960, kemur fram að sundlaug og leikfimihús eru 22 x 10 m að grunnfleti og hæð 10,8 m. Sundlaugin er 12,5 m löng og við enda hennar eru búningsklefar, en við endann á leikfimisal er leiksvið. Sundlaugin er þá einangruð með „vikarplötum“ en leikfimihúsið með torfi á timburgrind og klætt svo með „texil“ og krossvið. Í lýsingunni kemur fram að veggir eru steyptir og þakið er járnvarið timburþak og að steinsteypt loft sé á milli sundlaugar og leikfimihúss, skilrúm steypt. Húsið er hitað með miðstöð og í því eru rafmagnsljós en hvorki reykháfur eða eldstæði.[320] Í spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti (líklega frá miðri 20. öld), kemur fram að laugin var hituð með raforku, laugarvatn, baðvatn og loft.[321]

Ýmsar breytingar og endurbætur voru gerðar á leikfimihúsinu eftir að nýja skólahúsið reis. Gluggar í sundlaugarsalnum voru endurnýjaðir vegna fúa og árið 1969 var sundlaugarþróin flísalögð en fram að því hefur hún að líkindum verið máluð. Árið 1977 var loftræstikerfi sett í sundlaugarsalinn og hljóðeinangrandi loft sett milli steinsteyptra loftbitanna. Fyrirkomulagi búningsklefa, sem voru á tveimur hæðum, var breytt, gerðar útidyr mót vestri, kennaraherbergi niðri en gufubað uppi. [322] Leikfimisalurinn var endurbættur árið 1978 og stækkaður sem nam hluta af leiksviðinu. Veggir voru þá klæddir og einangraðir á ný. [323]

Í skrá yfir sundlaugar í Austfjarðakjördæmi 1976 kemur fram að í Eiðalaug hafi öllum börnum og unglingum úr öllum hreppum á Héraði sem samtals voru tíu talsins, verið kennt en auk þess börnum frá Borgarfirði, Breiðdal, Stöðvarfirði, Berufjarðarströnd og Geithellna- og Búlandshreppi.[324]

---

317 *Tíminn* 30.06.1960, forsíða.
318 Textaspjald í kennarastofu Eiðaskóla 2025.
319 Ármann Halldórsson, Þórarinn Þórarinsson og Ólöf Birna Blöndal. 1983, bls. 19.
320 Brunavirðing frá Brunabótafélagi Íslands dagsett 19. ágúst 1960.
321 Spjaldskrá um laugar, Menntamálaráðuneyti, DD 95.
322 Ármann Halldórsson, Þórarinn Þórarinsson og Ólöf Birna Blöndal. 1983, bls. 42.
323 Textaspjald í kennarastofu Eiðaskóla 2025.
324 Skrá yfir sundlaugar í Austfjarðakjördæmi 1976.

Skólahúsin á Eiðum eru nú gistiheimili eða hótel. Fremst er byggingin sem gerð var eftir teikningu Sigvalda Thoroddsen árið 1963. Lengst til hægri er íþróttaálman frá 1943. Á milli er sá hluti skólahússins frá 1926 sem gerður var upp eftir brunann 1960. Mynd frá maí 2025, höfundar.



Sundlaugarsalurinn virðist í dágóðu ásandi og einnig búningsklefar. Myndir frá maí 2025, höfundar.



Íþróttasalurinn virðist vera í mjög góðu ástandi. Loftræstisamstæðan í lamasessi. Myndir frá maí 2025. Ljósmyndir: Höfundar.

Skólahaldi á Eiðum lauk skömmu fyrir aldamótin 2000 og þá keypti sveitarfélagið Eiðajörðina með mannvirkjum staðarins af ríkinu. Eftir útboð þar sem lýst var eftir kaupanda sem vildi hefja staðinn aftur til vegs og virðingar voru Eiðar seldar einkahlutafélagi sem kvaðst vilja gera staðinn að alþjóðlegu fræðslu- og menntasetri. Nokkur ár liðu án þess að vart yrði við efndir og svo virtist sem tilgangur félagsins með kaupum hafi verið sá að nota eignirnar til veðsetningar fyrir lánum.[325] Að lokum yfirtók Landsbankinn eignina og seldi hana árið 2023 félagi í eigu tveggja athafnamanna með rætur á Fljótsdalshéraði. Þeir hafa þegar opnað gistirými fyrir 80 manns í hluta af húsum staðarins og ætla að halda áfram að gera mannvirki upp og nýta í hótelrekstri. Hitaveita er nú komin í Eiðar sem bætir rekstrarforsendur mikið og eykur möguleika á að nýta innviði eins og sundlaugina.[326]

Lýsing

Gamla sund- og leikfimihúsið er í höfuðdráttum eins og það var byggt 1943, steinsteypt á tveimur hæðum og með kjallara. Á húsinu var bárujárnsklætt valmaþak úr timbri og þar sem íþróttahúsið tengist gafli skólahússins er brot á þakinu með mæni að gaflinum. Húsið er einstakt að því leyti að ekki er vitað til þess að annað hús hafi risið þar sem sundlaug var á neðri hæð/kjallari en leikfimisalur yfir lauginni. Ytra svipmót hússins átti að bera keim af sundhallabyggingum frá sama tímaskeiði, til dæmis í Hafnarfirði, þ.e.a.s. í knöppum fúnkisstíl með fremur háum gluggum og með þakbrúnarennu úr steinsteypu. Eins og þegar hefur verið lýst var vikið frá þessu atriði að því leyti að steypta þakrennan er nokkru neðar sem breytir svipnum. Byggingarstíll íþróttahússins var í takt við tíðarandann,

[325] Munnleg heimild Þórhallur Pálsson arkitekt, búsettur á Eiðum, í samtali 10. janúar 2026.
[326] https://nyr.ruv.is/frettir/innlent/2023-06-20-eidastadur-tekur-stakkaskiptum-og-vaknar-til-lifsins-385943

gjörólíkur stíl gamla skólahússins og samtenging húsanna því ef til vill ekki vel heppnuð. Íþróttahúsið var byggt að hluta til fyrir glugga á gafli skólans, þakið féll að hálfum glugga í risinu og gólfhæðir í húsunum tveimur fylgjast ekki að. Því er meira um tröppur og þrep en ella hefði verið.

Helstu breytingar sem gerðar hafa verið hið ytra er að gluggar hafa verið endurnýjaðir og upphafleg póstaskipan hefur að einhverju leyti verið breytt. Veggir hafa verið einangraðir að utan og húðaðir með plasttrefjamúr. Þakið var endurbyggt eftir brunann 1960 og síðan hafa allbreiðar þakbrúnir verið settar á allar hliðar hússins. Björgunarop með fellistiga hefur verið gert á suðurhlið leikfimisalarins og útidyr gerðar á vesturhliðina þar sem upphaflega voru búningsklefar drengja en síðar var gerð aðstaða íþróttakennara. Inntaksristum loftræstitækja hefur verið komið fyrir á vesturhliðinni. Ýmsar breytingar hafa einnig verið gerðar inni í húsinu m.a. er fyrirkomulag búningsklefa allt annað en það var í upphafi.

Ástand og horfur

Sundlaugin á Eiðum var skoðuð vorið 2025 í leiðsögn Lilju Sigurðardóttur, sem rekur hótelið á staðnum fyrir eigendur. Ástand sundlaugarinnar telst þokkalegt, þrátt fyrir að laugin hafi ekki verið í notkun um nokkurt skeið og ekki hafi verið hafist handa við að gera upp þennan hluta gamla skólans. Sundlaugarkerið virðist vera í góðu ástandi. Dýpt laugarinnar er frá 1,2 til 2,5 m. Hún er enn klædd flísum frá 7. áratugnum og álstiga hefur verið komið fyrir í suðausturhorni laugarinnar. Niðurföll eru á nokkrum stöðum á laugarbökkunum, sem eru með grófri epoxýhúðun.

Ekki verður séð að hreyft hafi verið við tækjabúnaði sundlaugarinnar og bæði hreinsibúnaður og stjórnbúnaður eru á sínum stað, líklega í ásættanlegu ástandi. Loftræstitæki virðast hins vegar hafa orðið fyrir skemmdum, jafnvel að hluta til eyðilagst. Fyrirkomulagi búningsklefa hefur, sem fyrr segir, verið breytt. Þeir eru einfaldir, flísaklæddir, með bekkjum og snögum, og virðist ástand þeirra ekki slæmt. Leikfimisalurinn lítur vel út, en fyrirkomulag þess hluta þar sem áður var leiksvið, áhorfendastúka og áhaldageymsla er nú með allt öðrum hætti en upphaflega.

Áætlanir um framtíðaruppbyggingu hótelreksturs á svæðinu gera ráð fyrir að sundlaugin verði löguð og tekin aftur í notkun og ýmislegt bendir til þess að ekki þurfi að ráðast í mjög umfangsmiklar framkvæmdir til að svo geti orðið. Sundlaugin á Eiðum er ekki aðeins hluti af sögu skólahalds og íþróttaiðkunar á Austurlandi, heldur einnig einstætt dæmi um útfærslu sundlaugar og leikfimisalar í einu mannvirki, sem vert er að varðveita og nýta áfram.

Sundhöll Seyðisfjarðar (1948-)

Staðsetning: Suðurgötu 5	*Höfundur: Guðjón Samúelsson/Bárður Ísleifsson*
Byggingarár: 1948	*Byggt af/eigandi: Seyðisfjarðarkaupstaður/Ríkið*
Helstu endurbætur: 1958 og áfram.	*Yfirbyggð/opin: Yfirbyggð.*
Staða/ástand: Í notkun	*Hitun: Kynt með olíukyndingu í fyrstu, nú tengd hitaveitu*

Umhverfi og aðdragandi

Í fundargerð bæjarstjórnar Seyðisfjarðar árið 1928 er að finna elstu heimild um sundkennslu í bænum og fyrstu hugmyndir um að byggja þar varanlega sundlaug. Íþróttafélagið Huginn hafði annast sundkennslu og sendi bæjarstjórn fyrirspurn þess efnis hvort hún myndi fela félaginu að sjá um kennsluna eins og árið á undan. Bæjarstjórnin svaraði því játandi og að bærinn myndi verja allt að 300 krónum til sundkennslu næsta sumar að því gefnu að a.m.k. 40 byrjendur tækju þátt í náminu.[327]

Í kjölfarið lét íþróttafélagið gera áætlun um steinsteypta sundlaug. Gerð var teikning að laug sem átti að verða 18 m á lengd og 12 m breið. Dýpt hennar skyldi vera frá 1–2,5 metrar. Kostnaðaráætlun dagsett í febrúar 1928 fylgdi og undir hana rita nöfn sín Jón Jónsson, Otto Schöth, Jónas Jensson og Júlíus Magnússon en teikningin ber nafn Jóns Sigfússonar.[328] Þessi áætlun var send stjórnarráðinu, líklega með ósk um fjárstyrk til framkvæmdanna.

[327] Gjörðabók bæjarstjórnar frá 2. febrúar 1825 til 8. janúar 1930. Fundargerð bæjarstjórnar 8. mars 1928.
[328] Sundlaugar steinsteyptar 1381/1941. Stjórnarráð Íslands 1. skrifstofa 0000-010 B/628 Db. 15, nr. 197.



Teikning að steinsteyptri sundlaug á Seyðisfirði dagsett 29.2.1928 og undirrituð af Jóni Sigfússyni.
Af gögnum sem fylgdu kemur fram að hún átti að vera við Dagmálalæk. Gert var ráð fyrir að læknum eða hluta hans yrði veitt í gegnum laugarkerið. Stjórnarráð Íslands I. Skrifstofa 0000-010 B420, B-Bréfasafn 1932_1939. Db. 10, nr.331 Sundlaugar steinsteyptar 3115_1934.

„Hið háa ráðuneyti“ óskaði eftir umsögn Húsameistara ríkisins um áætlun og lýsingu á fyrirhugaðri sundlaug á Seyðisfirði. Guðjón Samúelsson áleit „laugina hæfa, svo gerða sem uppdráttur og lýsing ber með sjer, en miklu hentara væri að grynnri hluti laugarinnar væri sem næst láréttur, vegna barnakennslu.“ Hann taldi þó kostnaðaráætlunina vera of lága.[329]

Huginn vildi byggja sundlaugina hið snarasta og óskaði eftir ábyrgð bæjarins fyrir láni sem félagið hugðist taka til að brúa bilið þar til styrkur fengist úr ríkissjóði. Var málið afgreitt á fundi Bæjarstjórnar svaraði þeirri ósk 21. maí með eftirfarandi bókun:

1. Bæjarstjórnin heimilar bæjarstjóra að ábyrgjast f.h. Seyðisfjarðarkaupstaðar lán allt að 2500 krónur sem félagið Huginn á Seyðisfirði ætlar að taka til sundlaugarbyggingar við Dagmálalæk ef félagið leggur fram sönnun fyrir því að ríkisstjórnin hafi samþykkt uppdrátt af lauginni og kostnaðaráætlun enda sé laugin þannig gerð, að yfir hana megi byggja síðar.
2. Jafnframt ályktar bæjarstjórnin að leita samvinnu við íþróttafélagið Huginn um byggingu yfirbyggðrar sundlaugar með heitu vatni annaðhvort við skólahúsið eða annars staðar þar sem haganlegt þykir….[330]

Ekki hafa fundist heimildir sem skýra af hverju ekki varð af þessari framkvæmd en af bókun bæjarstjórnar má sjá að áform um yfirbyggða sundlaug með heitu vatni voru tekin að mótast. Samþykkt bæjarstjórnar var háð því skilyrði að laugin sem Huginn byggði væri þannig gerð að byggja mætti yfir hana og því skilyrði gat laugin sem Huginn hafði látið teikna alls ekki mætt.

[329] Sama heimild.
[330] Gjörðabók bæjarstjórnar frá 2. febrúar 1825 til 8. janúar 1930. Fundargerðir bæjarstjórnar 7. maí og 21. maí 1928.

Telja má víst að á Seyðisfirði, eins og víðast hvar annars staðar, hafi sund verið fyrst kennt í sjó eða tjörn og sú kennsla sem Huginn annaðist um 1927 og áfram hefur farið fram í Garðarstjörn, skammt innan við Dagmálalæk þar sem félagið hugðist gera steinsteypta laug. Garðarstjörn var manngerð tjörn austan við Fjarðará, skammt sunnan við þéttbýlið á Seyðisfirði. Tjörnin var gerð árið 1895 af Garðarsfélaginu til að safna í hana ís sem nýttist til geymslu á fiski og beitu en tjörnin nýttist einnig til sundkennslu á sumrum. Á sumrin var hiti í tjörninni að jafnaði 10-11 stig og aldrei meira en 12 stig. Skammt frá tjörninni og norðan við veginn hjá Garðarstjörn var byggður lítill búningsklefi fyrir laugina, líklega í kringum 1930, timburskúr, klæddur járni. Samkvæmt fornleifaskráningu sem unnin var á svæðinu 2019 var skúrinn um 5 x 3 m að grunnfleti. Engin ummerki sjást um hann lengur. Sömu sögu er að segja um sjálfa tjörnina sem var um 180 x 118 m að stærð. Hún er nú horfin og var fyllt af jarðefnum á árunum eftir 1975.[331]

Svo virðist sem ráðagerðir um gerð sundlaugar í bænum hafi fallið í dvala eftir 1928 því næsta heimild um þróun málsins sem fundist hefur er um áratug yngri. Í umfjöllun um mögulega sundlaug í bænum segir í blaðinu *Seyðfirðingi,* árið 1936:

> Sundlaug hefur komið til mála að byggja hér og í Seyðisfirði er sundlaug nauðsynleg sem annarsstaðar. En ekki hafa bæjarbúar ennþá annað en Garðarstjörnina til að bylta sér í við sundnám.[332]

Í ágúst sama ár segir í blaðinu:

> Sundkennslu hér á Seyðisfirði er nú lokið. Hefir kennslan staðið yfir í 8 vikur. …. Á góðum dögum var aðsókn 30-40 manns á dag, en að jafnaði 15 -17 manns á dag. Verst var þátttakan síðasta hálfa mánuðinn vegna þess hve farið var að kólna.

Ljóst er að sund var kennt í Garðarstjörn árin 1934 fram til þess að Sundhöllin var tekin í notkun. Kennari var um tíma Aðalsteinn Halldórsson íþróttakennari frá Reykjavík.[333] Aðstaðan við Garðarstjörn hefur væntanlega ekki þótt boðleg í ört stækkandi þéttbýli á fimmta áratug 20. aldar og árið 1942 samþykkti bæjarstjórn Seyðisfjarðar að hefja undirbúning að byggingu sundlaugar. Sama ár stofnuðu Seyðfirðingar „sundlaugarsjóð“ til að afla fjár til framkvæmdarinnar. Sjóðnum var skipuð stjórn til að halda utan um viðfangsefnið. Fyrsta verkefni hennar var að láta teikna sundlaug og gera kostnaðaráætlun.[334]

---

331 Rannveig Þórhallsdóttir: Framkvæmdaeftirlit við Garðarstjörn.
332 *Seyðfirðingur* 06.06.1936.
333 *Seyðfirðingur* 11.08.1938.
334 Gjörðabók stjórnar sundlaugarsjóðs Seyðisfjarðar 1943-1962.

Hugmyndir sjóðsstjórnarinnar og íþróttafulltrúa ríkisins um hvernig leysa skyldi verkefnið virðast hafa verið óljósar í byrjun og nokkurn tíma tók að móta þær. Ýmsar teikningar bárust á næstu mánuðum en ekki hefur tekist að hafa uppi á þeim. Þær eru nefndar fáeinum orðum í fundargerðum en illmögulegt er að átta sig á innihaldi þeirra og því ekki hægt að draga upp glögga mynd af því hvernig hönnun Sundhallar Seyðisfjarðar vatt fram.

Í janúar 1944 lágu fyrir þrjár tillögur sem íþróttafulltrúi hafði sent bæjarstjórn. Á fundi bæjarstjórnar 13. apríl sama ár var stjórn sjóðsins falið „að láta gera teikningu af skólahúsi bæjarins með það fyrir augum að breyta því, ef fært þætti að byggja sundlaug og íþróttahús við hliðina á því. Mánuði síðar höfðu slíkar teikningar verið gerðar í samráði við formann skólanefndar bæjarins. Taldi stjórnin brýnt að hefja framkvæmdir sem fyrst og slíkur var ákafinn að hún pantaði strax 30 smálestir af sementi frá Englandi. Sementið hafði borist þann 11. júlí og stjórnarformaður hafði komið því fyrir til geymslu. Endanlegar teikningar lágu samt ekki fyrir og þrýst var á íþróttafulltrúa að senda þær hið fyrsta.

Í nóvember höfðu borist teikningar að sundlaug og íþróttahúsi. Sundlaugin átti að vera „efst á svokölluðu Bjarkatúni“, sem var í eigu Egils Jónssonar læknis. Formaður hafði þegar rætt málið við Egil sem var fús til að láta af hendi lóð fyrir laugina. Af fundargerðum má ætla að ráðgert hafi verið að byggja tvö hús, sundlaug og íþróttahús. Á hinn bóginn er ekki útilokað að ætlunin hafi verið að sundlaugarhúsið yrði notað sem íþróttahús á vetrum með því að gólf yrði sett yfir laugarkerið eins og raunin varð. Líklegra er þó að sú hugmynd hafi kviknað síðar. Ekki var þó enn um að ræða endanlega teikningu. Á fundi sundlaugarnefndarinnar 4. apríl lá loksins fyrir fullgerð teikning að sundlauginni og henni fylgdu þær ráðleggingar Húsameistara ríkisins að sundlaug og íþróttahús skyldu byggð „sitt í hvoru lagi og hvort öðru óháð byggingarlega séð, fyrst og fremst með tilliti til þess, að með því móti yrðu byggingarnar ódýrari“.[335]

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar ákvað að hefja þegar byggingu laugarinnar. Stjórn sundlaugasjóðsins var falið að annast framkvæmdir en hún hafði fyrir alllöngu tekið að draga að byggingarefni af ákafa. Nú tók við nokkurt þref við að fá afhentar nauðsynlegar sérteikningar um burðarþol og lagnir ásamt efnis- og kostnaðaráætlun, en annríki á teiknistofu Húsameistara ríkisins var mikið. Að því búnu komst skriður á verkið.

Byggingarsaga

Vinna við byggingu sundlaugarinnar hófst sumarið 1945. Á fund sundlaugarsjóðsnefndar þann 23. ágúst mætti Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi ásamt yfirsmiðum byggingarinnar, Guðmundi

[335] Gjörðabók stjórnar sundlaugarsjóðs Seyðisfjarðar 1943-1962.

Þorbjörnssyni og Jóni Vigfússyni. „Íþróttafulltrúinn lagði til að sundlaugarsalurinn svo og salerni og baðklefar yrðu klæddir kristalsasbesti í ca. salarhæð.“ Skiptar skoðanir voru um múrhúð utan á veggjum sundlaugarhússins. Taldi íþróttafulltrúi ráðlegt að nota kvarts í múrhúðina sagði það vilja Húsameistara ríkisins en nefndarmenn og smiðirnir mæltu með því að hraunhúða húsið með perlumöl.[336] Í nóvember 1945 var sundhöllin talin orðið fokheld en þó höfðu gluggar ekki verið glerjaðir né var hún komin undir þak. Byggingarkostnaður hússins varð meiri en ráð hafði verið fyrir gert og tók bæjarstjórn lán til að hægt yrði að halda framkvæmdum áfram. Lokið var við smíðina og laugin vígð 8. júlí 1948. [337]

Teikningar að húsinu gerði Húsameistari ríkisins og þróuðust þær stig af stigi eins og rakið er hér að framan. Lokateikningar eru undirritaðar með nöfnum bæði Guðjóns Samúelssonar og Bárðar Ísleifsonar á árunum 1945-1948.[338] Í spjaldskrá Menntamálaráðuneytis um sundlaugar frá því skömmu eftir að byggingu sundlaugarinnar lauk er Bárður sagður hönnuður hennar og þar kemur einnig fram að hún var kynt með olíu.[339] Í gögnum ráðuneytisins er þess getið að fjarvarmaveita sé væntanleg í sundlaugina.[340] Í skrá yfir sundlaugar í Austfjarðarkjördæmi 1976 segir: „Þjónar einungis Seyðisfjarðarkaupstað og sveitinni.“[341]



Teikning af Sundhöll Seyðisfjarðar merkt Guðjóni Samúelssyni og Bárði Ísleifssyni. Varðveitt á meðal gagna frá Húsameistara ríkisins, C393_02.

Greinargóða lýsing á lauginni er að finna í *Gerpi,* mánaðarriti fjórðungsþings Austfirðinga og er hún hér birt óstytt:

> Undanfarin þrjú ár hefur sundhöll verið í smíðum á Seyðisfirði. Er hún nú fullbúin að mestu leyti og var vígð 8. júlí sl., að viðstöddu fjölmenni. Var hún síðan tekin til almennra afnota næsta dag. Sundhöll þessi er mikið hús og veglegt, svo sem myndir þær af henni, sem birtar eru hér í blaðinu, bera með sér, og stendur við Suðurgötu, steinsnar frá

[336] Þegar þetta er skrifað 2. október 2025 er ekki ljóst hvor aðferðin var notuð.
[337] *Þjóðviljinn* 11.07.1938, bls. 7.
[338] Pétur H. Ármannsson. 2020, bls. 450 (merkt Bárður Ísleifsson í yfirlitsskrá yfir verk hans í bókinni).
[339] Spjaldskrá um laugar, Menntamálaráðuneyti, DD 95.
[340] Skrá um sundstaði og upplýsingar um sundlaugar 1980, DD 05, bls. 2.
[341] Skrá yfir sundlaugar í Austfjarðarkjördæmi 1976. Þorsteinn Einarsson, DD05.

> barnaskólanum. Í austurenda hússins er sundlaugarsalurinn, hár og rúmgóður, og er gangrúmgott á flísalögðu gólfi kringum sundlaugina á alla vegu. Í salnum er hátt til lofts og á honum stórir gluggar með suðurhlið og á austurstafni. Meðfram norðurhlið sundlaugarsalarins er áhorfendasvæði, aðgreint frá honum af súlum úr járnbentri steinsteypu. Geta þar staðið a.m.k. 200 áhorfendur á upphækkandi þrepum, en ef sæti verða sett þarna upp, mun áhorfendasvæðið taka um 100 manns. Veggir salarins og áhorfendasvæðisins eru að neðanverðu í 1,80 m. hæð frá gólfi klæddir gljáfægðum asbestplötum. Sundlaugin sjálf er 12 ½ x 6 ½ m. að stærð og um 2 m. djúp þar sem dýpst er í henni. Á kerinu eru, neðan við vatnsborð, átta ljósop, fjögur hvoru megin. Bak við þessi ljósop er komið fyrir átta sterkum ljósvörpum, sem lýsa upp vatnið í lauginni. Er sú upplýsing áhrifamikil og fögur, einkum í skammdegi eða á síðkvöldum, er yfirborð vatnsins sindrar af ljósinu, sem slær gullnum bjarma á sundfólkið, sem leikur listir sínar í lauginni klætt litfögrum sundskýlum. Mun sundhöll þessi vera hin fyrsta hér á landi með þannig löguðum skrautljósaútbúnaði.
>
> Vesturhluti sundhallarinnar er þrjár hæðir. Eru þar aðaldyr hússins móti norðvestri, í skjóli við ferstrendan turn, sem rís hátt nokkuð og hefur að geyma tröppugang hússins. Í ytra fordyri, gegnt aðaldyrum, er miðasala, en úr innri forstofu er gengið inn í sundlaugarsalinn, í búningisherbergi kvenna og um stiga upp í búningsherbergi karla og niður í kjallara, en þar niðri eru hitunar- og vatnshreinsitæki sundhallarinnar, og auk þess gufubaðstofa. Í búningsherbergi hennar eru 7 fataskápar. Þá er þar steypibað með 3 dreifurum og stór hvíldarstofa. Tæki til gufubaðs eru að öðru leyti enn ekki uppsett. Búningsherbergi kvenna er á sama gólfi og sundlaugarsalurinn. Í því eru 23 fataskápar og í steypibaðklefanum eru 4 dreifarar. Á þriðju hæð er svo búningsherbergi karla með 25 fataskápum og baðklefi þar innar af með 4 dreifurum. Frá honum liggur tröppugangur með suðurhlið hússins niður í sundlaugarsalinn. Vatnssalerni eru 4 í húsinu.[342]

Svo virðist sem alvarlegir gallar hafi verið á smíði hússins því þegar árið 1954 hafði laugin verið lokuð um tíma og þörf var á miklum endurbótum „…svo sem á þaki, raflögnum, gluggum og kyndingartækjum o.fl.“[343] Þakið var svo gallað að nauðsynlegt reyndist að endurnýja það árið 1957 og þá voru gluggar einnig endurnýjaðir. Ekki er ljóst hvort breytingar voru gerðar á þak- og gluggagerðum. Árið 1958 var ákveðið að einangra útveggi sundhallarinnar og ráðinn til þess verktaki.[344] Heimildir um hvernig það verk var unnið hafa ekki komið í leitirnar og ekki er loku fyrir það skotið að ekkert hafi orðið af þeirri framkvæmd. Sú einangrun sem nú er utan á húsinu er seinni tíma framkvæmd.

Eins og sjá má af upphaflegum teikningum og lýst er hér að ofan þá voru búningsklefar kvenna á neðri hæðinni, sömu hæð og sundlaugin, en karlaklefar á efri hæðinni og gengið þaðan um snúinn og brattan stiga niður að sundlauginni. Þessu fyrirkomulagi var síðar breytt vegna ónæðis sem konur urðu fyrir af hálfu karla og eftir það voru búningsklefar kvenna á efri hæðinni en karla á þeirri neðri.[345] Teikningar að endurskipulagningu búningsklefa voru gerðar árið 1966, tvær tillögur, en óljóst er hvort þær komu

[342] *Gerpir. Mánaðarrit fjórðungsþings Austfirðingar 8. júlí 1948. bls. 5 og 6.*
[343] Gjörðabók stjórnar sundlaugarsjóðs. Fundargerð 3. maí 1954.
[344] Sama heimild. Fundargerð 15. janúar 1958.
[345] Gögn frá Íþróttasjóði, Menntamálaráðuneyti, H24. Einnig frásögn Þorvalds Jóhannssonar 11.05.2025.

til framkvæmda. Ekki er ljóst hvenær gufubaðstofan var fullgerð, en árið 1976 gerði Jes Einar Þorsteinsson teikningar að „baðstofu í Sundhöll Seyðisfjarðar“.[346]

Hitunarbúnaður laugarinnar var í kjallaranum, undir vesturenda áhorfendastúkunnar og kolageymsla við hliðina. Olíukynding tók við af kolakyndingu, en árið 1955 var rafmagnshitun komið upp.[347] Um 1982 var sundlaugin svo tengd hitaveitu bæjarins. Meiri hluti kjallarans undir áhorfendastúkunni var um tíma á síldarárunum notaður sem fangageymsla, en þar voru innréttaðir þrír fangaklefar.[348] Hreinsunarbúnaður sundlaugarvatnsins var í kjallaranum fyrir vesturenda laugarkersins, en í kringum kerið var gangur í kjallaranum fyrir ýmiss konar lagnir.

Framan af var laugin aðeins notuð yfir sumarmánuðina og stóð því auð og óhituð á vetrum. Árið 1961 var ráðist í að setja trégólf yfir laugina á veturna og húsið notað til leikfimiæfinga og samkomuhalds.[349]

Lýsing

Þorvaldur Jóhannsson (f. 1940) kom til Seyðisfjarðar 19 ára gamall og starfaði við sund- og íþróttakennslu í aldarfjórðung og var hann leiðsögumaður við úttekt á lauginni sem fram fór vorið 2025.[350]

Sundhöll Seyðisfjarðar er steinsteypt hús í hreinræktuðum fúnkisstíl. Meginhluti hússins er hár sundlaugarsalurinn og búningsklefar eru á tveimur hæðum í vesturendanum. Yfir húsinu er valmaþak og undir því kjallari að stórum hluta. Meðfram norðurlanghlið er lægri álma sem hýsir áhorfendastúku og við vesturenda hennar er stigahús í formi turns. Vestast á norðurhlið hússins eru aðaldyr hússins í kverk við hlið stigahússins. Gengið er upp breiðar steinsteyptar tröppur að dyrunum. Upp úr turninum suðaustast gengur stór steyptur strompur.

Útveggir sundhallarinnar eru nú klæddir trapisulaga járni utan á einangraðri timburgrind. Raðir af litlum gluggum eru á vesturgafli og norðurlanghlið. Hringlaga gluggar (kýraugu) voru áður vestast á suðurhlið (fjórir) og á efri hæð að norðan og stakur gluggi yfir inngangi en þeim hefur öllum verið breytt og gerðir ferningslaga. Háir gluggar eru áberandi einkenni hússins og eru í röð í sjálfum sundsalnum bæði á austurgafli og austanverðri langhlið að sunnan. Tvennar dyr eru á suðurhlið sundlaugarsalarins og voru áður steyptar tröppur upp að þeim báðum að utanverðu en aðkoma að þeim er nú talsvert breytt. Innangengt er í tækjakjallara úr austri.

---

[346] Gögn frá Íþróttasjóði, Menntamálaráðuneyti, H24.
[347] Gjörðabók stjórnar sundlaugarsjóðs. Fundargerð 3. maí 1955.
[348] Frásögn Þorvaldar Jóhannssonar 11.05.2025. Einnig Gjörðabók stjórnar sundlaugarsjóðs. Fundargerð 19. maí 1962.
[349] Gjörðabók stjórnar sundlaugarsjóðs. Fundargerð 10. apríl og 18. apríl 1961. Einnig fundargerð 29. október 1961.
[350] Þorvaldur varð bæjarstjóri Seyðisfjarðar árið 1984

Sundhallarbyggingin reyndist erfið í viðhaldi. Hún var lítið sem ekkert einangruð og slagaði að innan þegar kalt var úti. Skemmdir mynduðust í steyptum útveggjum og á áttunda áratugnum var orðið brýnt að grípa til aðgerða. Bæjarstjórn taldi sér ekki annað fært en að fylgja ráðum tæknilegra ráðgjafa sinna, einangra húsið að utan og klæða það allt með litaðri stálklæðningu. Að innan eru veggir víða timburklæddir að neðan en málaðir að ofan. Búningsklefarnir eru timburklæddir og gólf máluð með epoxymálningu. Sturtu- og búningsklefar voru teknir í gegn og klæddir flísum einhvern tíma upp úr 1960 en gólf og loft þar eru máluð.[351] Loftræstitækjum var komið fyrir í kjallara og loftræstistokkum í lofti sundlaugarsalar til að draga úr rakamettun.[352] Töluverðar ráðstafanir voru einnig gerðar til að bæta hljómburð í salnum og í því skyni var loftið yfir lauginni klætt sérstökum plötum. Sjálf sundlaugarþróin er máluð. Meðfram öllum hliðum hennar eru nokkuð víðar hrákarennur en vatn flæðir yfir þær. Stálstigi er ofan í laugina nærri norðvesturhorni og meðfram vesturenda laugar eru þrír stökkpallar. Í vesturenda salarins er eftirlitsklefi og miðasala. Flísar á sundlaugarbökkunum sem verið höfðu frá upphafi reyndust hálar og voru að lokum fjarlægðar og bakkarnir málaðir með epoxymálningu með heppilegra yfirborði. Þrír áhorfendapallar eru enn meðfram lauginni endilangri. Timburklæðning er á efri hluta veggja sundlaugarsalar. Á efri hæð hússins var klefi sundlaugarvarðar með glugga inn í sundlaugarsalinn svo hægt væri að fylgjast með því sem fram fór í lauginni en glugganum hefur verið lokað og klefinn er nú geymsla.



Efri myndir: Sundhöll Seyðisfjarðar um 1950, nýbyggð. Fallega mótuð bygging í fúnkisstíl eins og hann varð bestur hér á landi. Ljósmyndir frá Héraðsskjalasafni Austurlands en hvorug er merkt ártali eða ljósmyndara. Á neðri myndunum er svo Sundlaug Seyðisfjarðar í maí 2025, klædd að utan með lituðu stáli og helstu stíleinkenni hennar þar með afmáð.

[351] Frásögn Þorvaldar Jóhannssonar 11.05.2025.
[352] Gjörðabók stjórnar sundlaugarsjóðs. Fundargerð 29. október 1962.

Um tíma stafaði mikið ónæði af börnum sem lágu á gluggum sundlaugarinnar til að horfa á þá sem nutu sundkennslu og var þá brugðið á það ráð loka fyrir gluggana að innanverðu í 2,5 m hæð frá gólfi.

Í grein Roni Horn í *Morgunblaðinu* 1999 segir hún sundlaugina á Seyðisfirði sorglegt dæmi um endurbætur á laugarhúsum þar sem búið sé „að klæða að bygginguna að utan með álklæðningu, og skemma að innan með því að hylja að hluta til hágluggana sem eru svo einkennandi fyrir verk Guðjóns.“[353] Þessari lokun glugganna var aflétt síðar.

Árið 1995 var öld liðin frá því Seyðisfjörður hlaut kaupstaðartign og þá var girtur af garður sunnan við sundhöllina sem ætlaður var til sólbaða og þar var síðar komið fyrir heitum og köldum potti.

Ástand og horfur

Sundhöll Seyðisfjarðar var í upphafi mjög stílhrein bygging, líklega meðal þeirra fúnkisbygginga hér á landi sem telja má best dæmi um slíka byggingarlist. Sundhöll Reykjavíkur var líka mótuð í anda fúnksjónalismans en hið ytra bar hún keim af „mónumentalisma“, eins og sjá má víða í byggingum í nýklassískum stíl frá árum seinni heimstyrjaldarinnar í Norður-Evrópu.

Þær sundhallir sem hannaðar voru af embætti Húsameistara ríkisins á eftir Sundhöll Reykjavíkur voru lausar við nýklassísk einkenni og Sundhöll Seyðisfjarðar og Sundhöll Hafnarfjarðar voru frekar í anda fúnkis- eða Bauhaus-hreyfingarinnar.

Eftir því sem næst verður komist þá voru útveggir Sundhallar Seyðisfjarðar án einangrunar í upphafi. Sundhöll Reykjavíkur var líka án einangrunar en veggir hennar voru allt að 70 cm þykkir. Veggir Sundhallar Seyðisfjarðar eru hins vegar aðeins um 30 cm á þykkt. Ekki voru allir á eitt sáttir um hvort veggir Sundhallar Reykjavíkur skyldu vera með einangrun eða ekki, en Guðjón fékk því ráðið að svo yrði ekki, en hann taldi að einangraðir veggir myndu leiða til meiri vandamála en þeir leystu. Ekki hafa fundist heimildir um hvort svipuð umræða hafi átt sér stað um þetta atriði þegar Sundhöll Seyðisfjarðar var byggð, en víst er að raki í útveggjum varð fljótlega að talsverðu vandamáli.

Reyndin varð sú, að veggir Sundhallar Seyðisfjarðar skemmdust fljótt af raka og þeir sem réðu ferðinni kunnu ekki betri ráð en að setja timburgrind utan á húsið og klæða með stáli. Ekki verður séð að til umræðu hafi verið að listrænt gildi byggingarinnar mynd skerðast eða eyðileggjast við þessa aðgerð en ljóst er að hún hefur verulega dregið úr listrænu gildi hússins og afmáð helstu einkenni hennar. Að auki hafa endurbæturnar enst miklu skemur en ætlað hafði verið. Stálklæðningin er nú sum staðar ryðguð og víða skemmd enda hefur hún orðið fyrir hnjaski. Á þeim tíma sem liðið hefur frá því

[353] *Morgunblaðið* 10.04.1999, bls. 12 (Roni Horn).

Sundhöll Seyðisfjarðar var einangruð að utan og klædd stáli hafa menn öðlast mikla reynslu í að takast á við vandamál af þessu tagi og þróaðar hafa verið aðferðir til að bæta fyrir tæknilega galla á steinsteyptum húsum sem voru ríkjandi um miðbik fyrri aldar og því ýmis færi á úrbótum þegar næst kemur að því að huga að viðhaldi og endurbótum á laugarhúsinu. Sundhöll Seyðisfjarðar er listaverk á sviði húsagerðar sem ætti að vera stolt Seyðisfjarðarkaupstaðar. Mikilvægt er að hafist verði handa við endurbætur á því sem fyrst og að í þeim verði leitað allra leiða til að færa húsið aftur í það form sem það hafði í upphafi til að draga fram sérkenni þess og glæsileika.







Sundhöll Seyðisfjarðar vorið 2025. Ljósmyndir: Höfundar.

Sundlaug Neskaupstaðar/Stefánslaug (1943-)

Staðsetning: Miðstræti 15, Neskaupstað

Höfundur: Bárður Ísleifsson, Húsameistaraskrifstofa ríkisins

Byggingarár: 1944

Byggt af/eigandi: Neskaupstaður, ríkissjóður

Helstu endurbætur: 2001-2006

Yfirbyggð/opin: Opin

Staða/ástand: Í notkun. Gamla laugarhúsið horfið að miklu leyti. Sundlaugarkerið endurnýjað í sömu stærð. Umhverfi breytt. Nýtt laugarhús.

Hitun: Kælivatns- og olíuhituð í upphafi, síðar fjarvarmaveita

Umhverfi og aðdragandi

Sundlaugarsaga Norðfjarðar hefst snemma á 20. öld. Á fundi Ungmennafélags Norðfjarðar þann 27. nóvember 1910 hófst umræða um byggingu sundlaugar. Ákveðið var að félagsmenn byggðu laugina sjálfir og öfluðu fjár til verksins eins og unnt væri. Deilt var um hvar laugin ætti að vera en að lokum ákveðið að hún skyldi vera við Stóralæk í landi Bakka. Framkvæmdir hófust snemma árs 1912. Gerður var stíflugarður og laugin hlaðin úr sniddu. Verkið gekk þó hægt sökum fjárskorts og því var ekki að fullu lokið. Árið 1920 tók Málfundarfélagið Austri málið upp á sína arma og lauk gerð sundlaugarinnar.[354] Lítið skýli var reist við tjörnina en fátt er vitað um það.

Ljósmynd frá árinu 1920. Unnið að gerð sundlaugar í Neskaupstað. Ljósmynd: Þjms.BB2-154. Höfundur Björn Björnsson.

Vatnið í lauginni var kalt samanber eftirfarandi klausu í *Norðlingi* frá 1929: „Sundkennsla byrjaði í gær við sundlaug bæjarins. En heldur er svalt í veðri enn til þess að iðka sund fyrir byrjendur og börn í svo kaldri laug. Voru 9 gr. hiti í lauginni í gær.“[355] Í desember sama ár segir frá því að sundkennsla hafi farið fram daglega í sundlaug bæjarins frá 20. júní til 24. ágúst og reist hafi verið lítið skýli fyrir sundfólkið. Miklu færri drengir en stúlkur hagnýttu sér kennsluna. „Til þess að greiða fyrir sundkennslunni á Norðfirði verður fyrir næsta sumar að koma upp góðri sundlaug. Pollurinn, sem nú er notast við, er algerlega óhæfur vegan óhreininda. …. Þegar laugin er komin þarf að fyrirskipa öllum unglingum að læra sund.“

354 *Norðfjarðarsaga* II. bindi, bls. 677-680.
355 *Norðlingur* 08.06 1929.

Umræða um varanlega sundlaug virðist hafa byrjað árið 1929 og á næstu árum var rætt um hvar laugin skyldi vera. Í grein frá 1933 telur höfundur að best hljóti að fara á því að hafa laugina sambyggða skólahúsinu. Árið 1935 tók til starfa Sundlaugarnefnd sem falið hafði verið að byggja sundlaug í Neskaupstað. Nefndin leitaði til forseta ÍSÍ og húsameistara ríkisins um ráðleggingar. Lagði nefndin til að sundlaugin yrði byggð í Bakkagili. Árið 1941 var Stefán Þorleifsson ráðinn til að stýra byggingarframkvæmdum jafnframt því sem hann tók að sér leikfimi- og sundkennslu. Hann kenndi í sundpollinum sumarið 1941 en árið eftir kenndi hann á stað sem nefndist Görnin, „inn á Sandi", við Leiruna fyrir botni Norðfjarðar.[356] Það er ekki fyrr en í ársbyrjun 1942 að undirbúningur var kominn á það stig að framkvæmdir hæfust með kaupum á sementi, járni og timbri. Teikningar voru tilbúnar í mars 1942 ásamt áætlun um byggingarefni.

Sundlaugarnefndin skipulagði fjáröflun með ýmsum hætti. Stærstur hluti fjármagnsins kom þó frá bæjarsjóði og ríkinu en ýmislegt fleira kom til. Tveir nærliggjandi hreppar lögðu t.d. til litlar upphæðir og almenningur styrkti laugargerðina með ýmsum hætti. Nefndin fór líka óhefðbundnar leiðir í fjáröflun. Hún sendi t.d. ávarp til Norðfirðinga sem þá voru á vertíð á Hornafirði með áskorun um að hver bátur gæfi sem svarar afla af einni línu tiltekinn dag til sundlaugar.[357] Ekki er ljóst hvort þetta bar árangur.

Byggingarsaga

Þegar kom að hönnun sundlaugar í Neskaupstað leituðu heimamenn til Húsameistara ríkisins um ráðgjöf og gerð teikninga, enda hafði embættið þá þegar teiknað nokkrar sundlaugar og þar var til staðar reynsla og þekking á þessu sviði. Bárður Ísleifsson arkitekt var ráðinn starfsmaður embættisins árið 1935 en lokaverkefni hans í námi í byggingarlist var fólgið í því að teikna hugmynd að sundhöll í Reykjavík, sem hann valdi stað við Háskóla Íslands.

Eitt af mörgum verkefnum Bárðar hjá húsameistaraembættinu var hönnun sundlauga en víða um land var áhugi á að koma upp varanlegum sundlaugum á þessum tíma. Bárður teiknaði fljótlega nokkrar sundlaugar. Viðfangsefnið og aðstæður voru keimlíkar og fljótlega hafði Bárður mótað nokkrar útfærslur að laugarhúsum sem notaðar voru sem grunnstef á nokkrum stöðum. Á meðal þessara teikninga er sundlaug með þriggja álmu sundlaugarhúsi við laugarenda sem Bárður teiknaði árið 1942. Teikningin var notuð á nokkrum stöðum, t.d. á Þórshöfn, Reykjum og í Ólafsfirði og hún löguð að staðháttum hverju sinni. Sundlaugin í Neskaupstað var gerð eftir þessari teikningu og henni fylgt af

[356] Smári Geirsson tölvupóstur 12.01.2026.
[357] Gjörðabók sundlaugarnefndar. Héraðsskjalasafnið í Neskaupstað.

meiri nákvæmni en víða annars staðar þótt eitthvað hafi verið vikið frá henni. Geir Zoega verkfræðingur mun hafa gert vinnuteikningar og annast burðarþolshönnun.[358] Sjálf sundlaugin var 25 x 8 m að stærð eins og flestar þeirra lauga sem gerðar voru eftir teikningum húsameistara.[359]

Sundlaugin var vígð 8. ágúst 1943. Í *Sveitum og jörðum í Múlasýslu* segir: „…glæsilegt mannvirki í fögru umhverfi í miðjum bænum. Utan við sundlaugina er lystigarður, upp undir hektari að stærð með hagræddu landslagi, trjám, og blómaskrúði, mikil bæjarprýði.“[360]

Tvær ljósmyndir af Sundlaug Neskaupstaðar eftir Þorstein Jósefsson. Báðar myndir eru teknar á bilinu 1944-1960. Mynd til vinstri númer ÞJ_Aust_374 en mynd til hægri ÞJ_Aust_373.

Ekki var mannvirkið þó fullbúið og á næstu tveimur árum var unnið að frágangi lóðarinnar, gufubaðstofuklefi var tekinn í notkun árið 1948, hafði þá verið tilbúinn í þrjú ár en rafmagn hafði ekki verið nóg til að kynda hann, rafhitunarbúnaði var komið fyrir og byggingin múrhúðuð að utan. Rekstur laugarinnar gekk heldur brösuglega í upphafi og steypiböðin voru léleg. Veturinn 1946-47 var laugin að mestu lokuð. Vatn hafði frosið í leiðslum og brjóta þurfti upp steinsteypta stétt við laugina til að gera við hana. Árið 1950 féllu aurskriður tvisvar á laugina og fylltu hana og búningsklefana af leðju. Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi skrifaði um atburðinn í *Vísi*:

> Það sést glögglega af sögu sundlaugarinnar í Neskaupstað, hve fólkinu þykir vænt um laugina sína, því að þrátt fyrir að aurskriður og vatnsflóð hafi tvívegis í ár runnið í gegnum búningsklefa og fyllt laugina, þá sér ekkert á henni, því að undir eins var gert við skemmdir og allur aur fjarlægður. Börn og unglingar unnu sleitulaust að því að hreinsa laugina.[361]

[358] Smári Geirsson tölvupóstur 12.01.2026.
[359] Spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld, DD 95.
[360] *Sveitir og jarðir í Múlasýslu*, bindi III, bls. 10.
[361] *Vísir* 04.10.1950, bls. 5.

Ekkert heitt vatn af náttúrunnar hendi var í Neskaupstað þegar laugin var gerð og því var notað kælivatn af díselvélum rafstöðvar bæjarins í upphafi. Síðar, eða um 1958, var valið að hita vatnið með olíubrennslu. Hluta byggingarinnar var breytt og stór reykháfur var gerður til hliðar við aðaldyrnar. Ekki hafa fundist aðrar heimildir en ljósmynd um þessa aðgerð. Sennilega hefur þessi hitunarbúnaður reynst ónógur því reykháfurinn hvarf af sjónarsviðinu og byggður var kyndiklefi við suðurenda laugarinnar með öðrum strompi.

Brekkurnar báðum megin við sundlaugina voru vandlega mótaðar í reglulega stalla fyrir áhorfendur. Myndin er líklega tekin 1943 þegar sundlaugin var tekin í notkun. Skjala- og myndasafn Norðfjarðar, ljósmyndari Björn Björnsson.

Sundlaugarmannvirkið var samhverft um miðjuás. Aðkoma var að ofan um hlið á steyptum vegg og þaðan eftir bröttum stíg með tröppum eftir ásinum að útidyrum á miðri norðurhlið hússins. Eftir því sem næst verður komist var húsinu því nær strax breytt á þann veg að kyndiklefi með reykháf var gerður til hliðar við dyrnar. Skjala- og myndasafn Norðfjarðar, ljósmyndari Björn Björnsson.



Teikning að kyndiklefanum frá árinu 1958. Teikningar Íþróttasjóðs, Menntamálaráðuneyti, H23.

Ljósmynd af suðvesturhorni kyndiklefans 2025.

Á meðal skjala Íþróttasjóðs eru teikningar að kyndiklefa við suðurenda laugarinnar, dagsettar 1958.[362] Klefinn var steinsteyptur með einhalla steypuþaki og náði hann eftir allri suðurhlið laugarinnar. Breiðar dyr eru á austurenda klefans. Árið 1967 var steyptur hár reykháfur upp úr suðvesturhorni kyndiklefans.[363] Röð ferningslaga glugga er á suðurhliðinni. Stéttin meðfram suðurenda



Stöðluð teikning Bárðar Ísleifssonar að sundlaug af þeirri gerð sem byggð var á Norðfirði með ýmsum handskrifuðum athugasemdum. Í Neskaupstað virðist teikningunni hafa verið fylgt nánar en víða annars staðar. Í spjaldskrá Húsameistara ríkisins kemur fram að frumrit af lokateikningu af lauginni sé ekki til. Teikningasafn Íþróttasjóðs, Menntamálaráðuneyti, H23.

sundlaugarinnar var stækkuð eða breikkuð til suðurs þannig að hún nær nú yfir þak kyndiklefans. Ekki er ljóst hve lengi klefinn var notaður undir kyndingarbúnað, en sennilega hefur því verið hætt árið 1996 þegar sundlaugin tengdist fjarvarmaveitu.[364] Nú er í klefanum hreinsibúnaður fyrir sundlaugarvatnið.

Árið 1966 gerði verkfræðistofa Sigurðar Thoroddssen athugun á kostnaði við að gera leiðslugöng undir sundlaugarbakkana og undir búningsklefahúsið í samræmi við teikningu sem Bárður Ísleifsson hafði gert sama ár. Í greinargerð verkfræðistofunnar segir að bent hafi verið á að lögun á hrákarennum sé óheppileg og geti valdið slysum. Talið var einfalt að laga þetta atriði þegar leiðslugöngin yrðu gerð.

Árið 1971 var að kröfu Brunamálastofnunar hætt að nota kyndiklefann sem var undir forstofu laugarhúss. Nýr ketill var þá settur í klefa þar sem verið hafði snyrting við hlið forstofunnar.[365] Miklar endurbætur voru gerðar á sundlauginni, búningsklefum, gufubaðstofu og sturtum. Stéttir meðfram

[362] Teikningar Íþróttasjóðs, Menntamálaráðuneyti, H23.
[363] Gjörðabók sundlaugarnefndar 11. febr. 1967. Héraðsskjalasafnið í Neskaupstað.
[364] Smári Geirsson, tölvupóstur 12.01.2026.
[365] Sama heimild fundargerð 4.5. 1971.

laugarkerinu endurgerðar, laugarkerið endurbætt og tröppur að því steyptar.[366] Leiðslugöngin voru gerð, hrákarennan fjarlægð og sundlaugarbakkarnir mótaðir á nútímalegan hátt með yfirfallsrennu. Sennilega hefur laugarkerið verið steypt að nýju, að minnsta kosti að nokkru leyti, því við austurbakka þess, sem snýr að nýja húsinu, er útskot með steinsteyptum tröppum.

Lýsing

Af ljósmyndum að dæma af sundlauginni nýbyggðri virðist hún hafa verið fallegt mannvirki. Henni var valinn staður í brekku sem hallar mót suðri. Húsið er steinsteypt, ein hæð með einhalla þaki að lauginni. Mannvirkið var samhverft um miðjan ás, laugarhúsið var við norðurenda laugarinnar og inngangur var á miðri norðurhliðinni. Að honum lágu steinsteyptar tröppur niður bratta brekku og steyptur veggur við báðar hliðar. Í miðju húsinu var forstofa og aðstaða sundkennara og til hliðanna voru búningsklefar karla og kvenna, hvor til sinnar áttar. Í hliðarálmum voru „þrifaböð" og í enda þeirra gufubað í annarri álmunni en geymsla í hinni.

Steinsteyptar stéttar voru með sundlaugarbökkum laugarinnar og við suðurenda hennar var stökkbretti. Út frá hliðarálmunum voru steinsteyptir veggir með langhliðunum en fyrir suðurendanum var grindverk.

Skjala- og myndasafn Norðfjarðar, ljósmyndari Björn Björnsson.

Skjala- og myndasafn Norðfjarðar, ljósmyndari Björn Björnsson.

[366] Sama heimild, fundargerð 20.09.1976.

Utan við steyptu veggina, til hliðar við sundlaugina og norðan við hana, var landið mótað í grasi gróna áhorfendastalla. Handan þeirra var lystigarður. Allt mannvirkið var hvítmálað.

Mynd sem líklega er tekin við vígslu laugarinnar 1943. Skjala- og myndasafn Norðfjarðar, ljósmyndari Björn Björnsson.

Allri aðstöðu við sundlaugina var gjörbylt á árunum 2001 til 2006. Byggt var nýtt, stórt hús með afgreiðslu og búningsaðstöðu austan við sundlaugina, gerðir heitir og kaldir vatnspottar og komið upp myndarlegum vatnsrennibrautum austan við laugina. Framan við aðaldyr nýja hússins var útbúið bílastæði. Árið 2016 fékk sundlaugin nafnið Stefánslaug í tilefni af 100 ára afmæli Stefáns Þorleifssonar sem stjórnaði byggingarframkvæmdum við laugina og kenndi þar sund fyrstur manna.[367]

Ástand og horfur

Sundlaug Neskaupstaðar var skoðuð vorið 2025. Hún er margbrotið mannvirki og hlutar þess frá ýmsum tímum. Sundlaugarmannvirkið sem tekið var í notkun árið 1943 var stílhreint og einfalt. Sundlaugin var byggð í kvos og komu sundlaugargestir að lauginni eftir fallegri leið niður þann ás sem allt mannvirkið hverfðist um. Landslag við sundlaugina var mótað sem hluti af heildinni með áhorfendastöllum og trjágarði umhverfis. Laugin var því fallega staðsett en hugsanlega var staðsetningin ekki hentug, í það minnsta virðist hún hafa farið í kaf í snjó á vetrum og frásagnir af aurskriðum sem ítrekað gengu yfir hana.

Sá hluti gamla laugarhússins sem enn stendur er nú í fremur slæmu ásigkomulagi og er steypa þess illa farin. Vesturálma þess var rifin og einnig syðsti hluti austurálmunnar. Það sem eftir er af húsinu var breytt í gufubaðstofu og geymslu. Norðurhlið hússins, aðkomuhliðin, er sérstaklega illa farin, dyrunum og gluggum hefur verið lokað með flekum og liggur nú jarðvegur upp á miðjan vegginn sem snýr mót brekkunni. Beggja vegna við dyrnar að lauginni voru mjóir gluggar á inngangi og fjórir litlir gluggar beggja vegna við inngang en þeir hafa nú verið byrgðir. Tröppurnar sem lágu að aðaldyrunum voru fjarlægðar. Þakgerð hússins hefur verið breytt að því leyti að veggir náðu áður upp fyrir þakkant en

[367] Smári Geirsson tölvupóstur 13.01.2026.

gera það ekki lengur þar sem búið er að lengja þak og setja timburklæðningu sem nær út fyrir veggina, hækka þannig þakið lítillega og auka þakhalla. Á miðju þaki laugarhússins var áður stór reykháfur sem



Myndir af Neskaupstaðarlaug teknar við skráningu 2025. Ljósmyndir: Höfundar.

hefur verið fjarlægður. Á úthliðum austur- og vesturgafla voru þrír gluggar en gaflar þeirra voru gluggalausir. Suðurhlið hússins, sú sem snýr að laug er í betra ástandi en brekkuhliðin. Upprunalega var austurálman var með einum dyrum á miðjum vegg og tveimur litlum gluggum beggja vegna við en vesturálman með dyrum syðst, þá tveimur litlum gluggum og svo öðrum dyrum og glugga næst horni. Suðurhlið miðálmunnar var með stórum glugga með sex rúðum í rýminu miðju og dyr beggja vegna og er það óbreytt. Til vesturs frá vestari dyrunum voru þrír litlir gluggar en tveir austan við þá austari

og húsið því ekki fullkomlega samhverft. Dyr og gluggar í þeim hluta byggingarinnar sem eftir stendur eru að hluta upprunaleg í miðjuálmunni en plastgluggar og dyr eru í austurálmu og austast á miðálmunni. Þar sem nú er gufubað er greinilegt að sá hluti hússins hefur hlotið viðhald. Þar sem vesturálman stóð er nú stór rennibraut og líklega hefur hluti austurálmunnar verið rifinn til að koma fyrir heitum potti þar nærri.

Smám saman hefur sundlaugin verið aukin og endurbætt og færð að nýjum og auknum kröfum sem gerðar eru til nútímasundlauga um tækni og allan aðbúnað. Steyptur stigi eða „aðkomukar" var gert við laugina að austan og hún flísalögð og er nú talsvert breytt frá upprunalegri gerð. Við norðurenda hennar er yfirbreiðsla sem dregin er yfir laugina þegar hún er ekki í notkun. Við austurhlið hennar er nú heitur pottur og barnalaug og annar pottur sunnan hennar. Glerveggur er nú fyrir suðurhlið laugarstéttarinnar og fallegt útsýni yfir fjörðinn.

Þrátt fyrir að laugaraðstaða í Neskaupstað sé nú góð og uppfylli kröfur nútímans hefur þess ekki verið gætt að viðhalda hreinleika í stíl og samfellu í útliti sundstaðarins. Nýja laugarhúsið er stórt og yfirgnæfandi á svæðinu, gamla húsið ekki nema svipur hjá sjón og heildarmynd sundstaðarins gjörbreytt. Þörf er því á að meta vandlega hvort og hvernig best verði staðið að varðveislu þess sem enn stendur.

Sundlaug Fáskrúðsfjarðar/Búðakauptúns (1947-)

Staðsetning: Skólavegi 39-41	*Höfundur: Einar Erlendsson/Bárður Ísleifsson, Húsameistaraskrifstofa ríkisins*
Byggingarár: 1947	*Byggt af/eigandi: Búðahreppur/Ríkissjóður*
Helstu endurbætur:	*Yfirbyggð/opin: Yfirbyggð*
Staða/ástand: Í notkun	*Hitun: Ólíuhituð í upphafi*

Umhverfi og aðdragandi

Fyrsta tilraun til að reisa steinsteypta sundlaug á Fáskrúðsfirði, sem heimildir hafa fundist um, er frá árinu 1931. Þá var gerð teikning að slíkri laug við lækjarbakka, án þess þó að hægt sé að greina nánar hvar lauginni var ætlaður staður.[368] Á teikningunni eru sýndir búningsklefar í timburskúr við dýpri enda laugarinnar. Í skúrnum voru fjögur hólf, hvert um sig með dyr beint að sundlauginni. Teikninguna hefur Benedikt Sveinsson trésmiður líklega gert. Sundlaugarnefnd Búðahrepps sendi teikninguna til Fjármálaráðuneytisins með bréfi dagsettu 17. nóvember 1931 þar sem fram kemur að árið áður hafði nefndin sent teikningu að sundlaug ásamt kostnaðaráætlun og óskað eftir fjárstyrk til byggingar laugarinnar. Með bréfi sínu ítrekar nefndin ósk sína.[369] Bréfinu fylgdi skrifleg staðfesting eigenda Búðajarðarinnar því að þeir hafi lofað að láta af hendi sundlaugarstæði á jörð sinni með „mjög aðgengilegum kjörum." Af þessu má ráða að árið 1930 hefur þegar verið gerð teikning að sundlaug en hún hefur ekki komið í leitirnar.



Teikning að sundpró á Fáskrúðsfirði með búningsklefum. Undirritun Ben.S?, líklega Benedikt Sveinsson trésmiður, dagsett 12/7 1931. Fáskrúðsfjörður 3 N, Stjórnarráð Íslands I. Skrifstofa 0000-010 B628, B-Bréfasafn 1935-1942. Db. 15, nr. 197. Sundlaugar steinsteyptar 13811941. Þjóðskjalasafn Íslands.

Barnaskólahús Fáskrúðsfjarðarhrepps brann árið 1929 og í kjölfarið urðu miklar umræður um hvort kaupa ætti Franska spítalann til skólahalds eða byggja nýtt skólahús.[370] Líklegt má telja að sundlaugarteikningin frá 1931 hafi orðið til í tengslum við þær umræður, en í fundargerðarbók

[368] Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa 0000-010 B/628 Db. 15, nr.197 Sundlaugar steinsteyptar 1381/1941.
[369] Sama heimild. Bréf sundlaugarnefndar Búðahrepps til Fjármálaráðuneytis dagsett 17. nóvember 1931.
[370] Smári Geirsson. 2022, bls. 109-117.

hreppsnefndar frá árinu 1931 er þó ekki að finna bókanir þar sem sundlaug er nefnd í tengslum við skólabyggingarmálið.[371]

Ungmennafélagið Skrúður var stofnað í Fáskrúðsfjarðarhreppi árið 1934 og eitt af fyrstu verkefnum þess var að efna til sundkennslu, sem fram fór í sjónum við Mjóeyri. Í kjölfar þess var komið upp sundaðstöðu í Dalsánni.[372] Umræður um byggingu sundlaugar á Búðum hófust eða risu á ný árið 1937 og var þá kjörin sundlaugarnefnd til að annast undirbúning og framkvæmdir. Ekki hafa fundist heimildir um að sundlaugarnefnd hafi verið starfandi árið 1931 þegar teikningin var gerð sem sagt er frá hér að ofan.

Telja má víst að nefndin hafi leitað til Þóris Baldvinssonar um gerð teikningar, sem varðveist hefur með undirskrift hans og er dagsett í maí 1937. Teikningin sýnir sundlaug sem byggja átti í Búðagili á Fáskrúðsfirði. Tillaga Þóris var dæmigerð fyrir sundlaugar frá þessum tíma og lík mörgum sambærilegum mannvirkjum sem reist voru víða um land um þetta leyti. Hann gerði ráð fyrir 12,5 m langri laug og einföldu, aflöngu laugarhúsi við grynnri enda laugarinnar. Húsið skyldi vera úr timbri, með kyndiklefa á milli karla- og kvennaklefa. Þórir gerði einnig kostnaðaráætlun fyrir laugina, búningsklefana og girðingu, sem hann taldi myndi nema 5000 krónum. Að auki áætlaði hann að hreinsibúnaður fyrir vatnið myndi kosta 2500 krónur.[373]

Sundlaugarnefnd Búðakauptúns sendi tillöguna til Atvinnumálaráðuneytisins með ósk um að ríkissjóður veitti styrk í byggingar laugarinnar sem nefndin hefur ákveðið að ráðast í strax vorið 1937.[374]

[371] Gjörðabók sveitarstjórnar 1934-1949.
[372] Smári Geirsson. 2022, bls. 224-229.
[373] Bréf undirritað af Þóri Baldvinssyni 10.maí 1937 á bréfsefni Teiknistofu Búnaðarbanka Íslands.
[374] Bréf undirritað af Birni Stefánssyni formanni sundlaugarnefndar 11. maí 1937.



Teikning Þóris Baldvinssonar að sundlaug á Fáskrúðsfirði dags. 8. maí 1937. Þjóðskjalasafn Íslands. Stjórnarráðið 1. skrifstofa.

Ekki er ljóst hvort svar barst við þessu erindi, en í febrúar 1938 var haldinn almennur borgarafundur í leikfimihúsi barnaskólans á Fáskrúðsfirði til að ræða fyrirhugaða sundlaug. Kosin var framkvæmdanefnd og ákveðið að senda teikningu Þóris Baldvinssonar til Húsameistara ríkisins með ósk um að hann geri fullkomna teikningu að því hvernig laugin „gæti sameinast sem viðbygging við leikfimihúsið.“[375] Í kjölfarið sendi framkvæmdanefndin bréf til Alþingis. Þar segir m.a.:

> Um langt skeið hefur það verið einhver hin heitasta ósk Búðaþorpsbúa, bæði eldri og yngri, að hægt yrði að koma upp viðunanlegri kennslulaug í þorpinu, en hingað til má heita að öll viðleitni í þessa átt hafi lítinn eða jafnvel engan árangur borið. Þó er það svo að hugmyndin hefir aldrei með öllu dáið út. Þegar hið nýja leikfimishús, sem byggt var við barnaskólann síðastliðið sumar, reis af grunni, færðist enn að nýju líf í sundlaugarhugmyndina, og þótti það best viðeigandi að hún kæmi við hið nýreista leikfimishús.

Björn Stefánsson kaupfélagsstjóri veitti forstöðu framkvæmdanefndinni og aftur var ákveðið að leita til Alþingis um fjárstyrk. Í lok bréfs Fáskrúðsfirðinga segir:

> Samhliða þessari beiðni vorri til alþingis, sendum vér húsameistara ríkisins, grunnriss af staðháttum við leikfimihúsið, ásamt teikningu sem á sínum tíma var gjörð af sundlaug fyrir

[375] Gjörðabók framkvæmdanefndar um sundlaugarbyggingu á Fáskrúðsfirði.

> þorpið, en sem þá var ætlaður annar staður. Gjörum vér ráð fyrir að sú teikning geti, án verulegra breytinga, einnig átt við þó sundlaugin verði gerð sem viðbyggingin við leikfimishúsið. Hugmynd vor er að sundlaugin verði yfirbyggð og hituð með rafmagni, má því gera ráð fyrir að hún kosti, minnst, um 12 þúsund kr.[376]

Teikningin sem vísað er til í þessu bréfi er vafalítið sú sem Þórir Baldvinsson gerði í maí 1937 og sjá má hér að framan. Þar var reyndar ekki gert ráð fyrir yfirbyggðri sundlaug og því hefði átt að liggja í augum uppi að verulega þyrfti að endurskoða teikninguna.

Svo er að sjá að Húsameistari ríkisins hafi brugðist skjótt við því í skjalasafni embættisins er teikning að yfirbyggðri laug á Fáskrúðsfirði, dagsett í júlí 1938. Gert er ráð fyrir að laugin sé viðbygging við leikfimihúsið sem byggt var við barnaskólann árið 1937. Á fundi hreppsnefndar haustið 1938 samþykkti nefndin að veita eitt þúsund krónum 1939 til byggingar hússins og skorar hún á



Teikning að sundlaug Fáskrúðsfjarðar merkt Einari Erlingssyni frá júlí 1938 (Húsameistari ríkisins_C1015) Hún sýnir yfirbyggða sundlaug sem viðbyggingu við barnaskólann.

framkvæmdanefnd sundlaugar að hefja framkvæmdir næsta vor.[377]

[376] Stjórnarráð Íslands 1. skrifstofa. Bréf til Alþingis dagsett 9. febrúar 1938.
[377] Gjörðabók sveitarstjórnar 1934-1949. Fundargerð 9. október 1938.

Ekkert er að finna um fyrirhugaða byggingu sundlaugar í fundargerðum hreppsnefndar næstu árin og ekki verður annað séð en að áformin hafi lagst í dvala um hríð þótt líklega hafi bæjarbúar haldið áfram þrýstingi um úrbætur. Til þess bendir a.m.k. hvatningarbréf frá þeim Gunnari Ólafssyni og Birni

Stefánssyni sem hreppsnefndinni berst í maí 1942. Þeir Gunnar og Björn fullyrða „að hvergi á landinu séu eins erfið sundskilyrði“ og á Fáskrúðsfirði og benda á að á síðustu árum hafi verið fundin upp



Teikning að sundlaug Fáskrúðsfjarðar sem byggt var eftir (Húsameistari ríkisins C384_07) er frá 20. janúar 1944, gerð af Bárði Ísleifssyni.

aðferð til að hita upp sundlaugarvatn með ýmsum hætti, t.d. með hráolíuvélum. Þeir benda á að þessi aðferð hafi t.d. reynst vel á Siglufirði og í byggingu séu sundlaugar á bæði Þórshöfn og í Neskaupstað þar sem ráðgert sé að nota hraðfrystihúsmótora til að hita laugarvatnið. Sú aðferð sé einmitt sú aðferð sem þeir ráðgeri að nota á Fáskrúðsfirði þegar leyfi hafi fengist. Þeir segja að verkið verði dýrt á sökum dýrtíðar en afar brýnt þar sem sundkunnátta Fáskrúðsfirðinga sé mjög takmörkuð og varla geti talist að nokkur maður sé syndur þrátt fyrir að þeir stundi flestir sjósókn á einhverjum tímapunkti lífsins. Því sé afar brýnt að hraða framkvæmd og að vel hafi gengið að safna í sundlaugarsjóð en nú þurfi Fáskrúðsfjarðarhreppur að leggja fé á móti svo hægt sé að hraða framkvæmdunum.[378] Ekkert verður

[378] Bréf til Hreppsnefndar Fáskrúðsfjaðarhreppar, ritað af þeim Gunnari Ólafssyni og Birni Stefánssyni 15. maí 1942.

sagt um hvort þessi hvatning hafi riðið baggamuninn en ári síðar var í það minnsta loksins ákveðið að ráðast í gerð sundlaugar sem viðbyggingu við barnaskólann.[379]

Byggingarsaga

Við þær byggingarframkvæmdir sem hófust á fyrri hluta 5. áratugarins virðist teikningin frá 1938 hafa verið endurskoðuð, því í teikningasafni húsameistara er teikning dagsett 1944 og undirrituð af Bárði Ísleifssyni, sem húsið virðist hafa verið byggt eftir.

Í bókun hreppsnefndar frá 3. janúar 1944 má sjá að þá eru framkvæmdir hafnar en þar kemur fram að borist hafi erindi frá sýslumanni Suður-Múlasýslu þar sem óskað var eftir afstöðu hreppsins til kröfu sýslunefndar um greiðslu láns úr Bjargráðasjóði. Hreppsnefndin benti á að hreppurinn stæði þá í ýmsum nauðsynlegum framkvæmdum, þar á meðal við byggingu barnaskóla, sundlaugar og landrækt, en að framlög sýslunefndarinnar til menningarmála hefðu á undanförnum árum verið bæði takmörkuð og bundin skilyrðum sem talin voru óviðeigandi. Með hliðsjón af þessu var talið réttara að ráðstafa fjármunum til þessara verkefna fremur en til greiðslu umræddra skulda.[380] Í júní sama ár er lagt fram bréf í bókun hreppsnefndar frá sundlaugarnefnd þar sem nefndin leitar til hreppsins um 25 þúsund króna framlag til sundlaugar á árinu og veitti hreppsnefndin styrkinn með skilyrðum.[381] Ýmsar fleiri bókanir um sundlaugina finnast í fundargerðum hreppsnefndar næstu misseri. Í upphafi árs 1945 kemur t.d. fram í fundargerð að hreppurinn samþykki að taka ábyrgð á þeim hluta 22 þúsund króna víxils sem sundlaugarnefnd gaf út og framlag hreppsins til laugarinnar náði til[382] og í nóvember sama ár fór sundlaugarnefndin fram á að hreppurinn tæki á sig ábyrgð á 55 þúsund króna láni vegna framhaldsframkvæmda við sundlaugina.[383]

Af þessum bókunum verður ekki betur séð en að sundlaugarnefndin hafi haft býsna afdráttarlaust forræði yfir framkvæmdinni. Nefndin tekur lán með persónulegri ábyrgð nefndarmanna til að knýja verkið áfram en síðar þarf svo hreppsnefndin að fjalla um og ákveða að yfirtaka ábyrgðina. Að lokum er það hreppsnefndin sem fer með eignarhaldið fyrir hönd íbúanna en á fundi hreppsnefndar í október 1947 var lögð fram og samþykkt skipulagsskrá fyrir „sundhöll Búðakauptúns“ sem íþróttafulltrúi ríkisins hafði samið.[384]

[379] Fundargerð Hreppsnefndar Fáskrúðsfjarðarhreppar, 7. júní 1943.
[380] Fundargerð Hreppsnefndar Fáskrúðsfjarðarhrepps, 3. janúar 1944, 11. liður.
[381] Fundargerð Hreppsnefndar Fáskrúðsfjarðarhrepps.
[382] Fundargerð Hreppsnefndar Fáskrúðsfjarðarhrepps, 4. janúar 1945.
[383] Fundargerð Hreppsnefndar Fáskrúðsfjarðarhrepps, 4. nóvember 1945, 1. liður.
[384] Fundargerð Hreppsnefndar Fáskrúðsfjarðarhrepps, 3. október 1947.

Sundlaug Búðakauptúns var byggð á árunum 1944-46 og árið 1945 fékk laugin hæstu úthlutun frá íþróttanefnd ríkisins.[385] Hún var vígð 27. ágúst 1947. Sundlaugin var yfirbyggð og teiknuð af Einari Erlendssyni/Bárði Ísleifssyni hjá Húsameistaraskrifstofu ríkisins.[386] Hún var 12,5 x 6 m stór. Einar Sigurðsson var yfirsmiður við bygginguna samkvæmt frétt í *Þjóðviljanum* 1947.[387] Í greininni kemur fram að sundlaugin hafi kostað 334 þúsund krónur og þar af höfðu 204 þúsund krónur safnast með frjálsum framlögum en 130 þúsund voru greiddar úr Íþróttasjóði.

Sundlaug Fáskrúðsfjarðar. Mynd til vinstri er tekin á árunum 1948-1965 af Þorsteini Jósepssyni (Sarpur nr. ÞJ_Aust_474) en myndin til hægri er af síðunni around.is https://www.around.is/s/sundlaug-faskrudsfjardar/

Lýsing

Sundlaugin var skoðuð vorið 2025 í leiðsögn Guðfinnu Erlínu Stefánsdóttur starfsmanns hennar. Barnaskóli Búðakauptúns brann árið 1929 og nýr var byggður skömmu eftir 1931. Íþróttahús var reist sem viðbygging við skólann 1937 og sundlaugin gerð í viðbyggingu við íþróttahúsið á árunum 1944-47. Húsalengjan er í brekku sem hallar mót suðri. Aðkoma er frá götu norðan við húsin, Skólavegi og er húsið fast við gangstétt götunnar.

[385] *Skinfaxi* 01.04.1945, bls. 67.
[386] Spjaldskrá Þjóðskjalasafns Íslands, DD, 95.
[387] *Þjóðviljinn* 29.08.1947, „Sundlaug Búðakaupstaða vígð“, blaðsíðutal vantar.

Skólinn er úr timbri, óvíst er um íþróttahúsið en sundlaugarhúsið er steinsteypt. Skólinn er ein hæð á steinsteyptum kjallara og er byggt inn í brekkuna að norðan. Húsið er nú með mænisþaki og er

2025. Þrjár byggingar sambyggðar. Barnaskólinn fjærst, leikfimihús í miðju, sundlaugin næst.

2025. Þrjár byggingar sambyggðar. Barnaskólinn lengst til vinstri, leikfimihús í miðju, sundlaugin hægra megin.



Ljósmyndir frá skoðun laugarinnar 11. maí 2025. Ljósmyndir: Höfundar.

samhliða götunni. Íþróttahúsið er við vesturgafl skólans, mjórra en skólinn, ein hæð með gólf í sömu hæð og kjallaragólf skólans. Sundlaugin er við vesturgafl íþróttahússins. Inngangur er um dyr á miðri norðurhlið og búningsklefar og gufubað eru í „álmu“ meðfram Skólavegi. Undir klefaálmunni er tæknikjallari með tilheyrandi hreinsikerfi fyrir sundlaugarvatnið. Upphaflega var einhalla timburþak á sundlaugarbyggingunni.

Nú er öll húslengjan klædd að utan með litaðri trapísulaga stálklæðningu og eitt samfellt bárujárnsklætt þak er yfir henni. Tilsýndar er nær því eins og um eina byggingu sé að ræða þótt greina megi þrískiptingu hennar af gluggagerðum og ýmsum öðrum atriðum ef að er gáð.

Við norðvesturhorn sundlaugarhússins er lítilsháttar viðbygging. Á suðurhlið hennar voru steinsteyptar svalir sem hvíldu á steyptum stoðum. Svalagólfið hefur verið rifið, en stoðirnar standa enn. Á kjallaravegg viðbyggingarinnar eru dyr að tæknirýmum sundlaugarinnar. Ekki fundust heimildir um hvenær viðbyggingin var reist.

Sundlaugarkerið er steinsteypt en klætt með dúk. Nútímaleg yfirfallsrenna er meðfram sundlaugarbökkum á þrjá vegu og nýr stigi liggur ofan í laugina á tveimur stöðum. Bakkar eru á þrjá vegu, en suðurhlið sundlaugarinnar liggur að útveggnum. Stórir gluggar með timburkörmum eru á sundlaugarsalnum mót suðri, en gluggagerð, sem upphaflega var níu rúðna, hefur verið breytt.

Loftið yfir sundlaugarsalnum hvílir á trébitum þvert yfir salinn og á milli þeirra eru hljóðdempandi plötur úr málmi. Hljóðvist í salnum er allgóð. Veggir salarins eru flísalagðir í ca. 220 cm hæð en ofar er máluð múrhúð. Á austurgaflvegg salarins eru tvennar dyr, annars vegar var innangengt yfir í leikfimisalinn en þær dyr hafa nú verið aflagðar og hins vegar dyr og stór gluggi þaðan sem útgengt er út á pall sem snýr mót suðri þar sem er heitur pottur undir berum himni og ker með köldu vatni. Þessi viðbót við sundlaugina var gerð eftir 2010 að sögn Guðfinnu.

Loftræstikerfi er í húsinu með stokkum yfir búningsklefaálmunni sem opnast inn í sundlaugarsalinn. Að áliti starfsmanns laugarinnar er loftræstikerfið ekki lengur nothæft. Búningsklefar virðast í góðu lagi og voru flísalagðir fyrir fáum árum.

Gerð sundlaugarhússins er nokkuð sérstök og sker sig frá flestum sundlaugum sem byggðar voru um sama leyti. Fáskrúðsfirðingar notuðu tignarheitið *sundhöll* þegar laugin var ný, en það orð var haft um yfirbyggðar sundlaugar sem voru stakstæðar og þóttu glæsilegar. Annars er ekki ljóst í hvaða tilvikum það þótti við hæfi. Til dæmis var Sundskáli Svarfdæla ekki þess verður að kallast sundhöll. Ef til vill voru það byggingar með svipmót klassískar byggingarlistar sem helst verðskulduðu þessa upphefð. Gluggasetning á suðurhlið sundlaugarhússins á Fáskrúðsfirði hefur ef til vill kallað fram sundhallarheitið því það eru einkum gluggarnir sem minna á hinar metnaðarfullu sundhallir í Reykjavík og Hafnarfirði. Af öðrum sundhallarbyggingum frá sama tímaskeiði er það helst sundskálinn í Hveravöllum í Reykjahverfi sem líkist sundlaugarhúsinu á Fáskrúðsfirði. Hann var steinsteyptur með flötu eða lítt hallandi þaki og gluggar hans voru áþekkir. Sundskálann á Hveravöllum teiknaði Jóhann Franklín Kristjánsson tíu árum áður en sundlaug Búðakaupstaðar var teiknuð og óvíst hvort áhrifa gætti þaðan.

Ástand og horfur

Sundlaug Fáskrúðsfjarðar er enn í notkun. Auk almennrar opnunar er þar boðið upp á vatnsleikfimi, ungbarnasund og skólasund og almennar sundæfingar fyrir börn og unglinga. Félag eldri borgara á Fáskrúðsfirði hefur jafnframt gamla skólann og leikfimisalinn til afnota fyrir félagsstarf sitt.[388]

Sundlaugin er snyrtileg og umgengni um hana góð. Við yfirborðslega skoðun verður ekki annað séð en mannvirkið sé í þokkalegu ástandi í aðalatriðum, þó ljóst sé að kominn sé tími á ýmislegt viðhald og endurbætur. Lauginni hefur verið lokað nokkrum sinnum á síðustu árum vegna bilana og skorts á viðhaldi. Samkvæmt sundlaugarverði stóð til að hefja margvíslegt viðhald árið 2025, meðal annars breytingar sem áttu að tryggja aðgengi sjúkraflutningafólks, en þeim framkvæmdum hefur verið frestað um óákveðinn tíma. Einhverjar blikur virðast á lofti um framtíðarrekstur sundlaugarinnar og í frétt frá 2024 er greint frá áhyggjum heimamanna vegna orðróms um mögulega lokun hennar, sem talin væri skerða lífsgæði margra á svæðinu verulega.[389] Fáskrúðsfjörður var sjálfstætt sveitarfélag þegar sundlaugin var byggð en varð hluti af sveitarfélaginu Fjarðabyggð árið 2006. Í sveitarfélaginu eru nú reknar fimm sundlaugar.

Samgöngur hafa batnað mikið frá miðri 20. öld og auðveldara er að komast á milli staða. Jafnframt hefur baðmenning þjóðarinnar þróast þannig að gott aðgengi að sundlaugum er meðal þeirra lífsgæða sem einkenna íslenskt samfélag, og því er mikilvægt að tryggja framtíð sundlaugarinnar á Fáskrúðsfirði fyrir íbúa fjarðarins og aðra gesti á svæðinu.

---

388 visitfjardabyggd.is

389 *Rúv, fréttavefur,* 9. janúar 2024, „Ákvörðun hefur ekki verið tekin um framtíð sundlaugarinnar á Fáskrúðsfirði."

5. Horfin sundlaugahús á Suðvestur-, Suður- og Austurlandi

5.1 Suðuvesturland

Sundlaugin í Valborgargjá (1928-1932)

Staðsetning: Staður, Grindavíkurhreppur
Byggingarár: 1928
Helstu endurbætur:
Staða/ástand: Laugarhús horfið, laug sést enn
Höfundur: Ólafur P. Sveinsson, vitavörður
Byggt af/eigandi: Ólafur P. Sveinsson.
Yfirbyggð/opin: Yfirbyggð
Hitun: Jarðvarmi

Austan við Valahnúk, syðst og vestast á Reykjanesi, er gjá sem nefnd er Valborgargjá. Í henni er hraungjóta nokkur eða sprunga með volgu vatni. Á þessum stað gerði Ólafur P. Sveinsson, vitavörður, sundlaug árið 1928. Í *Verkamanninum* er sagt frá því að Ólafur sé með eindæmum mikill athafnamaður og hafi unnið að gerð ýmissa mannvirkja á svæðinu með börnum sínum, m.a. hafi hann sprengt hraunið og búið til eins konar sundhelli.[390]

Í *Alþýðublaðinu* 1928 kemur fram að Ólafur hafi fundið holu með volgum sjó og sprengt í kjölfarið bergið. Hann hafi þar búið til jarðhús eða helli og inn af því sé jarðhellir, um 10 x 20 m stór. Í greininni kemur fram Ólafur hafi að auki steypt fjórar tröppur að dyrum jarðhússins. Í greininni er mannvirkjunum lýst:

> Hann hefir gert þak á húsið og sett hurð fyrir dyr. Hefir hann þurft að sprengja mikið úr berginu og velta í burtu stórgrýti og gert þannig sundþró í sjálfu jarðhúsinu. Um stórstraumsfjöru flæðir alt á efstu tröppubrún, en þar til hliðar er pallur, þar sem gott er að sundklæðast, og er tjaldað fyrir nokkurn hluta hans. Hitinn í sjónum er 25-30 stig en lofthiti í hellinum eða jarðhúsinu 18 til 19 stig að jafnaði, en hefir þó oft komist upp í 22 stig. Framhellir þessi sem Ólafur hefur búið til, er tilvalinn til sundæfinga. Þykir heimamönnum gott að bregða sér í laugina og leggjast til sunds, og munu þar margir fleiri á eftir fara. […] Örskammt frá hellinum er laug. Þar er ofanjarðarbað að fá, svo að kjósa má um það og hellisbaðið. Í laugina rennur heitur og kaldur sjór úr uppsprettum, og er bezt að gista hana með flóði eða aðfalli sjávar. Í sumar mældi Þorkell Þorkelsson, forstöðumaður Veðurstofunnar, hitann í lauginni, og var hann þá 26—27 stig. Ólafur hefir dýpkað laugina á kafla og gert stétt út að henni, og má nota stéttina fyrir áhorfendapall, þegar sund er æft í lauginni. Hellirinn og laugin eru kippikorn frá vitavarðarhúsinu, í austur frá Valahnjúk sem gamli vitinn stóð á. Hellisgerðin er þess verð, að henni sé á loft haldið. Mun og margur ánægju af hljóta og þá væntanlega minnast þakklátlega þess, er verkið vann. Sundhellirinn er minnismerki um hugkvæmni og framkvæmdadug Ólafs Sveinssonar vitavarðar. Ekki má gleyma því, þegar verka hans er minnst að hvorki er hann

390 *Verkamaðurinn,* 27.11.1928, bls. 4.

> eigandi jarðarinnar né hefir lífstíðarábúð á henni, því að vitavarðarstaðan er aðeins veitt til óákveðins tíma.[391]

Í *Sögu Grindavíkur* kemur fram til að börn frá Grindavík hafi seint á 3. áratugnum lært sund í Valborgargjá. Börnin og viðlegubúnaður þeirra hafi þá verið flutt út á Reykjanes þar sem þau tóku þátt í sundnámskeiði sem gjarnan var í kringum 2 vikur.[392]

Aðra lýsingu á lauginni er að finna í greininni „Sjólaugin á Reykjanesi" frá 1931 en þar lýsir Guðmundur G. Bárðarson lauginni. Hún hefst þannig: „Sjólaug þessi er þegar orðin mörgum kunn síðustu árin

Við hellinn var er opin sundlaug sem sjór féll í og úr. Ljósmyndari Elías Þorsteinsson. Safnnúmer A: Elias-64, Sarpur.

Grjóthleðsla í norðvesturenda Valborgargjár riðlaðist með tíð og tíma. Mynd frá því um 1958. Myndanúmer 1958_PJ_361_141_HSkagafjarðar. Héraðsskjalasafn Skagafjarðar.

síðan ferðafólk fór að leggja leið sína út á Reykjanes. Þar geta menn tekið bað í sjó, sem er *álíka heitur og við baðstaðina á Ítalíu og Suður-Frakklandi við Miðjarðarhaf.*"[393] Í lok greinarinnar segir að Sjólaugin á Reykjanesi virðist ágætur stofn að baðstað sem nota megi til lækninga á ýmsan hátt. Sama ár gat að líta í *Morgunblaðinu* frétt undir fyrirsögninni „Besta baðhús landsins".[394] Sagt er frá því að margir hafi sótt í laugina sér til heilsubótar og vitnað er í umsagnir nokkurra nafnkunnra manna um hve heilsusamleg laugin sé og hve góðan bata þeir hlutu af kvillum sínum. Ólafur mun hafa ráðgert að stækka laugina og dýpka hana, en honum „entist ekki tími til þess að gera laugina svo úr garði, sem hann vildi, því að skyndilega var hann flæmdur frá Reykjanesi" segir í fréttinni. Ljóst er að Ólafi vitaverði var sagt upp starfinu eftir að hafa verið borinn sökum um vanrækslu í blaðagreinum en vera kann að þar hafi pólitísk

[391] *Alþýðublaðið* 03.11.1928, bls. 2 og 5.
[392] Jón Þ. Þór, 1996, bls. 254-255.
[393] Guðmundur G. Bárðarson.1931, bls. 78-80. Leturbreyting höfunda.
[394] *Morgunblaðið* 24.03.1931.

átök komið við sögu.[395] Við brotthvarf Ólafs virðist hafa verið hætt að halda lauginni við og hún hafa misst aðdráttarafl sitt.

Árið 1932 var hætt að nota laugina fyrir börn Grindavíkur og var þá farið með þau að Álafossi í Mosfellssveit en ferðalagið þangað þótti langt og umrætt úrræði því aðeins skammtímalausn. Eftir að Íþróttafélag Grindavíkur var stofnað árið 1935 urðu raddir æ háværari um að kannaðir yrðu möguleikarnir á því að útbúa sundlaug í byggðalaginu svo að hægt væri að stunda sundkennslu þar. Á þessum tíma var því velt upp hvort bæta mætti sundaðstöðuna á Reykjanesi og jafnvel stækka og sumarið 1937 fóru þeir sr. Brynjólfur Magnússon og Karl á Karlsskála, á vettvang til þess að skoða ástand laugarinnar og lýsir Brynjólfur henni svona:

> …[er] henni illa viðhaldið. Þakið mikið til fallið af henni yfir innganginum. Einn staur þar undir þakinu svo tærður að dottið getur niður af tæpum steinstalli á hverri stundu. Framþil dyranna farið og klefinn slæmur. Dyraumbúnaður heita má ónýtur, og tjaldað fyrir innganginn í laugina með pokatuskum. Lýsing laugarinnar að öðru leyti: Laugin, sem nú er þegar ég skoða hana (fjara) (lítið eitt að falla að) er þannig gerð, að Ólafur fyrv. vitavörður sem gerði hana, hefur sprengt upp hraunklöpp svo að um flóðið myndast pollur sem er 3 ½ faðmur minn á lengd, 1 faðmur á breidd í annan endan, en nær 1 ½ faðmur á breidd í hinn endan að suðvestanverðu. Laugin sem pollurinn þannig myndar er lítið eitt víðari að neðan og [við] vesturendann gengur vatnið inn undir bergið og myndar þar einnig hellisskúti. Er hægt að fara þar inn undir þegar vatn er í lauginni svo sem ½ faðm og stækkar laugin við það. Þegar laugin er full um flóðið er hún í vesturendann full mannhæð á dýpt, en nokkuð grynnri að austanverðu. Algerlega fjarar um laugina um fjöru, því sjórinn sem að vestan og sunnan rennur inn undir hrauninu myndar hana ásamt jarðvatninu, sem mett er af brennisteins- og hveraefnum kemur að ofan og austan. Niður í hana hefur Ólafur gert 3 steinsteyptar tröppur með dálitlum steyptum palli í kring. Fellur sjórinn um flóðið er mest er í laugina upp á 3ju tröppu og lengist laugin við það um ½ faðm. Hægra megin við innganginn sem að norðaustan er þiljaður með fjölum og dyraumbúnaði (alt skemt og opið) er fordyri með bekk og þar af inn af ... annar klefi sem nota má og klæða sig úr í. Er pokatjald á milli klefanna um þveran innganginn.[396]

Fornleifavernd ríkisins (nú Minjastofnun Íslands) skráði svæðið árið 2008. Í skýrslu um skráninguna kemur fram að sundlaugin sé heilleg og við suðvesturhorn túngarðs sem liggur kringum Bæjarfell og vitavarðarbústað og í átt að tjörn austan við Valahnúk. Við náttúrulega gjá hefur verið hlaðinn steinveggur úr grágrýti þannig að svæðið er ferkantað. Steintröppur liggja niður í laugina frá annarri langhliðinni. Þá sáust ekki merki yfirbyggingar eða frekari umbúnaðar sem lýst er við laugina á 3. og 4. áratug 20. aldar.[397]

[395] *Tíminn* 25.04.1931.
[396] Jón Þ. Þór. 1996, bls. 254-255.
[397] Agnes Stefánsdóttir. 2008, bls. 12-13.

Á fræðsluskilti við laugina segir að börn úr Grindavík hafi verið flutt í laugina á hestum til sundkennslu þegar voraði, um 15 km leið. Á meðan á námskeiðinu stóð bjuggu þau í tjöldum og með þeim voru tvær konur sem sáu um matseld og voru 20 börn í tjaldbúðunum í einu í 12-15 daga í senn. Vatnið í lauginni er nú 15-20 gráðu heitt en var 26 gráður þegar kennt var. Veggir við norðvesturenda laugarinnar voru endurhlaðnir árið 2012 fyrir tilstuðlan Ferðamálasamtaka Reykjaness.

Laugin í Valborgargjá. Mynd til vinstri birtist í Víkurfréttum laugardaginn 6. mars 2021. Stefna laugarinnar er ca. norðvestur -suðaustur. Á loftmyndinn sést vel veggurinn sem endurhlaðinn. Dyr eru á norðausturveggnum og þar fyrir innan steinsteypt stétt með þrepum niður í laugina. Bárujárnsklætt þak var yfir þessum hluta og þar var búningsklefi. Hurð var fyrir dyrum. Ekkert er nú eftir af þessari yfirbyggingu. Myndina til hægri tók EÓH höfundur 2021. Horft er yfir laugina úr suðvestri. Þak hellisskútans er hrunið. Ekki fannst gömul mynd sem sýnir laugarhús.



Sundlaugin er efst á myndinni, horft til NNV. Hlaðinn grjótveggur er um norðausturhlutann og dyr á suðausturveggnum. Yfir veggnum var bárujárnsþak og undir því búningsklefi. Ekkert er eftir af því mannvirki. Norðvesturhlutinn var hellir en þak hans er nú fallið að mestu. Hlaðinn garður er enn um opnu laugina en þar var aðeins hægt að synda þegar hásjávað var. Mynd https://www.vf.is/mannlif/sundlaugin-a-reykjanesi

Staðurinn og framtíðin

Laugin í Valbjargargjá er mjög sérstök og falleg. Vera má að nafnið sé afbökun en bjargið sem laugin er við er bæði nefnd Valahnúkur og Valabjörg. Því er mögulegt að gjáin hafi þá verið nefnd Valabjargagjá sem hefði breyst í Valbjargargjá og Valborgargjá.[398]

Samkvæmt lýsingum á lauginni má ætla að hún hafi verið afar sérstök. Af frásögn í blaðinu Verkamanninum að dæma var laugin 10 x 20 m stór og verður ekki betur séð en þar sé átt við laugina inni í hellinum. Þessu verður ekki auðveldlega komið heim og saman við aðstæður á staðnum eins og þær eru nú og telja verður líklegt að um misskilning ókunnugs manns sé að ræða sem skrifað hefur lýsinguna eftir öðrum. Laugin í hellinum er hins vegar aðeins 2-3 m á breidd og ef til vill um 8 m löng og ekkert bendir til annars en hún hafi verið þannig frá upphafi. Ofanjarðar-laugin við hlið hellisins hefur hins vegar verið stærri eða að minnsta kosti mun breiðari. Þegar laugin var í notkun var hún 25-30 gráðu heit en hefur mikið kólnað og er nú nær því að vera um 15 gráður.

Sundlaugin á Reykjanesi um 1935. — Ljósm. Einar Einarsson. — Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Ólafur Sveinsson vann ýmsar framkvæmdir við að koma sundlauginni í gagnið. Hann fann holu með hlýrri uppsprettu og veitti vatninu í laugina auk þess sem hann sprengdi berg til að stækka hellinn, fjarlægði grjót, hlóð veggi og fyrirstöður og reisti skýli við enda laugarinnar. Ekki er ólíklegt að breyting hafi orðið á uppsprettu hlýja vatnsins en ekki er heldur loku fyrir það skotið að vegur vatnsins til laugarinnar hafi stíflast eða raskast og aðeins þurfi lítilsháttar lagfæringar til að laugin verði aftur nógu hlý til að freista til baðaferða.

[398] https://ferlir.is/valbjargargja-sundlaug/

Valborgargjárlaug er hér skráð með horfnum laugum þar sem laugarhúsin sem þar voru eru horfin. Laugin er hins vegar enn á sínum stað og hefur verið haldið við. Hún býður upp á sérsaka náttúruupplifun. Ef til þess kemur að laugin verði lagfærð þarf að koma þar upp hreinlætisaðstöðu og tryggja góða umgengni. Búast má við að ferðamenn hefðu áhuga á að sækja laugina heim en umhverfið þolir ekki mikinn átroðning og því þyrfti laugin að vera undir handarjaðri Reykjanessfólkvangs eða annars opinbers náttúruverndaraðila ef gera ætti hana að vænlegum sundstað aftur.

Sundlaug Keflavíkur (eldri hús 1938-1943)

Staðsetning: Framnesvegur 9, Keflavík	*Höfundur: Jóhann Franklín Kristjánsson (laug +?hús)*
Byggingarár: 1938	*Byggt af/eigandi: Ungmennafélag Keflavíkur, Keflavíkurbær/Ríkissjóður*
Helstu endurbætur:	*Yfirbyggð/opin: Opin*
Staða/ástand: Horfin vegna yngri bygginga	*Hitun: Í upphafi kolakynt sjóvatn, síðar hitaveita*

Sundlaug Keflavíkur á sér langa sögu sem ítarlega er fjallað um í kafla 4 (um laugar sem heimsóttar voru á vettvangi 2025). Hér á eftir er einungis stiklað á stóru um aðdraganda sundlaugagerðar í Keflavík og fjallað um elstu laugarhúsin á svæðinu sem síðar viku. Að öðru leyti vísast til fyrrnefndrar umfjöllunar um núverandi sundlaug í Keflavík.

Upphaf sundkennslu í Keflavík má rekja til ársins 1923 þegar Steinn Sigurðsson rithöfundur hélt erindi um mikilvægi sundkunnáttu í sjávarplássi, að áeggjan Jakobs Sigurðssonar sundkennara í Hafnarfirði.[399] Í kjölfarið var kosin nefnd til að vinna að stofnun sundfélags og ráðningu sundkennara en það var þó ekki fyrr en eftir að Ungmennafélag Keflavíkur var stofnað árið 1929 að hreyfing komst á málið. Félagið stofnaði sjóð til að kosta byggingu sundskýlis á hentugum stað við sjóinn þar sem sundkennsla gæti farið fram og eftir nokkrar umræður var skýlinu valinn staður við Grófina og það tekið í notkun við hátíðlega athöfn 1931.[400] Sundkennsla fór fram við Grófina næstu sumur. Á þessu skeiði ræddu félagsmenn hugmynd um steypta sundþró við sjávarmálið sem væri niðurgrafin þannig að sjór félli í hana á flóði. Var rættt um að nota sólarljós til að velgja laugarvatnið en hugmyndin varð aldrei að veruleika.[401]



Sundlaug Keflavíkur. Mynd til vinstri er tekin við vígslu laugar 1939 en mynd til hægri líklega um 1940. Báðar myndir fengnar úr skýrslu Hjörleifs Stefánssonar. 2018, bls. 10 og 11.

399 *Ungmennafélag Keflavíkur 30 ára: 1929-1959*. 1959, bls. 6-7.
400 Bjarni Guðmarson. 1999, bls. 354-357.
401 *Vísir* 16.08.1938, bls. 3.

Haustið 1934 var skipuð nefnd á vegum Ungmennafélagsins til að kanna möguleika á byggingu sundlaugar. Vorið 1935 skilaði nefndin áliti og lagði til að byggð yrði laug, 15 m á lengd og 8 m að breidd. Dýpt hennar skyldi vera 1,1-2 m. Nefndin gerði ráð fyrir að laugin yrði í Grófinni og að vatnsleiðsla yrði lögð til hennar frá vatnsgeymi sem var nálægur. Laugina og búningsklefana átti að hita með miðstöðvarkyndingu. Nefndin hafði aflað upplýsinga um sundlaugar víðs vegar um landið. Ungmennafélag Bolungarvíkur hafði staðið fyrir byggingu sundlaugar sem tekin var í notkun árið 1932 og mun hafa verið fyrsta kolakynta sundlaug landsins og vakti því mikla athygli. Nefndin horfði talsvert til þessarar laugar og varð laugin í Keflavík þriðja laug landsins sem var kolakynt á eftir Bolungarvík og Vestmannaeyjum.[402] Þegar á hólminn var komið fannst hins vegar ekki heppilegur staður við Grófina en landeigandi Vatnsness lét félaginu í té lóð í landi bæjarins, vestanvert við Básinn, sem var svolítið vik í ströndina, yst á nesinu. Þarna bjuggust menn við að geta ávallt dælt hreinum sjó í laugina og réð það miklu um staðarvalið.[403]



Sundlaug Ungmennafélags Keflavíkur 1939. Teikningin er gerð eftir að byggingu lauk þegar uppi voru áform um gerð gufubaðs. Teikningin er merkt Helga S. Jónssyni. H49 Teikningar Íþróttasjóðs. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ungmennafélagið fékk Jóhann Franklín Kristjánsson til að leggja á ráðin um bygginguna og gera af henni teikningar. Ekki er ólíklegt að sú tilhögun hafi verið ákveðin í samráði við Húsameistara ríkisins og jafnvel að Jóhann hafi gert teikningarnar í umboði húsameistara eða fyrir hann. Jóhann hafði ferðast um Vesturland árið 1928 á vegum ríkisstjórnarinnar til að kanna hvar vænlegt gæti reynst að byggja

[402] Jón Þ. Þór. 2007, bls. 105.
[403] Munnleg heimild í júní 2018: Sveinn Númi Vilhjálmsson, fyrrverandi byggingarfulltrúi Keflavíkur.

sundlaugar og var jafnframt ráðgjafi bænda um byggingarmál og var því vel til þess fallin að veita Keflvíkingum ráðgjöf.

Í upphafi framkvæmda átti laugin að verða mun stærri en raun varð á. Þegar búið var að steypa botn laugarinnar olli fjárskortur því að ákveðið var að minnka hana mikið. Byrjað var að reisa mannvirkið í maí 1937. Verkstjórn framkvæmdarinnar var í höndum Kristins Jónssonar, formanns sundlaugarnefndar Ungmennafélagsins. Trésmíðameistari var Þórður Einarsson en múrverkið var undir stjórn Ingva Loftssonar. Benedikt Gröndal verkfræðingur teiknaði hitalögn hússins en Sigurður Jónasson pípulagningameistari sá um að leggja hana. Sundlaugin tekin í notkun í júlí 1939 og var laugarkarið tilbúið um 16,7 x 7 m að stærð.[404]

Byggingin kostaði um 18 þúsund krónur sem aflað var með frjálsum samskotum og gjöfum frá einstaklingum og félögum. Kvennadeild Slysavarnarfélags Íslands í Keflavík og Kvenfélagið Freyja í Keflavík lögðu einna mest af mörkum auk þess sem styrkur fékkst úr ríkissjóði og sýslusjóði Gullbringusýslu og Keflavíkurhreppur veitti styrk til framkvæmdarinnar. Sundlaugin var steinsteypt, undir opnum himni, en vegna fjárskorts voru búningsklefar og skjólveggir úr timbri. Búningsklefarnir voru óupphitaðir og baðklefar einnig og ekki var innangengt milli klefanna. Vatni var dælt úr sjónum í laugina með slökkvislöngum og var það kalt fyrst um sinn því ekki var til fé til að kaupa hitunarbúnað.[405] Frá upphafi var ráðgert að byggja einnig sólbaðsskýli og íþróttahús og ætla má að þá hafi legið fyrir teikningar að þessum mannvirkjum eða að minnsta kosti einhver drög að teikningum.[406]

Búningsklefar voru úr timbri til bráðabirgða. Árið 1943 hafði fjárhagurinn vænkað og ákveðið var að byggja varanlega búningsklefa og aðra nauðsynlega aðstöðu, sem ráð hafði verið fyrir gert og hófst þá undirbúningur að gerð þess hús sem enn stendur í Keflavík (sjá nánar í umfjöllun um standandi laugarhús í kafla 4).

[404] Bjarni Guðmarson. 1999, bls. 354. Í frétt í *Tímanum* 01.08.1939 er laugin sögð vera 16,33 x 6,5 m.
[405] *Tíminn* 01.08 1939, bls. 349. Frétt um vígslu sundlaugarinnar.
[406] Hjörleifur Stefánsson. 2018. *Sundhöll Keflavíkur: Mat á varðveislugildi*, bls. 6-10.

Sundlaugarnar gömlu í Laugadal/Laugarneslaugar (1886-1907)

Staðsetning: Laugardal, Reykjavík
Byggingarár: 1884/1886
Helstu endurbætur:
Staða/ástand: Horfin vegna yngri laugar/húsa
Höfundur: Björn L. Blöndal
Byggt af/eigandi: Sundfélag Reykjavíkur
Yfirbyggð/opin: Opin
Hitun: Jarðvarmi

Baðlaugar hafa um aldir verið í Laugardalnum. Fyrsta sundlaugin með laugarhúsi var gerð á þessum slóðum skömmu eftir 1880, skammt frá þeim stað þar sem Laugardalslaug er nú. Laugin var norðan

Uppdráttur Samúels Eggertssonar 1910 gerður eftir uppdrætti frá 1903 og uppdrætti Landmælingadeildar herforingjaráðsins.
Sundlaugin var í eða við lækinn, miðja vegu milli Þvottalauganna og sjávar, rétt sunnan við Laugarnestangann.

við Sundlaugarveg, nokkurn veginn til móts við núverandi laug. Á þessum stað voru þrjár sundlaugar hver á eftir annarri áður en núverandi laug var gerð. Hér á eftir verður greint frá þeirri fyrstu og sagt frá aðdraganda þess að hún var gerð.

Bað- og þvottalaugar hafa vafalítið verið nýttar í Laugadalnum allt frá fyrstu tíð. Í greinargerðinni *Sögulegar laugar í byggð á Íslandi* segir:

> Nokkuð er síðan vatn þvarr í Þvottalaugunum vegna vatnstöku úr borholum og enn lengra síðan fólk fór þangað í náttúrulegar laugar til baða. Saga Þvottalaugarinnar er nokkuð sérstök. Líklega hefur Hallgerður langbrók stundað Þvottalaugarnar, þegar hún bjó í Laugarnesi. Laugaferðir voru stundaðar þangað frá Reykjavík á 18. öld, einkum um helgar. Þar framkvæmdu Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson fyrstu rannsóknarborun á Íslandi (í ágúst 1755). Þar voru sundlaugarnar í Reykjavík seinna gerðar.[407]

Í *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar* frá árunum 1752-1757 fjalla þeir félagar einmitt um laugar sem þá voru notaðar til baða í Laugarnesi:

> Laugarnes nefnist bær og kirkjustaður milli Reykjavíkur og Viðeyjar, og dregur það nafn af laug þar í nágrenninu. Hverinn, sem heita vatnið rennur frá niður í baðlaugina er all vatnsmikill og sjóðandi heitur. […] Baðlaugin er allstór og djúp. Heiti lækurinn frá hvernum fellur í hana, en einnig kalt vatn, sem temprar mjög hitann í lauginni. […] Fyrir neðan baðlaugina eru tveir eða þrír staðir, sem hentugir eru að baða sig í, og eru þeir notaðir til þess, þegar vatnið í aðallauginni er of heitt á sumrin eða hún offyllist af fólki, því að margir koma að Laugarnesi frá nágrannabæjunum til þess að taka sér bað í lauginni. En einkum er laugin þó sótt af farmönnum úr Hólminum og starfsfólki Innréttinganna í Reykjavík á laugardags- og sunnudagskvöldum.[408]

Ekki er vafi á því að hverinn sem þarna er lýst er sá sem Þvottalaugarnar í Reykjavík voru við. Ýmsir aðrir menntamenn á 18. og 19. öld geta um laugarnar s.s. Uno von Troil sem lýsir því hvernig íslenskir elskhugar hreinsi böðin sérstaklega vel fyrir ástmeyjar sínar.[409] Sveinn Pálsson lýsir laugunum 1798 og segir að menn baði sig jafnan þar sem lækurinn er passlega heitur mitt á milli Laugarneshóls og sjávar. Hann getur þess þó að fyrir komi að menn festi sig í leðjunni ef þeir gái ekki að sér. Hann segir að karlar og konur komi langan veg til að njóta baðanna en telur ekki að þar eigi sér nokkuð ósæmilegt stað líkt og Troil hafði gefið í skyn.[410] Jón Kærnested Þorláksson (1799-1836) kenndi sund í Reykjavík árið 1824 og hefur það vafalítið verið í sundpolli í Laugardalslæknum.[411]

Í *Sögu Reykjavíkur: Bærinn vaknar* er upphaf sundlauga og sundkennslu í Reykjavík rakið:

> Sárafáir Reykvíkingar kunnu sund um 1870. Laugin í Laugalæknum var skítugur pollur sem myndaður var með því að kippa nokkrum hnausum í burtu. Ekki mun mikið hafa verið synt í honum og fer ekki sögum af sundkennslu þar (nema 1824). Sumarið 1873 hófu hins vegar tveir ungir prentarar, sem höfðu lært að synda, þeir Ingimundur Ingimundarson og Benedikt Pálsson, sundkennslu í Laugunum.[412]

---

[407] Freysteinn Sigurðsson. 1998. bls. 2.
[408] *Eggert Ólafsson*. II. bindi, 1975, bls. 179-180.
[409] Uno von Troil.1961, bls. 41.
[410] Sveinn Pálsson. 1945, bls. 68-72.
[411] Hjalti Pálsson. 1975. Vísað í: Sveinn Pálsson. 1944, bls. 24.
[412] Guðjón Friðriksson. 1991, bls. 478.

Þær laugar sem nefndar hafa verið hér að ofan hafa verið myndaðar með fyrirhleðslu í læknum sem rann frá Þvottalaugunum og verður ekki fjallað um þær frekar, enda fátt um heimildir.

Árið 1884 var Sundfélag Reykjarvíkur stofnað og áhugi á sundi jókst stórum. Formaður félagsins var Björn Jónsson ritstjóri og Björn L. Blöndal var ráðinn sem sundkennari. Beitti hann sér fyrir því að félagið lét stífla Laugalækinn svo þar myndaðist laug sem var hæf til sundkennslu. Árið 1886 reisti félagið sundskýli í miðri lauginni. Stóð það stólpum með bryggjum umhverfis en frá þeim lágu brýr að laugarbökkunum.[413] Björn Blöndal drukknaði 1887 og féll sundkennsla þá niður í nokkur ár og laugarhúsið grotnaði niður. Kennsla hófst að nýju 1891[414] og Sundfélagið lét prenta kennsluefni um sund með sundreglum prófessors Nachtegall sem Fjölnismenn höfðu þýtt og gefið út í Kaupmannahöfn árið 1836. Í formála útgáfunnar 1891 og viðbótum þess er að finna lýsingu Björns Jónssonar á Laugardalslauginni og sundlaugarhúsinu:

> Í laugunum hjá Reykjavík (Laugarnesi) er skýli, timburhús, yfir miðjum sundpollinum, […]. Húsið stendur á 4 steinlímdum grjótstöplum, 2 álna háum frá botni. Það er 9 álna langt og 6 álna breitt, en 5 ½ áln. hátt upp í mæni (rúm 4 áln. undir bita), og loft í báðum endum, geymsluloft fyrir sundkennsluáhöld og vinnutól. Klefar tveir lokaðir eru í öðrum enda hússins, handa þeim, er eigi vilja lauga sig innan um aðra, og stigar úr þeim niður um gólfið ofan í laugina; þar getur hver maður laugað sig svo enginn sjái, jafnt konur sem karlar, með því að vatnið nær fast upp að gólfi. Að öðru leyti er húsið óhólfað í sundur og ætlað sundlærlingum til skýlis á meðan þeir klæða sig úr og í fötin, og eins milli þess, sem þeir eru niðri í lauginni, sé nokkuð að veðri; sömuleiðis almenningi, er vill lauga sig; er þar og stigi niður um gólfið. Utan með húsinu á 3 vegu eru 1 álnar breiðar skarir, er koma í stað sundfleka, og bryggja frá húsinu yfir á syðri laugarbakkann. Hiti á lauginni miðri er á sumrum 20-30 stig á C, eftir veðráttu, efst meiri.[415]

Gamla sundlaugin rétt fyrir aldamótin 1900. Bryggjan yfir á suðurbakka laugarinnar sést vinstra megin við hús en á myndinni eru piltar úr Lærða skólanum. Mynd til vinstri er úr bók Sveins Þórðarsonar. 1998, bls. 77 en er varðveitt á Ljósmyndasafni Reykjavíkur og mynd til hægri er einnig frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur, líklega tekin 1895-1905, Myndanúmer 1997 179-3

[413] Páll Líndal. 1988, bls. 105-106.
[414] Guðjón Friðriksson.1991, bls. 479.
[415] *Sundreglur.* 1891,bls. 3-4.

Sundlaugin og laugarhúsið hrörnuðu skjótt og viðhald þeirra hefur líklega verið vanrækt. Í grein í *Fjallkonunni* árið 1900 segir:

> Sundlaugin er hin mesta ómynd. Þar þarf miklar aðgerðir, ef vel ætti að vera. Það er alveg ófært að baða sig þar eða synda þar, af því þangað rennur allur óþverri úr Laugunum, þar sem þvotturinn er þveginn; getur það verið hættulegt heilsu manna, það því er læknarnir sjálfir segja, og munu menn trúa þeim. Auk þess er sundlaugin óþverraleg að öðru leyti; botninn með leðju og nauðsynlegan útbúnað vantar til að baða sig þar. Til að ráða bót á þessu þarf að grafa skurð úr hvernum allra efst, eða ofan við þann stað, þar sem kvenfólkið þvær, og veita heita vatninu á hentugan stað, þar sem búin væri til sundlaug og baðstöð. Þar ætti að mega veita köldu vatni eftir þörfum.[416]

Um ástand lauganna var ritað víða á þessum árum og á einum stað segir:

> Það er líkt því að Reikvíkingar uni sér einna best innan um óþverrann, því þegar þeir baða sig eða láta kenna sonum sínum að synda, nota þeir til þess forarpoll. Pollurinn er auðvitað skreyttur fögru nafni og kallaður sundlaug. Laugin hefur einn kost til að bera, sem er að vatnið er volgt, en eigi að telja upp aðra eiginleika hennar verður ekki hægt að nefna þá fögrum nöfnum. Vatnið í lauginni kemur úr þvottalaugunum þar sem 100-200 manns þvo alskonar óhrein föt á degi hverjum og gefur að skilja að það er skolp, en ekki vatn, sem rennur úr laugunum og þvottahúsunum. Það kann að vera að þetta vatn hreinsist lítið eitt á leiðinni ofan í sundlaug, en alt firir það er vatnið í henni með skolplit og það kemur firir að ildulikt er að því. Auk þess eru í því fliksur og slí, sem myndast í læknum, losnar og rennur ofan í sundlaug og staðnæmist þar.[417]

Höfundur segir að bagalegt sé að kenna sund við þessar aðstæður og skrítið að bæjarbúar skuli ekki þvertaka fyrir að senda börnin sín til sundkennslu þarna. Hann bendir á að líklega mætti hreinsa vatnið áður en það færi í laugina og bendir á að ef laugin væri steinlímd þannig að hún væri vatnsheld mætti tæma hana og hreinsa oft. Laugarbakkarnir voru að mestu úr mold og leir í botninum svo vatnið var því gruggug. Í leysingum varð laugin ónothæf vegna kulda.[418]

Árið 1903 veitti Alþingi styrk til viðgerðar á sundlauginni gegn því að bæjarstjórn tæki að sér verkið. Þar með virðist ljúka afskiptum Sundfélags Reykjavíkur og heitið Sundlaugar Reykjavíkur festist í sessi. Ekki er ljóst hverjar endurbætur voru gerðar, en víst er að fljótlega var aftur komið í sama horf. Í frétt í *Vísi* 1912 er fjallað um sundkennslu Páls Erlingssonar sundkennara og lauginni lýst eins og hún var í byrjun 20. aldar:

> Laugin var þá 23 x 8 faðmar [um 38 x 13 m], ofurlítið mjórri í annann endann og misdjúp. – Það kom brátt í ljós, að þessi viðgerð var ekki einhlýt. Botninn var ekki steinlímdur, svo að vatnið gruggaðist við sundið, og leirinn seig í gegnum veggina, sem ekki voru

[416] *Fjallkonan.* 27.10.1900, bls. 4.
[417] *Ingólfur* 14.06.1903, forsíða.
[418] Guðjón Friðriksson. 1991, bls. 478.

> steinlímdir. Vatnið var þá tekið úr Laugalæknum og oft óhreint af þvottaskolpi, og urðu þeim mun meiri brögð að því, sem fólkið varð fleira í bænum, því að þá óx laugaþvotturinn. Í rigningum varð vatnið svo kalt, að hita laugarvatnsins gætti nær ekki og óhreindinin fóru einatt vaxandi,…[419]

Árið 1904 lét bæjarstjórn Reykjavíkur skoða hvort ráðlegt væri að gera nýja sundlaug í barðinu að vestanverðu við Laugalækinn milli þvottahúsanna og Laugarlands.[420] Ekkert varð af því og Guðmundur Björnsson héraðslæknir bannaði að lokum notkun laugarinnar vegna óþrifnaðar. Sundkennsla féll niður 1904-1905 en árið 1906 var sund kennt í gömlu lauginni í seinasta skipti. Laugin var loksins endurbætt „konungssumarið" 1907 en ekkert var kennt það árið.[421] Endurbætt laug var tekin í gagnið 1908 (sjá næstu færslu).

Ekki fannst teikning af laugarhúsinu sem stóð í miðri lauginni en eins og sjá má að ofan hafa varðveist ágætar lýsingar og ljósmyndir. Húsið var einfalt timburhús undir mænisþaki. Dyr að lauginni voru á langvegg og tvískiptur sex rúðugluggi á göflum. Athyglisvert er að sundgestir fóru úr og í laugina gegnum op í gólfinu. Ástæðan virðist hafa verið blygðunarsemi.

[419] *Vísir,* 26.08.1912.
[420] *Ísafold* 23.04.1904, bls. 91.
[421] Sama heimild.

Sundlaugarnar gömlu í Laugadal (1908-1936)

Staðsetning: Laugardal, Reykjavík	*Höfundur: Knud Zimsen verkfræðingur*
Byggingarár: 1908	*Byggt af/eigandi: Reykjavíkurbæ/borg*
Helstu endurbætur:	*Yfirbyggð/opin: Opin*
Staða/ástand: Horfin vegna yngri laugar/laugarhúsa	*Hitun: Jarðvarmi*

Fljótlega eftir aldamótin 1900 jókst umræða um að þörf væri á endurbótum á sundlaug Reykjavíkur í Laugardal. Knud Zimsen (1875–1953), bæjarverkfræðingur Reykjavíkur og síðar bæjarstjóri, hafði mikinn áhuga á málinu. Hann taldi ástand laugarinnar ekki upp á marga fiska og sagði hana ekki hæfa til sundkennslu. Á þeim tíma hafði Páll Erlendsson lengi kennt í lauginni og Ingibjörg Brands var í námi í sundkennslu erlendis. Knud taldi þau eiga skilið betri aðstæður og ákvað því að leggja fram tillögu að nýrri sundlaug. Hann segir:

> Laugin sú sem ég gerði tillögu um, átti öll að vera upphlaðin og steypt í botinn, jafnframt átti hún að vera yfirbyggð og klefarnir upphitaðir. Ennfremur átti vatnið, samkvæmt tillögum mínum, að koma hreint í laugina. – Bæjarstjórnin hafði ekki nunnað [sic] að því við mig, að ég gerði áætlun um nýja sundlaug, heldur var þetta eitt af þeim verkefnum, sem létu mig ekki í friði. Þakkirnar voru líka eftir því. Ég heyrði haft eftir einum bæjarfulltrúanum, að hann teldi ráðlegast að láta þessa verkfræðinefnu koma sem minnst að málefnum bæjarins, ef tillögur hans yrðu allar á borð við þessa sundlaugarhugmynd hans.[422]

Knud segist hafa tvíeflst við mótstöðuna og haldið baráttu fyrir sundlaugarmálinu áfram næstu árin. Ingibjörgu Brands mætti þó gamli forarpollurinn þegar hún sneri heim úr námi í Danmörku árið 1903 og hugðist hefja sundkennslu. Þá var einnig dræmt tekið í þá fyrirætlun hennar að kenna stúlkum sund.[423] Tímarnir voru þó að breytast, eins og marka má af því að tímamót urðu í jafnréttisbaráttu hér á landi þegar kona tók í fyrsta sinn til máls á bæjarstjórnarfundi í Reykjavík, 19. mars 1908, og mælti fyrir því að stúlkur fengju þess kost, líkt og piltar, að læra sund. Það var Bríet Bjarnhéðinsdóttir sem flutti tillöguna, og þótt ekki hafi allir verið sáttir við hana varð niðurstaðan sú að hún var samþykkt. Sundkennsla stúlkna hófst í kjölfarið.[424] Ingibjörg Brands kenndi stúlkum fyrstu árin og vann talsvert brautryðjandastarf í þeim efnum. Hún var jafnframt í framvarðasveit þeirra sem börðust fyrir nýrri sundlaug í Laugardal, ásamt Páli Erlingssyni sundkennara og Knud Zimsen. Í færslu um fyrstu

[422] Lúðvík Kristjánsson. 1952, bls. 360.
[423] *Lesbók Morgunblaðsins* 14.08.1927, bls. 250.
[424] Lúðvík Kristjánsson. 1952, bls. 363.

sundlaugina í Laugardal er greint frá því að ráðist hafi verið í lagfæringar á gömlu torflauginni árið 1903, en árangurinn hafi verið lítill eða skammvinnur.

Sundlaugarmálið var á dagskrá bæjarstjórnar árið 1904 og varð niðurstaðan sú að ekki þætti svara kostnaði að gera við gömlu laugina. Betra væri að byggja nýja laug frá grunni, eftir tillögum Knud Zimsen, nærri Þvottalaugunum og leiða heitt vatn í hana með járnrennum. Í nefndarálitinu kemur fram að laugin eigi að vera 18,8 x 9,4 m að stærð, 1,25 m á dýpt öðrum megin en 2,5 m hinum megin. Veggir skyldu vera hlaðnir úr grjóti og steinlímdir, og vatn átti að leiða í laugina með járnpípu úr læknum fyrir ofan Þvottalaugarnar. Nefndin lagði jafnframt til að „sundhús" skyldi vera yfir allri lauginni, jafnlangt og breitt og hún. Meðfram annarri hliðinni skyldi reisa skúr og þar vera laugarklefar til að klæða sig úr og í.[425]

Kostir laugarinnar voru taldir margir, meðal annars að hægt væri að nota hana allt árið og að hún yrði hrein. Tillagan var samþykkt og vonir bundnar við að hægt yrði að hefjast handa strax sama ár.[426] Mikill áhugi var á þessum ráðagerðum og í grein í *Frækorni* 1904 segir „Hér er verið að bjóða Reykvíkingum þau hlunnindi, sem eiga varla sinn líka í öllum heimi, og víst er um það: Útlendingar munu koma til með að meta þetta, eins og verðugt er. En svo megum vér ekki sjálfir láta oss lítið finnast til um það."[427]

Framkvæmdir fóru þó ekki strax af stað, en árið 1906 ákvað bæjarstjórn „loksins" að ráðast í gerð nýrrar sundlaugar.[428] Fallið var frá því að velja henni nýjan stað og var Veganefnd falið að annast málið. Á framkvæmdastiginu var nokkuð dregið úr umfangi framkvæmda og ákveðið að gera við gömlu sundlaugina í stað þess að byggja nýja. Knud Zimsen segir í æviminningum sínum að málið hafi í raun lent í „tómu ráðabruggi".[429] Árið 1907, þegar fimm ár voru liðin frá því að Knud hafði fyrst hreyft við hugmyndinni, samþykkti bæjarstjórn enn á ný byggingu nýrrar sundlaugar og stóð nú loks við það. Framkvæmdir hófust strax sama ár og þeim lauk ári síðar. Kennsla hófst í nýju lauginni árið 1907, en hún var formlega tekin í notkun árið 1908 og þá var einnig reist búningsklefahús. Nýja laugin var á sama stað og sú eldri, en hún var ekki yfirbyggð, þótt það hefði verið ráðgert.[430] Heitu vatni var veitt í laugina í opnum tréstokki, og heimildir bera með sér að nokkur vafi hafi leikið á hreinleika vatnsins. Í blaðagreinum var til að mynda haft eftir háðulegum hætti að vatnið væri „dökkt og þykkt af óhreinindum og óheilnæmi", enda kæmi það úr Þvottalaugunum þar sem þveginn væri alls konar

[425] Sveinn Þórðarson. 1998, bls. 83.
[426] Sveinn Þórðarson. 1998, bls. 83.
[427] *Frækorn* 07.01.1904, bls. 104.
[428] *Ísafold*, 01.06.1906, bls. 7.
[429] Lúðvík Kristjánsson. 1952, bls. 362.
[430] Lúðvík Kristjánsson. 1952, bls. 360-362.

þvottur, jafnvel frá berklaveiku fólki á spítala.[431] Úr þessu var bætt árið 1910 þegar vatnið var loksins leitt í laugina í járnrörum frá Þvottalaugunum. Ári síðar var lögð í hana köld æð úr Gvendarbrunnum.[432]



Laug- og Laugarhús í Laugardalnum. Ljósmyndasafn Reykjavíkur. 1926.

Laugarhús í Laugunum. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, myndanúmer: Brá ÁBS 028 1-1.

Veggir nýju laugarinnar voru hlaðnir úr höggnum grásteini og steinlímdir, en botninn var úr steinsteypu. Laugin var 18,8 x 9,4 m að grunnfleti, 1,1 m á dýpt þar sem hún var grynnst en 2,3 m þar sem hún var dýpst. Átta stigar lágu niður í laugina og tvö stökkbretti voru á bakkanum. Umhverfis laugina var bárujárnsveggur og gangstétt úr timbri umhverfis sundþróna.[433] Tuttugu búningsklefar voru við laugina, ýmist sagðir geta tekið 40 eða allt að 60 manns. Yfir laugina miðja var trébrú til prýði og hægðarauka fyrir kennsluna. Af ljósmyndum má sjá að sundlaugarhúsið var einföld smíði, löng röð klefa úr timbri meðfram allri suðurhlið laugarinnar og hluta austurhliðar. Dyr voru á hverjum klefa, flestar með tígullaga glugga og bárujárn var á þakinu.[434] Ekki hafa fundist teikningar af lauginni og laugarhúsinu frá 1908, en líklegt má telja að Knud Zimsen hafi hannað mannvirkin. Eftir 1910 var heita vatninu veitt í laugina í járnpípum og því blandað köldu vatni í lauginni til að reyna að stýra hitastigi. Vatninu var skipt út einu sinni í viku.[435] Lengi framan af voru ekki sturtur í laugarskýlunum og fataklefarnir ekki upphitaðir fyrr en 1934.[436]

Laugin þótti mikil bragarbót fyrir Reykvíkinga og varð fljótt vinsæl. Árið 1910 var farið að hafa hana opna allt árið. Eftir nokkur ár fór ástandi sundlaugarinnar þó að hnigna og árið 1919 birtist hörð gagnrýni á ástand hennar í *Morgunblaðinu*:

> Hverjum, sem lítur á sundlaugina, hlýtur að verða það ljóst, að hin háa bæjarstjórn Reykjavíkur heldur henni opinni að eins til málamynda eða sjálfri sér til afsökunar, en alls ekki af áhuga fyrir þeirri fögru, göfugu og nytsömu íþrótt, sem þar er kennd. Klefarnir eru

[431] *Reykjavík* 07.07. 1908, bls. 110 og *Lögrétta,* 29.04.1908, forsíða.
[432] *Saga Reykjavíkur: Bærinn vaknar, 1870-1940, fyrri hluti.* 1991, bls. 480.
[433] Jóhann Franklín Kristjánsson. *Sundlaugar í sveitum. Tíminn* 16.02.1929.
[434] Sveinn Þórðarson. 1998, bls. 280 og 87.
[435] Sveinn Þórðarson. 1998, bls. 85.
[436] Sveinn Þórðarson. 1998, bls. 280 og 87.

> ómálaðir og fornfálegir og gangurinn umhverfis laugina er sumstaðar svo fúinn, að full hætta stafar af. Laugin sjálf er víða sprungin, og að sögn heldur hún ekki nema litlum hluta þess vatns, sem í hana rennur; auk þess er nokkur hluti pípunnar fyrir heita vatnið ónýtur; í fáum orðum sagt: sundlaugin er með öllu ónothæf eins og hún er nú. Allir skólar hér í bænum hafa aðgang að sundkennslu við laugina ókeypis. Eru þetta óneitanlega mikil hlunnindi, og gætu verið til stórgagns fyrir nemendur, sem heima eiga í bænum, og ekki síður fyrir nemendur utan af landi, en eins og laugin er nú, er óhætt að fullyrða, að hún kemur ekki að hálfum notum vegna kulda og annara óþæginda, sem stafa af ónógum og illum útbúnaði. Hr. Ólafur Friðriksson hefir gert það að tillögu sinni í bæjarstjórninni, að laugin verði endurbætt, svo að hún geti orðið almenningi að notum alt árið. Þetta hefir bæjarstjórnin samþykkt, en hvað dvelur framkvæmdirnar?[437]

Nokkrum árum síðar segir í *Vísi* að þó að laugin frá 1908 hafi verið ágæt á sínum tíma séu nú liðnir þrír áratugir og á þeim tíma hafi íbúafjöldi Reykjavíkur fimmfaldast og þarfir breyst en lítið sem ekkert gerst í sundlaugarmálum.[438]

Á fjórða áratuginum kom til tals að endurbyggja laugarhúsið og á meðal gagna frá Íþróttasjóði er teikning eftir Jón Kaldal sem virðast fela í sér niðurrif húsa og byggingu nýrra en af því varð ekki.



Teikning Jóns Kaldals af endurbótum á Laugardalslauginni gerð 1933. Varðveitt á meðal gagna Íþróttasjóðs frá Menntamálaráðuneyti, H49.

Þegar nýtt hús reis loksins við laugina 1936 var ekkert hróflað við lauginni sjálfri en laugarhúsin gömlu voru að mestu rifin. Þá voru byggð stærri laugarhús úr timbri (sjá næstu færslu).

[437] *Morgunblaðið* 19.04.1919, bls. 2.
[438] *Vísir* 31.12.1934, án blaðsíðutals.

Sundlaugarhús í Laugardal (1936-1966)

Staðsetning: Laugardal, Reykjavík

Byggingarár: 1936

Helstu endurbætur: 1937

Staða/ástand: Horfin vegna yngri laugar/laugarhúsa

Höfundur: Bygging 1936 Einar Einarsson, 1937 líklega bæjarverkfræðingur Valgeir Björnsson

Byggt af/eigandi: Reykjavíkurbæ/-borg

Yfirbyggð/opin: Opin

Hitun: Jarðvarmi

Á fjórða áratug 20. aldar voru mótaðar og ræddar hugmyndir um endurbætur á Sundlaugunum eða endurbyggingu þeirra. Í nóvember 1936 opnuðust í fyrsta sinn dyrnar á stóru bárujárnsklæddu timburhúsi sem risið hafði við vesturenda sundlaugarinnar.[439] Klefarnir við suðurhlið laugarinnar höfðu þá verið rifnir en hugsanlega hefur eitthvað af skúrum við austurhlið hennar staðið áfram um tíma. Sjálfri lauginni virðist hins vegar lítið sem ekkert hafa verið breytt í framkvæmdunum. Nýja húsið var úr timbri, bárujárnsklætt með mænisþaki og spannaði alla vesturhlið laugarinnar. Fjöldi glugga var á þakinu.

Ýmislegt þótti klaufalegt í hönnun hússins og smíði þess sem vakti hörð viðbrögð. Vorið 1936 hafði bæjarverkfræðingi verið falið að láta gera teikningar að endurbótum á búningsklefahúsi Sundlauganna. Hann kallaði eftir tilboðum í verkið, líklega bæði hönnun og smíði, og það var falið Einari Einarssyni,



Sundlaugin í Laugardalnum, eftir að nýtt laugarhús var byggt á 5. áratug 20. aldar. Myndirnar eru báðar frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Mynd til vinstri LOG 017 4-1 og mynd til hægri LOG 017 4-2.

sem lægst hafði boðið. Hann bauðst til að taka að sér verkið fyrir 12 þúsund krónur en fékk að lokum

[439] *Þjóðviljinn* 11.11.1936, án blaðsíðutals.

greiddar 20 þúsund.[440] Ýmislegt reyndist vanhugsað í innra fyrirkomulagi. Ekki var stuðst við reynslu sundkennara og ekki var farið eftir þeim meginreglum um hreinlæti við gerð bygginga af þessu tagi sem þó höfðu verið mótaðar og gerðar kunnar við hönnun Sundhallar Reykjavíkur, sem tekin var í notkun fáum mánuðum síðar. Svo rammt kvað að göllum á skipulaginu að strax þurfti að rífa niður það sem byggt hafði verið og breyta fyrirkomulaginu áður en húsið var talið fullsmíðað. Einar Einarsson smiður lýsti því í grein í *Morgunblaðinu* hvaða úrbætur og breytingar hann var látinn gera.[441] Þetta dugði þó hvergi nærri til og húsið var talið mjög gallað og í mörgu ábótavant. Kvartanir um þetta birtust í dagblöðum og voru flestar á sömu lund. Aðeins fáum dögum eftir að húsið hafði verið tekið í notkun birtist harðorð grein í *Þjóðviljanum* þar sem farið er háðulegum orðum um bygginguna og gagnrýnt að aðgangseyris að laugunum sé krafist.[442]

Íþróttasamband Íslands brást líka strax við og birti gagnrýni sína í *Nýja dagblaðinu* þann 10. desember þegar aðeins var liðinn mánuður frá opnun nýja hússins. Alvarlegasta gagnrýnin beindist þó að því að bæjarráð hafði ákveðið að selja aðgang að sundlaugunum, sem hafði verið gjaldfrjáls fram að því. Aðsóknin hafði snarminnkað. Í yfirlýsingu Íþróttasambandsins segir: „Vér lítum svo á, að sundlaugarnar séu sú heilsulind, sem allir bæjarbúar eigi að hafa ókeypis aðgang að, sér til hollustu og þroska, enda verður það til mestrar farsældar fyrir höfuðstaðarbúa.“ Í greininni eru taldir þeir alvarlegu gallar sem sambandið telur vera á húsinu:

1. Einn gangur er í húsinu, þar sem fólk á sundklæðum einum, sem bæði er að koma úr lauginni og fara í hana, verður að mæta þeim, sem koma óhreinir utan af götunni. Annan gang vantar því í skýlið.
2. Í rigningum og frosti lekur úr þakgluggunum ofan í búningsklefana baðgestum til mikilla óþæginda.
3. Þegar mikil aðsókn er að laugunum eru búningsklefarnir allt of fáir, og afgreiðslan of tafsöm.
4. Herðatrén, sem föt manna eru hengd á, eru alveg þétt saman, svo fólk getur ætið átt á hættu að fá hluti og óþrif í föt sín úr fötum annarra manna.
5. Allt of fá steypiböð eru þarna til ræstinga, og kvartað er undan því, að heita steypan hitni og kólni á víxl af sjálfu sér.
6. Fótaþró vantar alveg í skýlið.
7. Ekki er nægilega heitt í búningsklefunum.
8. Frárennsli vantar í búningsklefana.[443]

Í byrjun árs 1937 birtust nokkrar greinar í dagblöðum með gagnrýni sem öll var á sama veg. Sem dæmi er þessi klausa úr langri grein í *Nýja dagblaðinu* 1937:

[440] *Alþýðublaðið* 13.01.1937, án blaðsíðutals.
[441] *Morgunblaðið* 20.01.1937. „Breyting sundlauganna og Einar Einarsson“
[442] *Þjóðviljinn* 11.11. 1936, án blaðsíðutals.
[443] *Nýja dagblaðið* 10.12.1936, forsíða.

> En bæjarstjórnin hóf þessa aðgerð án þess að ráðfæra sig við nokkurn mann sem hafði vit á þessum málum og niðurstaðan varð svo sú, eins og vænta mátti, að þetta varð ónothæf, og bæjarstjórnin varð að láta rífa allt innan úr húsinu aftur, bæta við það og sem sagt að láta byggja það allt upp aftur að nýju.[444]

Einn gangur var eftir húsinu endilöngu og um hann gengu þeir sem komu að utan og einnig þeir sem höfðu afklæðst. Fatageymslan var með þeim hætti að 32 klefar þar sem baðgestir afklæddust voru öðrum megin við ganginn. Fötin settu þeir á herðatré og í netpoka sem við það var festur. Klæddir sundfötum fóru þeir út á ganginn og afhentu starfsmanni fötin í gegnum lúgu á veggnum. Í fatageymslunni var fötunum þjappað saman. Við lúguna var málmspjald sem notað var til að gera starfsmanni viðvart. Oft þurftu baðgestir að bíða lengi eftir fötum sínum, blautir í köldu húsinu. Líklega hefur húsið verið lítið ef nokkuð einangrað og kvartað var undan því að þéttingarvatn draup af þakgluggunum niður á baðgesti:

> Á veggnum gegnt dyrunum, er gat inn í gang, sem liggur að fatageymslu. Þar á að troða fötunum í gegn, sem út af fyrir sig er ekki góð meðferð. Við hliðina á þessu gati er lítil málmplata, sem ýta á niður þegar óskað ef eftir afgreiðslu. [...] Þá stríðir það einnig á móti heilbrigðis- og þrifnaðarreglum siðaðra þjóða að hrúga saman fötum af tugum og jafnvel hundruðum manna.[445]

Til eru myndir innan úr húsinu sem sýna innréttingar og skipulag. Ekki hefur tekist að afla mikilla heimilda um þetta hús annað en það sem lesa má í blaðagreinum sem birtust allvíða eftir að húsið reis.

Bæjarráð lét því sem næst strax ráðast í endurbætur á nýbyggðu húsinu og bauð út vinnu við breytingar og viðbyggingu með auglýsingu 14. febrúar 1937 þar sem þeir sem áhuga hafi geti vitjað uppdrátta og úrboðslýsingar á skrifstofu bæjarverkfræðings.[446] Tilboði Þorsteins Einarssonar, Holtsgötu 34, að upphæð 10700 krónur var tekið.

Morgunblaðið birti 28. apríl 1937 grein með fyrirsögninni „Stórfelldar breytingar á Sundlaugunum“ þar sem boðað er að laugarnar verði opnaðar aftur um miðjan maí og þá verði búið að gerbreyta öllu fyrirkomulagi um móttöku baðgesta. Þar segir m.a.:

> Með hinu nýja fyrirkomulagi eru einnig „hreinir“ og „óhreinir“ gangar eins og í sundhöllinni. [...] Þegar menn hafa afklætt sig, er klefinn opnaður út á „hreina“ ganginn, sem liggur að fatageymslunni. Þar afhendir maður föt sín og geymir þar, þar til aftur er komið upp úr sundlauginni. Tekur maður þá föt sín og fer um hreina ganginn inn í klefa, klæðir sig og fer út úr klefanum út á óhreina ganginn. Baðverðir gæta þess að reglunni um hreina og óhreina ganginn verði framfylgt.[447]

[444] *Nýja dagblaðið* 15.06.1937, bls. 3.
[445] *Nýja dagblaðið* 01.03.1937, bls. 3.
[446] *Morgunblaðið* 14. febrúar 1937, bls. 5.
[447] *Morgunblaðið* 28.04.1937, bls. 6.

Sundlaugin í Laugardalnum, eftir að nýtt laugarhús hafði verið reist á 4. áratug 20. aldar. Myndirnar eru báðar frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Á mynd til vinstri er horft til norðvesturs að vesturhlið hússins árið 1953 (VIG LAU 1250 001 2-1) og á mynd til hægri er einnig horft til norðvesturs. Sú mynd er tekin 1954 og þá má sjá að húsið hefur verið stækkað til vesturs (HAP 054 3-1).

Framkvæmdir við þessar endurbætur tóku mun lengri tíma en ráð hafði verið gert fyrir og framhald varð á þeirri gagnrýni sem birtist í blaðagreinum fram eftir sumri.[448]

Aðsókn að Sundlaugunum dróst mikið saman frá því sem verið hafði áður en sundskálabyggingin nýja reis 1936. Árið 1937 var Sundhöll Reykjavíkur opnuð og hafði það vafalítið áhrif á þessa breytingu, en svo virðist sem ákvörðunin um aðgangeyri hafi ráðið miklu. Þrátt fyrir gagnrýni Íþróttasambandsins var ekki fallið frá 20 aura aðgangseyri. Fargjald með strætisvagni var 20 aurar og kostnaður við ferð í Sundlaugarnar var því 60 aurar ef farið var með strætisvagni. Aðgangseyrir að Sundhöllinni var 28 aurar sem þótti þó mikið. [449]

Ekki er loku fyrir það skotið að laugarhúsið hafi verið hugsað sem skammtímalausn, a.m.k. voru hugmyndir um mun stærri og glæsilegri sundlaug voru komnar til skjalanna þegar aðeins var liðinn um áratugur frá byggingu þess. Líklega er heimildir einna helst að finna í Skjalsafni Reykjavíkur, en þegar þetta er skrifað hefur það verið sameinað Þjóðskjalasafni Íslands og eru gögn Reykjavíkurborgar ekki aðgengileg að sinni. Teikningar að mannvirkjum laugarinnar eru ekki á teikningavef Borgarvefsjár. Teikningar voru gerðar að húsinu sem byggt var 1936 og verksamningur gerður. Einnig voru gerðar teikningar að þeim endurbótum og viðbyggingum sem ráðist var í árið eftir og bæði teikningar og verksamningar hafa verið kynntir borgarráði.

[448] *Alþýðublaðið* 11.06.1937, án blaðsíðutals.
[449] *Nýja dagblaðið* 21.08.1937, bls. 3.

Nýju sundlaugarmannvirkin í Laugardal voru opnuð almenningi með viðhöfn 1. júní 1968 og síðar í sama mánuði voru byggingar við gömlu Sundlaugarnar í Laugardal rifnar. „Er það mikið undrunarefni hvernig mögulegt var að hleypa fólki inn í slíkt mannvirki sem þetta“ segir í grein í *Vísi.*[450]

Sundlaugin í Laugardalnum. Á myndinni má sjá húsið sem var byggt var 1936-1937 við vesturhlið laugarinnar og sólbaðsskýli við austurhliðina. Myndin birtist í bók Sveins Þórðarsonar. 1998, bls. 85.

Húsið var með fjölda þakglugga. Göngubrú skipti sundlauginni í tvo hluta, grynnri og dýpri. Sundlaugin var gerð 1908, veggirnir úr höggnu grágrýti en botninn steinsteyptur.

Fyrstu drög að nýju mannvirkjunum eru fólgin í teikningu Guðmundar Sveinssonar frá ágúst 1955 sem sýnir lauslegt riss af nýrri laug og heitum potti sem minnir talsvert á þá laug sem síðar var byggð í Laugardalnum. Þá hafði ekki enn verið gerður heitur pottur við íslenska sundlaug svo þetta voru nýmæli. Þremur árum síðar var hins vegar byrjað að byggja nýja sundlaug sunnan við Sundlaugarveg eftir teikningu Einars Sveinssonar húsameistara Reykjavíkurborgar.

[450] *Vísir* 22.06.1968, bls. 10.



Hugmynd Guðmundar Sveinssonar að nýrri laug í Laugardalnum frá ágúst 1955. Varðveitt á meðal teikninga Íþróttasjóðs, H-21. Þjóðskjalasafn Íslands.

Hún var tekin í notkun 1. júní 1968 og fellur því utan þess tímaramma sem hér er til umfjöllunar. Endurbætur voru gerðar á lauginni árið 1981 og viðbygging var gerð við hana 1986 (Jes Einar Þorsteinsson). Árið 2005 var bætt við 50 m innilaug og potti. Árið 2007 var svo bætt við potti með sjóvatni við austurenda laugar.

Varmárlaug (1927-1933)

Staðsetning: Við Varmá	*Höfundur: ópekktur?*
Byggingarár: 1927	*Byggt af/eigandi: Sigurjón Pétursson/UMF Afturelding*
Helstu endurbætur:	*Yfirbyggð/opin: Opin*
Staða/ástand: Horfin, leifar dýfingapalla sjást.	*Hitun: Jarðvarmi*

Á 20. öld risu tvær sundlaugar nærri Álafossi í Varmá. Yngri laugin var yfirbyggð og stendur húsið enn. Um það er fjallað í kafla 4 (um standandi laugarhús). Hér er hins vegar fjallað um eldri laugina og laugarhús við Varmá og aðdraganda þeirra mannvirkja, en að öðru leyti vísast til kafla 4.

Þar sem Varmá í Mosfellssveit liðast í gegnum Álafosskvos er fossinn sem kvosin er kennd við. Álafoss er á náttúruminjaskrá, friðlýstur sem náttúruvætti ásamt nánasta umhverfi og menningarminjum sem þar eru og vitna um sögu og þróun Mosfellsbæjar. Ofan við fossinn, í Reykjahverfi, falla heitir hveralækir í ána, og þar voru kjöraðstæður til sundiðkunar. Nærri aldamótunum 1900 útbjó Björn Bjarnason sundpoll við einn þessara volgu lækja og kenndi þar nokkrum piltum sund og við ána var reist baðhús vinnufólks á Reykjum.[451]

Undir lok 19. aldar virðist áhugi á sundiðkun vera að aukast á svæðinu eins og víða annars staðar og að frumkvæði Lestarfélags Lágafellssóknar var stofnað félag árið 1895 sem hafði sundiðkun og sundlaugargerð á stefnuskrá sinni. Þeir félagsmenn sem unnu við laugagerð fyrir félagið voru undanþegnir félagsgjaldi og gátu utanfélagsmenn einnig fengið að fara í laugina á sunnudögum, klukkustund í senn, en að því var gætt að konum og körlum væri ekki hleypt samtímis í laugina.[452]

Árið 1896 hófst ullarvinnsla við Álafoss að frumkvæði Bjarna Þorlákssonar bónda á Varmá (1854-1904) sem flutti til landsins ullarvinnsluvélar. Áin var þá stífluð ofan við fossinn og fallhæð vatnsins notuð til að knýja vélarnar. Ofan stíflunnar myndaðist mikið lón, um 100 metrar á lengd og um 20 á breidd, sem hentað vel til sundiðkunar. Reyndist staðurinn hinn ágætasti sundstaður og var haft á orði að hér væri komin ein lengsta sundlaug í heimi. Ungmennafélagið Afturelding gekkst fyrir sundkennslu í lóninu og mikill áhugi vaknaði meðal Mosfellinga á sundíþróttinni.

Ungmennafélagið virðist hafa endurbætt lónið um 1909 í þeim mæli að farið var að nefna það sundlaug.[453] Endurbætur virðast hafa haldið áfram og árið 1915 var þess getið í Skinfaxa að Afturelding

[451] Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson. 2005, bls. 265-266.
[452] Sama heimild.
[453] *Skinfaxi,* 12.01.1909, bls. 22.

sé að koma sé upp „verulega góðri sundlaug“ sem verði nokkuð dýr.[454] Líklega hafa bakkar lónsins verið endurbættir með grjóthleðslu eða steinsteypuveggjum og jafnvel gæti hluti botnsins hafa verið steinsteyptur.



Sundskálinn við Varmá. Myndir frá vígslu. Mynd til vinstri í eigu Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar en mynd til hægri er úr grein í Íþróttablaðinu um vígsluna (1. september 1927, bls. 100).

Árið 1917 eignaðist Sigurjón Pétursson (1888-1955) ullarverksmiðjuna á Álafossi ásamt bróður sínum og fáum árum síðar var hann orðinn eini eigandi hennar. Sigurjón hafði lært sund í sundlaugunum í Laugardal árið 1901 hjá Páli Erlingssyni og varð fljótt hugfanginn af íþróttinni. Hann gekk í Ungmennafélag Reykjavíkur og var í forystusveit þess þegar það reisti sundskála í Örfirisey árið 1909, en þar var stundað sjósund þar til Sundhöll Reykjavíkur var fullbúin 1937. Sigurjón stóð fyrir sundkennslu á Álafossi frá 1924, í upphafi ef til vill í samvinnu við Aftureldingu.[455] Sigurjón var einn helsti íþróttafrömuður landsins um árabil og rak íþróttaskóla á Álafossi auk sundkennslunnar allt fram til 1940.[456]

Árið 1926 lét Sigurjón byggja sundskála við laugina og reisa þar stökkpall í samvinnu við ungmennafélagið. Í *Lesbók Morgunblaðsins* 1926 kemur fram að lónið í Varmá sé einhver allra besta sundlaug á Íslandi. Þar segir enn fremur: „Í sumar byggði Sigurjón á eigin spýtur stóran sundskála og stökkpall hjá lauginni, og í vor lærðu 28 menn að synda þarna.“[457] Í *Íþróttablaðinu* sama ár er sundlaug og sundskála lýst og kemur þar fram að skálinn var vígður 12. júlí sama ár. Í greininni segir: „Sundskálinn er 4,10 metr. á breidd, 6,60 metrar á lengd og 3,15 metr. á hæð. Má einnig nota hann sem glímuskála. Hitaleiðsla liggur í gegn um hann og sólbaðsskýli er framan við hann. Frá honum liggur gangbrú út á dýfingarpallinn, en við hliðina á honum má líka vaða út í laugina.“[458]

[454] *Skinfaxi* 01.11.1915, bls. 128.
[455] *Morgunblaðið* 10.05.1955.
[456] Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson. 2005, bls. 304-310.
[457] *Lesbók Morgunblaðsins* 25.09.1926, bls. 303 og Sveinn Þórðarson.1998, bls. 79.
[458] *Íþróttablaðið* 01.09.1927, bls. 99-100.

Vert er að geta þess að hitaleiðslan var nýlunda. Jónas Jónasson frá Hriflu getur hitaleiðslu Sigurjóns í ræðu sem hann flutti á Alþingi 1923 og fjallaði um undirbúning að byggingu Sundhallar

Reykjavíkur. Þar getur hann þess að Sigurjón hafi lagt leiðslu til að flytja heitt vatn frá hver sem var kílómetra ofan við Álafoss og að verksmiðjunni neðan við fossinn þar sem vatnið er notað til að hita verksmiðjuhúsið og íbúðarhús.[459]

Ári eftir að laugarhúsið reis tók Íþróttaskólinn á Álafossi til starfa. Árið 1930 er staðnum lýst á eftirfarandi hátt:

Stökkbrettin voru tvö, 3 ½ metri á hæð og 5 metra. Á myndinni hægra megin er sundskálinn sem reistur var 1926. Dyr og gluggar voru á þeirri hlið sem sneri frá sundlauginni. Að auki má sjá tvö minni hús með topplaga þökum, sem ekki hafa fundist frekari heimildir um. Mynd til vinstri er Willem van de Poll en mynd til hægri frá Ljósmyndasafni Akraness (ómerkt laug, sundmót).

> Þar er hin ágætasta sundlaug hér á landi. Hún er 100 metrar á lengd og 20-40 m. á breidd. Vatnið í henni er 22 gráðu heitt. Tveir stökkpallar eru við hana, annar 1 m. og 90 cm. á hæð, og hinn 3 metra hár. Sundskáli var byggður þar árið 1926 og síðan hefir sundkennsla farið þar fram á hverju sumri. S.l. vor voru 20 drengir þar að sundnámi. Þeir voru á aldrinum 8-14 ára og lærðu að synda á 5 vikum, enda höfðu þeir ágætan sundkennara, þar sem var Vignir Andrésson, sá hinn sami, sem áður var sundskálavörður í Örfirisey. Alt starfsfólk verksmiðjunnar lærir að synda, og að loknu erfiði dagsins þvær það annirnar af sér í volgri lauginni næstum daglega, enda segir Sigurjón að lækniskostnaður sinn vegna starfsfólksins sé mjög lítill, og þakkar hann það hinni ágætu laug.[460]

Í grein í *Vísi* 1930 kemur fram að Sigurjón hafi látið koma fyrir raflýsingu við laugina til að hún nýtist betur og þar segir einnig að beðið hafi verið um slíka lýsingu í Reykjavík árum saman án árangurs.[461]

Í upptöku sem varðveitt er í Ísmús ræðir Haukur Níelsson um ýmislegt er varðar sund- og íþróttaiðkun í lauginni.[462] Þegar hann man eftir voru haldin námskeið við Varmá annars vegar fyrir heimamenn og

[459] Jómfrúarræða Jónasar Jónssonar 1923. Alþingi.is.
[460] *Alþýðublaðið* 05.09.1930, bls. 3.
[461] *Alþýðublaðið* 5. september 1930, bls. 3 og *Vísir* sama dag, bls. 3-4.
[462] SÁM 993925 EF, Haukur Níelsson, Um sundkennslu í Varmá við Álafoss, www.ismus.isiaudioid-1048587.

hins vegar aðkomufólk sem hafi verið í fæði og upphaldi á meðan á námskeiðinu stóð. Þá voru gerðar Müllers æfingar á morgnanna og sund svo kennt í lauginni og farið í daglegar gönguferðir. Ein fyrsta sundkennsla sem Haukur mundi eftir var þegar fermingarbörn úr Útskálasókn komu á námskeið sem varði um hálfan mánuð. Ekki var aðeins æft sund í lauginni heldur einnig dýfingar og fyrsta mótið í sundknattleik (á landinu) fór þar fram. Að sögn Hauks var laugin ekki mjög köld þótt hún hafi verið misheit. Einn dag á ári var ekkert unnið í verksmiðjunni og allir karlmenn mokuðu leðju (mikið á annan metra) sem safnaðist fyrir í lóninu, langmest næst stíflunni beggja vegna við árstrauminn sem ætlaður var til að hreinsa laugina.

Lítið er vitað um elsta sundskýlið við Varmá sem reis 1926 en af ljósmyndum að dæma var húsið lítið með skúrþaki. Á þeirri hlið sem vissi að ánni voru dyr á miðjum vegg og stórir gluggar beggja vegna við og líklega voru ekki aðrir gluggar á húsinu.[463] Sundskálinn hafði ekki staðið í mörg ár þegar menn fóru að huga að öðrum og betri lausnum í sundlaugamálum á svæðinu. Árið 1929 er birt auglýsing í Morgunblaðinu þar sem fram kemur að hafin sé söfnun fyrir nýjum og betri sundskála.[464] Árið 1932 höfðu félagar í Ungmennafélagi Aftureldingu líka uppi ráðagerðir um að gera steinsteypta laug og laugarhús við skólahúsið á Brúarlandi í Mosfellsbæ og sóttu um styrk til verksins til ráðuneytisins en ekkert virðist hafa orðið úr verki enda var þá ný yfirbyggð sundlaug í smíðum í Álafosskvosinni og væntanlega ekki þótt forgangsmál að styrkja aðra laug á svæðinu.[465]

Ekki er vitað hvenær sundskálinn frá 1926 vék en líklega hefur það verið um eða upp úr 1933 þegar nýja yfirbyggða sundlaugin í kvosinni var komin í gagnið. Enn má sjá ummerki um mannvirkin á syðri árbakkanum rétt ofan við fossbrúnina.

[463] Sjá m.a. *Íþróttablaðið* 01.09.1927, bls. 100, teikning af sundskýli, varðveitt meðal gagna um Varmárlaug frá Menntamálaráðuneyti, en teikning er frá árinu 1943 og er því ekki umrætt skýli.
[464] *Morgunblaðið* 13.09.1929, forsíða.
[465] Bréf frá Ungmennafélagi Aftureldingu til Stjórnarráðsins, dagsett 29. mars 1932.

5.2 Suðurland

Sundlaugin Hvammi, Skaftártungu (1937-1970)

Staðsetning: Hvammi, Skaftártungu	*Höfundur: Jóhann Fr. Kristjánsson*
Byggingarár: 1937	*Byggt af/eigandi: UMF Bláfjall/Ríkissjóður*
Helstu endurbætur:	*Yfirbyggð/opin: Opin*
Staða/ástand: Laug á sínum stað, litlar rústir laugarhúss sjást	*Hitun: Jarðhiti*

Ungmennafélagið Bláfjall var stofnað í Skaftártungu 1909. Líkt og hjá fleiri ungmennafélögum var eitt af baráttumálum þess að efla sundkennslu og koma upp sundlaug. Fyrst var gerð torflaug í landi Hlíðar um eða eftir 1916. Hún var neðan við bæinn en varð léleg eftir að mýrin ofan við var þurrkuð og hvarf að mestu þegar vegur var lagður á þessum slóðum síðar.[466] Ekki var laugarhús við laugina og er hún því ekki skráð sérstaklega hér.

Þegar komið var fram á fjórða áratuginn var hins vegar farið að huga að gerð steinsteyptrar laugar á svæðinu. Árið 1936 fór Jóhann Franklín Kristjánsson í könnunarferð í Skaftártungu til að kanna hversu



Sundlaug í Hvammi. Til vinstri er mynd úr fornleifaskráningu af lauginni og rústum laugarhúss ofan hennar (horft til suðurs), Kristborg Þórsdóttir/Fornleifastofnun Íslands. Til hægri er teikning af sundlaugaskýli við gömlu laugina á Flúðum (í Hvammi) en ekki er ólíklegt að laugarhúsin í Hvammi í Skaftártungu hafi verið ápekk þótt þau hafi ekki verið með steyptu þaki og óvíst hvort gluggar voru á byggingunni.

vel aðstæður í gili nokkru innan við bæinn Hvamm gætu hentað til sundlaugargerðar. Í gilinu var lítil laugaruppspretta. Vatnið reyndist um 20°C og var rennsli metið um 800 lítrar á klukkustund.

[466] Valur Oddsteinsson, munnleg heimild.

Niðurstaðan var því að vatnsmagnið væri lítið og hitinn takmarkaður, en "...með því að ekki er um annan stað að velja í austurhluta sýslunnar, verður að teljast betra að nota lítinn hita en engan," eins og Jóhann segir í bréfi sínu til Kennslumálaráðuneytis snemma vors 1936. Samhliða úttekt sinni gerði Jóhann uppdrátt af 5 x 10 m sundlaug úr járnbentri steypu ásamt laugarhúsi. Hann mælti með að húsið yrði reist úr mótatimbri sem félli til við steypuvinnu laugarinnar, og á því yrði þak úr bárujárni á rimlum. Taldi hann að byggingarefni myndi kosta um 1.500 kr., aðflutningur frá Vík og vinnulaun um 1200 krónur, og að heildarkostnaður yrði því um 2700 krónur. Bréf sitt, ásamt uppdrætti að mannvirkjunum, sendi Jóhann snemma vors 1936, en við leit í gögnum ráðuneytisins fannst aðeins bréfið sjálft.[467]

Í skýrslu um atvinnulíf og byggðaþróun í Vestur-Skaftafellssýslu, sem gerð var um hálfri öld síðar, er komist að svipaðri niðurstöðu um uppsprettuna. Þar segir að í Laugargili, hann sé eini staður í Skaftártungu þar sem jarðhiti hafi verið nýttur. Þar hafi tvær smálindir verið nýttar til sundlaugar, hitastig vatnsins verið um 20°C, en rennsli einungis um eða innan við 0,5 l/s.[468]

Svo virðist sem ákveðið hafi verið að ráðast í sundlaugargerðina í kjölfar úttektar Jóhanns. Ári síðar ritar Gísli Sveinsson, alþingismaður Vestur-Skaftafellssýslu, bréf til Dóms- og kirkjumálaráðuneytis, þar sem hann sækir um 1500 króna styrk til framkvæmdanna, sem hann áætlar að nemi um helmingi kostnaðar. Næsta vor fékkst styrkur í verkið, en aðeins að upphæð 500 krónur. Í bréfi til ráðuneytisins ítrekar Gísli að brýnt sé að fá helmingsstyrk sem fyrst, svo að hægt sé að kaupa efni enda standi til að hefjast handa strax þá um vorið.[469] Svo virðist sem ráðagerðir um laugina hafi gengið eftir og að hún hafi verið steypt sama ár.

Laugargil er að mestu gróið, djúpt og bratt. Vestan við sundlaugina er malarbrekka og svæðið í kringum laugina er víða úttroðið eftir holdanaut í lausagöngu. Ofan við gilið er tún og gömul beitarhús. Borhola með röri er við klett ofan við laugina og vellur upp úr rörinu.

Sjálf laugin er enn á sínum stað og virðist nokkuð óröskuð en húsið er horfið. Laugin er um 9 x 4 m að stærð og snýr NNV til SSA. Vatn stendur enn í lauginni, en talsverður jarðvegur hefur safnast í botn hennar. Laugin er grafin inn í brekkuna að norðaustan og norðvestan, en hliðin sem snýr að ánni stendur að mestu ofan jarðar. Laugin var grynnst næst búningsklefanum, en dýptin hefur líklega verið um 1,5 m að jafnaði.[470] Laugarhúsið var við norðvesturenda laugarinnar. Það var lágreist, einfalt, aflangt og með skúrþaki, að sögn Vals Oddsteinssonar heimildamanns. Húsið skiptist í tvo klefa og voru dyr úr báðum klefum beint að lauginni. Samkvæmt Páli Símoni Oddsteinssyni, ábúanda í Hvammi, var op

[467] Bréf Jóhanns Franklíns Kristjánssonar til Kennslumálaráðuneytis um sundlaug í landi Hvamms í Skaftártungu.
[468] V-Skaftafellssýsla austan Mýrdalssands: atvinnulíf og Byggðaþróun, júní 1989, bls. 67.
[469] Bréf Gísla Sveinssonar til Dóms- og kirkjumálaráðuneytis, dagsett 8.4. 1936, Bréf Gísla Sveinssonar til Dóms- og kirkjumálaráðuneytis dagsett 8.4.1937.
[470] Byggt á: Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Kristborg Þórsdóttir. 2016. SF-178:012.

bæði ofan og neðan við dyrnar þegar hann mundi fyrst eftir sér, en ekki voru eiginlegir gluggar á húsinu. Engar sturtur voru í búningsklefunum, og hvorki rennandi vatn né hiti, en að sögn Vals var stundum reynt að hita klefana með prímusi.

Laugin var líklega fremur lítið notuð og þótti erfið í rekstri samkvæmt Vali. Talsvert af mold fauk jafnan ofan í laugina úr moldarflagi nærri og þurfti því að þrífa hana reglulega. Eins þótti hún köld og í raun lítið heitari en lækir og tjarnir í kring. Valur fór á sundnámskeið í lauginni í kalsaveðri um 1950, en þá var laugin mjög köld og var gefist upp eftir stuttan tíma. Valur og jafnaldrar hans í sveitinni lærðu síðar að synda í Seljavallalaug, þangað sem börn voru send þegar ljóst þótti að ekki væri vænlegt að kenna í Hvammslaug. Valur man engu að síður eftir keppni í 200 m sundi í lauginni og var þá fjölmennt keppnislið og áhorfendur á staðnum. Eftir því sem hann man best sá Ungmennafélagið um rekstur laugarinnar lengst af, en félagið hætti störfum fljótlega eftir 1950. Samkvæmt yfirlitsskjali frá Menntamálaráðuneytinu kemur fram að laugin hafi verið orðin ónothæf um 1970 en líklega var það talsvert fyrr ef marka má frásögn heimamanna.[471]

Samkvæmt Páli fauk þakið af húsinu í heilu lagi nokkuð snemma, en veggir þess stóðu lengi eftir það, eða fram undir aldamótin 2000. Lækurinn í gilinu fór svo smám saman að grafa sig inn undir húsið og í kjölfarið féll það saman. Virðist stórum hluta steypuleifanna hafa skolað niður gilið, því aðeins eru nokkrir steypuklumpar eftir við sundlaugina.

Ekki eru vísbendingar um annað en að laugin, og líklega laugarhúsið, hafi verið gerð eftir teikningu Jóhanns Frímanns frá 1936, en sú teikning hefur, sem fyrr segir, ekki komið í leitirnar. Samkvæmt frásögnum heimamanna var laugarhúsið þó steinsteypt, en ekki úr timbri eins og upphaflega stóð til. Þakið var hins vegar bárujárn á grind eins og til stóð. Ekki hafa fundist ljósmyndir af lauginni í notkun.

[471] Yfirlitsskjal, Menntamálaráðuneyti, DD 05. Í *Yfirliti yfir mannvirki frá 1983* (Yfirlitsskjal Menntamálaráðuneyti DD 95) kemur fram að þróin sé steinsteypt og yfirborðið múrhúðað en laugarhús sagt „skúr". Þar kemur fram að arkitekt sé „ókunnugur".

Sundlaugin á Laugalandi í Holtum (1910/1936-1940)

Staðsetning: Nefsholt, Holtahreppi	*Höfundur: Sundlaug: heimamenn*
Byggingarár: 1910, 1940	*Byggt af/eigandi: Ungmennafélagið Ingólfur,*
Helstu endurbætur: 1936	*Yfirbyggð/opin: Opin*
Staða/ástand: Horfið	*Hitun: Jarðvarmi*

Ungmennafélagið Ingólfur var stofnað í Holtahreppi í Rangárvallasýslu 2. ágúst 1908. Líkt og hjá mörgum ungmennafélögum var í starfi félagsins lögð áhersla á andlegt og líkamlegt hreysti og varð sundkennsla fljótlega eitt þeirra mála sem félagið lagði áherslu á að koma í gott horf á svæðinu. Snemma var því farið að huga að því að koma upp aðstöðu þar sem hægt væri að kenna sund og ákveðið var að gera sundlaug í Nefsholti, nú Laugalandi, þar sem var volg uppspretta. Sundlaugin var gerð 1910 og var hlaðin úr hnausum og var 10 til 12 m að lengd. Í henni var klapparbotn og voru öll horn hennar rúnuð. Hún náði meðalmanni í öxl. Vatnið var leitt úr Nefsholtslauginni í 150-160 m löngu lokræsi sem var handgrafið og með hnaus yfir.[472]

Líkt og með aðrar torflaugar má búast við að laugin hafi þurft talsvert viðhald en hún var notuð í allt að aldarfjórðung. Ekki eru vísbendingar um að laugarhús hafi staðið við sundlaugina og var hún því ekki skráð sérstaklega.

Árið 1919 gaf Guðni Vigfússon í Nefsholti UMF Ingólfi 300 m2 lóð undir sundlaugina.[473] Þegar komið var fram á fjórða áratug 20. aldar ákvað ungmennafélagið að standa fyrir því að gerð yrði ný, steinsteypt laug á sama stað. Í árslok 1931 sendi félagið formlega beiðni til ríkissjóðs um styrk til að gera laugina og svo virðist sem hann hafi fengist, a.m.k. var hún steypt á næstu árum á sama stað og eldri laug. Árið 1934 var kosin framkvæmdanefnd sundlaugar og ári síðar samþykkir aðalfundur UMF Ingólfs að veita fé úr félagssjóði í sundlaugina sem var svo vígð 1936 þótt ýmis verk væru þá eftir.[474]

Laugin var 15 x 7 m að stærð og í *Yfirliti yfir mannvirki frá 1983* kemur fram að höfundar laugarinnar hafi verið heimamenn. Ungmennafélagið rak laugina alla tíð.[475] Á næstu árum voru unnin ýmis verk í tengslum við laugina, m.a. vegur lagður að henni og hlaðinn garður í kringum þá landspildu sem ungmennafélagið hafði fengið að gjöf.[476] Sama ræsi var notað í nýju laugina og þá eldri en útbúin loka

[472] *Sunnlenskar byggðir* V, bls. 219, *Upphaf framkvæmda á Laugalandi* og Svör við spurningalista Þjóðháttasafns um sundlaugar.
[473] *Samantekt Kristins Guðnasonar á Þverlæk á fundargerðarbókum UMF Ingólfs 1919-1958.*
[474] *Samantekt Kristins Guðnasonar á Þverlæk á fundargerðarbókum UMF Ingólfs 1919-1958.*
[475] *Yfirlit yfir mannvirki frá 1983*, Menntamálaráðuneyti og Spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti.
[476] *Samantekt Kristins Guðnasonar á Þverlæk á fundargerðarbókum UMF Ingólfs 1919-1958.*

norðan við laugina til að geta tæmt hana og þrifið. Í árslok 1940 kemur fram í ársskýrslu að á árinu var lokið við að reisa skúr við austurenda laugar og að félagið hafði fengið 200 króna styrk í sundlaugina frá ríkissjóði og 100 krónur frá HSK.[477] Skýlið var frá upphafi hugsað til bráðabirgða. Það var bárujárnsklæddur skúr. Ekki hafa fundist ljósmyndir eða teikning af skúrnum en til er mál á honum eftir að hann hafði risið á nýjum stað en þá var hann 2,9 x 4,5 m eða 13 m2.[478]

Hvorki fannst gömul ljósmynd eða teikning af búningsklefunum á Laugalandi (á sínum stað) en myndin að ofan sýnir húsið eftir að það var flutt að Veiðivötnum og fékk hið nýja heiti, Vatnaver. Myndin er úr bók Gunnars Guðmundssonar. 2017, bls. 672 en ljósmyndari er Sæmundur Guðmundsson.

Fljótlega fór ungmennafélagsfólk að huga að varanlegri búningsaðstöðu og komust menn að þeirri niðurstöðu að skynsamlegt væri að sameina í einni byggingu bæði samkomuhús og búningsklefa. Húsið var vígt 29. september 1946 og fékk nafnið Laugaland þótt það væri oftast einfaldlega nefnt Samkomuhúsið (sjá nánar næstu færslu).[479] Eftir það gegndi eldra sundlaugarskýli hlutverki geymslu um skeið.

Á sjötta áratug 20. aldar var ákveðið að koma upp heimavistarskóla í hreppnum og var ákveðið að hann yrði að Laugalandi, þar sem jarðhiti var góður og þegar var komin sundlaug og samkomuhús. Skólinn hafði afnotarétt af jarðhitanum og var vígður 9. desember 1958.

Eftir að skólinn tók til starfa var sett upp mannheld girðing kringum sundlaugina um 1960 til að forðast óæskilega notkun hennar, t.d. um nætur. Þegar skúrinn hafði þjónað tilgangi sínum var hann seldur. Kaupendurnir voru þeir Sæmundur Guðmundsson skólastjóri á Laugalandi, Haraldur Halldórsson bóndi á Efri Rauðalæk og Engilbert Kristjánsson í Pulu, en þeir voru allir miklir áhugamenn um Veiðivatnasvæðið. Skúrinn var tekinn niður og fluttur í pörtum inn að Veiðivötnum vorið 1960. Á þeim tíma var ekkert eiginlegt gistiskýli á svæðinu annað en gamla Tjarnarkot, sem þá var orðið gamalt og vart íbúðarhæft sem athvarf veiðimanna. Nýja húsið fékk nafnið Vatnaver og reyndist mörgum mikilvægt skjól í óblíðu veðri um árabil. Þegar húsið var flutt voru smíðaðir í það gluggar og það reist

[477] *Upphaf framkvæmda á Laugalandi* og *Samantekt Kristins Guðnasonar á Þverlæk á fundargerðarbókum UMF Ingólfs 1919-1958.*
[478] Gunnar Guðmundsson. 2017, bls. 672.
[479] *Gamla sundlaugin, Samkomuhúsið og fleiri mannvirki á Laugalandi í Holtum.*

á timburstoðum og stagað niður. Árið 2011 átti að endurnýja húsið að innan en þá kom í ljós að það var orðið svo fúið og úr sér gengið að það var fjarlægt. Veiðifélagið lét þá reisa nýtt hús á sama stað og hélt það sama nafni. Árni Páll flutti síðan brak úr gamla húsinu til byggða og setti það út á Selssand, en ekki er vitað hvað varð síðar um það.[480]

Í samantekt um sögu Laugalandsskóla kemur fram að upp úr 1975 hafi gömlu skóla- og sundlaugarmannvirkin ekki lengur þótt fullnægjandi. Hvorki þótti þar góð aðstaða til leikfimikennslu eða annarrar íþróttaiðkunar og sundlaugin þótti einnig gömul og of lítil. Árið 1977 samþykkti skólanefndin að stefna bæri að því að reisa ný íþróttamannvirki og að byggja nýtt og mikið hús á tveimur hæðum fyrir skóla og íþróttastarf. Í húsinu var gert ráð fyrir mötuneyti, eldhúsi, borðstofu, kennslustofu, smíðastofu, bókasafni, fullkomnum íþróttasal og nýrri útisundlaug við það.[481]

[480] Gunnar Guðmundsson. 2017, bls. 672-673.
[481] Skólalykill 2020-2021, Laugalandsskóli, Holtum bls. 7.

Sundlaugin á Laugalandi í Holtum (1936-1994)

Staðsetning: Nefsholt, Holtahreppi

Byggingarár: 1936

Helstu endurbætur: 1946

Staða/ástand: Horfin, hús við laugina varð lélegt jarðskjálfta árið 2000 og rifið í kjölfarið.

Höfundur: Sundlaug: heimamenn, hús: Húsameistari ríkisins

Byggt af/eigandi: Ungmennafélagið Ingólfur, Ríkissjóður

Yfirbyggð/opin: Opin

Hitun: Jarðvarmi

Eins og um getur í fyrri færslu var fyrsta laugin á Laugalandi í Holtum úr torfi. Þegar komið var fram á fjórða áratug 20. aldar ákvað ungmennafélagið að standa fyrir því að gerð yrði ný, steinsteypt laug á sama stað. Í árslok 1931 sendi félagið formlega beiðni til ríkissjóðs um styrk til að gera laugina og svo virðist sem hann hafi fengist, a.m.k. var laugin steypt á næstu árum á samastað og eldri laug. Árið 1934 var kosin framkvæmdanefnd sundlaugar og ári síðar samþykkir aðalfundur UMF Ingólfs að veita fé úr félagssjóði í sundlaugina sem var svo vígð 1936 þótt ýmis verk væru þá eftir.[482]

Laugin var 15 x 7 m að stærð og í *Yfirliti yfir mannvirki frá 1983* kemur fram að höfundar laugarinnar hafi verið heimamenn. Ungmennafélagið rak laugina alla tíð.[483] Á næstu árum voru unnin ýmis verk í tengslum við laugina, m.a. vegur lagður að henni og hlaðinn garður í kringum þá landspildu sem ungmennafélagið hafði fengið að gjöf.[484] Sama ræsi var notað í nýju laugina og þá eldri en útbúin loka norðan við laugina til að geta tæmt hana og þrifið. Í árslok 1940 kemur fram í ársskýrslu að á árinu var lokið við að reisa skúr við austurenda laugar og að félagið hafði fengið 200 króna styrk í sundlaugina frá ríkissjóði og 100 kr frá HSK (sjá fyrri færslu).[485]

[482] *Samantekt Kristins Guðnasonar á Þverlæk á fundargerðarbókum UMF Ingólfs 1919-1958.*
[483] *Yfirlit yfir mannvirki frá 1983*, Menntamálaráðuneyti og Spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti.
[484] *Samantekt Kristins Guðnasonar á Þverlæk á fundargerðarbókum UMF Ingólfs 1919-1958.*
[485] *Upphaf framkvæmda á Laugalandi* og *Samantekt Kristins Guðnasonar á Þverlæk á fundargerðarbókum UMF Ingólfs 1919-1958 og Gamla sundlaugin, Samkomuhúsið og fleiri mannvirki á Laugalandi í Holtum.*

Fljótlega fór ungmennafélagsfólk að huga að varanlegri búningsaðstöðu og komust menn að þeirri niðurstöðu að skynsamlegt væri að sameina í einni byggingu bæði samkomuhús og búningsklefa. Úr

Sundlaugin Laugalandi í Holtum. Ljósmynd til vinstri er frá Héraðsskjalasafni Árnesinga, tekin af Otto Eyfjörð nr. 2013_10_OE_00286 og mynd til hægri af samkomuhúsinu tekin 1958 Sarpur (Byggðasafnið Skógum) nr. A-R-Hús-84.



Sundlaugin Laugalandi í Holtum. Mynd til vinstri er tekin eftir að byrjað var að byggja við skólahúsin. Ljósmyndari Magnús Karel Hannesson, Þjóðólfur 1986-1987/2022_1_Þjóðólfur_00488, Héraðsskjalasafn Árnesinga. Mynd til hægri birtist í grein Magnúsar Guðmundssonar um húsið í Skinfaxa 1950.11.01.

varð margnota hús sem gegndi hlutverki íþrótta-, samkomu- og fundarhúss, auk þess að vera laugarhús. Umræður um byggingu hússins hófust skömmu eftir 1940 og árið 1942 var málið greinilega komið vel á veg, því þá fékk ungmennafélagið 2000 króna styrk frá Íþróttanefnd ríkisins vegna byggingarinnar, og er þar átt við húsið sjálft.[486] Húsið var við norðurhlið laugarinnar. Framkvæmdir hófust fyrir alvöru vorið 1944 og lauk síðla sumars 1946. Húsið var vígt 29. september 1946 og fékk nafnið Laugaland þótt það væri oftast einfaldlega nefnt Samkomuhúsið.[487] Vígslan var hátíðleg og voru viðstaddir, auk heimamanna, þeir sem komu að byggingu hússins, þingmenn sýslunnar, Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi og brottfluttir Holtamenn. Heimamenn unnu stóran hluta verksins í sjálfboðavinnu en framkvæmdin hlaut einnig styrki og framlög, meðal annars úr Íþróttasjóði ríkisins og frá kvenfélaginu

[486] *Skinfaxi* 01.05.1942, bls. 46.
[487] *Gamla sundlaugin, Samkomuhúsið og fleiri mannvirki á Laugalandi í Holtum.*

og hreppnum. Þegar húsið var fullgert hvíldi þó á því umtalsverð skuld sem hreppurinn var í ábyrgð fyrir.

Ítarlega lýsingu af húsinu er að finna í *Morgunblaðinu* í desember 1946:

> „Volgar laugar eru skammt frá húsinu og er leitt í pípum frá þeim 45-48 stiga heitt vatn, sem rennur í gegnum miðstöðvarofna hússins, í sundlaugina og hitar hvort tveggja nægilega. Þó er miðstöðvarketill í sambandi við miðstöðvarkerfið til öryggis, ef laugarvatnið reynist ónógt til upphitunar á húsinu, þegar kaldast er. Húsið er byggt úr steinsteypu, fóðrað að innan til einangrunar með pappa og trjetexi en múrhúðað innst. Utan á veggjum er skel. – Stærð hússins er 21 x 8 m. – skiptist í anddyri, sal og upphækkað leiksvið. Meðfram anddyrinu beggja handa eru snyrtiherbergi, vatnssalerni, fatageymsla og uppgangur á loft yfir inngangínum, sem opið er uppi inn í salinn. Undir leiksviðinu, í kjallara, eru steypuböð, búningsherbergi og vatnssalerni, til afnota fyrir sundnema o.fl. Rafljós eru í húsinu, orka frá mótor. Teikning hússins er gerð hjá Húsameistara ríkisins. Steinsteypuna og múrverkið annaðist Ingvar Guðmundsson, frá Þjóðólfshaga og Guðni Halldórsson, múrari, báðir í Reykjavík. Trjesmíði annaðist Helgi Kristjánsson, trjesmíðameistari Reykjavík. Hita- og vatnsleiðslur annaðist Runólfur Jónsson frá Hárlaugsstöðum, pípulagningarm, Rvk. Um raflögn í húsið sá Þorsteinn Guðmundsson, rafvirki, frá Selfossi og málningu Ásgeir Einarsson, málarameistari, Hafnarfirði.“[488]

Í lýsingu á sama húsi í *Skinfaxa* er það sagt 8 ½ x 23 m og þar kemur fram að yfir forstofu sé geymt bókasafn hreppsins.[489] Húsið var aldrei fullklárað þar sem veitingaaðstaða var aldrei byggð eins og til stóð. Búningsklefar og snyrtingar fyrir laugina voru í kjallara hússins og var þá hætt að nota skýlið sem búningsklefa.[490]

Af ljósmyndum af húsinu má sjá að það var reisulegt, steinsteypt hús með valmaþaki. Ris var yfir inngangi á vesturhlið og kjallari undir austurhluta hússins. Á langveggjum þess voru átta háir smárúðugluggar (í það minnsta á norðurhlið). Inngangur var á vesturgafli hússins en tvennar dyr lágu út úr kjallaranum nærri austurenda, að sundlauginni. Á kjallaranum voru fimm litlir gluggar til suðurs, að laug, og fimm litlir gluggar á austurhlið kjallarans.

Sama ár og húsið var vígt veitti Alþingi dágóðum styrk til rannsókna á jarðhita á jörðinni þar sem talsverðar vonir voru bundnar við að mætti nýta enn frekar en verulegt hreyfing komst þó ekki á jarðhitamál fyrr en í kringum byggingu skólahússins áratug síðar.[491] Húsið var frá upphafi rekið sem „sjálfstætt fyrirtæki“ og var reksturinn í höndum stjórnar sem skipuð var tveimur fulltrúum frá

[488] *Morgunblaðið* 01.12.1946, bls. 5.
[489] *Skinfaxi,* 01.11.1950, bls. 70-71.
[490] *Gamla sundlaugin, Samkomuhúsið og fleiri mannvirki á Laugalandi í Holtum.*
[491] https://www.althingi.is/altext/64/s/pdf/0945.pdf.

ungmennafélaginu, tveimur frá hreppsnefnd og einum frá kvenfélaginu. Stjórnin sá um viðhald hússins og allan rekstur þess.[492]

Á sjötta áratug 20. aldar var ákveðið að koma upp heimavistarskóla í hreppnum og var ákveðið að hann yrði að Laugalandi, þar sem jarðhiti var góður og þegar var komin sundlaug og samkomuhús. Skólinn hafði afnotarétt af jarðhitanum og var vígður 9. desember 1958.

Sundlaugin Laugalandi í Holtum. Uppdráttur og afstöðumynd frá 1947(Húsameistari ríkisins, C384, Þjóðskjalasafn Íslands) upprétt og lögð ofan á lofmynd frá Loftmyndir ehf. Eins og sést á kortinu voru sundlaugin og samkomu- og búningshúsið í austurjaðri núverandi bílastæðis en nýja sundlaugin er spottakorn norðnorðvestar.

Í samantekt um sögu Laugalandsskóla kemur fram að upp úr 1975 hafi gömlu skóla- og sundlaugarmannvirkin ekki lengur þótt fullnægjandi. Hvorki þótti þar góð aðstaða til leikfimikennslu eða annarrar íþróttaiðkunar og sundlaugin þótti einnig gömul og of lítil. Árið 1977 samþykkti skólanefndin að stefna bæri að því að reisa ný íþróttamannvirki og að byggja nýtt og mikið hús á tveimur hæðum fyrir skóla og íþróttastarf. Í húsinu var gert ráð fyrir mötuneyti, eldhúsi, borðstofu, kennslustofu, smíðastofu, bókasafni, fullkomnum íþróttasal og nýrri útisundlaug við það.[493]

[492] *Skinfaxi,* 01.11.1950, bls. 72.
[493] Skólalykill 2020-2021, Laugalandsskóli, Holtum bls. 7.

Framkvæmdir hófust 1981 en þeim lauk ekki að fullu fyrr en 1994 og var ný sundlaug tekin í notkun það ár. Hönnuður nýju mannvirkjanna var Teiknistofa Hauks Viktorssonar.[494] Eftir að nýju mannvirkin risu féllu þau eldri úr notkun og var gamla laugin fyllt með sandi. Sundlaugin var fyllt og samkomu- og laugarhúsið varð fyrir skemmdum í Suðurlandsskjálftanum árið 2000. Í kjölfarið var húsið rifið viku síðar, 23. júní 2000.[495]

[494] Reynir G. Karlsson og Haukur Viktorsson. 1986, bls. 51-54.
[495] *Gamla sundlaugin, Samkomuhúsið og fleiri mannvirki á Laugalandi í Holtum* og *Morgunblaðið* 23. júní 2000, bls. 4 „16-17 hús dæmd óíbúðarhæf á Hellusvæðinu".

Brautarholtslaug/Skeiðalaug (1938-1975)

Staðsetning: Húsatóftir/Brautarholt	*Höfundur: Einar Erlendsson/Húsameistari ríkisins*
Byggingarár: 1938	*Byggt af/eigandi: Ungmennafélag Skeiðamanna/Ríkissjóður*
Helstu endurbætur:	*Yfirbyggð/opin: Opin*
Staða/ástand: Horfin vegna byggingar nýrrar laugar og -húsa	*Hitun: Jarðvarmi*

Stofnfundur Ungmennafélags Skeiðamanna var haldinn 24. maí 1908.[496] Fljótlega var farið að huga að því að koma upp sundlaug til sundkennslu. Strax var ákveðið að laugin yrði annaðhvort í Brautarholti í landi Húsatófta eða í landi Reykja. Niðurstöður fyrstu athugana leiddu hins vegar í ljós að ómögulegt væri að koma upp laug í landi Húsatófta og að mjög erfitt yrði að gera það í landi Reykja. Líklega þyrfti að steypa laugina ef vel ætti að vera. Um þetta urðu miklar umræður á næstu árum en 1911 var ákveðið að kanna betur möguleika þess að gera laugina í landi Húsatófta[497] og ári síðar var ákveðið að ráðast í verkið.[498]

Laugin var steypt sumarið 1912 og tekin í notkun árið á eftir. Hún var um 10 x 6,5 m og var laugarkarið steypt ofan jarðar, með aðrennsli í opinni blikkrennu frá hver skammt frá. Laugin entist skammt þar sem veggir hennar sprungu.[499] Árið 1924 var hún endurgerð en skömmu síðar tók rennsli úr hvernum að minnka og að lokum þraut vatnið. Laugin var því aðeins í notkun um stutt skeið. Laugarkerið stóð áfram og var meðal annars notað sem fjárrétt um tíma, en nú sjást ekki lengur merki um þessar eldri laugar. [500] Ekki er vitað til þess að laugarhús hafi verið við þessar elstu laugar og þær því ekki skráðar í sjálfstæðri færslu við könnunina.

[496] Fundargerðabók Ungmennafélag Skeiðamanna. 1908-1910, A1-1. 24.08.1908.
[497] Fundargerðabók Ungmennafélag Skeiðamanna. 1910-1913, A1-2. 27.11.1910 og 30.07.1911.
[498] Fundargerðabók Ungmennafélag Skeiðamanna. 1910-1913, A1-2. 2. 10.09.1911 og 25.02.1912.
[499] Yfirlitsskjali um sundlaugar frá Menntamálaráðuneyti DD 05.
[500] Jón Eiríksson. 2008, bls. 486.





Skeiðalaug Brautarholti. Myndir frá 1951, ljósmyndari Jón Eiríksson. Héraðsskjalasafn Árnesinga JE0805_Jón Eiríksson.

Árið 1934 tók Barnaskóli Skeiðamanna til starfa í Brautarholti, en frá 1966 varð hann sameiginlegur unglingaskóli Skeiðamanna og Gnúpverja.[501] Sama ár var á fundi ungmennafélagsins rætt um nýja og betri sundlaug og þótti rétt að hún yrði áfram í landi Brautarholts. Ákveðið var að leita allra leiða til að koma málinu í vænlegan farveg og jafnframt að fá bændur á svæðinu í lið með félaginu, en lítið gerðist fyrr en í ársbyrjun 1937.[502] Þá hafði áhugi aukist og þriggja manna nefnd verið kosin til að fylgja málinu eftir. Um vorið hafði verið fenginn „maður úr Reykjavík“ til að kanna málið. Hann taldi sundlaugarstæðið „sæmilega gott“ og í kjölfarið lögðu ungmennafélagar talsverða vinnu í tilraunagröft. Þá var enn kosin nefnd, sem átti að fylgja málinu eftir og leggja fram kostnaðaráætlun og hugmyndir um fjáröflun.[503]

Umræða um sundlaug tengdist fljótlega leit að heitum uppsprettum og möguleika á hitaveitu fyrir skólahúsið. Á fundi í ársbyrjun 1938 samþykktu ungmennafélagar að fá sérfróðan mann til að gera kostnaðar og rekstraráætlun um hitaveitu fyrir skóla og samkomuhús og jafnframt sérstaka kostnaðaráætlun um gerð sundlaugar, annars vegar „heima“ á Húsatóftum, hins vegar við skólann. Miðað var við að sundlaugin yrði 25 x 10 x 2,25 m að stærð.

Tveimur mánuðum síðar hafði Benedikt Gröndal verkfræðingur tekið að sér að kanna málið og skoða þrjár útfærslur. Mest var fjallað um þá hugmynd að dæla vatni frá Húsatóftum, nýta það til upphitunar hússins og leiða síðan affallsvatn í sundlaug við skólann. Talið var að vatnið myndi líklega kólna um 10 gráður á leiðinni og að rekstrarkostnaður yrði talsverður. Til álita kom að leggja í meiri kostnað við

[501] Jón Eiríksson. 2008, bls. 493-495.
[502] Fundargerðabók Ungmennafélag Skeiðamanna. Fundargerðarbók 1928-1936, A2-5. 24.06.1934, 17.05.1934.
[503] Fundargerðabók Ungmennafélag Skeiðamanna. Fundargerðabók 1937-1966, A2-6. 02.01.1937.

leit að heitu vatni við skólann eða staðsetja sundlaug annars staðar, en niðurstaðan var sú að best færi á því að hafa hana í nágrenni skólans. Ljóst var þó að stofnkostnaður yrði umtalsverður og meiri en svo að ungmennafélagið treysti sér í framkvæmdirnar. Félagið skoraði því á skóla- og hreppsnefnd að beita sér fyrir frekari rannsóknum á jarðhita á skólalóðinni.[504]

Árið 1938 voru þrjátíu ár liðin frá stofnun ungmennafélagsins. Jarðhitaleitin hafði gengið þokkalega og ákveðið var að ráðast í byggingu sundlaugar, 12,5 x 8 m að stærð, sem mætti lengja síðar ef þörf þætti á. Verkið skyldi unnið með aðstoð skóla- og hreppsnefndar. Fyrst þyrfti að fá teikningu hjá ríkinu og ráða yfirsmið, og síðan að sækja um styrki til framkvæmdarinnar þar sem kostur væri.[505] Einar Erlendsson hjá Húsameistara ríkisins teiknaði laugina. Henni var valinn staður undir holti í 250 m fjarlægð frá heitavatns uppsprettunni til að tryggja sjálfrennsli í laugina og mannvirkið reis um sumarið. Í árslok höfðu um 300 dagsverk verið unnin við laugina. Laugin var byggð af nokkrum vanefnum og framkvæmdum var ekki lokið strax.[506]



Skeiðalaug Brautarholti. Teikning Einars Erlendssonar frá september 1938. Húsameistari ríkisins, C384_04, varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands.

Laugarkarið var 12,5 x 8 m og sneri norður suður. Háir steinsteyptir veggir voru frá upphafi ráðgerðir umhverfis laugina en þeir þó ekki byggðir fyrr en síðar. Laugarkerið lá fast upp að sundlaugargarðs-veggjunum að sunnan og vestan, en að norðan og austan var stétt meðfram lauginni. Við norðurenda

[504] Fundargerðabók Ungmennafélag Skeiðamanna. Fundargerðabók 1937-1966, A2-6. 02.03.1938.
[505] Fundargerðabók Ungmennafélag Skeiðamanna. Fundargerðabók 1937-1966, A2-6. 31.07.1938.
[506] Jón Eiríksson. 2008, bls. 495.

laugarinnar var búningsklefinn. Hann var úr steinsteypu, lágur og með skúrþaki og náðu veggir upp fyrir þakflötinn. Á norðurhlið voru tvennar dyr og litlir gluggar við þær. Áhorfendum var ætlað að koma um dyr á sundlaugargarðinum austan við húsið. Nyrst við vesturvegg áttu að vera tvö salerni fyrir pilta og stúlkur. Kvennaklefinn var austast og við hlið hans sturtur kvenna, síðan sturtur karla og loks karlaklefinn. Af ljósmyndum að dæma hefur verið vikið frá teikningunni og salernin ekki gerð við vesturhlið laugarinnar, en sundlaugarhúsið þess í stað lengt þannig að það náði eftir endilangri austur-vesturhlið laugargarðsins. Því voru sex dyr að lauginni og ætla má að af þeim hafi tvennar verið að salernum.

Árið 1939 var laugin fullgerð að mestu og sett tunna í holuna þar sem heita vatnið var tekið og leitt í tréröri til laugarinnar. Á fundi ungmennafélagsins næsta sumar kemur fram að brýn þörf sé á að ganga betur frá lauginni en lokafrágangur virðist hafa tafist um skeið.[507] Í gögnum Íþróttasjóðs er varðveitt bréf frá Eiríki Þorsteinssyni til Fræðslumálastjóra, dagsett 1941, þar sem leitað er eftir frekari styrk úr ríkissjóði til að ljúka vinnu við sundlaug sem þá er sögð „ófullgerð en vel nothæf" og í kjölfarið voru steyptir skjólveggir í kringum laugina.[508]

Gerð laugarinnar var mikið framfaraskref fyrir sundkennslu á svæðinu. Hún þótti köld, aðeins 10 til 15 gráður, enda þurfti að leiða vatnið langa leið. Einnig þótti galli að laugin var of djúp fyrir ósynda, 1,5-2,2 m. Hún var ekki notuð á vetrum og dæmi eru um að vatn hafi frosið í henni. Þrátt fyrir það æfðu ungmennafélagar af kappi og eignuðust brátt sterka sundsveit.[509]

Árið 1950 fékkst loks nægt heitt vatn með jarðborunum í Brautarholti og þar hefur síðar myndast þar nokkur þéttbýliskjarni. Með árunum fór gamla laugin að láta á sjá. Í bréfi frá Þorsteini Einarssyni frá 1970 segir meðal annars:

> Vegna þess að eigi var fyrir hendi raforka til þess að knýja dælu, sem gæti þrýst vatninu hærra, var notast við rennslið úr holunni og varð því að koma þrónni það lágt í jörðu að hún fylltist, en við það var eigi unnt að tæma sundþrónna, er hana skyldi hreinsa. Þá varð eigi unnt að koma fyrir hitun í búningsklefum né baðvatni í baðdreifara. Vegna alls þessa hefur sundstaðurinn verið mjög erfiður hvað viðkemur ræstingu og aldrei verið unnt að koma þar fullkomnum búnaði og vistleika. Þó notast hafi verið við sundstaðinn, þá hefur hann verið af mér dæmdur ónothæfur sundstaður í sl. 10 ár.[510]

[507] Fundargerðabók Ungmennafélag Skeiðamanna. Fundargerðabók 1937-1966, A2-6. 31.07.1938 04.06.1939.
[508] Styrksbeiðni til Fræðslumálastjóra vegna sundlaugar í Brautarholti 4. apríl 1941.
[509] Jón M. Ívarsson. 2010, bls. 134.
[510] Bréf frá Þorsteini Einarssyni 20. október 1970, Gögn Íþróttasjóðs, DD 96, Þjóðskjalasafn Íslands.

Brautarholtslaug, samsett mynd. Loftmynd frá 1974 (frá vef Náttúrufræðistofnunar Íslands) upprétt og lögð ofan á nýja loftmynd (Loftmyndir ehf). Á myndinni sést yngri laugin en einnig eldri sundlaugin frá 1938 en öll ummerki um hana hafa nú verið afmáð.

Í yfirlitsskjali Menntamálaráðuneytisins um sundlaugar frá 1971 fær laugin áþekkan dóm. Þar er meðal annars getið um „fábrotið laugarhús“ og laugin sögð ónothæf. Ári síðar teiknaði Jes Einars Þorsteinsson nýja laug sem sveitarfélagið lét byggja á árunum 1972 til 1975, en hún fellur utan tímaramma verkefnisins og er því ekki skráð sérstaklega.

Eldri laugin var skráð af Fornleifastofnun Íslands í aðalskráningu fyrir sveitarfélagið (minjastaður ÁR-239:063). Í skráningarskýrslunni kemur fram að ekki sjáist önnur ummerki um laugina en óljós dæld í túninu og einstaka steypuleifar þar skammt frá.[511]

[511] Birna Lárusdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl. 2017, bls. 45.

Flúðalaug (1948-1988)

Staðsetning: Hrunamannahreppi	*Höfundur: Bárður Ísleifsson/Húsameistaraskrifstofa ríkisins*
Byggingarár: 1948	*Byggt af/eigandi: UMF Hrunamanna, ríkissjóður*
Helstu endurbætur: 1987-88	*Yfirbyggð/opin: Opin*
Staða/ástand: Laug í notkun, sundlaugarhús endurnýjað	*Hitun: Jarðvarmi*

Sundkennsla hófst snemma á Flúðum en framan af var kennt í Grafarbakkalaug, vestan undir Hverahólma ofan Litlu-Laxár (sjá færslu um þá laug og aðdraganda hennar í kafla 4).

Árið 1926 keypti Hrunamannahreppur land og hitaréttindi af Hellisholtum og tveimur árum síðar var ákveðið að byggja barnaskóla við Hellisholtahver, nærri Hellisholtalæk. Sú ákvörðun markaði upphaf þéttbýlis við Flúðir. Skólahúsið teiknaði Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins, og var það þriðji heimavistarskólinn sem reis í sveit hér á landi, og jafnframt sá stærsti. Húsið var vígt 27. október 1929. Ári síðar var nýbýlið Hvammur stofnað, nærri gömlu lauginni við Hverahólma, og á næstu þremur áratugum, þó aðallega eftir 1940, fjölgaði nýbýlum við Flúðir og voru þau orðin sex talsins um 1960. Þéttbýliskjarninn byggðist í kringum heita vatnið og nýbýlin tengdust flest ræktun.[512]

Í upphafi var börnum í skólanum kennt sund í gömlu lauginni við Hverahólma, en fljótlega var farið að ræða gerð nýrrar sundlaugar. Árið 1937 var gerð teikning að nýrri laug við Hverahólma en ekkert varð úr framkvæmdum.[513]

Ungmennafélagið var atkvæðamikið í Hrunamannahreppi á þessum tíma og á næstu árum var haldið áfram að safna fyrir nýrri sundlaug með ýmsum hætti, til dæmis með happdrætti. Árið 1944 samþykkti aðalfundur ungmennafélagsins að byggja nýja sundlaug við skólann. Að fengnum teikningum hófst vinna við gerð laugarinnar strax næsta vor.[514]

Laugin var gerð eftir teikningum Bárðar Ísleifssonar, Húsameistara ríkisins, en ekki hefur fundist teikning sem er sérstaklega merkt Flúðalaug.[515] Á skilti við laugina er ranglega sagt að Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi hafi teiknað laugina eftir hugmyndum Ungmennafélags Hrunamannahrepps.

Líklegt er að misskilningurinn byggist á því að Þorsteinn hafi haft milligöngu milli heimamanna og

[512] Upplýsingar af upplýsingaskilti við laug og *Tíminn* 18.05.1961, bls. 9.
[513] Upplýsingar af upplýsingaskilti við laug.
[514] Upplýsingar af upplýsingaskilti við laug.
[515] Spjaldskrá um laugar, Menntamálaráðuneyti, DD 95.

Húsameistara ríkisins, sem teiknaði laugarhúsið.

Laugarhúsið var keimlíkt stöðluðum húsum sem Bárður teiknaði og í raun virðist það vera blanda af tveimur slíkum meðal gagna Húsameistara. Framhlið hússins er nánast eins og framhlið



Ekki fannst teikning að sundlauginni á Flúðum en hún er blanda af tveimur stöðluðum sundlaugateikningum Bárðar Ísleifssonar sem hér eru sýndar. Sú hlið sem sneri frá sundlaug var í samræmi við teikninguna frá 26. júní 1945 (sem er ofar) en sú hið sem sneri að sundlaug er með fernum dyrum og líktist mest sundlaugarhlið á teikningu ofar frá 14. febrúar 1950.

sundlaugarhússins í Þelamörk í Eyjafirði, sem var vígt 1947, en glugga- og dyrasetning á bakhlið hússins líkist fremur yngri teikningu Bárðar. Laugarþróin var 25 x 8 m. Hún var 0,9 m á dýpt í grynnri enda og 1,9 m þar sem dýpst var. Eigandi laugarinnar var Ungmennafélag Hrunamanna.[516] Af ljósmyndum má sjá að kjallari var undir dýpri laugarendanum.

[516] Spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti (líklega frá miðri 20. öld) DD 95.

Framkvæmdir við sundlaugina virðast hafa gengið vel. Vatni var hleypt á hana strax 1946, þótt þá hafi enn verið mikil vinna óunnin, og héldu framkvæmdir áfram á næstu árum. Í yfirliti yfir framkvæmdir á vegum hins opinbera 1947 er Flúðalaug talin upp sem mannvirki sem lokið var við það ár, og er þar líklega átt við sjálfa sundlaugina. Sama ár unnu ungmennafélagar einnig að lagningu vegar að lauginni.[517]

Þá var jafnframt borað eftir heitu vatni við Flúðir og tókst sú borun vel.[518] Í upphafi var Hellisholtahver notaður til upphitunar en eftir að sundlaug, skóli og tvö hús höfðu risið dugði hann ekki til og voru þá gerðar þrjár bolholur við Hellisholtalæk. Hola 1 var lengi notuð til að hita upp sundlaugina á Flúðum og jafnframt til brauðbaksturs.[519]

Sundlaugin á Flúðum. Efri mynd til vinstri er frá Héraðsskjalasafni Árnesinga (TJ_03946, Tómas Jónsson 1961-70) en hinar myndirnar þrjár eru teknar af Guðna Þórðarsyni. (Efri mynd til hægri GÞ-1847. Neðri mynd til vinstri GÞ-1845 og sú til hægri GÞ-1836) en myndirnar eru úr Sarpi.

Framkvæmdir við Flúðalaug héldu áfram 1948 og það ár fékk ungmennafélagið 9.000 króna styrk úr Íþróttasjóði til verksins sem var meðal hærri sundlaugastyrkja það ár og bendir til þess að verkið hafi þá verið komin langt, eða að mestu lokið.[520] Árið eftir kemur fram í *Skinfaxa* að ungmennafélagið hafi

[517] *Morgunblaðið* 20.01. 1948, bls. 5 og *Skinfaxi* 11.01.1948, bls. 146.
[518] *Tíminn* 18.05.1961, bls. 9.
[519] Upplýsingar af upplýsingaskilti við laug.
[520] *Skinfaxi* 11.01.1949, bls. 135.

lokið endanlega við sundlaugagerð sína og sé hún „frábærlega myndarlegt mannvirki“.[521] Nýja laugin var vígð 1949. Ungmennafélagar unnu mikla sjálfboðavinnu við gerð laugarinnar eða sem samsvaraði 300 dagsverkum.[522]

Svo virðist sem laugin hafi verið talsverð lyftistöng fyrir þéttbýliskjarnann sem var að myndast á Flúðum. Í stuttri frétt í *Tímanum* 1949 kemur fram að mikill uppbyggingaandi sé á Flúðum, þar sé nú að myndast lítið þorp sem byggi á garðrækt, smáiðnaði og fleiru, og að gerður hafi verið skipulagsuppdráttur af því. Öflugt félagslíf sé á svæðinu og meðal annars haldi ungmennafélagið uppi mikilli starfsemi tengdri íþróttum, sundi og leiklist, svo unga fólkið vilji hvergi fara.[523] Svipaður tónn er í grein í *Morgunblaðinu* nokkrum árum síðar, 1954, þar sem fram kemur að sveitarfélagið hafi keypt dágóðan landskika þar sem þorpið sé að rísa. Nýtt félagsheimili sé í smíðum og til standi að byggja nýjan skóla í stað hins gamla, sem sé úr sér genginn, og einnig að gera íþróttavöll. Auk alls þessa séu í plássinu trésmíðaverkstæði, bílaverkstæði, verslunarhús og nokkur íbúðarhús. Í þéttbýlinu sé útisundlaug sem sé einhver fallegasta og snyrtilegasta útisundlaug landsins. Laug og hús séu hvítmáluð í hólf og gólf, á öðrum barmi laugarinnar hafi verið komið fyrir stöllum fyrir áhorfendur í brekkunni og þar fyrir ofan hafi verið gróðursett tré. Sundlaugin sé einn helsti samkomustaður svæðisins og mikið aðdráttarafl fyrir ungt fólk.[524]

Skólahúsið að Flúðum var við sundlaugina, en fljótlega upp úr miðri 20. öld var það talið lélegt og margoft lýst yfir að aðstaðan væri óviðunandi og byggja þyrfti nýtt hús. Árið 1962 fór kennsla að hluta til fram í félagsheimilinu og 1963 var Skúli H. Norðdal fenginn til að hanna nýjan heimavistarskóla, sem tekinn var í notkun í áföngum á árunum 1964 til 1970. Gamli skólinn var rifinn um tíu árum síðar. Árið 1986 var leikfimihús reist og breyttist þá umhverfi sundlaugarhússins nokkuð, enda voru ný skólahús byggð handan við lækinn.[525]

Árið 1974 koma fram hugmyndir um byggingu nýrrar búningsaðstöðu við laugina og samkvæmt skilti við hana var búningsaðstaða lagfærð og endurnýjuð að hluta næstu árin.“[526]

Í umfjöllun um Flúðir í *Þjóðviljanum* 1978 kemur fram að sundlaugin sé opin megnið af árinu og að laugin sjálf sé góð, en búningsklefarnir orðnir hrörlegir. Bót á þeim vanda kunni þó að vera í sjónmáli, þar sem til standi að byggja nýtt íþróttahús og sundlaugin gæti mögulega nýtt búningsklefa þar.[527] Í grein í *Vikunni* 1988 kemur fram að sundlaugin hafi nýverið verið tekin í gegn og að þá hafi meðal

[521] *Skinfaxi* 11.01.1950, bls. 154.
[522] Upplýsingar af upplýsingaskilti við laug.
[523] *Tíminn* 18.05.1949, bls. 2.
[524] *Morgunblaðið* 30.09.1954, bls. 23.
[525] Upplýsingar af upplýsingaskilti við laug.
[526] Upplýsingar af upplýsingaskilti við laug.
[527] *Þjóðviljinn* 02.08.1978, bls. 13.

annars verið komið fyrir gufu og ljósalömpum. Ekki hafa fengist skýrar upplýsingar um hvort húsið var rifið í endurbótunum eða hvort einhver hluti af því stendur enn mikið breyttur. Sundlaugin er enn opin og í fullri notkun.[528]

[528] *Vikan* 04.02.1988, bls. 32-33.

Sundlaug Íþróttaskólans í Haukadal (1931-1994)

Staðsetning: Geysir í Haukadal	*Höfundur: Sundlaugin gerð eftir teikningu Jóhanns Franklín Kristjánssonar. Húsið teiknaði Bárður Ísleifsson/Húsameistari ríkisins*
Byggingarár: 1931	*Byggt af/eigandi: Haukadalsskóli*
Helstu endurbætur:	*Yfirbyggð/opin: Opin*
Staða/ástand: Horfin	*Hitun: Jarðvarmi*

Árið 1927 tók til starfa Íþróttaskóli við Geysi í Haukadal, kenndur við stofnanda hans og forstöðumann, Sigurð Greipsson bónda og glímukappa.[529] Sigurður lét þá strax gera sundlaug sem grafin var í jörðu og framveggur hlaðinn úr torfi og grjóti. Hún var lík mörgum laugum sem ungmennafélagar víða um land gerðu á fyrstu áratugum 20. aldar, áður en farið var að gera steinsteyptar laugar.[530] Í bók Ármanns Kr. Einarssonar um Sigurð Greipsson segir að laugin hafi verið gerð í moldargili þar sem heitt vatn seytlaði fram. Hann lýsir lauginni á eftirfarandi hátt:

Sundlaugin við Geysi sem gerð var 1927. Mynd frá 1928. Héraðsskjalasafn Árnesinga. Myndanúmer AL_MA_96_01090.

Fyrsta hús Íþróttaskólans í Haukadal, byggt 1927. Myndin er úr bókinni HSK í 100 ár, bls. 93.

> [Sigurður] fékk okkur strákana til að hlaða vegg sem stíflaði gilið. Botninn var úr mold og maður mátti ekki standa lengi í sömu sporum því þá sökk maður upp að hnjám í eðjuna. Vatnið var því óskaplega gruggugt og þar var líkst því að synda í súkkulaði, að synda í þessari laug. Var hún [laugin] grafin niður á fasta hrúðurklöpp og veggir hlaðnir úr mýrarhnausum. Sundlaugin var 25x6 metrar.[531]

Ekki er getið um laugarhús við þessa elstu laug við Geysi og hún því ekki skráð sérstaklega.

[529] Oddgeir Guðjónsson o.fl. 1986, bls. 86.
[530] Jón M. Ívarsson. 2010, bls. 133.
[531] Páll Lýðsson. 1997, bls. 66-67.

Ekki leið á löngu þar til ráðist var í gerð steinsteyptrar sundlaugar í stað forarpollsins. Nýja laugin var

Sundlaugin við Geysi. Myndin vinstra megin sýnir steinsteyptu laugina sem gerð var 1929 (1931-1949_2000_53_BG_00122-x-large_HérÁRn_Bjarni Guðmundsson). Ljósmyndin hægra megin sýnir húsið sem byggt var 1927 og sundlaugina sem gerð var tveimur árum seinna. (Sarpur_Lpr2013-432_1927-40.)


SUND-SKÁLI
VIÐ
HAUKADALS LAUG
KALDA BAÐ
SUNDLAUGIN
KALDA BAÐ
SUNDLAUGIN
KLEFAR
KONUR
KLEFAR
KARLAR
KALDA BAÐ
KALDA BAÐ
KLEFAR
KONUR
KLEFAR
KARLAR
SUNDLAUGIN
SUNDLAUGIN

teiknað fáum mánuðum fyrr. Húsið reis en óljóst er hvor teikningin var notuð. Í *Yfirliti yfir mannvirki frá 1983* er Sigurður Greipsson með röngu sagður hönnuður mannvirkjanna.[536]

Af teikningu af lauginni og ljósmyndum að dæma var laugarhúsið steinsteypt og með flötu þaki. Húsið var samhverft um miðju og baðklefi og sturtuklefi báðum megin. Á þeirri hlið sem sneri að lauginni voru tvennar dyr nærri báðum endum hússins og röð af litlum gluggum ofarlega á veggnum milli þeirra. Húsið var mjög líkt laugarhúsum sem risu víða um land um svipað leyti en Bárður Ísleifsson hannaði mörg þeirra og sum teiknaði Jóhann Franklín.

Á gömlum loftmyndum (á vefnum Map.is) má sjá að gamla laugin var enn á sínum stað 1969 með laugarhúsum við laugarendann en um 1994 var hún rifin þegar ný laug með laugarhúsi var tekin í notkun á vegum hótels staðarins. Sú nýja var örskammt fyrir sunnan gömlu laugina. Sundlaugin frá 1994 virðist hafa staðið fram til 2013-14 en þá vék hún vegna framkvæmda við hótelbygginguna og laugarhúsið var rifið skömmu síðar.

[536] *Yfirlit yfir mannvirki frá 1983,* DD05. Þann 15. ágúst 1930 skrifaði Sigurður Greipsson bréf til Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og fer fram á að ríkissjóður greiði helming kostnaðar við laugargerðina. Annað bréf dags. 30. nóvember 1930 sendir hann ráðuneytinu og kallar eftir afgreiðslu á fyrra erindi sínu. Í bréfi Sigurðar Greipssnar dags. 24. febrúar 1931 sækir hann um fjárstyrk til steinsteyptrar sundlaugar sem hann gerði 1929. Enn skrifar hann bréf til ráðuneytisins 17. okt. 1931 og biður um viðbótarstyrk til laugargerðarinnar.

Sundlaug Héraðsskólans á Laugavatni – viðbygging (1929/1944-2000)

Staðsetning: Laugarvatn, Árnessýsla

Höfundur: Húsameistaraskrifstofa ríkisins, Guðjón Samúelsson, Einar Erlendsson

Byggingarár: 1929, 1944-1946

Byggt af/eigandi: Sýslur, ríkissjóður

Helstu endurbætur: 1965

Yfirbyggð/opin: Opin, svo yfirbyggð

Staða/ástand: Horfin, rifin.

Hitun: Jarðvarmi

Við Héraðsskólann á Laugarvatni voru gerðar tvær sundlaugar. Sú eldri var í héraðsskólanum sjálfum og er því flokkuð með laugarhúsum sem enn standa. Um hana og aðdraganda byggginganna er fjallað í kafla 4 sem nær yfir laugarhús sem skoðuð voru 2025. Yngri laugin var í viðbyggingu við skólahúsið sem síðar var rifin og flokkast því með horfnum laugarhúsum. Saga þessara tveggja húsa er hins vegar samofin og því vart hægt að fjalla um aðra án þess að fjalla um hina. Hér er þó gerð tilraun til að fjalla að mestu einvörðungu um laugina sem var í viðbyggingu við skólahúsið og vísast til kafla 4 að öðru leyti.





Fyrir veturinn 1929 var grafið fyrir nýrri sundlaug norðaustan við hið nýbyggða skólahús. Byrjað var að nota hana sem opna laug og borðsalur gerður þar sem eldri laugin hafði verið. Árið 1930 voru steyptir veggir umhverfis nýju laugina með háum gluggum til suðurs og steinsteypt þak byggt yfir hana. Ofan á þakinu var pallur eða svalir með handriði. Teikningin til vinstri sýnir laugina eftir að byggt hafið verið yfir hana. Ljósmyndin til hægri er tekin áður en byggt hafði verið yfir hana. Mynd til hægri: Héraðsskjalasafn Árnesinga 2011_34_THT_00199, ljósmyndari Þorfinnur Tómasson. Teikning til vinstri: Sundlaug Héraðsskólans, teikning úr teiknisafni Húsameistara ríkisins frá desember 1942, C326_01.

Þegar hafist var handa við skólabygginguna á Laugarvatni 1928 var gerð sundlaug í grunni viðbyggingar sem reisa átti ári síðar. Sundlaugin var í fyrstu opin en veturinn 1929 var byggt yfir hana bráðabirgðaþak. Sumarið 1929 reis viðbyggingin og þar með var laugin í kjallara skólahússins. Áður en skólinn var settur að öðru sinni haustið 1929 hafði verið gerður grunnur að nýrri sundlaug austan við skólahúsið og þá höfðu áætlanir breyst á þann veg að laugin sem þegar hafði verið gerð yrði aðeins til bráðabirgða. Veturinn 1929-30 unnu nemendur að margvíslegri uppbyggingu skólahúsanna s.s. að

afþilja herbergi og fleira en stærsta verkefnið var þó að koma sundlauginni í gagnið sem bæði nemendur og kennarar unnu saman að.[537] Verkstjórn var í höndum eins verkfróðs manns sem stjórnaði steypuvinnunni, yfirgerðinni og gerð vatnsleiðslunnar. Markmiðið hafði verið að allir nemendur skólans gætu fleytt sér fyrir jól, og það tókst.[538] Síðasta árið sem byggingarnefndin starfaði, árið 1930, skýrði hún frá því að þá um sumarið hafi bæði húsið og sundlaugin verið fullbúin.[539] Þótt byggingarnefndin hafi komist svona að orði árið 1930 er það málum blandið hvort svo hafi í raun verið og ljóst að opna laugin sem þá hafði verið tekin í gagnið var ekki hugsuð sem endanleg lausn í sundlaugarmálum á Laugarvatni. Þetta má m.a. sjá af því að ári áður (í júlí 1929) hafði Guðjón Samúelsson gert teikningar sem sýna langa álmu norðaustan við skólann þar sem gert var ráð fyrir innanhússsundlaug eða sundhöll, sambyggð skólahúsinu.



Á teikningu Guðjóns frá júlí 1929 hafði skólahúsið breikkað sem nam skólagangi með svölum yfir. Einnig hafði sundlaugarálma bæst við norðaustan við húsið. Á meðal gagna Húsameistara ríkisins, C326_01.

Fyrirhugað útlit yfirbyggðu laugarinnar var afar ólíkt hinu nýbyggða skólahúsi og svipaði meira til Sundhallar Reykjavíkur sem Guðjón var þá byrjaður að teikna og ljóst er að Guðjón var þá þegar farin að efast um gildi burstabæjarstílsins í nýbyggingum.[540] Athyglisvert er að þessi breyting á byggingarstíl sem Guðjón valdi á Laugarvatni á sér stað á sama ári og breytingin varð á teikningum hans að Sundhöll Reykjavíkur. Hann hafði teiknað hana í burstabæjarstíl árið 1924 en eftir kynnisferð til Norðurlandanna

[537] Jónas Jónsson. 1933, bls. 78. Í samantektinni kemur fram að fyrsta veturinn sem *Bjarni Bjarnason stýrði skólanum* (1929-1930) hafi húsið verið ófullgert og nemendur og kennarar unnið mikið sjálfboðastarf við framkvæmdir, einkum við sundlaugina. Þar segir að laugin hafi reynst ágætlega, þótt litlu hafi verið til kostað.
[538] Bjarni Bjarnason. 1958, bls. 53.
[539] Bjarni Bjarnason. 1958, bls. 54.
[540] Pétur H. Ármannsson. 2020, bls. 296.

snemma árs 1929 gerði hann nýjar teikningar með þeim stíleinkennum sem Sundhöllin að lokum fékk og sem einkenndu líka tillögu hans að sundhallarálmunni á Laugarvatni.

Sökum fjárskorts varð ekkert úr byggingu þessa húss en í staðinn var byggð áðurnefnd laug við norðausturenda skólans og ætluð var til bráðbirgða þar til sundlaugarálman langa risi.



Sundlaugin við Héraðsskólann á Laugarvatni, sem byrjað var á árið 1929. Hún var í upphafi opin og átti að vera til bráðabirgða en fljótlega var byggt yfir hana. Um 1945 var hún endurbætt og eftir það ætlað að vera til frambúðar. Ofan á þakinu voru svalir með handriði mót suðri. Mynd til vinstri: Roni Horn, mynd tekin rétt áður en húsið var rifið og birtist í Lesbók Morgunblaðsins 10. apríl 1999, bls. 11, mynd til hægri: Skarphéðinn, Héraðsskjalasafn Árnesinga, ártal ópekkt_2018_14_HSK_00924.

Sundlaugin áður en búið var að steypa þak yfir hana. Mynd úr safni Pálma Hilmarssonar/Skólaskýrslum.

Framtíðarsýn fyrir Laugarvatn lýsti Jónas árið 1933:

> […]Við Guðjón Samúelsson unnum um þessar mundir að því að leggja drög að framtíðarskipulagi skólabyggginganna. […]..áttu byggingar skólans að mynda nálega samhangandi skeifu, opna móti fjallshlíðinni. Þá átti að steypa þak yfir núverandi sundlaug, og að hafa að nokkru leyti ofanljós í þeim sal, sem vel gæti verið kennsluherbergi í náttúrufræði eða vinnustofa. Þá kæmi sundhöllin og skyldi vera 33 metra löng, með háum gluggum og flötu þaki. Þar næst kæmi leikfimihúsið, í sama stíl og sundhöllin en stefndi miklu meir til vesturs. Þar sem sundhöll og leikfimihús mætast, liggur nú vegur niður að vatni og á þar að vera port í gegn. Á hæðinni sunnanvert við hlaðið, þar sem nú er fánastöngin, var kirkjunni ætlaður staður. Á milli kirkju og íþróttahúss liggur svo hlaðið, og hinir nýgerðu fögru grasvellir. Gegnt þessu er svo vegurinn og skógarhlíðin. Skólahúsið

og sundhöllin verða, þegar þetta er byggt, tengd saman með gangi þeim, sem nú hefir verið gerður. Á steypuloftinu yfir núverandi sundlaug yrði hentugt að taka sólböð, því að skjólveggir væru móti þrem áttum, en steinrið, líkt og á gangsvölunum, á suðurbrún.[541]



Teikningar Guðjóns Samúelssonar frá júlí 1929 sem sýna mikla sundhallarálmu norðaustan við skólann. Sundlaugin átti að vera 33,4 metrar á lengd. Í bogalaga tengibyggingu milli skólans og sundhallarinnar átti að vera geymsla en þar var hins vegar gerð lítil sundlaug sem átti að vera til bráðabirgða en var svo endurbætt um 1945 og var þá ætlað að vera til frambúðar. Allar teikningarnar eru úr safni Húsameistara ríkisins, varðveittar á Þjóðskjalasafni Íslands (nr. C326_01). Teikning efst og neðar til hægri dagsettar í júlí 1929, teikning til vinstri í september sama ár.

Sundlaugin sem gerð var árið 1929 var í lágri, bogalaga tengibyggingu milli skólans og hinnar stóru, fyrirhuguðu sundhallarálmu. Á þessum stað hafði Guðjón gert ráð fyrir geymslu. Sundlaugin var 12,5 x 6,75 m að stærð og af ofangreindum gögnum er ljóst að henni var aðeins ætlað að vera til bráðabirgða.[542]

Enn urðu tíðindi í sögu sundlaugarhalds á Laugarvatni árið 1942 þegar þeir Guðjón Samúelsson og Einar Erlendsson gerðu nýja teikningu að íþróttaálmu við norðausturgafl héraðsskólans. Forsendur höfðu nú breyst með tilkomu Íþróttaskóla Íslands. Íþróttaálman var teiknuð með sléttu þaki og svipuðu sniði og sundlaugarálman sem Guðjón hafði teiknað 1929. Þessi nýja viðbygging skyldi hýsa

[541] Jónas Jónsson. 1933, bls. 78 og 79.
[542] Spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld, DD 95.

stærsta íþróttasal landsins og var gólf hússins sérbyggt fyrir bæði fimleika og körfubolta.[543] Á sama tíma virðist hafa verið búið að taka ákvörðun um að sú laug sem gerð hafði verið 1929 myndi áfram standa og var hún nokkuð endurbætt og löguð.

Álman sem Guðjón og Einar teiknuðu árið 1942-43. Svipmót hennar var skyldara Sundhöll Reykjavíkur en burstabæjarformi Laugarvatnsskóla. Mynd til vinstri: Vigfús Sigurgeirsson, Safnnúmer A: SÍS-369-4, Sarpur, mynd til hægri: Sarpur, safnnúmer A - SÍS-1265-2.

Laugin á Laugarvatni hélt velli á næstu árum þrátt fyrir ýmsar breytingar á skólahaldi. Ólíkt skólahúsunum sjálfum sem skemmdust mikið í bruna 17. ágúst 1947 virðist hún hafa sloppið við skemmdir og var eitthvað notuð áfram í breyttu skólahaldi fram eftir öldinni. Nýtt íþróttahús Íþróttaskólans var tekið í notkun 1987 og dró þá verulega úr notkun gamla íþróttahússins. Ekki er vitað hversu mikið sundlaugin var notuð í seinni tíð og í yfirliti yfir sundlaugar landsins frá árinu 1971 er laugin sögð „varla nothæf.“[544] Ný sundlaug Íþróttaskólans tekin í notkun árið 1991 og eftir það var norðausturálmu Héraðsskólans með íþróttasalnum og sundlauginni ekki haldið við sem skyldi. Endurbygging skólahússins stóð fyrir dyrum og þótti ærið viðfangsefni og niðurstaða þeirra sem báru ábyrgð á framkvæmdum var sú að rífa skyldi íþróttaálmuna með sundlauginni þrátt fyrir andóf ýmissa heimamanna enda var því haldið fram að steinsteypa hennar væri ónýt. Annað kom þó í ljós því að mati þeirra sem fengnir voru til að rífa húsið.[545]

[543] Frásögn Pálma Hilmarssonar, 12. maí 2025.
[544] Yfirlit yfir sundlaugabyggingar 1971, DD 05, Menntamálaráðuneyti.
[545] Pálmi Hilmarsson: Saga hússins frá 1992 byggir á frásögn Pálma og ábendingum hans í janúar 2026.

Hús Héraðsskólans á Laugarvatni er merkilegt í íslenskri byggingarsögu. Pétur H. Ármannsson bendir á í bók sinni um Guðjón að með skólahúsinu á Laugarvatni hafi burstalag íslenskra sveitbæja í fyrsta sinn verið yfirfært á opinbera steinsteypta byggingu sem sameinaði ólík notkunarhlutverk, þ.e. heimavistarskóla, fundarhús og sumarhótel. Að mati hans markar byggingin endalok ákveðins þróunarskeiðs húsameistarans, því með því lauk tilraunum hans til að móta séríslenskan byggingarstíl



Teikning Guðjóns Samúelssonar og Einars Erlendssonar að viðbyggingu við Héraðsskólann á Laugarvatni, dagsett í apríl 1943. Viðbótarálman var um margt keimlík peirri sem áformuð var 1929 og bar nokkurt svipmót af Sundhöll Reykjavíkur. Nú var aðeins áformað að hafa leikfimisal í nýbyggingunni en að sundlaugin sem gerð hafði verið í tengibyggingunni 1929 til bráðabirgða yrði endurbætt og fest í sessi. Teikning af íþróttahúsi og sundlaug, úr teikningasafni Húsameistara ríkisins, dagsett apríl/júní 1943, nr. C326_01, Þjóðskjalasafn Íslands.

á forsendum fyrri tíðar bæjarlags. [546] Viðbyggingarnar við skólahúsið, sundlaugin og leikfimihúsið voru einnig áhugaverður minnisvarði um umskipti í listsköpun Guðjóns frá þjóðlegri burstabæjarrómantík yfir í hinn „klassíska“ stíl sem einkenndi margar af byggingum hans þaðan í frá. Draumurinn um að gera alla Íslendinga synda fléttaðist inn í þá stefnu að æska landsins skyldi eiga kost á menntun heima í héraði og bygging Héraðsskólans á Laugarvatni með sundlaugum sínum var meðal stærstu skrefa sem tekin voru til að láta drauminn rætast. Hús héraðsskólans var friðlýst þann 12. apríl 2003. Þá voru tvö

[546] Pétur H. Ármannsson. 2020, bls. 199.

ár liðin frá því leikfimiálma skólans var rifin og er óneitanlega mikil eftirsjá að henni. Árið 2007 tóku Ríkiseignir við forræði hússins, það var gert upp og hefur verið rekið sem gistiheimili síðustu ár.

Sundlaugin í Laugaskarði (eldri hús 1938-1963)

Staðsetning: Laugaskarð, Hveragerði	*Höfundur: Þórir Baldvinsson arkitekt, Teiknistofa landbúnaðarins. Arkitekt yngra húss sem ekki er fjallað um hér: Gísli Halldórsson*
Byggingarár: 1938-1945	*Byggt af/eigandi: Ungmennafélag Ölfusinga, Ölfus og Hveragerðishreppur, Ríkissjóður*
Helstu endurbætur: 1941-1945, 1948-19499, 1963, 1975, 1984	*Yfirbyggð/opin: Opin*
Staða/ástand: Laugarhúsið frá 1938 vék fyrir steyptu húsi 1963, laugin enn í notkun	*Hitun: Jarðhiti*

Ríkissjóður keypti jörðina Reyki í Ölfusi árið 1930 vegna þess jarðhita sem þar var og setti þar á stofn vinnu- og hressingarhæli fyrir berklasjúklinga. Að lokinni Alþingishátíðinni 1930 var reist timburhús fyrir hressingarhælið eftir teikningu Guðjóns Samúelssonar[547] úr því timbri sem notað hafði verið í mikla palla sem smíðaðir voru á Þingvöllum í tilefni hátíðarinnar.[548] Hælið var rekið til 1938 og upp úr því reis Heilsustofnun NFLÍ sem enn er við lýði.[549] Sama ár var Garðyrkjuskóli ríkisins stofnsettur og honum fengið hús hressingarhælisins til afnota.

Stofnfundur Ungmennafélag Hveragerðis og Ölfuss var haldinn 5. janúar 1935 og eitt af aðalverkefnum félagsins frá upphafi var bygging sundlaugar. Í grein sem rituð var í tilefni 50 ára afmælis laugarinnar í Laugaskarði kemur fram að Lárus Rist sundkennari frá Akureyri flutti í bæinn um þetta leyti og gekk í félagið í þeim tilgangi beinlínis að byggja veglega sundlaug í Hveragerði, stærstu sundlaug landsins.[550] Í ævisögu Lárusar kemur fram að hann hafi frétt af því að ungmennafélagið hafi haft hug á því að byggja laug en þær hugmyndir hafi síðan fallið í dvala eftir að einn helsti forkólfur málsins hafi látist. Hann hafi því gert sér ferð til að kanna aðstæður og í kjölfarið ákveðið að flytja til Hveragerðis til að sigla málinu í höfn.[551] Lárus varð forystumaður sundlaugargerðarinnar og valdi sundlauginni stað í gilinu austan Varmár og neðan við gróðurskálann á Reykjum þar sem var heitur lækur. Byrjað var á framkvæmdum 29. maí 1937. Ölfushreppur og hrepparnir í kring styrktu framtakið auk almennings en mikið af vinnunni var unnin af sjálfboðaliðum og með handafli. Í ævisögunni kemur fram að fá hús hafi verið í Hveragerði á þessum tíma en smám saman fjölgaði í bænum. Garðyrkjuskóli ríkisins var stofnaður í Hveragerði 1938 og sökum þess þótti ungmennafélaginu stætt á því að leita samstarfs við

[547] *Framkvæmdasýsla ríkisins.* 2002, bls. 8.
[548] Grétar Unnsteinsson munnleg heimild.
[549] *Framkvæmdasýsla ríkisins.* 2002, bls. 8.
[550] Jóna Erlendsdóttir, upptaka varðveitt í ÍSMÚS.
[551] Lárus Rist. 1947, bls. 291-297.

ríkisstjórnina um sundlaugina. Laugin var 12 x 25 m og vatni var hleypt í hana 6. júní 1938. Þá hafði laugarhús þegar verið reist við hana.[552]

Laugin í Laugaskarði. Myndin er tekin um 1940 en laugin var lengd til suðurs árið 1939 og gerð 33 m. Svo virðist sem búið sé að grafa fyrir lengingu hennar til norðurs. Mynd Cedric William Laycook, CWK-66, Sarpur.

Mynd Héraðsskjalasafn Árnesinga. Myndin tekin um 1950. Viðbygging er risin og sundlaugin orðin 50 m á lengd.

Ungmennafélagið aflaði hluta þess fjár sem gekk til laugargerðarinnar, t.d. með happdrætti og fjölbreyttum viðburðum. Hugmyndir Lárusar um sundlaug voru aðrar og metnaðarfyllri en ungmennafélagsins. Hann vildi t.d. tryggja að laugin yrði það djúp að hægt væri að stinga sér í hana af 5 eða jafnvel 7 m háu stökkbretti og einsetti sér strax að laugin yrði ekki minni en 33 1/3 m á lengd. Þegar 25 metra laugin var tekin í notkun 1938 hafði þegar verið ákveðið að stefnt skyldi að því að tvöfalda lengd hennar mjög fljótlega en teikning að 50 metra laug var gerð árið 1937.[553] Var laugin enda strax lengd í 33 1/3 m sumarið 1939 og svo í 50 m árið 1941 og var hún þá lengsta laug landsins.[554] Þess má geta að íslenska landsliðið í sundi æfði í lauginni allt fram til ársins 1966 þegar ný Laugardagslaug var tekin í notkun. Í grein sem Lárus Rist skrifaði í *Íþróttablaðið* 1937 færir hann rök fyrir því að stærri laug þurfi ekki að vera svo mikið dýrari eða erfiðari í framkvæmd en höfuðatriði sé að velja henni hentugan stað og í því samhengi hafi hann miðað við að hafa aðstæður sem líkastar því sem þær hafi verið í lauginni á Akureyri og hafi reynst vel en hann tekur þó fram að allar aðstæður í Hveragerði séu margfalt hentugri en á Akureyri.[555]

[552] *Morgunblaðið* 09.06.1988, bls. 48-49.
[553] Teikningasafn 2000-46 H/28. Undirrituð 20.9.1937, nafn ógreinilegt en líklega J.Gunnarsson
[554] *Fálkinn,* 17.11.1944, forsíða.
[555] *Íþróttablaðið* 01.04.1937, bls. 8.

Á upptöku sem varðveitt er á ÍSMÚS lýsir Stefán Jóhann Guðmundsson aðkomu sinni að byggingu laugarinnar í Laugaskarði 1938. Samkvæmt honum voru nokkur átök milli ungmennafélagsins og Lárusar Rist um sundlaugargerðina, m.a. um staðsetningu. Þegar var komin lítil laug hjá barnaheimilinu, niður undan læknum, og margir vildu gera laugina þar. Lárus hafi hins vegar fljótt tekið af skarið og sagt að laugin ætti að vera í Laugaskarði. Unnið var í skorpum og Lárus stjórnaði af röggsemi. Hann vissi vel hvað hann vildi og gott var að vinna undir hans stjórn samkvæmt Stefáni. Lengi var grafið og klappir sprengdar. Um tíma voru fangar frá Litla-Hrauni fengnir til starfa.[556]





Sundlaugin og húsið eftir að það hafði verið stækkað 1940-1944. Efri teikningin er dagsett 1955 og hefur vafalítið verið gerð við undirbúning á hönnun nýrrar byggingar sem var tekin í notkun 1963 og reis rétt norðan við gamla húsið. Neðri teikningin var gerð 1948 eftir frumteikningu Þóris Baldvinssonar þegar endurbætur stóðu fyrir dyrum í aðdraganda landsmóts 1949. Gluggagerð viðbyggingarinnar virðist þá hafa verið breytt, en upphaflega var þar íbúð umsjónarmanns laugarinnar. Teikningar Íþróttasjóðs, H-28, varðveittar á Þjóðskjalasafni Íslands.

[556] Stefán Jóhann Guðmundsson, upptaka varðveitt í ÍSMÚS.

Sundlaugin var tekin í notkun snemma árs og síðar sama ár hafði laugarhús verið byggt norðan við laugina. Húsið var stækkað einhvern tíma á árunum 1940-1944. Þórir Baldvinsson arkitekt mun hafa teiknað laugarhúsið eins og það varð við stækkunina og sennilega teiknaði hann húsið sem reist var 1938 en upprunaleg teikning hans hefur ekki fundist.[557] Af yngri teikningu að dæma má sjá að húsið sem byggt var 1938 hafi verið lágreist með skúrþaki, fernum dyrum að lauginni og miklum gluggum á framhlið. Á ljósmyndum má sjá að það stóð á talsverðri grjóthleðslu. Á þessu skeiði var talað um að klefarnir ættu að rúma 40-50 manns.[558] Viðbyggingin frá 1940-1944 var vestan við húsið og þar var íbúð umsjónarmanns laugarinnar. Hún var talsvert hærri en eldri hlutinn en einnig með skúrþaki og stórum glugga á suðurhlið sem sneri að lauginni. Ekki er ljóst hvort húsin voru steinsteypt eða úr timbri en af ljósmynd frá því um 1940 sem sýnir bakhlið hússins virðist sem steinsteypa líklegri. Tjörupappi var á þakinu.

Í grein sem rituð var í tilefni af 50 ára afmæli laugarinnar í Laugaskarði kemur fram að um 500 börn hafi verið við æfingar árlega í lauginni fyrstu árin og hafi þau komið víðsvegar að. Til að byrja með var laugin rekin sem sjálfseignarstofnun en styrkt af ríkinu og sveitarfélögum. Þegar Hveragerði varð sérstakt sveitarfélag fylgdi laugin þorpinu. Aðsóknin var svo mikil að ungmennafélagið treysti sér ekki til að reka hana og sveitarfélögin tóku það að sér (Ölfus og Hveragerði). Í greininni kemur fram að í tengslum við Heklugosið 1947 hafi orðið miklar breytingar á hverum í Hveragerði og jarðskjálftar því tengdir urðu þess valdandi að sprungur mynduðust í botni laugar. Nokkrar endurbætur voru enn gerðar á lauginni fyrir landsmót sem haldið var í Hveragerði 1949. Þá var útbúið áhorfendasvæði vestan við laugina og 250 m^2 trépallur smíðaður í gilinu ofan við laugina en þar fór aðalhátíðardagskrá mótsins fram og voru allt að 5 þúsund manns þar þegar mest var.[559]

Árið 1955 var húsið farið að láta á sjá og þá var byrjað að grafa fyrir byggingu nýrra búningsklefa.[560] Elstu teikningar sem fundist hafa að búningsklefahúsinu eru frá 1957 en Gísli Halldórsson arkitekt hannaði það. Nýja húsinu var valinn staður rétt norðan við gamla húsið sem var áfram notað á meðan það nýja var byggt. Árið 1963 var eldri byggingin var rifin og nýja húsið tekið í notkun.[561] Nýja húsið fellur utan þess ramma sem hér er til rannsóknar og er því ekki fjallað sérstaklega um það hér (sjá þó teikningu).

[557] *Yfirliti yfir mannvirki frá 1983* DD05 Menntamálaráðuneyti.
[558] Margrét Þorsteinsdóttir, *Morgunblaðið* 09.06.1988 bls. 48-49.
[559] Sama heimild.
[560] Sama heimild.
[561] Sama heimild.



Sundlaugin í Laugaskarði hönnuð af Gísla Halldórssyni arkitekt. Fyrstu teikningar að húsinu sem fundist hafa eru frá 1957. Teikningin er varðveitt á meðal teikninga Íþróttasjóðs, H28, Þjóðskjalasafn Íslands.

Teikning af setlaug/heitum potti framan við laugarhúsið var gerð af Jes Einari Þorsteinssyni (dagsett 25. mars 1965) og síðar var öðrum potti bætt við.[562] Í grein sem skrifuð var í tilefni af afmæli laugarinnar kemur fram að Gagnfræðaskólinn í Hveragerði var með aðsetur á efri hæð sundlaugarhússins á árunum 1965-1973 og í Laugaskarði var 1973 stofnaður skóli fyrir krakka úr Vestmannaeyjum sem höfðu þurft að flýja gosið, og voru þar mest 70 krakkar við nám. Árið 1977 var heilsurækt tekin í gagnið í Laugaskarði og var vinnan við hana að mestu unnin í sjálfboðavinnu. Í greininni kemur einnig fram að

[562] Íþróttasjóður, H28.

1984 hafi laugin verið farin að láta á sjá og þá hafi hún verið endurbætt og nýr botn steyptur í hana. Sjúkraþjálfari tók til starfa 1985 og vatnsnudd kom í stærri setlaug og stórt náttúrulegt gufubað 1987.[563]

Sérstaða Laugarskarðs

Lárus Rist (1879-1964) var guðfaðir laugarinnar í Laugaskarði. Lárus lauk leikfimi- og sundkennaraprófi í Kaupmannahöfn árið 1906 og kenndi síðan sund á Akureyri árin 1907-1922. Hann gekk til liðs við ungmennafélagshreyfinguna sem var í forystu um gerð sundlauga víðs vegar á landinu. Lárus var í fararbroddi þeirra sem gerðu steinsteypta sundlaug í Grófargili á Akureyri árið 1922 eftir teikningum Sveinbjarnar Jónssonar, sem var 25 m á lengd. Markmið Lárusar og félaga hans var að laugin yrði 50 metrar, en af því varð ekki.[564]

Í Hveragerði náði Lárus því markmiði sínu að útbúa 50 metra langa sundlaug. Sérstaða Laugaskarðs meðal sundlauga landsins má rekja til Lárusar, persónuleika hans og hugsjóna. Um hann segir meðal annars í Tímanum árið 1979:

> Lárus þótti með kempulegustu mönnum sinnar samtíðar. Hann var garpslegur í útliti og framgöngu, teinréttur og hermannlegur. Andlitið mikilúðlegt og stórskorið. Í allri framgöngu sinni var Lárus nánast persónugervingur þeirra lífs- og uppeldishugsjóna sem hann kynntist á námsárum sínum í Danmörku. Kjarni þessara hugsjóna var trúin á manninn, manngildið og mannkærleikann. Í huga hans var það skylda hvers manns að vera maður og þá fyrst og fremst batnandi maður.[565]

Líkamsrækt var mjög mikilvægur þáttur í uppeldishugsjón Lárusar og var sundið honum kærust allra íþrótta. Hann hafði hins vegar óbeit á öllum hrottaskap sem einkenndi íþróttir eins og glímu og hnefaleika, þeim fylgdu hugsunarháttur og orðaval sem hefðu neikvæð áhrif á þjóðfélagið.

Sem fyrr segir er Þórir Baldvinsson sagður hafa teiknað sundlaugarhúsið í upphafi en teikningar hans af því hafa ekki fundist. Í nýlegri bók um ævi og störf Þóris er skrá yfir þau mannvirki sem hann teiknaði en sundlaugarhússins er þar ekki getið. Ekki er þar heldur að finna neina aðra sundlaug en í skránni er getið leikfimihúss á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp. Þórir teiknaði þó sundlaug á Fáskrúðsfirði árið 1937 og við hana sundlaugarhús sem reyndar komst ekki til framkvæmda.[566] Tillaga hans að laugarhúsi á Fáskrúðsfirði var dæmigerð fyrir slík mannvirki frá þessum tíma og lík mörgum sambærilegum húsum sem reist voru víða um land um þetta leyti. Hann gerði ráð fyrir 12,5 m langri laug og einföldu, aflöngu laugarhúsi við grynnri enda laugarinnar. Á fyrstu áratugum 20. aldar voru hús

563 *Morgunblaðið* 09.06.1988 bls. 48-49. Í BA ritgerð Klöru Sólar Ágústsdóttur. 2016 er kafli sem lítur að "greiningu laugar og samspili hennar við umhverfi sitt", bls. 13-14.
564 Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson. 2024.
565 *Tíminn* 14.07.1979.
566 Sjá umfjöllun um sundlaug Fáskrúðsfjarðar í kafla um laugar sem kannaðar voru á vettvangi sumarið 2025.

Lárus Rist á efri árum. Ljósmynd í vörslu Héraðsskjalasafns Austur-Húnavatnssýslu.

Lárus Rist ferðbúinn til sunds yfir Eyjafjörð 6. ágúst 1907 Ljósmynd í vörslu Héraðsskjalasafnsins á Akureyri.

Sundlaugarhúsið sem tekið var í notkun 1963. Mynd höfundur 2023.

sem byggð voru við sundlaugar að jafnaði úr timbri en þegar leið á 4. áratuginn voru slík hús yfirleitt steinsteypt. Húsið sem Þórir teiknaði á Fáskrúðsfirði átti að vera úr timbri, með kyndiklefa á milli karla- og kvennaklefa.

Húsið sem reis í Laugaskarði árið 1938 var frábrugðið öðrum laugarhúsum að ýmsu leyti. Ekki er ljóst hvort það vara steinsteypt eða úr timbri eins og þegar hefur komið fram. Lögun þess var lík því sem Þórir hafði teiknað á Fáskrúðsfirði árið áður að því leyti að var langt, með einhalla þaki fyrir norðurenda laugarinnar en þó mun breiðara. Aðkoma var að norðanverðu, búningsklefar karla og kvenna sinn til hvorrar hliðar og líklega dyr að hvorum hlutanum um sig. Lengra ná líkindi með þessum tveimur sundlaugarhúsum ekki því sú hliðin sem sneri að sundlauginni í Laugaskarði var frábrugðin öðrum slíkum húsum. Þar voru fernar dyr og veggurinn að öðru leyti nær alveg þakinn gluggum. Við vesturenda laugarhússins reis nokkrum árum síðar viðbygging sem var breiðari og hærri og skar sig þannig frá húsinu þótt byggingarstíll hennar væri í aðalatriðum sá sami. Þar var gerð íbúð fyrir Lárus Rist sem hafði forystu um gerð laugarinnar og var umsjónarmaður hennar.

Fyrr hefur verið sagt frá því að sundlaugin var í fyrstunni 25 m á lengd og að við upphaf framkvæmda lá fyrir teikning að 50 metra laug. Hún var lengd til suðurs strax árið 1939 og gerð 33 m á lengd. Á ljósmynd af húsinu sem tekin var 1940-1942 má sjá laugina sem þá var 33 m og að búið er að grafa fyrir lengingu hennar til norðurs. Svo virðist sem vesturbakki laugarinnar hafi verið úr jarðvegi, líklega grjóti og ef til vill einnig torfi en austur- og norðurbakkarnir úr steinsteypu. Árið 1944 var hún orðin 50 m á lengd, lengst allra sundlauga landsins og allir bakkar steinsteyptir.

Minnisvarði um Lárus Rist er við Laugaskarðslaug, brjóstmynd eftir Ríkharð Jónsson.[567]

[567] https://www.hveragerdi.is/is/mannlif/hvad-er-i-hvergerdi/sundlaug/larus-rist

Sundlaug Vestmannaeyja/Miðhúsalaug (1935-1973)

Staðsetning: Vestmannaeyjar	*Höfundur: Finnbogi R. Þorvaldsson verkfræðingur*
Byggingarár: 1935	*Byggt af/eigandi: Vestmannaeyjakaupstaður, ríkissjóður*
Helstu endurbætur:	*Yfirbyggð/opin: Opin*
Staða/ástand: Horfin undir hraun	*Hitun: Kolakynt, fram til 1945 þá rafkynt*

Saga sundkennslu í Vestmannaeyjum er mun lengri en saga sundlaugarhalds. Sund var kennt í sjónum frá 1894 til 1900 en féll þá niður. Kennsla hófst á ný árið 1903, þá við Eyði. Ungmennafélag Vestmannaeyja reisti sundskála þar árið 1912 sem félagið gaf síðar bænum.[568]

Vestmannaeyingar áttu frumkvæði að því að sund var gert að skyldunámsgrein. Bæjarstjórnin skoraði einróma á Alþingi 27. janúar 1925 að setja lög um sundskyldu barna og unglinga á aldrinum 12 til 16 ára.[569] Alþingi samþykkti sama ár frumvarp um að kaupstöðum og sveitarstjórnum væri heimilt að setja reglugerð um að öllum heimilisföstum unglingum á aldrinum 12 til 16 ára innan umdæmisins væri skylt að stunda sundnám allt að fjóra mánuði.[570]

Í kjölfarið var sundreglugerð fyrir Vestmannaeyjar samþykkt 9. ágúst 1926. Þar var kveðið á um að bænum bæri að halda uppi sundkennslu að minnsta kosti tvo mánuði á ári og að börn skyldu þreyta próf og halda ætti skýrslur um árangur. Eins og víða annars staðar þótti árangur af kennslu í köldum sjó ekki nægjanlega góður og því var fljótlega hugað að betri aðstöðu fyrir sundkennslu þótt ljóst væri að dýrt yrði að kynda sundlaug.[571]

Í *Eyjablaðinu* árið 1927 fjallar „sundmaður“ um möguleika á að gera sundlaug með heitu kælivatni frá rafstöðvarvélunum. Sundlaugin yrði að vera steinsteypt og yfirbyggð. Þegar sundhöllin verði komin upp verði hver einasti Vestmannaeyingur fljótlega vel syndur.[572]

Nokkur bið varð þó á því að draumur um sundlaug yrði að veruleika. Árið 1929 lagði skólanefnd fram teikningu að sundlaug við barnaskólann en ekkert varð úr því.[573]

Snemma á 4. áratugnum komst hreyfing á málið. Í Vestmannaeyjum var skortur á fersku vatni sem auðvitað torveldaði gerð sundlaugar. Gerður var sjógeymir á Skansinum árið 1931 og þá varð auðvelt

568 *Víðir* 26.08.1933, bls. 1.
569 Haraldur Guðnason. 1991, bls. 388-389.
570 *Eyjablaðið* 01.05.1927, blaðsíðutal vantar.
571 Haraldur Guðnason. 1991, bls. 389.
572 *Eyjablaðið* 01.05.1927, blaðsíðutal vantar.
573 *Víðir* 14.12.1929, bls. 1.

að fá ferskan sjó í sundlaug. Talið var að með heitu kælivatni frá rafstöðinni í bænum mætti hita sundlaugarvatnið í 23 gráður.[574] Árið 1932, var fyrsta kolakynta sundlaug landsins tekin í notkun í Bolungarvík og var það talsverð hvatning fyrir önnur köld svæði.

Árið 1933 ákvað stjórn Björgunarfélagsins í samvinnu við íþróttamenn og annað sundáhugafólk að láta kanna hvað upphituð sundlaug myndi kosta. Til verksins var ráðinn Finnbogi Rútur Þorvaldsson verkfræðingur, faðir Vigdísar Finnbogadóttur forseta. Upphaflega miðaði hann við að laugin yrði 20 x 25 m en ákveðið var að minnka hana í sparnaðarskyni. Finnbogi lagði fram álitsgerð, kostnaðaráætlun og teikningu að 12 x 20 m sundlaug með sjóvatni. Í greinargerðinni segir m.a.:

> Staður laugarinnar er í túni hr. Tómasar Guðjónssonar í Höfn. Laugin er áætluð tveggja metra djúp, og rúmar þegar hún er full um 330 tonn. Laugin verður hituð upp í rúmlega 20 gráðu hita með miðstöð, og ennfremur er ætlast til að leiða til hennar frá Rafstöðinni notað kælivatn, það á að draga úr kostnaði við upphitun laugarinnar. Við útbúning þessarar áætlunar var höfð til hliðsjónar sundlaug, sem bygð var í Bolungarvík árið 1932, sem líka er hituð upp með miðstöð og gefist ágætlega.[575]

Björgunarfélagið hét að styrkja framkvæmdirnar eftir föngum, en jafnframt var vonast eftir styrkjum úr ýmsum áttum. Lóðareigendur, Tómas Guðjónsson og Ingibjörg Theodórsdóttir, voru mjög fylgjandi laugargerðinni og hétu sanngjarnri lóðarleigu eða lóðarsölu. Einnig var vonast eftir styrkjum frá Alþingi og bæjarstjórn.[576]

Bygging sundlaugarinnar hófst árið 1933. Félagið hafði undirbúið framkvæmdina en treysti sér ekki til að standa undir þeim og tók bæjarsjóður því við keflinu.

[574] https://heimaslod.is/index.php/Sundkennsla#Mi%C3%B0h%C3%BAsalaug
[575] *Vísir* 28.08.1933, forsíða.
[576] *Vísir* 26.08.1933, bls. 1-2.



Teikning af sundlaug Vestmannaeyja, dagsett 29. janúar 1933 og undirrituð af Finnboga R. Þorvaldssyni. Íþróttasjóðsteikningar, Menntamálaráðuneyti, H24.

Jóhann Jósefsson, þingmaður Vestmannaeyinga sótti um fjárstyrk til sundlaugargerðar frá Alþingi árin 1933 og 1934. Vonir voru bundnar við að húsið yrði vígt strax vorið 1934. Í ljósi þess hve gríðarlega mikilvæg laugin væri fyrir eyjarnar taldi Jóhann brýnt að tryggja að helmingur kostnaðarins kæmi frá Alþingi. Styrkir voru veittir þótt ekki sé ljóst hvort ríkið hafi greitt helming af áætluðum kostnaði áður en yfir lauk, eins og til var ætlast.[577]

Sundlaugin var formlega vígð 7. júní 1935. Laugarkarið var 20 x 12 m og 1 metra djúpt í norðurenda en 2 metra dýpi var í suðurenda. Fimm búningsklefar, salerni og geymsla voru við laugina. Sjórinn var hitaður með kolakatli í 22 til 28 gráður, en síðar fékk sundlaugin heitt vatn frá Rafstöð Vestmannaeyja. Í upphafi var stefnt að því að laugin yrði opin um tvo mánuði á ári.[578] Aðsókn var strax góð, bæði hjá börnum og fullorðnum og voru allir sem í laugina fóru skyldaðir í sturtu fyrir sundlaugarferð. [579]

Af gömlum ljósmyndum má sjá að laugin virðist hafa verið byggð nokkuð nákvæmlega eftir teikningu Finnboga. Laugarþróin var steinsteypt og umhverfis hana var skjólgirðing úr timbri og bárujárni. Búningsklefar voru úr timbri, með skúrþaki. Þeir voru við austurbakka laugarinnar, frá suðurenda og langleiðina norður eftir langhlið laugargarðsins. Seinna var klefahúsið lengt til norðurs svo það náði eftir allri langhliðinni. Nyrst var geymsla og aðstaða fyrir kennara, þar næst voru klefarnir sjálfir, en

[577] Bréf frá Jóhanni til Kennslumálaráðuneytis dagsett 28.3.1933 ásamt teikningum og áætlun og bréf til Kennslumálaráðherra frá Jóhanni dagsett 29.11.1933.
[578] Haraldur Guðnason. 1991, bls. 390.
[579] *Morgunblaðið* 20.07.1935, bls. 2.

syðst var bað og vatnssalerni. Að baki húsanna og utan sundlaugargarðs var kyndiklefi og þar var hár steinsteyptur reykháfur.





Miðhúsalaug. Í efri röð til vinstri er laugin í byggingu en mynd til hægri er tekin 1945. Á neðri mynd til vinstri er búið að byggja við laugarskýlið og lengja það, við norðaustanverða laugina. Í neðri röð til hægri sýnir mynd hraunið vera í þá mund að gleypa laugarhúsin í sig. Allar myndirnar eru af vefnum heimaslóð.is

Sundlaugin reyndist mikil lyftistöng fyrir samfélagið í Vestmannaeyjum og rættist brátt sá draumur að Vestmannaeyingar yrðu flestir vel syndir. Ýmsir annmarkar komu þó fljótt í ljós. Laugin var til dæmis um fimm metrum of stutt til að teljast lögleg keppnislaug og búningsklefarnir of fáir, þannig að oft mynduðust langar biðraðir. Þá þótti mönnum skorta upphitun í klefum og sólbaðsskýli og einnig gott áhorfendasvæði í kringum laugina.[580] Þrátt fyrir þetta virðast ekki hafa verið gerðar miklar breytingar á lauginni næstu árin nema hvað búningsskýlin voru lengd einhvern tíma fyrir 1945. Á stríðsárunum fór sundkennslan aftur fram í sjó um tíma, líklega vegna kolaskorts, en ekki er þó útilokað að aðstaðan við laugina hafi þá einnig þótt ófullnægjandi.

Snemma árs 1944 lagði sundlaugarnefnd til að byggt yrði yfir laugina og sama ár gerði Bárður Ísleifsson hjá embætti Húsameistara ríkisins teikningar af „sundhallarbyggingu“. Þær sýna yfirbyggða steinsteypta

[580] Haraldur Guðnason. 1991. bls. 390-391.

laug

sem



Hluti af teikningu Bárðar Ísleifssonar af yfirbyggðri Sundhöll í Vestmannaeyjum, dagsett 21. september 1944 Íþróttasjóðsteikningar, Menntamálaráðuneyti, H24.

minnir á önnur laugarhús sem Bárður kom að á þessum tíma, til dæmis sundlaugina á Akureyri, þótt sundhöllin í Vestmannaeyjum hafi átt að vera talsvert minni í sniðum.[581] Þorsteinn Einarsson, íþróttafulltrúi lagði til að sundlaugin yrði gerð mjórri en lengri, eða 25 x 8 m.[582] Ekkert varð úr framkvæmdunum á fimmta áratugnum, en umræða um nauðsyn þess að byggja yfir laugina frá 1935, eða reisa nýja í hennar stað, hélt áfram á næstu árum.

Um áratug eftir að Bárður gerði teikningarnar virðist embætti húsameistara aftur hafa verið falið að gera tillögu að sundlaug í Vestmannaeyjum því varðveitt er grunnteikning af yfirbyggðu laugarhúsi frá því ári (1954) sem Óskar Sveinsson teiknaði. Samkvæmt henni skyldi sundlaugin vera 8 x 25 m að

[581] Íþróttasjóður, Menntamálaráðuneyti H24.
[582] Haraldur Guðnason. 1991, bls. 392.

stærð. Búningsaðstaðan var rúmbetri en á eldri teikningu og gert var ráð fyrir gufubaði og rými fyrir kennara og áhorfendasvæði.



Grunnteikning Óskars Sveinssonar frá febrúar 1954, af yfirbyggðri Sundhöll í Vestmannaeyjum, Íþróttasjóðsteikningar, Menntamálaráðuneyti, H24.

Ekki var byggt eftir þessari tillögu, en 1963 teiknaði Bárður Ísleifsson aftur nýja laug fyrir Vestamannaeyinga. Teikningarnar sýna stórt L laga hús á nýjum stað, við Hvítingaveg á mörkum Kirkjuvegar, á svipuðum slóðum og Safnahús Vestmannaeyja reis síðar. Gert var ráð fyrir heitum potti, eða „Snorralaug", en þá hafði Vesturbæjarlaug í Reykjavík nýlega opnað og þar var slíkur pottur gerður í fyrsta sinn og naut frá upphafi mikilla vinsælda. Haustið 1965 vann Bárður að nánari útfærslu teikninganna og öðrum undirbúningi. Þrátt fyrir það fór enn og aftur á þá leið að ekkert varð úr byggingarframkvæmdum og teikningarnar voru að lokum lagðar til hliðar. Ýmislegt hefur án efa spilað þar inn í. Lengi var deilt um hvort betra væri að byggja yfir núverandi laug eða reisa nýja annars staðar, og hvort nýja laugin ætti að vera yfirbyggð eða opin. Þá hefur kostnaður við bygginguna að öllum líkindum vegið þungt og orðið til þess að framkvæmdum var frestað ár frá ári. [583]

Tveimur árum síðar hafði önnur lausn fundist á málinu, þ.e. að laugin skyldi byggð á nýju íþróttasvæði. Á fundi sundlaugarnefndar 6. desember 1967 voru kynntar teikningar Jes Einars Þorsteinssonar arkitekts að nýju skipulagi íþróttamannvirkja, meðal annars af íþróttahúsi og íþróttavelli í Löngulág, og síðar var lögð fram teikning af yfirbyggðri sundlaug þar. Laugin var ráðgerð þar sem Kirkjuvegur og

[583] Íþróttasjóður, Menntamálaráðuneyti, H24.

íþróttavöllurinn eru nú. Sundlaugarnefnd vildi helst hefja framkvæmdir strax, en áður þurfti að semja við Menntamálaráðuneytið um kostnað og tilhögun.[584]

Í gögnum Íþróttasjóðs er umrædd teikning varðveitt. Samkvæmt henni skyldi laugin vera 10 x 25 m, yfirbyggð og sambyggð íþróttahúsi, og staðsett að baki stúku íþróttavallarins. Byggingin var í raun nokkuð minni en á fyrri teikningum og hvorki var gert ráð fyrir gufubaði né heitum potti á svæðinu.

Þegar hér var komið við sögu hafði gamla sundlaugin í Miðhúsatúni nokkuð látið á sjá. Líklega hefur hún aðeins fengið lágmarksviðhald því ætlunin var að ráðast í stórfelldar endurbætur á henni eða byggja nýja laug. Í yfirlitsskjali Menntamálaráðuneytisins um sundlaugar kemur fram að laugin hafi verið


ÍSV bl. 32 - aðalteikning
m. 1:1000
SUNDHÖLL
BÍLASTÆÐI
ÍÞRÓTTAHÚS
41 40
BÚÐARLÓÐ
VALLARSTÚKA
STRANDGATA
VALLARGATA
LEIKSVÆÐI
GANGSTÉTT
375
45
40
ÍSV bl. 32 - plan 2
RÚMLAUG 10 x 25 m
ÁHORF
ÍÞRÓTTASALUR 18 x 31 m
GEYMSLA
KENNARI
KENNARI
GEYMSLA
GEYMSLA
GEYMSLA

hreinsuð með sandsíu og kísilgúrstækni, og að dauðhreinsunartæki hafi verið tekið í notkun árið 1971.[585]

Á fundi sundlaugarnefndar í árslok var til umfjöllunar bréf frá héraðslækni þar sem hann benti á að aðstaða í sundlauginni væri ófullnægjandi. Í kjölfarið skoraði nefndin á bæjarstjórn að gera nýja búnings- og baðklefa við gömlu laugina, jafnvel þótt það þýddi að framkvæmdum við fyrirhugaða sundlaug myndi seinka um 3 til 4 ár.

Rætt var um breytt viðhorf til lokaðra sundlauga og bent á að reynslan sýndi að aðsókn væri mun betri að opnum sundlaugum en lokuðum. Í framhaldi af því samþykkti nefndin að teikningar að yfirbyggðri sundlaug yrðu endurskoðaðar.

Á fundi nefndarinnar 19. janúar 1972 samþykkti nefndin að ráðast í bráðabirgðaviðbyggingu við Miðhúsalaug, en skoraði jafnframt á bæjarstjórn að flýta undirbúningi að byggingu sundhallar.[586] Í kjölfarið teiknaði Páll Zóphóníasson, bæjartæknifræðingur, 135 fermetra viðbyggingu við gamla sundlaugarskýlið við suðurenda laugarinnar, þar sem gert var ráð fyrir rúmgóðum búningsklefum, böðum og „trimmkrók“.[587]

Til stóð að hefja framkvæmdir við viðbygginguna snemma árs 1973 en daginn sem átti að steypa í sökklana þann 23. janúar 1973, hófst gosið í Vestmannaeyjum.[588] Laugin hvarf undir hraun í febrúar 1973 en ný sundlaug í Vestmannaeyjum var tekin í notkun eftir goslok, þann 10. júlí 1976.[589]

[585] Yfirlitsskjal um sundlaugar úr Menntamálaráðuneyti, DD 05.
[586] Haraldur Guðnason. 1991, bls. 394.
[587] Íþróttasjóður, Menntamálaráðuneyti, H24.
[588] Haraldur Guðnason. 1991, bls. 394
[589] Spjaldskrá frá Menntamálaráðuneyti frá miðri 20. öld DD 95.

5.3 Austurland

Sundlaugin í Selárgljúfrum, eldri laug og laugarhús (1929-1941)

Staðsetning: Selárdalur, Vopnafirði	*Höfundur: Jóhannes Guðmundsson*
Byggingarár: 1929	*Byggt af/eigandi: Ungmennafélaginu Vopna, Ríkissjóður*
Helstu endurbætur:	*Yfirbyggð/opin: Opin*
Staða/ástand: horfin	*Hitun: Jarðvarmi*

Saga laugarhalds í Selárdal í Vopnafirði er löng og geta Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson um volgar laugar þar um miðja 18. öld.[590] Í *Sýslu- og sóknarlýsingum* frá 1840 er greint frá því að uppspretturnar séu tvær og að hlaðið hafi verið fyrir þá sem var norðvestar í dalnum, svokallaða Hróaldsstaðalaug, og að menn hafi sótt þangað í heilsubótarskyni. Umrædd laug var notuð allt fram til upphafs 20. aldar.[591]

Fyrsta sundlaugin á þessum slóðum var hins vegar gerð suðaustan árinnar, á svipuðum slóðum og núverandi sundlaug en nær ánni. Umfjöllun um yngri laug er að finna í kafla 4 um laugarhús sem standa en hér aðeins eldri lauginni lýst. Hún var gerð snemma á 20. öld en skemmdist í vatnavöxtum. Í kjölfarið var önnur laug gerð sem einnig reyndist skammlíf en báðar laugarnar voru líklega úr torfi og grjóti.

Í Vopnafirði, líkt og víða annars staðar, komst mikil hreyfing á félags- og ungmennastarf snemma á 20. öld. Árið 1909 var Íþróttafélagið Vopni stofnað, en það reyndist ekki langlíft. Árið 1917 var Ungmennafélagið Egill stofnað og skömmu síðar félögin Kolbeinn og Ungmennafélagið Vopni. Síðastnefnda félagið hafði mikinn áhuga á að hefja sundkennslu, en stærsta hindrunin sem stóð í vegi fyrir því var að ekki var til sundlaug á svæðinu sem unnt var að nota. Hreyfing kemst á sundlaugarmálið sumarið 1928 en þá fékk Björn Metusalemsson á Svínabökkum í Vopnafirði Jóhannes Guðmundsson verkstjóra við þjóðvegargerð í Vopnafirði til að vinna „rannsókn á sundlaugarstæði vestur við Selá og áætlunargerð yfir sundlaugarbyggingu þar.“[592] Jóhannes skilaði stuttri greinargerð ásamt teikningu af laug síðla í júlí sama ár. Samkvæmt áætluninni skyldi sundlaugin verða einfalt mannvirki sem samanstæði af þremur steinsteyptum veggjum en fjórða hliðin mynduð af klettavegg þar sem heita vatnið spratt fram. Laugarþróin átti að vera 20 x 8 m stór og á bilinu 1,2 til 2 m á dýpt. Laugarskýlið var hins vegar áætlað 5 x 2,5 m að stærð, þiljað í sundur í tvo klefa í miðjunni en pappaklætt að utan með skúrþaki. Í áætluninni kemur fram að gert var ráð fyrir að uppsláttartimbur yrði notað í sundskýlið

[590] Eggert Ólafsson II. 1975, bls. 114-115.
[591] Indriði Gíslason, Páll Pálsson og Finnur N. Karlsson. 2000 og Ólafur Valgeirsson. 2013, bls. 28-29.
[592] Staðfesting á greiðslu Björns Metusalemssonar til Jóhannesar Guðmundssonar.

að lokinni steypu. Ráðgert var að taka efni í steypuna úr áreyri við laugina, svo framarlega sem hún yrði ekki horfin í ána þegar framkvæmdir hæfust.[593]

Svo virðist sem undirbúningur að laugargerðinni hafi hafst strax síðsumars 1928 en í ársbyrjun 1929



Teikning Jóhannesar Guðmundssonar ef eldri steinsteyptu lauginni við Selá 1929. Ekki hafa fundist ljósmyndir af lauginni en hún virðist hafa átt ýmislegt sameiginlegt með Seljavallalaug og er byggð upp við klettavegg, nærri á, eins og hún. Stjórnarráð Íslands 1. Skrifstofa 0000-010 B/358, Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, dagbók 8 nr. 195, Sundlaugar steinsteyptar 1340/1941, varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands.

sendi Halldór Stefánsson þingmaður Norður-Múlasýslu beiðni til Heilbrigðismálaráðuneytis um fjárframlag vegna framkvæmdanna fyrir hönd ungmennafélagsins ásamt áðurnefndri áætlun og teikningu Jóhannesar. Í beiðninni kemur fram að mikilvægt sé að styrkur fáist á árinu enda séu framkvæmdir þegar hafnar. Staðurinn sé sá eini á Austurlandi sem njóti jarðhita og það sé gríðarlega mikilvægt að koma upp sundlaug sem megi nota til kennslu sem fyrst. Halldór lagði á það áherslu að einhver styrkur fengist strax til að tefja ekki framkvæmdir og svo virðist sem laug og laugarhús hafi verið gerð strax næsta vor eða snemma sumars 1929. Á meðal gagna sem varðveitt eru úr Dóms- og kirkjumálaráðuneyti um laugina við Selá eru beiðni Halldórs Stefánssonar fyrir hönd Ungmennafélagsins Vopna frá því 15. ágúst 1929 ásamt margvíslegum reikningum sem stílaðir eru á ungmennafélagið fyrir sementi, timbri, gluggum og gleri, vinnu félagsmanna ásamt flutningskostnaði

[593] Áætlun Jóhannesar Guðmundssonar um kostnað vegna gerðar sundlaugar og sundskýlis sem fylgdi með styrksbeiðni Halldórs Stefánssonar til Heilbrigðisráðuneytis.

þá um sumarið. Ráðuneytið samþykkti málaleitunina og sendir Halldóri tvær ávísanir upp á samtals 1220 krónur þá um haustið.[594]

Steypta laugin og laugarskýlið voru tekin í notkun strax 1929. Þótt að styrkir fengjust fyrir hluta framkvæmdanna virðast þær hafa reynst ungmennafélaginu þungar og það lagði upp laupana í kjölfarið. Laugin var hins vegar notuð til sundkennslu og baða næstu árin. Árið 1941 skemmdist hún í jökulhlaupi en reynt var að gera við hana og var hún notuð einhver ár eftir það.[595]

Ekki hafa fundist ljósmyndir af laug eða laugarhúsinu. Lengi vel sást vel fyrir ummerkjum um laugarkarið en í kringum 1980 var jarðvegi jafnað yfir laugarstæðið og er það því horfið.[596]

[594] Bréf Halldórs Stefánssonar til Dómsmálaráðuneytis, dagsett 15. ágúst 1929 og bréf frá Dóms- og kirkjumálaráðuneyti til Halldórs frá 9. september 1929.
[595] *Sveitir og jarðir í Múlasýslu* bindi I, bls. 84, Ólafur Valgeirsson. 2013, bls. 28-29 og Heiðar og Bjartur Arinbjörnsson. „Við vorum alltaf litla liðið".
[596] Ólafur Valgeirsson. 2013, bls. 2.

6. Samantekt

Í þessum kafla er annars vegar dregin upp heildarmynd af þróun íslenskra sundlaugamannvirkja fram til 1950, byggð á heimildaúttekt fyrir allt landið og vettvangsathugunum 2024 og 2025. Hins vegar eru dregnar fram helstu niðurstöður vettvangskönnunar ársins 2025 á Suðvestur-, Suður- og Austurlandi. Tekið er sérstaklega fram þegar umfjöllun á aðeins við rannsóknarsvæði ársins 2025.

Sumarið 2025 voru 15 laugarhús og laugar á Suðvestur-, Suður- og Austurlandi kannaðar á vettvangi. Samanlagt er því búið að kanna 26 laugarhús á Íslandi til þessa en eftir er að kanna laugar á Vesturlandi og Vestfjörðum. Ítarlega verður gerð grein fyrir byggingarsögu og einkennum þessara húsa í lokaskýrslu um sundlaugarnar eftir síðasta úttektarárið. Hér verður þess engu að síður freistað að rekja í stuttu máli helstu drætti í byggingarsögu íslenskra sundlauga. Samantektin byggir að mestu á heimildaúttekt þeirri sem gerð var 2020-23 en inn í hana er fléttað helstu niðurstöðum úr húsakönnun á vettvangi 2024 og 2025.

Saga íslenskra sundlauga nær í grófum dráttum aftur á seinni hluta 19. aldar. Aðeins fá dæmi eru þekkt um sundlaugar sem eru eldri en frá síðasta fjórðungi þeirrar aldar. Þá fer sundlaugum fjölgandi í sveitum landsins en flestar eru torflaugar, myndaðar með fyrirhleðslum. Aðeins hafa fundist heimildir um tíu laugar með laugarhúsum frá síðasta aldarfjórðungi 19. aldar. Flestar þeirra eru í Eyjafirði og Borgarfirði, þrjár í hvorri sýslu, en hinar laugarnar eru í Reykjavík, Mýrasýslu, Árnessýslu og Ísafjarðarsýslu, ein laug í hverri sýslu.[597]

Sundlaugum fjölgaði hægt í upphafi 20. aldar. Á fyrsta áratug aldarinnar var aðeins byggð ein ný laug, í Laugardal í Reykjavík. Á næsta áratug (1911-1920) voru líklega aðeins byggðar þrjár stærri laugar með laugarhúsum.[598] Veruleg hreyfing komst fyrst á sundlaugagerð á þriðja áratug aldarinnar, en þá voru byggðar 22 laugar víðsvegar um landið. Allar laugar sem byggðar voru fram til 1929 eiga það sammerkt að vera á heitum svæðum og vera hitaðar með jarðvarma. Árið 1929 var hins vegar brotið blað í sögu sundlauganna þegar laugin í Bolungavík var vígð. Hún var fyrsta sundlaug landsins sem byggð var á köldu svæði en vatn í hana var hitað með kolakyndingu. Ári síðar var sundlaug Héraðsskólans á Núpi vígð en hún var hituð með rafmagni, a.m.k. til að byrja með.

[597] Á árinu hóf Fornleifastofnun Íslands fornleifaskráningu sem nær til á eldri lauga (bað- og sundlauga) sem teljast til fornleifa (flestar úr torfi og grjóti) og er mögulegt að í því verkefni komi einhver fleiri laugarhús frá fyrstu tíð í ljós. Gylfi Helgason væntanlegt 2026.

[598] Sundlaugin að Stóra-Ási, Leirárlaug í Borgarfjarðarsýslu og sundlaug að Reykjum, Reykjarbraut.

Á árunum 1931-1940 hófst blómaskeið sundlaugargerðar fyrir alvöru en á þeim áratug voru byggðar 28 sundlaugar og laugarhús. Af þeim voru tæp 90% á heitum svæðum en þrjár voru reistar á köldum svæðum, í Vestmannaeyjum 1933 og Keflavík 1938, sem voru báðar kolakyntar, og svo sundlaug Siglufjarðar 1933 en í hana var nýtt kælivatn véla. Svipaður gangur hélst í



Mynd 8: Fjöldi nýbyggðra sundlauga, yfirbyggðra og opinna eftir áratugum á fyrri hluta 20. aldar. Gögn byggð á heimildaúttekt höfunda. Þess má geta að meðal yfirbyggðra lauga 1921-30 er talin laugin í Valborgargjá (sem þó er ekki yfirbyggð laug í hefðbundnum skilningi). Að henni frátalinni eru yfirbyggðar laugar á þessu skeiði átta talsins



Mynd 9: Fjöldi sundlauga/laugarhúsa sem byggð voru á úttektartímabilinu, eftir sýslum.

sundlaugargerð á 5. áratugnum þrátt fyrir heimsstyrjöld og voru þá byggðar 29 laugar og laugarhús. Á þessu skeiði má segja að bygging sundlauga á köldum svæðum hafi komist á flug enda reynsla komin á ýmsar útfærslur á því hvernig hita mætti upp kalt laugarvatn. Á þessu skeiði risu 11 laugar, sem ekki nutu jarðvarma, og voru þær því tæp 40% af öllum byggðum laugum á þessu

tímaskeiði.

Um miðbik 20. aldar höfðu verið gerðar sundlaugar í öllum sýslum landsins að frátalinni Austur-Skaftafellssýslu en fjöldi lauga og laugarhúsa fram til 1950 var þó mjög breytilegur eftir svæðum, samanber *mynd 9*. Eins og sjá má af súluritinu risu flestar sundlaugarnar í Ísafjarðarsýslu, þá Eyjafjarðar-, Borgarfjarðar- og Árnessýslu en aðeins voru 1-2 laugar í níu sýslum. Tvær í Dala-, Mýra-, Norður-Þingeyjar-, Rangárvalla- og Strandasýslum og ein laug í Norður-Múla-, Skaftafells- og Snæfellssýslu, ásamt Vestmannaeyjum.[599] Ljóst er að tímabilið milli 1930 og 1950 var mikið uppbyggingarskeið í íslenskri sundlaugagerð en þá voru samtals reistar um 57 sundlaugar og/eða laugarhús. Sem dæmi má nefna að árið 1944 var unnið að smíði níu sundlauga og undirbúningi 10 í viðbót.[600] Líklega hafa hvorki fyrr né síðar verið jafnmargar laugar í bígerð á einum og sama tíma. Um miðbik aldarinnar voru sundlaugar í öllum 13 kaupstöðum landsins nema á Húsavík og Sauðárkróki en unnið var að undirbúningi að byggingu sundlauga á báðum stöðum.[601]

Staðsetning lauganna virðist, eins og gefur að skilja, oftast hafa ráðist af náttúrufari, fyrst og fremst aðgengi að jarðhita og vatni. Þrátt fyrir þetta virðast einhver tengsl á milli staðsetninga sundlauga í dreifbýli og eldri miðstöðva í sveitum. Nokkuð var t.d. um að sundlaugum væri valinn staður á jörðum þar sem fyrir var eða hafði verið samkomustaður, þinghús eða skóli. Greinilegt er að sundlaugar í dreifbýli hafa sumar gegnt víðtæku hlutverki öðru en einungis sundkennslu og voru þær gjarnan samkomustaðir byggðalagsins.

Ef litið er sérstaklega til rannsóknarsvæðis ársins 2025 birtist þessi almenna þróun með eftirfarandi hætti. Laugarnar 15 sem kannaðar voru á Suðvestur-, Suður- og Austurlandi árið 2025 risu á tímabilinu 1890-1951. Fimm þeirra teljast í hópi elstu sundlauga landsins; Grafarbakkalaug, Seljavallalaug, Reykholtslaug, Héraðsskólinn á Laugarvatni (eldri laug) og Sundlaug Austurbæjarskóla.

Elst er Grafarbakkalaug þar sem fyrst var gerð sundlaug um 1890. Hún var endurgerð í núverandi mynd á árunum um og eftir 1910 en laugarhús var ekki reist fyrr en um 1934. Hinar fjórar voru byggðar á 3. áratug aldarinnar og er Seljavallalaug þeirra elst, gerð 1923. Þrjár af laugunum voru tengdar skólahaldi og voru þær allar byggðar undir lok áratugarins; Héraðsskólinn á Laugarvatni

599 Rétt er að geta þess að yfirlitið nær til allra bygginga sem reistar voru (þ.e. bæði þeirra staða þar sem ný laug og hús var byggt og einnig þá staði þar sem nýtt hús var byggt við eldri þró). Yfirlitið endurspeglar því ekki fjölda lauga sem voru í notkun á hverju tímaskeiði.
600 *Íþróttablaðið* 01.05.1944, bls. 3-4.
601 *Menntamál* 01.03.1950, bls. 55.

1928, laugin við Reykholtsskóla 1929 og laugin í Austurbæjarskóla 1930.

Á fjórða áratugnum risu tvær laugar á rannsóknarsvæðinu, sundlaugin við Álafoss 1933 sem var merkilegt einkaframtak og Sundhöll Reykjavíkur 1937 sem var í allt öðrum flokki en allar þær laugar sem fram að því höfðu risið hér á landi.

Átta þeirra lauga sem kannaðar voru 2025 risu á 5. áratugnum.[602] Flestar þeirra voru í eða við þorp og kaupstaði; sundlaug Neskaupsstaðar og Sundhöll Hafnarfjarðar voru vígðar 1943, Selárlaug í Vopnafirði 1949, sundlaug Fáskrúðsfjarðar 1947, Sundhöll Seyðisfjarðar 1949 og Sundhöll Keflavíkur 1951. Undantekningar eru sundlaug Eiðaskóla sem byggð var 1943 í tengslum við skólann og sundlaug Sólheima sem gerð var 1943 og tilheyrir heimili fyrir börn.

Allar laugarnar sem skráðar voru á vettvangi 2025 og byggðar voru fyrir 1940 fengu vatn frá heitum uppsprettum og einnig tvær af þeim laugum sem byggðar voru á 5. áratugnum, Selárlaug og Sólheimalaug. Aðrar laugar sem risu á 5. áratugnum voru í upphafi kyntar með olíu eða affallsvatni véla en þetta voru sundlaug Neskaupsstaðar, Eiðaskóla, Fáskrúðsfjarðar og Sundhöll Seyðisfjarðar en sundhallir Hafnarfjarðar og Keflavíkur voru kyntar með kolabrennslu.

Byggingararfur sundlauga á landsvísu

Heimildaskráning um íslenskar sundlaugar fram til 1950 sýndi að þær breyttust mikið í tímans rás. Í þessum undirkafla er fyrst fjallað almennt um byggingararf sundlauga á landsvísu fram til 1950, nema annað sé tekið fram. Elstu húsin voru oftast einfaldar timburbyggingar og elstu laugarnar ýmist torf- eða grjóthlaðnar. Um flestar þeirra er fátt vitað, hvorki hver teiknaði né byggði húsin. Fljótlega eftir aldamótin 1900 fóru menn að hlaða sundlaugarveggi úr grjóti og nota steinlím til samloðunar, en um 1920 urðu steypumannvirki algengari. Á fyrstu árum steinsteyptra lauga var nokkuð algengt að veggir þeirra væru ekki járnbentir og entust því verr en ella hefði verið.

Húsin sem fyrst risu við laugarnar voru í sumum tilfellum aðeins torfkofar en fljótlega urðu einföld timburskýli ráðandi. Slík skýli voru oftast byggð af vanefnum og entust gjarnan illa. Elstu sundlaugarhúsin voru í flestum tilfellum einfaldir búningsklefar eða skúrar sem ekki höfðu annan tilgang en að veita skjól rétt á meðan skipt var yfir í sundklæði. Mörg þessara húsa voru timburkofar með skúrþaki, oft tvískiptir með sérinngangi fyrir hvort kynið. Önnur útfærsla sem sést víða á fyrsta aldarfjórðungi 20. aldar (sérstaklega í kaupstöðum) eru langir og lágreistir timburskúrar með nokkurn fjölda dyra út að laug, eða dyr úr hverjum klefa, allt að 6-10 dyrum. Dæmi um slíkar byggingar eru eldri

[602] Þótt Keflavíkurlaug hafi raunar ekki verið vígð í endurbættri mynd fyrir 1951.

sundlaugarhús í Laugardal, á Akureyri, í Vestmannaeyjum og víðar.

Þegar frá leið var farið að steypa laugarhúsin, en til að byrja með urðu litlar breytingar á útliti þeirra og gerð að öðru leyti. Húsin voru lítil, ýmist með flötu þaki eða skúrþaki, og með nokkrum dyrum að laug. Nokkuð önnur lögmál virðast hafa verið ráðandi um sundlaugarhús í þéttbýli. Endurnýjun húsakosts átti sér t.a.m. oft stað hraðar þar en í dreifbýli. Fyrstu byggingar sem risu á sundstöðunum viku sum fyrir veglegri og stærri byggingum en jafnvel þar sem sú varð ekki raunin hafa mörg húsanna verið rifin.

Fram til 1950 voru flest laugarhús einfaldar og hógværar byggingar, byggðar af naumhyggju til að þjóna ákveðnu hlutverki. Skýrustu undantekningarnar frá þessu eru Sundhöll Reykjavíkur og fleiri sundhallir víðs vegar um landið. Sundhallirnar eru mótaðar af listrænum metnaði og gegna þær flóknu, hagnýtu hlutverki auk þess sem þær hafa táknrænt gildi fyrir samfélagið. En þrátt fyrir að litlu laugarhúsin láti lítið yfir sér við fyrstu sýn er fegurð sundlaugarstaða gjarnan fólgin í samspili laugar og umhverfis og húsin eru í einfaldleika sínum mikilsverður minnisvarði um það einfalda í íslenskri byggingarhefð sem ekki skyldi vanmeta.

Laugarþrær á landsvísu

Hér er fyrst dregin upp almenn mynd af þróun laugarþróa á landsvísu fram til 1950, en síðan vikið að dæmum af rannsóknarsvæði ársins 2025.

Elstu sundlaugar landsins voru gjarnan sundpollar sem gerðir voru með að hlaða garð eða stíflu fyrir lækjarsprænur. Með tímanum varð laugarhleðslan sums staðar umfangsmeiri. Slíkar laugar voru ýmist hlaðnar að fullu eða grafnar niður í jörðina og svo hlaðnar að hluta, úr torfi og grjóti. Torflaugarnar voru ekki endingargóðar og ekki óalgengt að hlaða þyrfti upp torfgarða/-veggi flest vor. Fljótlega var því farið að vinna með endingarbetra byggingarefni og nokkur dæmi eru um laugar sem gerðar voru með vandaðri grjóthleðslu og steinlími. Nær allar sundlaugar voru hlaðnar úr torfi og grjóti fram yfir 1910[603] en þá var byrjað að nota steinsteypu. Á næstu tuttugu árum voru nýbyggðar sundlaugar að jafnaði gerðar úr steinsteypu. Sumar voru myndaðar með steyptum stíflum og aðrar voru höggnar eða sprengdar niður í jörðina.

Eftir 1920 fjölgar steinsteyptum laugum og mikil þáttaskil verða í sundlaugargerð um 1930. Meðal

[603] Fyrsta steypumannvirkið tengt sundlaug er líklega í Langholti í Bæjarsveit en þar var gerður steinsteyptur stíflugarður, um 10 m á lengd, árið 1893. Laugin í Laugardal (b. 1908) er talin vera fyrsta steinsteypta laugin en hún var með steyptum laugarbotni (en veggjum úr grágrýti). Annað steypumannvirki er sem gert var í sundlaug á svipuðum tíma, var í Leirárlaug í Borgarfirði (b. 1908) en þar var laug gerð með því að höggva niður í móhellu í bakka árinnar, og síðan steypt fyrir. Fyrsta laugin með steyptum sundlaugarveggjum er líklega á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp en veggir hennar voru steyptir einhvern tíma á árabilinu 1900 til 1920. Sjá nánar Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson. 2003.

lauga sem gerðar voru eftir 1932 eru aðeins þekktar tvær sem ekki voru steyptar að fullu.[604] Í *Yfirliti yfir íþróttamannvirki á Íslandi* frá 1980 kemur fram að upp úr 1930 hafi verið gerðar steinsteyptar sundlaugar á 20 stöðum með lítilli eða engri járnabindingu og að þessar laugarþrær séu allar horfnar nema yfirbyggðu laugarnar í Sælingsdal, á Hveravöllum í Reykjahverfi og Sundskáli Svarfdæla. Nú er Sundskáli Svarfdæla einn eftir.[605] Í *Yfirlitinu* er Sundskáli Svarfdæla með röngu sagður með lítilli eða engri járnabindingu. Sveinbjörn Jónsson hönnuður byggingarinnar hafði aflað sér þekkingar á gerð steinsteypumannvirkja í Noregi og hann hafði hlotið einhverja þjálfun í burðarþolsfræðum. Hann teiknaði járnagrindur burðarbita þaks og þakplötu. Þær teikningar hafa varðveist. Að auki er óyggjandi heimild um að hann fékk Geir Zöega verkfræðing til að yfirfara niðurstöður sínar og staðfesta þær.[606] Með hliðsjón af þessu kann að vera ástæða til að draga í efa réttmæti þeirrar fullyrðingar að svo margar laugar hafi verið steinsteyptar án járnabindingar.

Nokkra fjölbreytni er að finna í stærð og dýpt laugarþróa og þær fóru stækkandi á tímabilinu. Minnstu sundlaugarnar voru innan við 50 m^2 að stærð. Allra minnstu laugarnar voru á Reykjum í Ólafsfirði 20 m^2, í Hvammi í Skaftártungu 32 m^2 og laugin á Laugalandi í Barðastrandarsýslu 32 m^2, en þær stærstu voru sundlaugin í Varmahlíð 400 m^2, Sundlaug Reykjaness, eldri staður, 555 m^2 og yngri laug á sama stað 600 m^2. Margar af stærstu laugunum voru hins vegar ekki steyptar að fullu heldur réðu náttúrulegar aðstæður stærð þeirra s.s. gömlu laugarnar í Laugardal, Lundalaug, Grafarbakkalaug á Flúðum, Steinsstaðalaug og laugin í Varmá. Lengd og breidd lauga var eins og gefur að skilja misjöfn en sextán laugar voru 13 x 5-7 m að grunnfleti og 12 þeirra voru 25 x 8 m.

Á rannsóknarsvæði ársins 2025 kom þessi þróun fram með nokkuð fjölbreyttum hætti. Á sundstöðunum 15 sem heimsóttir voru 2025 var ástand laugarþróa nokkuð misjafnt. Elsta laugarþróin sem var skráð er Grafarbakkalaug hjá Flúðum en hún er jafntframt elsta sundlaug landsins sem enn er í notkun. Hún var fyrst hlaðin 1890 en í núverandi mynd á árunum um og upp úr 1910. Laugin var talsvert endurbætt þegar farið var að nota hana fyrir ferðamenn árið 2014. Önnur af elstu laugum landsins er einnig á svæðinu, Seljavallalaug, en bæði laugin og húsið eru frá 1923. Aðrar laugarþrær eru talsvert yngri en yfirbyggðar laugar voru þó gerðar í skólahúsinu á Laugarvatni og Austurbæjarskóla um og fyrir 1930 og laugarkarið í Reykholti í Biskupstungnahreppi var einnig steypt 1929 eða 1930.

Í Reykholti var byggður steinsteyptur barnaskóli árið 1928 og í kjölfarið var gerð við hann steinsteypt sundlaug girt háum steinsteyptum veggjum. Ætlunin var að setja yfir hana þak en það komst ekki til

[604] Unaðsdalslaug (b. 1936) sem var gerð úr torfi og steinsteypu og sundlaugin við Litlaá í Kelduhverfi (b. 1946) sem var gerð með því að stífla ána með steypugarði.
[605] *Skrá yfir íþróttamannvirki á Íslandi,* bls. 31.
[606] *Morgunblaðið (Lesbók)* 24.11.1929, bls. 374 og Helgi Már Halldórsson 1978.

framkvæmda. Laugin var í notkun fram á seinni hluta 8. áratugs 20. aldar en þá var ný sundlaug tekin í notkun skammt frá. Þá var laugarkerið fyllt möl og gólf lagt úr steinsteypu yfir. Skólahúsið var stækkað með viðbyggingu úr timbri þar sem sundlaugin var áður.

Tvær þrær á úttektarsvæðinu hafa fengið nýtt og gjörbreytt hlutverk, annars vegar laugarþróin á Álafossi sem nú gegnir hlutverki upptökuvers og hins vegar elsta sundlaugin á Laugarvatni sem var tímabundið í kjallara héraðsskólans en þar var síðar gerður matsalur. Þrjú laugarkör til viðbótar reyndust ekki í notkun sem sundlaugar. Sundhöll Keflavíkur er í sorglegu ástandi. Húsið stendur autt og er nýtt til skemmdaverka og skjóls við skemmtanahald. Laugarþróin á Eiðum hefur ekki verið notuð um langt skeið en virðist í furðugóðu ástandi og stefna eigendur staðarins að því að koma henni í notkun. Laugarkarið í Austurbæjarskóla er notað sem bráðabirgðageymsla fyrir gamlan húsbúnað og húsgögn. Að sögn skólastjóra er ekki stefnt að því að nota það sem sundlaug.

Ekki verður annað séð en að sundlaugakörin sem eru yfirbyggð séu í þokkalegu ástandi. Þó verður að taka slíku yfirborðslegu mati með fyrirvara. Ítarleg úttekt hefur verið gerð á laugarkari Sundhallar Reykjavíkur og reyndist það í mjög slæmu ástandi. Ástand laugarþróa opinna sundlauga virðist ágætt. Flestar þeirra hafa notið góðrar aðhlynningar og sumar hafa verið endurbyggðar.

Laugarhús við opnar laugar á landsvísu

Hér á eftir er fyrst fjallað almennt um laugarhús við opnar laugar á landsvísu fram til 1950, áður en vikið er að rannsóknarsvæði ársins 2025. Laugarhús við opnar laugar tóku talsverðum breytingum á fyrri hluta 20. aldar. Í upphafi voru þetta einfaldir timburskúrar sem ætlaðir voru til skjóls við fataskipti. Örfá dæmi eru um hús úr torfi og grjóti við sundlaug. [607] Ekki hafa fundist heimildir um höfunda laugarhúsa sem byggð voru fyrir 1925.[608]

Fyrstu laugarhúsin úr steinsteypu risu við Seljavallalaug 1923 en hús og laug eru nú friðuð. Ef frá eru taldar yfirbyggðar sundlaugar höfðu aðeins tvö önnur steinsteypt hús við laugar risið hér á landi fyrir 1930 og áttu þau það sameiginlegt að gegna miklu fjölþættara hlutverki en einungis því að vera laugarhús. Annað þeirra var við Steinsstaðalaug 1926 og var samkomuhús allt fram til 1960. Hitt húsið var í Reykholti í Biskupstungnahreppi. Það var byggt sem barnaskóli og heimavist ári áður en laugin var gerð. Eftir það gegndi skólinn líka hlutverki laugarhúss. Önnur steinsteypt hús voru ekki við íslenskar laugar fyrr en komið var fram á 4. áratug aldarinnar.

[607] Aðeins fundust heimildir um fjögur slík hús sem risu við lok 19. aldar eða á fyrri hluta þeirrar 20. og voru þau öll nema eitt í Borgarfirði. Undantekningin er sundlaugin á Reykjum við Reykjabraut.
[608] Með þeirri undantekningu þó, að líklegt má telja að Björn L. Blöndal sundkennari sé höfundur elstu laugarhúsa í Laugardal og Knud Ziemsen verkfræðingur og síðar borgarstjóri hafi teiknað laugarhúsin sem risu í Laugardalnum 1908, þótt í hvorugu tilfelli hafi fundist teikningar.

Við þriðjung af þeim 22 opnu laugum sem risu á 4. áratugnum voru steinsteypt laugarhús. Þegar húsagerð og byggingareinkenni laugarhúsa á fyrstu áratugum 20. aldar eru skoðuð kemur í ljós að timbur- og steinhúsin voru keimlík að lögun þrátt fyrir ólík byggingarefni. Með örfáum undantekningum voru húsin einföld, ferhyrningslaga að grunnfleti og aflöng, og stóðu yfirleitt við sundlaugarendann, örskammt frá laugarþrónni. Þau skiptust oftast í litla klefa og dyr vísuðu að lauginni, einar eða fleiri. Litlir gluggar voru á milli eða ofan við dyr. Flest voru húsin með hallalítið skúrþak.[609] Þau timburhús sem helst skáru sig frá þessum einkennum eru sundskálinn við Reykjanes við Ísafjörð byggt 1931, elsta laugarhúsið í Keflavík byggt 1938 og laugarhúsið í Laugaskarði í Hveragerði byggt 1938.



Mynd 10-11: Tvær gerðir af dæmigerðum laugarhúsum frá fyrri hluta 20. aldar. Til vinstri er „sýnidæmi" um laugarhús sem var að finna með gögnum um gömlu Varmárlaugina, en ekki fannst eiginleg teikning af eldra sundlaugarhúsi þar. Teikningin er merkt Bárði Ísleifssyni/Húsameistaraskrifstofu ríkisins, Reykjavík í mars 1943. Þjóðskjalasafn, H25 Teikningar Íþróttasjóðs. Til hægri er tillaga Húsameistara ríkisins að sundlaugarhúsi og heimavist. Þjóðskjalasafn Íslands H25 Teikningar Íþróttasjóðs.

Laugarhús sem byggð voru 1940-50 voru fjölbreyttari. Af tæplega 30 húsum frá þessu skeiði var yfirgnæfandi meirihluti nú steinsteyptur og aðeins fjögur hús úr timbri.

Um 20 steinsteypt hús risu við laugar á 5. áratug 20. aldar og hannaði Bárður Ísleifsson 14 þeirra fyrir hönd Húsameistara ríkisins. Flest voru þau einföld hús á einni hæð, oftast með lágu mænis- eða skúrþaki. Nokkur voru byggð eftir sömu teikningu. Sú gerð sem reis víðast var aflangt hús með

[609] Á þessi lýsing við öll steinhúsin, ef frá er talið laugarhúsið á Syðra-Laugalandi, sem stóð þó vissulega við sundlaugarendann en var nokkuð frábrugðið hefðbundnum laugarhúsum að gerð. Því var skipt í tvo klefa með gangi á milli með þrennar dyr sem vísuðu að lauginni. Þetta hús var hins vegar undir háu mænisþaki og minnir um margt meira á útihús frá því um miðbik aldarinnar heldur en dæmigert íslenskt laugarhús frá þessu skeiði.

tvennum til þremur dyrum að laug og einum til tvennum dyrum á hinni langhlið hússins, oftast undir einhalla þaki og stundum með viðbættu inngönguhúsi á miðri aðkomuhliðinni sem vísaði frá lauginni. Á úttektarsvæðinu 2025 var eitt slíkt hús, gamla laugarhúsið á Flúðum byggt 1948 en það hefur nú verið rifið. Fjögur slík hús voru hins vegar skráð á Norðurlandi 2024 og standa tvö þeirra enn, húsið við Gljúfralaug byggt 1944 og húsið við Litluá byggt 1948. Húsið við sundlaugina á Þelamörk og sundlaug Höfðakaupstaðar hafa hins vegar bæði vikið fyrir nýjum laugarhúsum. Laugarhúsin á Flúðum og Þelamörk (sem bæði eru horfin) skáru sig frá öðrum þar sem þau voru með inngönguhúsi með mænisþaki á miðri langhlið.[610]

Önnur gerð sundlaugarhúsa eftir Bárð sem var byggð á nokkrum stöðum er aflangt hús við laugarenda með þverálmum við báða enda. Þannig mynduðu þrír húsveggir skjólsælan krika við laugarendann. Slíkt hús var líklega fyrst byggt á Neskaupsstað 1943, en síðar risu svipuð hús á Þórshöfn 1944, Ólafsfirði 1946 og á Reykjum í Hrútafirði 1948.[611] Örlög þessara húsa hafa verið sorgleg. Laugarhúsið á Þórshöfn var rifið nýlega og á Reykjum hafa báðar hliðarálmur hússins og bakhlið vikið eða þeim gjörbreytt. Svipaða sögu er að segja um laugarhúsið á Neskaupstað sem er nú vart svipur hjá sjón, búið að rífa báðar hliðarálmur þess að mestu og sá hluti hússins sem eftir stendur hefur fengið lítið viðhald. Af þessum fjórum húsum er laugarhúsið í Ólafsfirði í bestu ástandi. Því er vel við haldið, hliðarálmur og bakhlið hússins, sem snýr að lauginni, að mestu óbreytt að ytra byrði, en byggt hefur verið við framhlið hússins og innri skipan er gjörbreytt.

Nokkur laugarhús skera sig úr og falla ekki undir þá almennu lýsingu sem hér hefur verið orðuð. Þeirra á meðal eru hús við sundlaugina á Víðivöllum í Skagafirði, sem byggt var um 1950 og svipar til einföldustu laugarhúsanna sem risu á tímabilinu 1925-1940. Ekki hafa fundist heimildir um hver hannaði eða byggði. Einnig fellur laugarhús við Grettislaug 1944 í þennan flokk en búnings- og baðklefar voru í viðbyggingu við samkomuhús á svæðinu, sem teiknað var árið 1942 af Guðjóni Samúelssyni og Má Ríkarðssyni en ekki byggt fyrr en 1955-58.[612]

---

[610] Segja má að laugarhúsið á Sólheimum sé tilbrigði við þessa húsagerð og laugarhúsin við Selárlaug eru einnig áþekk áðurnefndum húsum þótt að húsin þar séu tvö og snúi þvert á hvort annað og eldri hús í Varmahlíð (b.1950/51) mætti mögulega setja í sama flokk þótt gluggagerð sé nokkuð frábrugðin. Líklegt er að fleiri laugarhús muni falla í þennan flokk að vettvangsrannsókn lokinni, t.d. er mögulegt að laugarhús á Patreksfirði skipi sér í þennan flokk, en hvorki fundust frumteikningar né nægjanlega góðar ljósmyndir til að staðfesta það á heimildastiginu.

[611] Ekki hafa fundist teikningar af Gvendarlaug hins góða/Klúkulaug (b. 1947) á Laugabakka í Bjarnarfirði, en af ljósmyndum að dæma mætti ætla að húsin væru tilbrigði við sömu teikningu, þó hliðarálmurnar tvær sem ganga út frá húsgöflum séu ekki hornrétt á aðalbygginguna líkt og á þeim húsum sem hér voru upptalin.

[612] Af óvenjulegum laugarhúsum frá tímabilinu má nefna lítið baðhús eftir teikningu Einars Erlendssonar sem byggt var sundlaugina á Reykhólum árið 1928. Þetta var timburhús af einföldustu gerð og líkt mörgum öðrum, með skúrþaki, samhverft um miðju og þaki sem skagaði langt fram yfir langhliðina sem sneri að lauginni. Auk þeirra húsa sem hér hefur verið fjallað um má nefna að vitað er um a.m.k. tvö tilfelli þar sem aðstaða fyrir baðgesti var/virðist hafa verið sköpuð í húsrými sem myndað var undir breiðum sundlaugarbakka: Hreppslaug og laugina á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp í en hvorugu tilviki hafa fundist teikningar af mannvirkinu og raunar fundist afar litlar upplýsingar um tildrög, gerð eða notkun þeirra.

Sem fyrr segir heyrir það til undantekninga að höfundar laugarhúsa sem byggð voru fram til 1925 séu þekktir. Hins vegar eru höfundar laugarhúsa sem risu á öðrum fjórðungi 20. aldar þekktir í tveimur þriðju hluta tilvika og eftir því sem á líður fjölgar húsum nafngreindra höfunda. Þar er Bárður Ísleifsson atkvæðamestur en hann kom að gerð a.m.k. 15 laugarhúsa. Telja verður Bárð höfund flestra húsanna því að margir uppdráttanna eru undirritaðir af honum einum. Í einhverjum tilvikum hefur Guðjón Samúelsson einnig ritað nafn sitt á uppdráttinn. Öll þessi hús teiknaði Bárður sem starfsmaður Húsameistara ríkisins eftir því sem næst verður komist. Aðrir höfundar laugarhúsa á landsvísu sem minnast má á eru t.d. Jóhann Fr. Kristjánsson sem teiknaði hugsanlega horfið laugarhús á Reykjum við Reykjarbraut en kom einnig að gerð nokkurra yfirbyggðra lauga.[613] Hann teiknaði sundlaug Keflavíkur



Mynd 12: Teikning af sundlauginni á Þórshöfn, dagsett 5. mars 1942 og undirrituð af Bárði Ísleifssyni fyrir hönd Húsameistara ríkisins. Varðveitt á Þjóðskjalasafn Íslands. Laugin var nýlega rifin.

og ekki er ólíklegt að hann hafi sagt fyrir um byggingu laugarhússins sem þar reis um 1938. Þáttur Sveinbjarnar Jónssonar byggingameistara í sundlaugasmíði er sérstakur. Hann byggði og hannaði fyrstu sundlaug Akureyrar árin 1919-1922 og einnig sundlaug á Ólafsfirði árið 1922. Fyrstu teikningar að sundlaug í Svarfaðardal virðist hann hafa gert árið 1919 en tíu árum síðar var þar tekinn í notkun Sundskáli Svarfdæla, byggður eftir teikningum hans. Á landinu öllu eru þrjú laugarhús við opnar laugar sem byggð eru eftir teikningum sem aðeins eru undirritaðar af Guðjón Samúelssyni. Tveir af stöðunum, Reykholt í Biskupstungnahreppi og Ásbyrgi á Laugarbakka, voru í raun skóli og félagsheimili sem nýttust sem laugarhús en Guðjón teiknaði raunar ekki sjálft skólahúsið í Reykholti. Óvíst er hversu mikla aðkomu hann átti að því þriðja, sem er laugarhúsið á Reykhólum, en Bárður Ísleifsson ritar einn

[613] Kom að gerð laugarhúss á bæði Reykjum í Hrútafirði og Laugum í Reykjadal.

undir teikningarnar þótt laugin sé skráð sem sameiginlegt höfundaverk. Allar aðrar teikningar embættis Húsameistara ríkisins að slíkum húsum bera undirritun annarra starfsmanna embættisins, stundum með nafni Guðjóns, stundum án þess. Aðrir höfundar laugarhúsa við opnar laugar á tímabilinu komu aðeins að gerð einnar laugar.[614]

Ef horft er til þeirra lauga sem skoðaðar voru 2025 þá voru höfundar tveggja af húsunum sem stóðu við opnar laugar lauga voru óþekktir, þ.e. laugarhúsa við Seljavallalaug og Sólheimalaug. Bárður Ísleifsson teiknaði örugglega tvö hús við opnar laugar, þ.e. á Neskaupsstað og Selárlaug og ekki er ólíklegt að hann hafi teiknað það þriðja, við laugina á Sólheimum. Þórir Baldvinsson teiknaði að líkindum laugarhúsið við Grafarbakkalaug og nafn Guðjóns Samúelssonar er ritað á teikningu að húsi við eina opna laug, Reykholtslaug, sem til stóð að byggja yfir síðar en aldrei varð. Teikning af laugar- og fundarhúsi á Laugalandi í Holtum var gerð hjá Húsameistara ríkisins en hún hefur ekki komið í leitirnar og ekki er vitað hvaða starfsmaður húsameistara teiknaði húsið. Ekki er heldur vitað hver teiknað húsin í Varmá 1927 og húsa sem byggð voru í Laugardalnum 1944. Líklegt er að Björn L. Blöndal hafi teiknað elstu hús í Laugardalnum 1886 og að Knud Zimsen hafi komið að gerð laugarhúsa sem þar voru byggð 1908. Laugin í Valborgargjá á Reykjanesinu er áhugavert dæmi um einstaklingsframtak en hana gerði Ólafur P. Sveinsson vitavörður 1928. Yngri laugarhús á Laugarvatni, sem gerð voru 1929 teiknuðu þeir Guðjón Samúelsson og Einar Erlendsson og Einar teiknaði einnig laugarhús í Brautarholti, Skeiðalaug, sem vígð var 1938 en er nú horfið. Bárður Ísleifsson teiknaði tvö af þeim laugarhúsum á svæðinu sem eru horfin; annars vegar við sundlaugina á Flúðum 1948 og hins vegar hús við sundlaug Íþróttaskólans í Haukadal 1931, í samvinnu við Sigurð Greipsson íþróttafrömuð. Af öðrum hönnuðum húsa má nefna Finnboga R. Þorvaldsson sem teiknaði sundlaug Vestmannaeyja sem byggð var 1933 en hvarf undir hraun í Vestmannaeyjagosinu, Jóhann Fr. Kristjánsson teiknaði laug og laugarhús í Hvammi í Skaftártungu og kom að gerð laugar og fyrstu gerð laugarhúsa í Keflavík 1938 og Þóri Baldvinsson sem teiknaði laugarhús í Laugaskarði við Hveragerði árið 1938.

Þegar litið er sérstaklega til þeirra staða sem skoðaðir voru árið 2025 blasir við að ástand þeirra er nokkuð misjafnt. Ástand búningshúsa við opnar laugar á úttektarsvæðinu 2025 var að jafnaði heldur slæmt. Af 18 opnum laugum voru hús horfin frá 12 stöðum. Af þeim sex húsum sem heimsótt voru

[614] Einar Erlendsson hjá Húsameistara ríkisins (sem kom að hönnun áðurnefndrar laugar í Reykholti í Biskupstungum með Guðjón, teiknaði eldri laugarhús á Reykhólum og sundlaugarhús í Brautarholti). Aðrir teiknuðu aðeins eitt hús: Finnbogi R. Þorvaldsson hús við sundlaug Vestmannaeyja, Jón J. Fannberg hús við sundlaug Bolungarvíkur, Jón Þ. Ólafsson og Viggó Nataníelsson hús við sundlaug Súgandafjarðar, Páll Kristjánsson sundskála við Reykjanes, Ísafjarðardjúpi, Pétur Sigurðsson hús við sundlaug á Steinsstöðum, Sigurður Björnsson hús við Efri-Hreppslaug, Sveinbjörn Jónsson hús við Brimneslaug, Þórir Baldvinsson sundlaugarhús í Laugaskarði, Guðmundur Guðjónsson kom að gerð Gvendarlaugar hins góða ásamt Bárði Ísleifssyni, Sigurður Greipsson laugarhús við sundlaug Íþróttaskólans í Haukadal ásamt Bárði og Már Ríkharðsson laugarhús í Ásbyrgi ásamt Guðjóni Samúelssyni.

við opnar laugar voru aðeins tvö í notkun. Annað þeirra er laugarhúsið í Selárdal sem er enn í fullri notkun þótt það sé nú í slæmu ástandi. Hitt húsið er við Seljavallalaug en það stendur opið gestum og gangandi en því miður er umgengni þar til skammar. Seljavallalaug er eign ungmennafélagsins sem byggði húsið og hefur sinnt því af alúð frá upphafi. Breyttar aðstæður ungmennafélagsins, aukinn ágangur og slæm umgengni valda því að félagið ræður ekki við að hirða um laugina sem skyldi.

Önnur laugarhús sem enn standa við opnar laugar eru nú í lítilli eða engri notkun. Laugarhúsið við Grafarbakkalaug hefur fengið að standa á bakkanum sem húsarúst og er viðhaldið af eigendum. Það gegnir því skemmtilegu hlutverki á sundstaðnum og miðlar eldri sögu sundstaðarins. Laugarhús á Sólheimum er í lítilli notkun eftir að nýtt hús var byggt og er kominn tími á umtalsverðar endurbætur þar og illa hefur verið farið með laugarhúsið á Neskaupsstað. Laug í Reykholti hefur vikið en sambyggt skólahús, sem ekki hefur verið í notkun undanfarin ár, stendur enn. Ástand þessara húsa endurspeglar að nokkru nýtingu þeirra. Húsarústinni á Grafarbakka er haldið við en ljóst að flest hinna húsanna þarfnast töluverðra endurbóta eigi þau að standa áfram.

Laugarhús yfirbyggðra lauga á landsvísu

Á því tímabili sem hér er til úttektar voru reistar 22 yfirbyggðar sundlaugar á landsvísu.[615] Af þeim má þó taka tvær út fyrir sviga enda ólíkar öðrum og stæðilegri byggingum.[616] Guðjón Samúelsson er sá arkitekt sem kemur að hönnun flestra eða 12 af 20 byggingum. Einar Erlendsson kom að hönnun sjö lauga, oft í samvinnu við Guðjón, en þeir Jóhann Fr. Kristjánsson og Bárður Ísleifsson komu að hönnun fjögurra lauga, Bárður oftast í samvinnu við Guðjón.

Yfirbyggðum sundlaugum, sem risu á fyrri hluta 20. aldar, má skipa í tvo flokka, annars vegar þær sem risu í tengslum við skólahús, oftast í kjallara þeirra eða í viðbyggingum, og hins vegar stakstæðir sundskálar eða sundhallir til almennra nota. Á rannsóknarsvæði ársins 2025 komu fram bæði dæmi um laugar í skólahúsum og stakstæðar sundhallir. Af þeim laugum sem skoðaðar voru 2025 voru þrjár í kjallara skólahúsa; í Austurbæjarskóla, á Laugarvatni og á Eiðum, en stakstæðar laugar undir þaki voru Álafosslaug, Fáskrúðsfjarðarlaug og stærri laugar sem nefnast sundhallir s.s. Sundhallir Reykjavíkur, Seyðisfjarðar, Hafnarfjarðar og Keflavíkur.

Elsta yfirbyggða sundlaug landsins er í Héraðsskólanum á Laugum í Reykjadal, byggð 1926. Tveimur árum síðar var sundlaug gerð í kjallara skólahússins á Laugarvatni en 1929 var reist sérstakt laugarhús

615 En þá er ekki talin með laug í Valborgargjá sem var vissulega undir þaki (í helli).
616 Valborgargjá á Reykjanesi sem var inni í helli að hluta og hins vegar laugin í Stekkjarhvammi á Svalbarðsströnd en yfir henni var einhver konar timburbygging sem fauk á endanum í ofsaveðri.

áfast skólanum. Í Reykholti í Borgarfirði var laug gerð í kjallara skólahússins 1930 þar sem hafði áður verið hlaða. Svipaða sögu er að segja um sundlaugina á Núpi í Dýrafirði, hún var gerð í kjallara skólahússins 1930. Við þetta má svo bæta sundlaug Austurbæjarskóla sem gerð var í kjallara hússins 1930 og jafnvel sundlaug Eiðaskóla sem var gerð í viðbyggingu við skólahúsið.

Á fyrri hluta 20. aldar voru byggðar 12 stakstæðar sundhallir eða -skálar hér á landi og var stór hluti þeirra á úttektarsvæðinu 2025. Fyrstu fjórar, sem risu fyrir 1933, voru að frumkvæði ungmennafélaga en allar þær laugar sem gerðar voru eftir 1935 voru á vegum hins opinbera og teiknaðar af Húsameistara ríkisins eða aðstoðarmönnum hans. Elsta stakstæða yfirbyggða sundlaug landsins er Sundskáli Svarfdæla sem byggður var 1929 eftir teikningu Sveinbjarnar Jónssonar byggingarfræðings. Ári síðar reistu ungmennafélagar í Reykjahverfi og víðar sundskálann á Hveravöllum eftir teikningu Jóhanns Fr. Kristjánssonar. Á næstu árum reis svo sundskáli í Sælingsdal byggður 1931, líklega eftir teikningum Jóhanns Fr. Kristjánssonar og sundhöllin við Álafoss 1933 eftir teikningu Einars Sveinssonar og Eiríks Einarssonar. Sundskálarnir á Hveravöllum og í Sælingsdal voru keimlíkir, enda báðir líklega teiknaðir af Jóhanni Franklín. Af ljósmynd má sjá að búningsálma byggingarinnar í Sælingsdal hefur upphaflega verið með flötu þaki sem var svolítið lægra en þakið yfir lauginni. Seinna var gerð teikning sem sýnir þak sundlaugarinnar hækkað og komið þar fyrir gluggaröð yfir þaki búningsálmunnar. Ekki varð af framkvæmdum. Á næstu árum risu nokkrar sundhallir í þéttbýli og voru fimm þeirra byggðar á því svæði sem var til úttektar 2025, í Reykjavík, Hafnarfirði, Keflavík, á Seyðisfirði og Fáskrúðsfirði.[617]

Fyrsta sundhöllin sem reis í þéttbýli er Sundhöll Reykjavíkur 1937 sem Guðjón Samúelsson teiknaði. Sundhöllin var langstærsta og veglegasta sundlaugarhús sem þá hafði risið hér á landi og í því var að finna ýmsar nýjungar, eins og t.d. hreinsibúnað sundlaugarvatns með síu og klórblöndun. Mótun Sundhallarinnar tók mörg ár og mynd hennar tók miklum breytingum á þeim tíma. Byrjað var á framkvæmdum 1929 en hlé varð á þeim frá 1931 til 1937 þegar henni var að fullu lokið. Stíleinkenni Sundhallar Reykjavíkur vöktu aðdáun og fullyrða má að þær sundhallir sem síðar risu báru flestar, ef ekki allar, einhvern keim af henni þó stundum væri hann óljós. Virðingarheitið sundhöll hefur síðan verið notað um stórar yfirbyggðar sundlaugar sem svipar á einhvern hátt til Sundhallar Reykjavíkur, jafnvel þótt í litlum mæli sé.

Á næstu árum risu Sundhöll Ísafjarðar 1945, sundlaug Fáskrúðsfjaðrar 1947, Sundhöllin á Seyðisfirði 1948 og í Keflavík 1949. Guðjón Samúelsson lést í vetrarlok 1950 en hann teiknaði einnig ásamt Bárði Ísleifssyni nokkrar yfirbyggingar og laugarhús sem ekki var lokið við fyrr en eftir dauða hans. Þetta eru Bjarnalaug á Akranesi sem var vígð 1944 en ekki byggt yfir hana fyrr en 1951 og Sundhöll Hafnarfjarðar

[617] Hér er laugin á Álafossi ekki flokkuð sem slík þéttbýlislaug enda framkvæmdin einkaframtak

sem var vígð 1943 sem opin sundlaug en byggt yfir hana síðar og hún vígð sem sundhöll 1951. Í Sundlaug Akureyrar var innanhússlaug og einnig laug utan húss, báðar með sömu búningsaðstöðu. Húsið var lengi í byggingu og var vígt 1956, sex árum eftir dauða Guðjóns. Sundlaugin á Akureyri hefur aldrei verið kölluð sundhöll þótt byggingin sé glæsileg. Ef til vill stafar það af því að útisundlaugin hefur reynst vera aðallaugin og innisundlaugin miklu minna notuð og aðallega til sundkennslu. Að lokum má geta um Sundhöll Siglufjarðar sem byggð var sem opin laug 1939 eftir teikningu Bárðar Ísleifssonar, en opnuð að nýju 1962 sem sundhöll, gerð eftir teikningu Guðmundar Guðjónssonar arkitekts, sem var starfsmaður húsameistaraembættisins.

Ef litið er sérstaklega til rannsóknarsvæðis ársins 2025 verður þessi þróun enn skýrari í hlut einstakra hönnuða. Margar sundhallir eru í þeim landshlutum sem kannaðir voru 2025 og því er Guðjón Samúelsson fyrirferðarmikill í þessum áfanga. Hann teiknaði eða kom að gerð og útfærslu á sjö af þeim fimmtán sundstöðum sem kannaðir voru; í Reykholti, Laugarvatni, Eiðum og sundhöllum Reykjavíkur, Seyðisfjarðar, Hafnarfjarðar og Keflavíkur og að auki þeirrar sundlaugar á Laugarvatni sem síðar var rifin. Bárður Ísleifsson kom einnig að hönnun sundhalla Seyðisfjarðar, Hafnarfjarðar og Keflavíkur og Einar Erlendsson kom að teikningu húsa í Reykholti, Eiðum og horfinnar laugar á Laugavatni, og hann teiknaði einnig yfirbyggða laug á Fáskrúðsfirði. Einar Sveinsson og Eiríkur Einarsson teiknuðu Álafosslaugina og Sigurður Guðmundsson Austurbæjarskóla og laugina sem í honum er.[618]

Ástand og framtíðarhorfur á rannsóknarsvæðinu 2025

Hér er fyrst fjallað um stöðuna í stórum dráttum á landsvísu og síðan sérstaklega um þau mannvirki sem skoðuð voru á rannsóknarsvæði ársins 2025.

Örlög íslenskra sundlaugabygginga frá fyrri hluta 20. aldar virðast nokkuð dapurleg. Heimildaúttektin benti til að tæplega helmingur laugarþróa og tæplega tveir þriðju hlutar laugarhúsa sem risu á tímabilinu væru horfin að mestu eða öllu leyti. Aðeins 17% af laugarhúsum sem byggð voru fyrir 1950 gegna enn upprunalegu hlutverki sínu. Þetta eru sláandi tölur en til samanburðar má nefna að Þorsteinn Einarsson, íþróttafulltrú ríkisins, vann samantekt um laugar árið 1983 og áætlaði þá að um 52 laugar sem byggðar voru fyrir árslok 1950 væru enn í notkun sem slíkar.[619]

Þegar litið er til þeirra landshluta sem þegar hafa verið kannaðir á vettvangi, Norðurlands 2024 og Suðvestur-, Suður- og Austurlands 2025, kemur í ljós nokkur svæðisbundinn munur. Niðurstöður

[618] Auk þeirra húsa sem enn standa voru tvær yfirbyggðar laugar á svæðinu sem hafa vikið, annars vegar allsérstæð sundlaug í Valborgargjá sem gerð var af Ólafi P. Sveinssyni vitaverði 1928 en yfirbyggingin fauk síðar og var ekki endurgerð. Hin sundlaugin er ekki síður áhugavert mannvirki en það er sundlaug sem teiknuð var af Guðjóni Samúelssyni við Héraðsskólann á Laugarvatni sem var rifin rétt fyrir árið 2000.

[619] Þorsteinn Einarsson: *Skrá yfir íþróttamannvirki á Íslandi í árslok 1983,* DD05, Varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands.

fyrsta vettvangsáfanga húsakönnunar sundlauga, sem fór fram á Norðurlandi 2024, staðfesti þetta háa eyðileggingarhlutfall sundlauga. Ástandið virðist þó misjafnt eftir landshlutum og er ástand húsa á Austurlandi nokkuð gott. Ef rýnt er í hversu margar laugar hafa horfið eftir landsvæðum má sjá að á Norðurlandi eru 69% laugarhúsa frá tímabilinu horfin (20 af 29), um 55% húsa á Suðvesturlandi (6 af 11) og um 62% húsa á Suðurlandi (8 af 13). Aðeins eitt laugarhús á Austurlandi er hins vegar horfið svo vitað sé. Að meðaltali eru því 60% húsanna horfin á þeim svæðum sem könnuð hafa verið. Á rannsóknarsvæði ársins 2025 er staðan sums staðar sérstaklega viðkvæm. Af þeim 15 laugarhúsum sem eftir standa á úttektarsvæðinu 2025 eru nokkur sem munu líklega verða eyðileggingu að bráð og að lokum rifin, nema ákveðið verði að bjarga þeim á allra næstu árum.[620]

Ljóst er að hratt gengur á byggingararf sundlauga þrátt fyrir að sund og sundmenning hafi verið mikið í sviðsljósinu á síðustu árum og títt sé um það rætt hversu mikilvægu hlutverki sundstaðir og sundmenning gegnir í íslensku samfélagi. Í því ljósi er brýnt að skoða nánar þau laugarhús sem enn standa og kanna til hlítar möguleika á því að koma í veg fyrir frekari eyðileggingu. Í þessu samhengi má t.d. nefna Sundhöll Keflavíkur sem er merkilegt hús sem mikilvægt er að bjarga. Tími er komin á allsherjarviðhald á Sundhöll Reykjavíkur. Það er löngu tímabært en hefur ítrekað verið frestað og má segja að sundlaugakarið liggi undir alvarlegum skemmdum ef ekki verður gripið til aðgerða fljótlega. Einhverjar endurbætur eru nauðsynlegar á Sundhöll Hafnarfjarðar og Sundlaug Fáskrúðsfjarðar og mikilvægt er að slíkum endurbótum og öðrum verði sinnt á næstu áratugum.

Sundhöll Seyðisfjarðar var mjög stílhreint, glæsilegt hús, sem nú er hjúpað grófgerðum málmhjúp. Mikilvægt er að hún verði endurgerð í sinni upprunalegu mynd enda er hún eitt besta dæmi landsins um opinbera byggingu í hreinum fúnkís-stíl.

Við þær endurbætur og viðhald sem ráðist verður í á næstu árum þarf að virða upprunalega gerð mannvirkjanna og miða endurbætur við að færa þau nær upprunalegu útliti. Húsið yfir Álafosslauginni er í góðu ástandi og unnið er að endurbótum á því þótt ljóst sé að þar verði ekki synt aftur. Vonandi verður aftur synt í laug Austurbæjarskóla og einhverjar endurbætur eru nauðsynlegar til að hægt verði að synda aftur í lauginni í Eiðaskóla, þótt hún virðist raunar í merkilega góðu ástandi.

Oft hafa eldri laugarhús vikið fyrir yngri húsum eða orðið úrelt í kjölfar byggingar þeirra. Dæmi um þetta eru á Flúðum, Skeiðum, Laugalandi, í Laugarskarði, á Varmá, í Keflavík og Laugardal.. Tvö af húsunum á svæðinu sem hefur verið fjallað um hér urðu náttúruöflunum að bráð, annars vegar Sundlaug

[620] Eitt húsanna er þegar rúst (Grafarbakkalaug á Flúðum), á tímabili voru talsverar blikur á lofti um framtíð laugarhúsanna í Selárdal (þótt nú hafi verið ákveðið að gera það upp) og búið er að leyfa niðurrif Sundhallar Keflavíkur. Að auki eru blikur á lofti um notkun laugar á Fáskrúðsfirði og Eiðum og búið að steypa yfir laugarþró í Reykholti í Biskupstungum. Laugarhús á Sólheimum er einnig í fremur slæmu ástandi og nýtt hús risið en vonir eru bundnar við að hægt verði að gera upp gamla húsið.

Vestmannaeyja sem hvarf undir hraun í Vestmannaeyjagosinu og hins vegar yfirbygging yfir laugina í Valborgargjá sem fauk í óveðri. Sum laugarhúsanna virðast einfaldlega hafa verið rifin í hreinsunarskini, s.s. sundlaug íþróttaskólans í Haukadal og yngra laugarhús á Laugarvatni. En dæmi um hið gagnstæða finnast einnig þar sem valið hefur verið að láta eldri hús standa áfram þótt ný hús hafi risið. Þannig standa gömlu laugarhús Grafarbakkalaugar enn á laugarbakkanum þótt nýtt hús hafi verið byggt við laugina. Á Neskaupsstað fékk einnig hluti eldri húsa við laugarendann að standa þegar nýtt hús var byggt. Talsverður hluti þeirra var hins vegar rifinn og sá hluti sem eftir stóð hefur ekki fengið það viðhald eða þann virðingarsess sem honum ber og hafa húsin því orðið takmarkað gildi.

Á rannsóknarsvæði ársins 2025 er formleg vernd þessara mannvirkja enn fremur takmörkuð. Eitt húsanna sem skráð var 2025, Seljavallalaug, er aldursfriðað. Þrjú hús eru friðlýst; Seljavallalaug, Héraðsskólinn á Laugarvatni og Sundhöll Reykjavíkur. Aðrar sundlaugabyggingar sem skráðar voru 2025 njóta ekki friðunar og eru því í talsverðri hættu. Búast má við að margar þeirra muni hverfa af sjónarsviðinu nema að mörkuð verði stefna um verndun þeirra. Brýnt er því að hugað sé að þessum hluta menningararfsins og íhuga mætti hvort valin laugarhús mætti friðlýsa til að tryggja varðveislu þeirra. Í þeim efnum er mikilvægt að byggingarsögulegt gildi þeirra sé metið með heildstæða yfirsýn að leiðarljósi. Því er mikilvægt er að halda áfram könnun á þessum hluta menningararfsins þannig að yfirsýn fáist yfir landið allt.

Heimildaskrá almenn

Adolf Friðriksson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Margrét Stefánsdóttir og Orri Vésteinsson. 2000. *Fornleifakönnun í Eyjafirði XII: Fornleifar á Upsaströn, Dalvíkurlandi og vestanverðum Svarfaðardal inn að Klaufabrekku. Fornleifastofnun Íslands*. Fornleifastofnun Íslands, fjölrit númer FS116-99091.

Biskupasögur I-II. 1858-78. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag.

Eggert Ólafsson. 1975. *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar I-II*. Steindór Steindórsson frá Hlöðum íslenskaði. Reykjavík.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hjörleifur Stefánsson. 2023. *Íslenskar sundlaugabyggingar frá fyrri hluta 20. aldar: heimildakönnun*. Fornleifastofnun Íslands, fjölrit nr. FS961-20091.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson. 2024. *Íslenskar sundlaugar frá fyrri hluta 20 aldar Sundlaugar á Norðurlandi, Húsakönnun 2024*. Fornleifastofnun Íslands, fjölrit nr. FS1017-20092.

Gylfi Helgason 2026. Fornar laugar á Íslandi. Skýrsla í skýrsluröð Fornleifastofnunar Íslands, væntanleg 2026.

Guðlaugur Jónsson 1958 (14.12.1958). *Sunnudagsblaðið* Jólin 1958. „Kolviðarneslaug og Sund-Gestur".

Guðlaugur Jónsson. 1974. *Heima er bezt*. 1974, nr. 10-11. „Brautryðjendur íslenzkrar sundmenntar."

Helgi Már Halldórsson. 1978. *Sundskáli Svarfdæla*. Skólaritgerð við Menntaskólann á Akureyri, frumrit í vörslu höfundar.

Hjalti Pálsson. 1975. *Um sundkennslu og sundiðkan í Skagafirði á 19. öld og fram um 1929*. Námsritgerð 1975.

Íslendingur 16.08.1950, baksíða (án blaðasíðutals).

Íþróttablaðið 01.02.1925, bls. 9-10. „Sund og sundnám".

Íþróttablaðið, 01.05.1944, bls. 3-4. "Hugsjónir rætast". Þorsteinn Einarsson.

Íþróttablaðið 05.05.1952, bls. 2-3. Einar Kristjánsson, "Ávarp til sundfélaganna í Reykjavík"

Jón M. Ívarsson, Björn Bjarndal Jónsson, Anna Möller, & Sæmundur Runólfsson. 2007. *Vormenn Íslands: saga UMFÍ í 100 ár*. Ungmennafélag Íslands.

Jónas Jónasson. 1979. *Hofdala Jónas*. Akureyri. Bókaforlag Odds Björnssonar.

Lúðvík Kristjánsson. 1952. *Úr bæ í borg: nokkrar endurminningar Knud Zimsens fyrrverandi borgarstjóra um þróun Reykjavíkur*. Reykjavík. Helgafell.

Lýður Björnsson. 2013. *Héraðsskólar Borgfirðinga : Hvítárbakki - Reykholt*. Reykholt, Snorrastofa.

Lög um héraðsskóla nr. 626/1929.

Menntamál 01.04.1925, bls. 98-99. „Menntamálin á Alþingi 1925".

Menntamál 01.03.1950. Þorsteinn Einarsson, bls. 54-59. „Sundskylduákvæðin 10 ára".

Morgunblaðið (Lesbók) 24.11.1929, bls. 375. „Sundskáli Svarfdæla".

Morgunblaðið (Lesbók) 12.02.1933, bls. 46-47. „Sundlaug í Bolungarvík“.

Morgunblaðið (Lesbók) 14.08.1927, bls. 250.

Norðurland 02.20.1909, bls. 27, „Hverar og laugar“, Þorkell Þorkelsson.

Pétur H. Ármannsson. 2020. *Guðjón Samúelsson húsameistari*. Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag.

Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju. 1856. „Íslenzkar gátur, skemmtanir, víkivakar og þulur.“ Reykjavík. Hið íslenzka bókmenntafjelag.

Skinfaxi 01.12.1925, bls. 137-139.

Skinfaxi, 01.02.1927, bls 28. „Bréf til ungmennafélaga í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu“.

Skólablaðið 02.28.1907, bls. 16. „Böðun og sund“.

Sturlunga: Sturlunga saga. 1988. I.-II. bindi. Örnólfur Thorsson, ritstj. Reykjavík, Svart á hvítu.

Sundbók ÍSÍ fyrir hvern mann. 1920. Íþróttasamband Íslands. Reykjavík.

„Sundlaugar fyrr og nú“ *Gangverk: fréttabréf VST: Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens hf.* 02.02.2001.

Sveinn Þórðarson. 1998. *Auður úr iðrum jarðar: Saga hitaveitna og jarðhitanýtingar á Íslandi*. Safn til iðnsögu Íslendinga, XII. bindi. Reykjavík. Hið íslenzka bókmenntafélag.

Tíminn 16.02.1929, bls. 36-37. „Sundlaugar í sveitum“.

Tíminn 14.05.1930, bls. 111-112. „Þegar „verkin tala“.

Viðar 01.01.1936, bls. 26-54. „Núpsskóli 1906-1936“.

Þorsteinn Einarsson. 1977. *Drög að sögu íslenskrar íþrótta*. Reykjavík. Menntamálaráðuneytið.

Þjóðskjalasafn Íslands

Teikningar Húsameistara ríkisins: C383_07, C384_02, C385_01, C388_09-10, C392_07, C393_09, C394_02-03, C0999_01.

Teikningar og gögn úr safni Íþróttasjóðs: H25, H26 Teikningar úr Teikningasafni Þjóðskjalasafns 22/5. Merkt Stjórnarráð Íslands I. Db. 10, nr. 331 og Db. 11, nr. 308 á bakhlið, nr. 331 og Db. 11, nr. 308 á bakhlið.

Skrá yfir íþróttamannvirki á Íslandi í árslok 1983/Yfirlit yfir mannvirki frá 1983, Þorsteinn Einarsson, DD05. Þjóðskjalasafn Íslands.

Gögn frá Íþróttasjóði, H49, H26. Þjóðskjalasafn Íslands.

Afrit af reglum Sundlaugar Reykjavíkur, DD 018. Þjóðskjalasafn Íslands.

Heimildaskrá fyrir einstakar laugar þar sem laugarhús standa

Sundhöll Keflavíkur

Afmælisrit U.M.F.K. 1979, bls. 35-37. Afrit af gjafabréfi í vörslu skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar.

Bjarni Guðmarson. 1999. *Saga Keflavíkur 1920-1949*. Keflavíkurbær.

Faxi 1950, 10. árg. 7-8 tbl. bls. 5-6.

Faxi 1961, 21. árg. 1. tbl. bls 10.

Faxi 1957, 17. árg.6. tbl. bls 74.

Faxi 1967, 27. árg., 9. tbl. bls 144.

Faxi 1968, 28. árg., 3. tbl. bls 37.

Fundargerðarbók byggingarnefndar Keflavíkur. Í vörslu skipulagsfulltrúa.

Jón Þ. Þór. 2007. *Saga Bolungarvíkur, annað bindi*. Ísafjörður. Sögufélag Ísfirðinga.

Hjörleifur Stefánsson. 2018. *Sundhöll Keflavíkur: Mat á varðveislugildi.* Gullinsnið ehf.

Munnleg heimild í júní 2018, Sveinn Númi Vilhjálmsson, fyrrverandi byggingarfulltrúi Keflavíkur.

Munnleg heimild í júní 2018, Gunnar Kristinn Ottósson skipulagfulltrúi Reykjanesbæjar og Sveinn Númi Vilhjálmsson fyrrverandi byggingarfulltrúi Keflavíkur.

Tíminn 01.08.1939

Ungmennafélag Keflavíkur 30 ára: 1929-1959. 1959. Ungmennafélag Keflavíkur.

Ungmennafélag Keflavíkur, bréf eða tilkynning dags. 12. sept. 1943. Í vörslu byggðasafns Reykjanesbæjar.

Ljósmyndir og teikningar

Sundlaug Keflavíkur við vígslu laugar 1939. Úr skýrslu Hjörleifs Stefánssonar. 2018, bls. 10.

Sundlaug Keflavíkur um 1940. Úr skýrslu Hjörleifs Stefánssonar. 2018, bls. 11.

Sundlaugin skömmu fyrir 1943. Mynd úr skýrslu Hjörleifs Stefánssonar. 2018, bls. 33.

Sundlaugin eftir endurbætur árið 1943. Mynd úr skýrslu Hjörleifs Stefánssonar. 2018, bls. 13.

Sundhöll Keflavíkur fullbyggð 1951. Mynd úr skýrslu Hjörleifs Stefánssonar 2018, bls. 16.

Sundhöll Hafnarfjarðar fullbyggð 1952. Mynd úr skýrslu Hjörleifs Stefánssonar 2018, bls. 28.

Sundhöllin eftir viðgerð 1967. Mynd úr skýrslu Hjörleifs Stefánssonar 2018, bls. 18.

Sundhöllin timburklædd 1982. Mynd úr skýrslu Hjörleifs Stefánssonar 2018, bls. 18.

Sundlaugin í Keflavík. Tvær teikningar merktar Guðjóni Samúelssyni og Bárði Ísleifssyni, Reykjavík 6. mars 1947. Teikningar Húsameistara ríkisins, C387_08, Þjóðskjalasafni Íslands.

Teikningar í vörslu skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar.

Teikningavefur Reykjanesbæjar. Teikning Bárðar Ísleifssonar og Guðjóns Samúelssonar.

Sundhöll Hafnarfjarðar

Alþýðublaðið 14.02.1930, bls. 3.

Brúin 01.02. 1930, bls. 2.

Brúin 15.02. 1930, bls. 3.

Haukur 10.02.1934, bls. 3-4, „Íþróttamál Hafnfirðinga“.

Morgunblaðið 06.06.1928, bls. 4.

Morgunblaðið 09.12.1986. „Minningargrein eftir Matthías Á. Matthíasson“.

Pétur H. Ármannsson. 2020. *Guðjón Samúelsson húsameistari*. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík.

Sigurður Skúlason. 1933. *Saga Hafnarfjarðar*. Bæjarsjóður Hafnarfjarðar.

Sveitarstjórnarmál, 01.12.1943, bls. 31-32.

https://hafnarfjordur.is/sundholl-hafnarfjardar-80-ara/

Ljósmyndir og teikningar

Ljósmynd frá vígslu sundlaugarinnar 1943. Sarpur, safnanúmer SH-07.

Sundlaugin fullbyggð 1952. Sarpur, safnanúmer A-SÍS-1277-2.

Teikning af Hafnarfjaðarlaug undirrituð af Ágústi Pálssyni fyrir hönd Húsameistara ríkisins 4. mars 1939. Húsameistari ríkisins C384_11-12. Þjóðskjalasafn Íslands.

Teikning af Hafnarfjarðarlaug undirrituð af Einari Erlendssyni í mars 1941 fyrir hönd Húsameistara ríkisins. C384_11-12. Þjóðskjalasafn Íslands.

Sundlaugin í Hafnarfirði. Teikningar Bárðar Ísleifssonar dagsettar í júlí 1942. Húsameistari ríkisins, C384_11-12. Þjóðskjalasafn Íslands

Teikning að fyrirkomulagi sólbaðsskýlis við austurenda sundahallarinnar.

Teikning Sigurþórs Aðalsteinssonar frá 1982 að stækkun hliðarálmunnar.

Teikning Húsameistara ríkisins að búningsklefum, H29. Þjóðskjalasafn Íslands.

Tillaga Steinars Guðmundssonar fyrir hönd húsameistara ríkisins frá 1955 að flísalögn sundlaugarbakkans, yfirfallsrennu og efsta hluta veggja sundlaugarkarsins. Íþróttasjóðsteikningar H22.

Austurbæjarskóli

Austurbæjarskólinn 1930-1980. bls. 1-4.

Alþýðublaðið 12.08.1933 bls. 4.

Gjörðabók byggingarnefndar barnaskóla við Vitastíg 1926-1928 og 1928-1931. Skjalasafn Reykjavíkurborgar/Borgarskjalasafn.

Haraldur Sigurðsson, & Sögufélag útgefandi. 2023. *Samfélag eftir máli: bæjarskipulag á Íslandi og fræðin um hið byggða umhverfi*. Reykjavík. Sögufélag.

Lýður Björnsson. 2007. *Saga Hitaveitu Reykjavíkur 1928-1998*. Orkuveita Reykjavíkur.

Menntamál IV ár. mars-apríl 1928 bls. 33-41.

Morgunblaðið 14.10.1928 „Risgjöld barnaskólans nýja“. Ræða Guðmundar Ásbjörnssonar borgarstjóra.

Morgunblaðið 04.05.1945. „Viðtal: Sigurður Guðmundsson sextugur“.

Pétur H. Ármannsson. *Sigurður Guðmundsson arkitekt. Sýningarskrá* bls. 3. Vísað er í: Fisker, Kay. *Arkitekturudviklingen i Norden I de sidste 50 aar.* Nordisk Byggedag V, bls. 501-502. Nordisk Byggedag, Stokkhólmi 1950.

Munnleg heimild

Pétur Hafþór Jónsson kennari og talsmaður Hollvinafélags Austurbæjarskóla.

Ragnheiður Pálsdóttir, fyrrverandi sundkennari við Austurbæjarskóla.

Ljósmyndir og teikningar

Vatnslituð teikning Sigurðar Guðmundssonar að nýja barnaskólanum, líklega frá 1924. Þjóðskjalasafn Íslands.

Grunnmynd kjallara Austurbæjarskóla dagsett í nóvember 1924. 1926-05-01. Varðveitt í Þjóðskjalasafni Íslands og aðgengilegt í Borgarvefsjá.

Austurbæjarskóli, teikning merkt1926-05-01. Varðveitt í Þjóðskjalasafni Íslands og aðgengilegt í Borgarvefsjá.

Austurbæjarskóli, Afstöðumynd nýja barnaskólans frá 1926.Varðveitt í Þjóðskjalasafni Íslands og aðgengilegt í Borgarvefsjá.

Teikning af gluggum í Austurbæjarskóla. Varðveitt í Þjóðskjalasafni Íslands.

Teikning af þaki á Austurbæjarskóla. Varðveitt í Þjóðskjalasafni Íslands.

Hugmynd af byggingu hæðar úr timbri ofan á skólann. Varðveitt í Þjóðskjalasafni Íslands.

Hluti teikningar Sigurðar Guðmundssonar arkitekts frá 1926. Varðveitt í Þjóðskjalasafni Íslands.

Teikning Vilhjálms Hjálmarssonar arkitekts frá 1995 að endurbættu fyrirkomulagi við sundlaugina. Borgarvefsjá

Sundhöll Reykjavíkur

Alþingistíðindi 1928 A, bls. 84.

Gjörðabók Veganefndar 1915-32, fundir 30. júlí 1928, 15. janúar, 2. september. 1929 Aðfnr. 4645. Borgarskjalasafn.

Gagnagrunnur Minjastofnunar Íslands, Huginn.

Guðjón Friðriksson. 1991. *Saga Reykjavíkur: Bærinn vaknar, 1870-1940, fyrri hluti.* Reykjavík, Iðunn.

Guðjón Samúelsson: *Um aðdraganda og byggingarsögu Sundhallarinnar,* Húsameistari ríkisins, B189, Þjóðskjalasafn Íslands, bls. 1-10.

Guðjón Samúelsson. *Sundhöllin.* Handrit varðveitt á Þjóðskjalasafn Íslands.

Greinargerð Guðjóns Samúelssonar Hovedoppgav og Torvgatens bad

https://www.althingi.is/altext/raeda/35/2918.html

Húsameistari ríkisins 1997 B/190 Sundhöll Reykjavíkur. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ísafold 04.23.1904, bls. 91.

Íþróttablaðið 10.04.1925, bls. 24-26.

Knud Zimsen. 1943. *Úr bæ í borg.*

Lúðvík Kristjánsson. 1952. *Úr bæ í borg: nokkrar endurminningar Knud Zimsens fyrrverandi borgarstjóra um þróun Reykjavíkur*. Helgafell.

Pétur H. Ármannsson. 2020. *Guðjón Samúelsson húsameistari*. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík.

Morgunblaðið 19.11.1929, bls. 2.

Morgunblaðið 18.05.1929, bls. 3.

Nýja dagblaðið 21.03.1937, bls. 2-3.

Sveinn Þórðarson. 1998. *Auður úr iðrum jarðar: saga hitaveitna og jarðhitanýtingar á Íslandi*. Hið íslenska bókmenntafélag.

Sögustaður við sund: Páll Líndal, Einar S. Arnalds, Örlygur Hálfdanarson, & Guðlaugur Rúnar Guðmundsson. 1987. *Reykjavík: sögustaður við Sund, III. bindi*. Reykjavík. Örn og Örlygur.

Skrifstofa framkvæmda og viðhalds í Reykjavíkurborg. 1-hluti 2016-11-10_GR_Ástandsskoðun.

Skrifstofa framkvæmda og viðhalds í Reykjavíkurborg. Minnisblað 15.7.2021 - Skoðun og mat á gamla Laugarkerinu (ID 227424) (ID 230486).

Tíminn 14.05.1939, bls. 111.

Vísir 20.03.1929, bls. 3-4.

Þorsteinn Einarsson. *Drög að sögu íþróttamannvirkja*. Óútgefið handrit á Þjóðskjalasafni Íslands.

Ljósmyndir og teikningar

Hluti skipulagsuppdráttar að Reykjavík frá 1927. *Lesbók Morgunblaðsins* 29.11.1927, bls. 4.

Fyrstu hugmyndir Guðjóns Samúelssonar að sundlaug í Reykjavík. *Íþróttablaðið* 1925. Sjá einnig Húsameistari ríkisins C390_01, Þjóðskjalasafn Íslands.

Teikningar Guðjóns Samúelssonar frá janúar 1929 (teikning 2 þó misrituð 1928). Húsameistari ríkisins, C391_01-03. Þjóðskjalasafn Íslands

Teikning af Sundhöllinni, tillaga frá janúar 1929. Húsameistari ríkisins, C391_01-03. Þjóðskjalasafn Íslands.

Teikning af Sundhöllinni frá apríl 1930. Húsameistari ríkisins, C391_01-03. Þjóðskjalasafn Íslands.

Teikning Húsameistara (þrjár) dagsettar í júní 1929 Húsameistari ríkisins, C391_01-03. Þjóðskjalasafn Íslands.

Teikning Húsameistara dagsett í júní 1929 að glerþaki yfir Sundhöllinni og teikning með tilboði að slíku þaki. Húsameistari ríkisins_C391_01-03. Þjóðskjalasafn Íslands.

Teikningar Guðjóns Samúelssonar frá desember 1934. Húsameistari ríkisins, C391_01-03. Þjóðskjalasafn Íslands.

Teikningar Guðjóns Samúelssonar frá september 1935. Húsameistari ríkisins, C391_01-03. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ljósmynd af fótaböðum í sturtuklefum Sundhallar. Ljósmynd Vigfús Sigurgeirsson, úr Pétur H. Ármannsson. 2020, bls. 241

Ljósmynd af klefum Sundhallarinnar í byggingu. Ljósmynd Óskar Gíslason, úr Pétur H. Ármannsson. 2020, bls. 239.

Ýmsar myndir af bæklingum um flísar og aðra innviði, varðveitt á meðal gagna um Sundhöll frá Húsameistara ríkisins. Þjóðskjalasafn Íslands.

Álafosslaug

Alþýðublaðið 05.09.1930.

Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson. 2005. *Mosfellsbær: saga byggðar í 1100 ár*. Reykjavík. Pjaxi.

Dagblaðið Vísir, 30.08.1939.

Íþróttablaðið 01.09.1927.

Jómfrúarræða Jónasar Jónssonar 1923. Alþingi.is.

Lesbók Morgunblaðsins 25.09.1926.

Morgunblaðið 10.05.1955, „Erlingur Pálsson: Minningarorð".

Morgunblaðið 06.04. 1986. „Álafossverksmiðjan í 90 ár. saga Álafoss rakin og getið helstu viðburða í sögu fyrirtækisins".

Morgunblaðið 16.11.2007. „Þegar Jónas var grafinn á Þingvöllum".

Morgunblaðið 25.11.1999. „Listamannanýlenda í Álafosskvosinni".

Skinfaxi, 12.01.1909.

Skinfaxi 01.11.1915.

Spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld, DD 95. Þjóðskjalasafn Íslands.

Sveinn Þórðarson. 1998. *Auður úr iðrum jarðar: saga hitaveitna og jarðhitanýtingar á Íslandi.* Reykjavík. Hið íslenska bókmenntafélag.

Tíminn 06.02.1990. „Flytjum Fjölnismennina heim. Beinin grafin upp 1946".

Upptaka af Hauki Níelssyni, um sundkennslu í Varmá við Álafoss. Á vef ÍSMUS: www.ismus.isiaudioid-1048587.

Vísir 05.09.1930.

Vísir 26.05.1934.

https://www.stjornarradid.is/verkefni/stjornskipan-og-thjodartakn/thjodartakn/fani-islands/saga-fanans/

https://isi.is/um-isi/heidursholl-isi/sigurjon-petursson/

https://sundlaugin.com/

Ljósmyndir og teikningar

Stökkbretti við Varmárlaug: Willem van de Poll.

Ljósmynd af laugarhúsum og stökkpalli við Varmaárlaug Ljósmyndasafni Akraness.

Ljósmynd innan úr Álafosslaug Willem van de Poll.

Teikning af Álafosslaug og breytingum á húsinu frá 1997, af kortavef Mosfellsbæjar.

Seljavallalaug

Björn J. Andrésson. 2001. „Frásögn af byggingu Seljavallalaugar“*, Goðasteinn*, bls. 132-140.

Bréf frá Birni J. Andréssyni til Dómsmálaráðuneyti, dagsett 11. janúar 1926, Dóms- og kirkjumálaráðauneyti, dagb. 7, númer 450, 25/20. Þjóðskjalasafn Íslands.

Bréf þeirra Eggerts Ólafssonar og Ólafs Eiríkssonar til Dómsmálaráðuneytis, dagsett 04.04.1937 á meðal gagna Dóms- og kirkjumálaráðuneytis, Db. 13, nr. 527. Þjóðskjalasafn Íslands.

Bændablaðið 02.06.2023, „Einstök sundlaug“ Erla Hjördís Gunnarsdóttir.

Jón R. Hjálmarsson. 1992. *Á akri minninganna: 12 frásagnir úr byggðum og óbyggðum*. Selfoss. Suðurlandsútgáfan.

Gjörðabók Austur-Eyjafjallahrepps 1915-1961, Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, dagb. 8 nr. 519. Héraðsskjalasafn Rangæinga.

Íþróttablaðið, 01.05.1929, bls. 37-38.

Lesbók Morgunblaðsins 26.07.1931, forsíða.

Morgunblaðið 22.09.1936, bls. 6.

Morgunblaðið 19.02.1997 „Nokkur orð um Seljavallalaug og ástand hennar“ aðsend grein frá Páli A. Andréssyni.

Morgunblaðið 30.01.2006, bls. 46F „Vill friða Daltangavita og Seljavallalaug“

Sunnlenskar byggðir IV: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson, Páll Lýðsson, Þórður Tómasson, Björgvin Salómonsson, & Búnaðarsamband Suðurlands. 1980. *Sunnlenskar byggðir.* Selfoss. Búnaðarsamband Suðurlands.

Spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld, DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands.

Yfirlit yfir mannvirki frá 1983, Menntamálaráðuneyti, DD 05. Þjóðskjalasafn Íslands.

Munnleg heimild: Magðalenu Jónsdóttur, gjaldkeri Ungmennafélagsins Eyfellings.

Ljósmyndir og teikningar

Seljavallalaug, tekin 1923-1935. Héraðsskjalasafn Árnesinga: Fljótshlíðarferð, ljósmyndari óþekktur/2021_16_SJ_00313.

Seljavallalaug 1936 eða síðar, eftir að baðklefarnir að sunnan voru byggðir, *Bændablaðið* 02.06.2023.

Seljavallalaug um 1938 birt í Facebook hópnum Gamlar myndir, Sigrún Sighvatsdóttir.

Seljavallalaug, unnið að endurbótum á laugarhúsunum árið 1954. *Bændablaðið* 02.06.2023.

Seljavallalaug mokað ösku úr Eyjafallagosinu upp úr lauginni. *Bændablaðið* 02.06.2023.

Seljavallalaug og landið í kring. Ómerkt teikning, óundirrituð og ódagsett, en er merkt Alþingi, nr. 2/1926. Stjórnarráð Íslands I. Db. 7, nr. 450. Varðveitt í teikningasafni Þjóðskjalasafns Íslands 22/7.

Grafarbakkalaug

Bréf Helga Ágústssonar formanns UMF Hrunamannahrepps til sýslumanns, dagsett 2. apríl 1909, HérÁrn_2005_30_Sýslunefnd Árnesinga_BB_9_2_1908-1909.

Bréf Helga Kjartanssonar og Emils Ágeirssonar frá 1934 til Stjórnarráðs Íslands, ásamt kostnaðaráætlun frá Þóri Baldvinssyni og teikningu af lauginni. Stjórnarráð Íslands I. Skrifstofa_0000-010 B_420_B-Bréfasafn 1932_1939_Db. 10, nr.331 Sundlaugar steinsteyptar 3115_1934. Gögn varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands.

Fundargerðarbók Ungmennafélags Hrunamannahrepps HérÁrn. 2003/28 Ungmennafélag Hrunamanna. Fundargerðabækur Ungmennafélags Hrunamannahrepps, 1908-1932. https://myndir.myndasetur.is/main/archives/Fundarger%C3%B0ab%C3%A6kur%20ungmennaf%C3%A9laga/Hrunamannahreppur/Fundarger%C3%B0ab%C3%B3k%20Ungmennaf%C3%A9lag%20Hrunamanna?selected=&query=

Fylgiblaði við *Ísafold* 30.07.1892, „Sýslufundargerð“.

https://www.fludir.is/wp-content/uploads/2016/08/Saga_hitaveitunnar_1.pdf

https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1564577/.

Ísafold 05.08.1891, bls. 32.

Kristborg Þórsdóttir og Stefán Ólafsson. 2016. *Fornleifaskráning í Hrunamannahreppi Flúðir og nágrenni.* Fornleifastofnun Íslands, fjölrit númer: FS593-15231.

Lúðvík Kristjánsson. 1952. *Úr bæ í borg: nokkrar endurminningar Knud Zimsens fyrrverandi borgarstjóra um þróun Reykjavíkur.* Reykjavík. Helgafell.

Tölvupóstur frá Agnesi Szwaja, einum af eigenda laugarinnar, til Elínar Óskar Hreiðarsdóttur 09.05.2025 og 06.08.2025.

Skilti við sundlaug.

Upplýsingar á texta við myndir á veggjum laugarhúss árið 2020.

Úttekt á sundlauginni á Grafarbakka, Héraðsskjalasafn Árnesinga, 2005_30, BB_3_1, 1885-1992

Úttekt á hitastigi í sundlauginni á Grafarbakka gerð 9. ágúst 1891, skrifað 15. nóvember sama ár, Héraðsskjalasafn Árnesinga, 2005_30, BB_3_1, 1885-1992.

Þjóðólfur 05.05.1891, bls. 82.

Ljósmyndir og teikningar

Fjórar gamlar myndir frá Grafarbakkalaug, sú elsta tekin áður en laugarhúsið var byggt. Myndir í vörslu eigenda laugarinnar.

Laugarhúsin við Grafarbakka-/Hvammslaug frá 1934. Teikningin er ómerkt en er geymd á meðal gagna frá Stjórnarráði Íslands. Þjóðskalasafni Íslands.

Reykholtslaug

Ásrún Sæland. 2012. „Íþróttastarf í Reykholtsskóla“, *Litli-Bergþór* 01.06.2012, bls. 20-25.

Einar J. Helgason. 1988. „Barnaskólinn í Reykholti 50 ára“ í Unnar Þór Böðvarsson, & Reykholtsskóli í Biskupstungum. *Afmælisblað Reykholtsskóla, Biskupstungum: 1928-1988*. [útgefanda ekki getið]. Sveinn Sælands afhenti ljósrit.

Jón M. Ívarsson. 2013. *Ungmennafélag Biskupstungna: 100 ára saga*. Garðabær. Ungmennafélag Biskupstungna.

Fundarhús og skólar í sveitum landsins: Könnun á fjölda og ástandi varðveittra húsa frá fyrri hluta 20.aldar Áfangaskýrsla fyrir Húsafriðunarnefnd, desember 2010, Gláma Kím.

Gísli Bjarnason. 1988. „Fyrir sextíu árum“ í Unnar Þór Böðvarsson, & Reykholtsskóli í Biskupstungum. *Afmælisblað Reykholtsskóla, Biskupstungum: 1928-1988*. [útgefanda ekki getið]. Sveinn Sælands afhenti ljósrit.

Ingólfur á Iðu. 1984. „Barnaskólaminningar.“ *Litli Bergþór,* 11.12.1984.

Margrét Hárlaugsdóttir. 1988. „Reykholtsskóli í Biskupstungum“ í Unnar Þór Böðvarsson, & Reykholtsskóli í Biskupstungum. 1988. *Afmælisblað Reykholtsskóla, Biskupstungum: 1928-* [útgefanda ekki getið]. Sveinn Sælands afhenti ljósrit.

Morgunblaðið 10.02. 1928, bls. 3 „Úr Biskupstungu“.

Morgunblaðið 17.03.1928, bls. 2 „Reykholtsskólinn í Biskupstungum“.

Pétur H. Ármannsson. 2020. *Guðjón Samúelsson húsameistari*. Hið íslenska bókmenntafélag.

Þorfinnur Þórarinsson. 1988. Byggingarsaga Reykholtsskóla, í Unnar Þór Böðvarsson, & Reykholtsskóli í Biskupstungum. *Afmælisblað Reykholtsskóla, Biskupstungum: 1928-1988*. [útgefanda ekki getið]. Sveinn Sælands afhenti ljósrit.

Ljósmyndir og teikningar

Teikning af heimavistarskólanum í Reykholti. Heimavistarskólinn í Reykholti í Biskupstungum frá júlí 1926, arkitekt Einar Erlendsson. Menntamálaráðuneytið 2000. H/28-25. 1926. Þjóðskjalasafn Íslands.

Teikning af sundlauginni að Reykholti í Biskupstungum frá 5. apríl 1930. Teikningar Íþróttasjóðs H28, Þjóðskjalasafn Íslands.

Teikning af sundlauginni að Reykholti í Biskupstungum frá apríl 1930. Úr safni Húsameistara ríkisins, C323_03. Þjóðskjalasafn Íslands.

Teikning af sundlaugin að Reykholti í Biskupstungum frá júní 1930. Úr safni Húsameistari ríkisins, C323_03. Þjóðskjalasafn Íslands.

Teikning af viðbyggingu við heimavistarskólann í Reykholti, Símon Ólafsson teiknaði. Menntamálaráðuneytið 2000. H/28-25. Þjóðskjalasafn Íslands.

Sundlaugin að Reykholti í Biskupstungum. Sarpur, myndanúmer A-DG-166. Ljósmyndari Dagbjartur Guðmundsson.

Sundlaugin að Reykholti í Biskupstungum. Sarpur, myndanúmer A-DG-125. Ljósmyndari Dagbjartur Guðmundsson.

Sundlaugin að Reykholti í Biskupstungum. Héraðsskjalasafn Árnesinga, myndanúmer 2006_16_22_00007. Ljósmyndari Stefán Sigurðsson.

Sundlaugin að Reykholti í Biskupstungum. Héraðsskjalasafn Árnesinga, myndanúmer 2006_16_22_00003. Ljósmyndari Stefán Sigurðsson.

Sundlaug Héraðsskólans á Laugarvatni

Bjarni Bjarnason. 1958. *Laugarvatnsskóli þrítugur. Héraðsskólinn á Laugarvatni.*

Eyrún Ingadóttir. „Listaskáli verður að fimleikahúsi“. Lesbók Morgunblaðsins 08.01.2000.

Hjörleifur Stefánsson. 2020. *Hvílíkt torf – tóm steypa! : úr torfhúsum í steypuhús*. Háskólaútgáfan.

Jónas Jónsson. 1933. „Draumar og veruleiki„.*Rit Nemendasambands Laugarvatnsskóla.* Nemendasamband Laugarvatnsskóla. http://timarit.is/view_page_init.jsp?pubId=1034

Lýður Björnsson. 2007. *Saga Hitaveitu Reykjavíkur 1928-1998*. Reykjavík. Orkuveita Reykjavíkur.

Pétur H. Ármannsson. 2020. *Guðjón Samúelsson húsameistari*. Reykjavík. Hið íslenska bókmenntafélag.

Pálmi Hilmarsson: Fyrirlestur með myndum sýndur höfundum 12. maí 2025 og afhentur á Pdt-formi.

Sigrún Kristín Magnúsdóttir: https://gatt.frae.is/2018/hver-er-saga-lydskola-a-islandi/

Sigurbjörn Árni Arngrímsson. 2012. „Íþróttakennara- og íþróttafræðinám á Laugarvatni fyrr og nú.“ *Uppeldi og menntun* 21. árgangur 2. hefti, bls. 171-176.

Spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld, DD 95. Þjóðskjalasafn Íslands.

Tíminn 23.12.1929, bls. 262.

Teikningar og ljósmyndir

Teikning Guðjóns Samúelssonar af Héraðsskólanum á Laugarvatni frá apríl 1928, C326_01. Þjóðskjalasafn Íslands.

Teikning Guðjóns Samúelssonar af Héraðsskólanum á Laugarvatni frá maí 1929. Teikning úr safni Húsameistara ríkisins, C326_01. Þjóðskjalasafn Íslands.

Teikning af sundlaug Héraðsskólans, teikning úr teiknisafni Húsameistara ríkisins frá desember 1942, C326_01. Þjóðskjalasafn Íslands.

Tvær teikningar Guðjóns Samúelssonar af viðbyggingu við Héraðsskólann á Laugarvatni dagsettar í júlí 1929, nr. C326_01. Úr safni Húsameistara ríkisins. Þjóðskjalasafn Íslands.

Teikning Guðjóns Samúelssonar af viðbyggingu við Héraðsskólann á Laugarvatni dagsett í september 1929, nr. C326_01. Þjóðskjalasafn Íslands.

Teikning Guðjóns Samúelssonar af íþróttahúsi og sundlaug, úr teikningasafni Húsameistara ríkisins, dagsett apríl/júní 1943, nr. C326_01. Þjóðskjalasafn Íslands

Alþýðuskólahúsið á Laugarvatni 1931. Ljósmyndari óþekktur. Þjóðminjasafn Íslands, Safnnúmer A: Lpr Safnnúmer B: 2015-218-18.

Alþýðuskólahúsið á Laugarvatni eftir endurbyggingu 1958. Ljósmyndari Þorsteinn Jósepsson. Þjóðminjasafn Íslands Sarpur, Safnnúmer A: ÞJ_Árn-974.

Héraðsskólinn á Laugarvatni eftir bruna. Ljósmynd Sigríður Erlendsdóttir, Byggðasafn Hafnarfjarðar, Safnnúmer A: SE-748.

Héraðsskólinn á Laugarvatni Vigfús Sigurgeirsson, Safnnúmer A: SÍS-369-4.

Skólinn í byggingu, Safnnúmer A: JK5-231.

Sundlaug og íþróttamannvirki á Laugarvatni , Safnnúmer A - SÍS-1265-2.

Myndir úr eigu Sigríðar Jónsdóttur.

Ljósmynd Roni Horn, úr *Lesbók Morgunblaðsins* 10.04.1999.

Sundkennsla í sundlaug Héraðsskólans á Laugarvatni, Skarphéðinn, Héraðsskjalasafn Árnesinga, ártal óþekkt_2018_14_HSK_00924.

Sundkennsla í sundlaug Héraðsskólans á Laugarvatni. Héraðsskjalasafn Árnesinga 2011_34_THT_00199, ljósmyndari Þorfinnur Tómasson.

Yfirliti yfir sundlaugabyggingar 1971, DD 05, Menntamálaráðuneyti. Þjóðskjalsafn Íslands.

Munnleg heimild: Pálmi Hilmarsson Ff.u.h. (Fjölfróður umsjónarmaður hússins) 12. maí 2025.

Sólheimalaug

Blað Lionsklúbbsins (Lion Magazine), blað númer 321, september 2020.

Gylfi Björn Helgason, Birna Lárusdóttir, Guðmunda Björnsdóttir og Kristjana Vilhjálmsdóttir. 2022. *Sólheimar í Grímsnesi: deiliskráning fornleifa vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar*. Fornleifastofnun Íslands, fjölrit númer: FS884-22021.

Grímsnes: Búendur og saga II. bindi: Ingibjörg Helgadóttir. 2002. Grímsnes: búendur og saga. Reykjavík. Mál og mynd.

Morgunblaðið 19.12.1964, bls. 8-9.

Yfirlitsskjali um sundlaugar frá Menntamálaráðuneyti, DD 05 Þjóðskjalasafn Íslands.

Yfirlit yfir mannvirki frá 1983 DD05, Menntamálaráðuneyti, Þjóðskjalasafn Íslands.

Teikningar og ljósmyndir

Ljósmyndir af Sólheimalauginni úr fórum Reynis Péturs Steinunnarson.

Selárdalslaug/Sundlaug Vopnafjarðar

Austurglugginn 05.12.2014, bls. 12. „Miklar endurbætur við Selárdalslaug“.

Austurglugginn 07.07.2017, bls. 2. „Undirbúa nýja sundlaug“.

Austurglugginn. 29.07.2021, bls. 2. „Ódýrast að laga Selárdalslaug“.

Austurfrétt, 04.11.2025. „Fresta fyrirhugaðri lokun Selárlaugar vegna viðhalds um óákveðinn tíma“.

Bjartur og Heiðar Aðalbjörnssynir. „Við vorum alltaf litla liðið“ Heimildamynd aðgengileg á eftirfarandi slóð á You tube: https://www.youtube.com/watch?reload=9&v=Y9HMUAfLJws

Bréf frá Páli Zóphóníassyni, dagsett 10. janúar 1938, til Haraldar Guðmundssonar, atvinnumálaráðherra. Kassi nr. 0000-010 b/628, db. 15, nr. 197 Sundlaugar Steinsteyptar 1381/1941. Skjöl Dóms- og kirkjumálaráðuneytis, dagbók 13, nr. 527, 18/1. Þjóðskjalasafn Íslands.

Dómur um eignarrétt á svæðinu umhverfis Selárlaug, málsskjöl. Sent frá skipulagsfulltrúa Vopnafjarðar.

https://vopnafjardarhreppur.is/stjornsysla/utgafa-og-auglysingar/frettir-og-tilkynningar/umfangsmiklar-endurbaetur-framundan-a-husnaedi-vid-selarlaug

https://www.visitvopnafjordur.com/is/afthreying/sundlaugin

Kjartan Björnsson. 1951. „Sundlaug Vopnfirðinga“. *Gerpir 5.* árgangur, 2. tölublað, bls. 13-14.

Morgunblaðið 26.12.2023, „Endurbætur á vinsælli sundlaug“ https://www.mbl.is/frettir/innlent/2023/12/26/endurbaetur_a_vinsaelli_sundlaug/

Ólafur Valgeirsson. 2013. „Sundlaugin í Selárdal“. *Glettingur* 60, 23. árgangur, 1. tbl. 2023: bls. 28-32.

Reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, númer 814/2010. https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_814_2010.pdf

Selárlaug: drög að verklýsingu. Yrki arkitektar, dagsett í október 2024. Gögn í vörslu Yrki arkitekta.

Skinfaxi 01.11.1950, bls. 79-80. „Vígsla Sundlaugar í Vopnafirði“.

Skrá yfir sundlaugar í Austfjarðarkjördæmi 1976, eftir Þorstein Einarsson, DD 05, Þjóðskjalasafn Íslands.

Skipulagsuppdráttur frá 06.05.2013. Verkfræðistofa Norðurlands.

Vísir 04.10.1950, „Sundaðstaða óvíða verri á landinu en í Reykjavík“, bls. 5.

Þórunn Kristbjörg Friðriksdóttir, úr ræðu varðveitt í Fundargerðarbók Einherja. Á meðal gagna í vörslu Bjarts Arnbjörnssonar.

„70 ár frá vígslu sundlaugarinnar í Selárgljúfrum“ 13.08.2020, Bjartur Aðalbjörnsson. https://www.einherji.net/frettir/70-ar-fra-vigslu-sundlaugarinnar-i-selargljufrum

Teikningar og ljósmyndir

Myndir frá vígslu laugarinnar í Selárdal. *Skinfaxi* 1950 bls. 83 og 85.

Teikning Bárðar Ísleifssonar af Selárlaug frá janúar 1945, teiknisafn Íþróttasjóðs H27. Þjóðskjalasafn Íslands.

Laugarhús í Selárdal, undirrituð af Herði Björnssyni þann 9. maí 1945. Teikningin er breyting á teikningu Bárðs Ísleifssonar frá janúar sama ár. Á meðal teikninga Íþróttasjóðs, Menntamálaráðuneyti H27. Þjóðskjalasafn Íslands.

Tvær útgáfur af Selárdalslaug. Teikningar gerðar af Herði Björnssyni í apríl og maí 1945, byggðar á teikningu Bárðar Ísleifssonar af lauginni frá janúar sama ár. Á meðal teikninga Íþróttasjóðs, Menntamálaráðuneyti H27. Þjóðskjalasafn Íslands.

Eiðalaug

Ármann Halldórsson, Þórarinn Þórarinsson og Ólöf Birna Blöndal. 1983. *Alþýðuskólinn á Eiðum*. Eiðar. Alþýðuskólinn á Eiðum.

Benedikt Gíslason. 1958. *Eiðasaga: gefin út á 75 ára afmæli skólans*. Akureyri. Norðri.

Bréf dagsett 20.09.1935 til formanns Búnaðarsambands Austurlands, undirritað af Jakobi Kristinssyni f.h. Eiðaskóla og Ásgeiri Einarssyni f.h. Íþróttaráðs Austurlands. Þjóðskjalasafn Íslands.

Bréf skólastjóra Eiðaskóla til kennslumálaráðuneytinu bréf dags. 4. febrúar 1940. Stjórnarráð Íslands, 1 skrifstofa. Steinsteyptar sundlaugar. Þjóðskjalasafn Íslands.

Brunavirðing frá Brunabótafélagi Íslands dagsett 19. ágúst 1960. Héraðsskjalasafn Austurlands.

Gjörðabók Samvirkjafélags Eiðaþinghár 1925-1938 og 1938-1942. Héraðsskjalasafn Austurlands.

https://www.althingi.is/lagasafn/ Lög um breyting á lögum nr. 36, 26. okt. 1917, Lög um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og Lög um afhendingu Eiðaeignar til landssjóðs, nr. 24/1921.

https://nyr.ruv.is/frettir/innlent/2023-06-20-eidastadur-tekur-stakkaskiptum-og-vaknar-til-lifsins-385943

Jón Sigurðsson. 1849. *Ný félagsrit*. Kaupmannahöfn. Nokkrir Íslendingar.

Magnús Blöndal Jónsson og Sigfús Daðason. *Endurminningar 3. bindi*. Handrit í vörslu höfunda.

Nýja dagblaðið 23.06.1936, bls. 2.

Spjaldskrá um laugar. Gögn úr Menntamálaráðuneyti, DD 95. Þjóðskjalasafn Íslands.

Skrá yfir sundlaugar í Austfjarðakjördæmi 1976. Þorsteinn Einarsson, DD 05. Þjóðskjalasafn Íslands.

Teiknisafn Húsameistara ríkisins: Teikning af viðbyggingu fyrir sundlaugina á Eiðum apríl 1942. Húsameistari ríkisins, C384. Þjóðskjalasafn Íslands.

Textaspjald í kennarastofu Eiðaskóla 2025.

Tíminn 30.06.1960. „Eiðaskóli brann til kaldra kola í gær“.

Vísir 08.08.1964. „Hvanneyrarskóli 75 ára“.

Viðar 01.01.1938. bls. 52.

Munnleg heimild:

Lilja Sigurðardóttir, 10. maí 2025.

Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur 10. maí 2025.

Þórhallur Pálsson arkitekt, búsettur á Eiðum, í samtali við HS. 10. janúar 2026.

Teikningar og ljósmyndir

Eiðar fyrir 1960. Mynd í vörslu Héraðsskjalasafns Austurlands.

Skólahúsið á Eiðum sem byggt var eftir teikningum Rögnvalds Ólafssonar árið 1908 fyrir Búnaðarskólann. Héraðsskjalasafn Austurlands.

Sund og leikfimihús ásamt skólahúsi. Héraðsskjalasafn Austurlands.

Skólahúsið eftir að það hafði verið lengt um þriðjung til norðurs. Héraðsskjalasafn Austurlands.

Teikning af viðbyggingu fyrir sundlaug og leikfimihús á Eiðum. Teikningin er merkt Bárði Ísleifssyni/Húsameistara ríkisins í apríl 1942. Húsameistari ríkisins, C384. Þjóðskjalasafn Íslands.

Langskurðarmynd af lauginni á Eiðum 1942. Teikningin er merkt Bárði Ísleifssyni/Húsameistara ríkisins Teikning: Húsameistari ríkisins, C384. Þjóðskjalasafn Íslands.

Sundhöll Seyðisfjarðar

Gerpir. Mánaðarrit fjórðungsþings Austfirðingar 08.07.1948. bls. 5 og 6.

Gjörðabók bæjarstjórnar frá 2. febrúar 1825 til 8. janúar 1930. Hrepp 15 Sey 111-3. Héraðsskjalasafn Austurlands.

Gjörðabók stjórnar sundlaugarsjóðs Seyðisfjarðar 1943-1962. Héraðsskjalasafn Austurlands.

Gjörðabók stjórnar sundlaugarsjóðs Seyðisfjarðar. Fundargerð 3. maí 1954, 15. janúar 1958, 3. maí 1955, 19. maí 1962, 29. október 1962, 10. apríl, 18. apríl 1961, 29. október 1961, 11. febr. 1967, 4. maí 1971 og 20. september 1976. Héraðsskjalasafn Austurlands.

Gögn frá Íþróttasjóði, Menntamálaráðuneyti, H24, Þjóðskjalasafn Íslands.

Munnleg heimild: Frásögn Þorvalds Jóhannssonar 11.05.2025.

Morgunblaðið 10.04.1999, bls. 12 (Roni Horn).

Norðfjarðarsaga II. bindi: Smári Geirsson. 2009. *Norðfjarðarsaga : frá 1895 til 1929. 2.* Reykjavík. Hólar.

Norðlingur 08.06 1929.

Pétur H. Ármannsson. 2020. *Guðjón Samúelsson húsameistari.* Reykjavík. Hið íslenska bókmenntafélag.

Rannveig Þórhallsdóttir: Framkvæmdaeftirlit við Garðarstjörn. https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/31964/

Seyðfirðingur 06.06.1936.

Seyðfirðingur 11.08.1938.

Skrá yfir sundlaugar í Austfjarðarkjördæmi 1976. Þorsteinn Einarsson, DD05. Þjóðskjalasafn Íslands.

Skrá um sundstaði og upplýsingar um sundlaugar 1980, DD 05. Þjóðskjalasafn Íslands.

Spjaldskrá um laugar, Menntamálaráðuneyti, DD 95. Þjóðskjalasafn Íslands.

Sveitir og jarðir í Múlasýslu, bindi III: Ármann Halldórsson, Sigmar Magnússon og Þorsteinn Bergsson. 1975-. Sveitir og jarðir í Múlaþingi I-. [án útgáfustaðar]. Búnaðarsamband Austurlands.

Vísir 04.10.1950, bls. 5.

Þjóðviljinn 11.07.1938, "Sundhöll Seyðisfjarðar vígð", bls. 7.

Teikningar og ljósmyndir

Tvær ljósmyndir af Sundhöll Seyðisfjaðrar um 1950, nýbyggðri. Ljósmyndir frá Héraðsskjalasafni Austurlands en hvorug er merkt ártali eða ljósmyndara

Teikning að steinsteyptri sundlaug á Seyðisfirði dagsett 29.2.1928 og undirrituð af Jóni Sigfússyni. Stjórnarráð Íslands I. Skrifstofa_0000-010 B_420_B-Bréfasafn 1932_1939_Db. 10, nr.331 Sundlaugar steinsteyptar 3115_1934. Þjóðskjalasafn Íslands.

Teikningar Íþróttasjóðs, Menntamálaráðuneyti, H23. Þjóðskjalasafn Íslands.

Teikning af Sundhöll Seyðisfjarðar merkt Guðjóni Samúelssyni og Bárði Ísleifssyni. Varðveitt á meðal gagna frá Húsameistara ríkisins, C393_02. Þjóðskjalasafn Íslands.

Sundlaug Neskaupstaða

Smári Geirsson. 2009. *Norðfjarðarsaga : frá 1895 til 1929. 2*. Reykjavík. Hólar.

Norðlingur 08.06.1929.

Gjörðabók sundlaugarnefndar. Héraðsskjalasafnið á Neskaupstað. 11. febr. 1967, 4. maí 1971 og 20.9. 1976. Héraðsskjalasafnið á Neskaupstað.

Spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld, DD 95. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ármann Halldórsson, Sigmar Magnússon og Þorsteinn Bergsson. 1975-. *Sveitir og jarðir í Múlaþingi I-*. [án útgáfustaðar]. Búnaðarsamband Austurlands.

Vísir 04.10.1950, bls. 5.

Smári Geirsson í tölvupósti 12.01.1026 til Hjörleifs Stefánssonar.

Teikningar og ljósmyndir

Ljósmynd af sundlaug í Neskaupsstað frá árinu 1920, ljósmyndari: Björn Björnsson. Ljósmynd: Sarpur, myndanúmer Þjms.BB2-154.

Sundlaug Neskaupstaðar eftir Þorstein Jósefsson. Tekin á bilinu 1944-1960. Myndanúmer: ÞJ_Aust_374. Sarpur.

Sundlaug Neskaupstaðar eftir Þorstein Jósefsson. Tekin á bilinu 1944-1960. Myndanúmer: ÞJ_Aust_373. Sarpur.

Sundlaug Neskaupstaðar, líklega tekin 1943 þegar sundlaugin var tekin í notkun, ljósmyndari Björn Björnsson. Skjala- og myndasafn Norðfjarðar.

Sundlaug Neskaupsstaðar á kafi í snjó (tvær myndir). Skjala- og myndasafn Norðfjarðar, ljósmyndari Björn Björnsson.

Sundlaug Neskaupsstaðar, líklega við vígslu laugarinnar 1943, ljósmyndari Björn Björnsson. Skjala- og myndasafn Norðfjarðar.

Sundlaug Neskaupstaðar, ljósmyndari Björn Björnsson. Skjala- og myndasafn Norðfjarðar.

Teikning af kyndiklefa frá árinu 1958. Íþróttasjóðsteikningar, H24. Þjóðskjalasafn Íslands.

Stöðluð teikning Bárðar Ísleifssonar að sundlaug af þeirri gerð sem byggð var á Norðfirði Teikningasafn Íþróttasjóðs, Menntamálaráðuneyti, H23. Þjóðskjalasafn Íslands.

Sundlaug Fáskrúðsfjarðar/Búðakaupstaðar

Bréf undirritað af Þóri Baldvinssyni 10. maí 1937 á bréfsefni Teiknistofu Búnaðarbanka Íslands. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa 0000-010 B/628 Db. 15, nr.197 Sundlaugar steinsteyptar 1381/1941. Þjóðskjalasafn Íslands.

Bréf undirritað af Birni Stefánssyni formanni sundlaugarnefndar 11. maí 1937. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa 0000-010 B/628 Db. 15, nr.197 Sundlaugar steinsteyptar 1381/1941. Þjóðskjalasafn Íslands.

Bréf til Hreppsnefndar Fáskrúðsfjaðarhreppar, ritað af þeim Gunnari Ólafssyni og Birni Stefánssyni 15. maí 1942, Fás 19-5. Þjóðskjalasafn Íslands.

Fundargerð Hreppsnefndar Fáskrúðsfjarðarhreppar, 7. júní 1943. Gjörðabók framkvæmdanefndar um sundlaugarbyggingu á Fáskrúðsfirði. Fás 19-5. Þjóðskjalasafn Íslands.

Gjörðabók sveitarstjórnar 1934-1949 og *Búðahreppur. Fundabók hreppsnefndar 1915-1934*. Héraðsskjalasafn Austurlands. Búðahreppur.

Rúv, fréttavefur. 9. janúar 2024, „Ákvörðun hefur ekki verið tekin um framtíð sundlaugarinnar á Fáskrúðsfirði". https://www.ruv.is/frettir/innlent/2024-01-09-akvordun-hefur-ekki-verid-tekin-um-framtid-sundlaugarinnar-a-faskrudsfirdi-401472/

Skinfaxi 01.04.1945, bls. 67.

Smári Geirsson. 2022. *Fáskrúðsfjarðarsaga: þættir úr sögu byggðar til ársins 2003 III. bindi*. Reykjavík. Hólar.

Spjaldskrá DD, 95. Þjóðskjalasafns Íslands.

Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa 0000-010 B/628 Db. 15, nr.197 Sundlaugar steinsteyptar 1381/1941. Þjóðskjalasafn Íslands.

Fás 19-5. Þjóðskjalasafn Íslands.

Þjóðviljinn 29.08.1947, „Sundlaug Búðakaupstaða vígð",

Munnlegar heimildir: Smári Geirsson samtal í síma við Hjörleif Stefánsson 9. febrúar 2026

Vefsíðan: www.visitfjardabyggd.is

Teikningar og ljósmyndir

Sundlaug Fáskrúðsfjarðar 1948-1965. Ljósmyndari: Þorsteini Jósepssyni. Sarpur nr. ÞJ_Aust_474.

Sundlaug Fáskrúðsfjarðar af síðunni around.is https://www.around.is/s/sundlaug-faskrudsfjardar/

Teikning að sundþró á Fáskrúðsfirði með búningsklefum, dagsett 12/7 1931. Fáskrúðsfjörður 3 N_Stjórnarráð Íslands I. Skrifstofa_0000-010 B628_B-Bréfasafn 1935_1942_Db. 15, nr.197. Sundlaugar steinsteyptar 13811941. Þjóðskjalasafn Íslands.

Teikning Þóris Baldvinssonar að sundlaug á Fáskrúðsfirði dags. 8. maí 1937. Stjórnarráðið 1. skrifstofa. N_Stjórnarráð Íslands I. Skrifstofa_0000-010 B628_B-Bréfasafn 1935_1942_Db. 15, nr.197 Sundlaugar steinsteyptar 13811941. Þjóðskjalasafn Íslands.

Teikning húsameistaraembættisins undirrituð af Bárði Ísleifssyni. Gögn Húsameistara ríkisins C384_07. Þjóðskjalasafn Íslands.

Teikning Húsameistara ríkisins undirrituð af Einari Erlendssyni frá júlí 1938. Gögn Húsameistara ríkisins C1015. Þjóðskjalasafn Íslands.

Heimildaskrá fyrir einstakar laugar þar sem laugarhús eru horfin

Sundlaugin Valborgargjá

Agnes Stefánsdóttir. *Umhverfi Reykjanesvirkjunar: Fornleifaskráning*. 2008. Fornleifavernd ríkisins.

Alþýðublaðið 03.11.1928, bls. 2 og 5.

Jón Þ. Þór. 1996. *Saga Grindavíkur frá 1800 til 1974*. Grindavíkurbær.

Guðmundur G. Bárðarson. 1931. „Sjólaugin á Reykjanesi". *Náttúrufræðingurinn* 5. tbl. 1931 bls. 78-80.

https://ferlir.is/valbjargargja-sundlaug/

Verkamaðurinn, 27.11.1928, bls. 4.

Morgunblaðið 24.03.1931.

Tíminn 33. tbl. 25.04.1931.

Teikningar og ljósmyndir

Sundlaugin í Valborgargjá, ljósmyndari Elías Þorsteinsson, Byggðasafn Reykjanesbæjar, safnnúmer A: Elias-64. Sarpur.

Sundlaugin í Valborgargjá 1958, ljósmyndari Páll Jónsson, safnnúmer: IS HSk N00068-A-A2-PJ 361. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.

Loftmynd af Valborgarlaug og nágrenni. https://www.vf.is/mannlif/sundlaugin-a-reykjanesi

Loftmynd séð beint ofan á Valborgargjá vinstri birtist í Víkurfréttum 06.03.2021.

Mynd úr sundlauginni um 1935, tvær konur. *Saga Grindavíkur*. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Sundlaug Keflavíkur (eldri hús)

Bjarni Guðmarson. 1999. *Saga Keflavíkur 1920-1949*. Keflavíkurbær.

Hjörleifur Stefánsson. 2018. *Sundhöll Keflavíkur: Mat á varðveislugildi. Gullinsnið ehf.*

Jón Þ. Þór. 2007. *Saga Bolungarvíkur, annað bindi.* Ísafjörður. Sögufélag Ísfirðinga.

Munnleg heimild í júní 2018, Sveinn Númi Vilhjálmsson, fyrrverandi byggingarfulltrúi Keflavíkur.

Sundlaug Ungmennafélags Keflavíkur 1939. Teikning merkt Helga S. Jónssyni. H49 Teikningar Íþróttasjóðs. Þjóðskjalasafn Íslands.

Tíminn 01.08.1939.

Ungmennafélag Keflavíkur 30 ára: 1929-1959. 1959. Keflavík. Ungmennafélag Keflavíkur.

Vísir 16.08.1938, bls. 3.

Teikningar og ljósmyndir

Sundlaug Keflavíkur. Vígsla laugar 1939. Skýrsla Hjörleifs Stefánssonar. 2018, bls. 10.

Sundlaug Keflavíkur um 1940. Skýrsla Hjörleifs Stefánssonar. 2018, bls. 11.

Teikning af sundlaug Ungmennafélags Keflavíkur 1939, merkt Helga S. Jónssyni. Teikningar Íþróttasjóðs, H49. Þjóðskjalasafn Íslands.

Laugarnar í Laugardal (elsta laug)

Eggert Ólafsson. 1975. *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757* ([2. útgáfa, 2. pr.].). Reykjavík. Örn og Örlygur.

Einar Kristjánsson. „Ávarp til sundfélaganna í Reykjavík". *Íþróttablaðið* 30.05.1952 bls. 2-3.

Fjallkonan. 27.10.1900, „Lauganes-laugarnar", bls. 4.

Freysteinn Sigurðsson. 1998. *Sögulegar laugar í byggð á Íslandi: stutt og ófullkomin drög að yfirlitsskrá.* Orkustofnun. Skýrsla FS-98/02.

Guðjón Friðriksson. 1991. *Saga Reykjavíkur: bærinn vaknar: 1870-1940*. Reykjavík. Iðunn.

Hjalti Pálsson. 1975. *Um sundkennslu og sundiðkan í Skagafirði á 29. öld og fram um 1929*. HÍ Sagnfræði B.A. Janúar 1975

Páll Líndal. 1988. *Reykjavík: sögustaður við Sund: III. bindi.* Reykjavík. Örn og Örlygur.

Ingólfur 14.06.1903, forsíða.

Nachtegall, Fredericus. 1836. *Sundreglur prófessors Nachtegall.* Þýðing Jónasar Hallgrímssonar, KaupmannahöfnFjölnir.

Nachtegall, Fredericus. 1891. *Sundreglur* útg. Þýðing Jónasar Hallgrímssonar með formála og viðbót eftir Björn Jónsson. Reykjavík.

Sveinn Pálsson. 1945. *Ferðabók Sveins Pálssonar: dagbækur og ritgerðir 1791-1797*. Reykjavík. Snælandsútgáfan.

Sveinn Pálsson.1944. *Æfisaga Bjarna Pálssonar.* Árni Bjarnarson. Akureyri.

Uno von Troil. 1961. *Bréf frá Íslandi*. Reykjavík. Menningarsjóður.

Teikningar og ljósmyndir

Gamla sundlaugin rétt fyrir aldamótin 1900. Mynd til vinstri er úr bók Sveins Þórðarsonar. 1998, bls. 77. Ljósmyndasafni Reykjavíkur

Gamla sundlaugin, líklega tekin 1895-1905. Myndanúmer 1997 179-3. Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

Laugarnar í Laugardal (miðlaug)

Guðjón Friðriksson. 1991. *Saga Reykjavíkur: bærinn vaknar: 1870-1940*. Reykjavík. Iðunn.

Frækorn 07.01.1904, bls. 104. „Sundlaug við Laugarnar".

Lesbók Morgunblaðsins 14.08.1927, bls. 250.

Lúðvík Kristjánsson. 1952. *Úr bæ í borg: nokkrar endurminningar Knud Zimsens fyrrverandi borgarstjóra um þróun Reykjavíkur*. Helgafell.

Lögrétta, 29.04.1908, forsíða. Aðsend grein frá Boga Th. Melsteð.

Ingólfur, 14. 05.1904, bls. 83 „Sundlaugarmálið".

Ingólfur 05.05.1904, bls. 106.

Ísafold, 01.06.1906, bls. 7.

Jóhann Franklín Kristjánsson. „Sundlaugar í sveitum". *Tíminn*, 16.021929, bls. 36–37.

Morgunblaðið 19.04.1919, bls. 2.

Sveinn Þórðarson. 1998. *Auður úr iðrum jarðar: saga hitaveitna og jarðhitanýtingar á Íslandi*. Reykjavík. Hið íslenska bókmenntafélag.

Reykjavík 07.07.1908, bls. 110.

Tíminn. 16.02.1929.

Vísir 31.12.1934, án blaðsíðutals.

Teikningar og ljósmyndir

Laug- og Laugarhús í Laugardalnum 1926. Ljósmyndari óþekktur. Nr. EPB 002 001 2-1. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Laugarhús í Laugunum. Myndanúmer: Brá ÁBS 028 1-1. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Teikning Jóns Kaldals af endurbótum á Laugardalslauginni gerð 1933. Varðveitt á meðal ganga Íþróttasjóðs frá Menntamálaráðuneyti, H49. Þjóðskjalasafn Íslands.

Laugarnar í Laugardal (yngstu laugarhús)

Alþýðublaðið 13.01.1937 „Tuttugu þúsund krónur munu þegar hafa verið greiddar Einari Einarssyni fyrir umbúnað við Sundlaugarnar".

Alþýðublaðið 11.06.1937, án blaðsíðutals. „Sundáhugi íhaldsins í Reykjavík!“

Nýja Dagblaðið 10.12.1936. „Stjórn Íþróttsambands Íslands skorar á bæjarráð að selja ekki aðgang að sundlaugunum.“

Morgunblaðið 23.02.1937, bls. 7. „Dagbók“.

Morgunblaðið 28.04.1937, bls. 6. „Stórfelldar breytingar á Sundlaugunum“.

Nýja Dagblaðið 01.03. 1937, bls. 3. „Óhæfur frágangur á fatageymslunni við Sundlaugarnar“.

Nýja Dagblaðið 15.06. 1937, bls. 3. „Bæjarstjórn Reykjavíkur og íþróttamálin“.

Nýja dagblaðið 21.08.1937, bls. 3. „Sundlaugarnar“.

Vísir 22.06.1968, bls. 10. „Sundlaugarnar rifnar“.

Þjóðviljinn 11.11.1936, án blaðsíðutals. „Það er verið að eyðileggja sundlaugarnar fyrir Reykvíkingum með 20 aura skattinum.“

Teikningar og ljósmyndir

Sundlaugin í Laugardalnum, eftir að nýtt laugarhús var byggt á 5. áratug 20. aldar. Mynd nr. LOG 017 4-1. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Sundlaugin í Laugardalnum, eftir að nýtt laugarhús var byggt á 5. áratug 20. aldar. Mynd nr. LOG 017 4-2. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Sundlaugin í Laugardalnum 1953. Myndanr. VIG LAU 1250 001 2-1. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Sundlaugin í Laugardalnum 1954. Myndanr. HAP 054 3-1, Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Sundlaugin í Laugardalnum. Mynd úr eftirfarandi bók: Sveins Þórðarsonar. 1998. A*uður úr iðrum jarðar: saga hitaveitna og jarðhitanýtingar á Íslandi.* Reykjavík. Hið íslenska bókmenntafélag.

Hugmynd Guðmundar Sveinssonar að nýrri laug í Laugardalnum frá ágúst 1955. Varðveitt á meðal teikninga Íþróttasjóðs, H-21. Þjóðskjalasafn Íslands.

Varmárlaug

Alþýðublaðið 05.09.1930.

Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson. 2005. *Mosfellsbær: saga byggðar í 1100 ár.* Reykjavík. Pjaxi.

Bréf frá Ungmennafélagi Aftureldingu til Stjórnarráðsins, dagsett 29. mars 1932. Stjórnarráð Íslands I. Skrifstofa, 0000-010 B628, B-Bréfasafn 1935-1942, Db. 15, nr.197 Sundlaugar steinsteyptar 13811941. Þjóðskjalasafn Íslands.

Íþróttablaðið 01.09.1927.

Jómfrúarræða Jónasar Jónssonar 1923. Alþingi.is.

Lesbók Morgunblaðsins 25.09.1926.

Morgunblaðið 13.09.1929.

Morgunblaðið 10.05.1955, „Erlingur Pálsson: Minningarorð.“

Sveinn Þórðarson. 1998. *Auður úr iðrum jarðar: saga hitaveitna og jarðhitanýtingar á Íslandi.* Reykajvík. Hið íslenska bókmenntafélag.

Upptaka af Hauki Níelssyni, um sundkennslu í Varmá við Álafoss. Á vef ÍSMUS: www.ismus.isiaudioid-1048587

Vísir 05.09.1930.

Skinfaxi, 12.01.1909.

Skinfaxi 01.11.1915.

Teikningar og ljósmyndir

Teikning af sundskýli, varðveitt meðal gagna um Varmárlaug frá Menntamálaráðuneyti, Þjóðskjalasafni Íslands.

Ljósmynd Willem van de Poll.

Ljósmynd frá Ljósmyndasafni Akraness (ómerkt laug, sundmót).

Hvammslaug í Skaftártungu

Bréf Jóhanns Franklíns Kristjánssonar til Kennslumálaráðuneytis um sundlaug í landi Hvamms í Skaftártungu til Kennslumálaráðuneytis, dagsett 07.04.1936. db. 11, nr. 637 Sundlaugar Steinsteyptar 1381/1941. Skjöl Dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Þjóðskjalasafn Íslands.

Bréf Gísla Sveinssonar til Dóms- og kirkjumálaráðuneytis, beiðni um styrk, dagsett 8.4. 1936, db. 11, nr. 634 Sundlaugar Steinsteyptar 1381/1941. Skjöl Dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Þjóðskjalasafn Íslands.

Bréf Gísla Sveinssonar til Dóms- og kirkjumálaráðuneytis, móttaka styrks, dagsett 8.4.1937, db. 12, nr. 457 Sundlaugar Steinsteyptar 1381/1941. Skjöl Dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Þjóðskjalasafn Íslands.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir. 2016. *Fornleifar í Skaftártungu II: fornleifaskráning í Hlíð, Borgarfelli, Snæbýli, Ljótarstöðum, Gröf og Hemru*. Fornleifastofnun Íslands, fjölrit númer: FS636-13024.

Yfirlitsskjal, Menntamálaráðuneyti, DD 05. Þjóðskjalasafn Íslands.

Yfirlitsskjal, Menntamálaráðuneyti, DD 95. Þjóðskjalasafn Íslands.

V-Skaftafellssýsla austan Mýrdalssands: atvinnulíf og Byggðaþróun, Byggðastofnun, júní 1989.

Munnlegar heimildir:

Páll Símon Oddsteinsson, Hvammi. Símaviðtal þann 11.02.2026.

Valur Oddsteinsson, Hlíð. Símaviðtal þann 11.02.2026.

Sundlaugin Lauglandi í Holtum (eldri og yngri laugarhús)

Bréf til Fjármálaráðuneytis með beiðni um styrk, uppdrætti og kostnaðaráætlun undirritað af þeim Skúla Þorleifssyni og Benedikt Guðjónssyni í Marteinstungu 10. desember 1931. *Gamla*

sundlaugin, Samkomuhúsið og fleiri mannvirki á Laugalandi í Holtum. Samantekt frá Olgeiri Engilbertssyni 1. mars 2026. Afhent í mars 2026.

Gunnar Bjarni Guðmundsson. 2017. *Veiðivötn á Landmannaafrétti og öll Tungnaáröræfin*. Bókhlaða Gunnars Guðmundssonar.

Kostnaðaráætlun fylgir en uppdráttur er ekki varðveittur. Dóms og kirkjumálaráðuneyti, Dagbók 9, nr. 15. Þjóðskjalasafn Íslands.

https://www.althingi.is/altext/64/s/pdf/0945.pdf, SÞ 945 tillaga Alþingi.

Morgunblaðið 01.12.1946, bls. 5.

Morgunblaðið 23.06.2000, bls. 4

Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson, Páll Lýðsson. 1981. *Sunnlenskar byggðir*. Selfoss. Búnaðarsamband Suðurlands.

Samantekt Kristins Guðnasonar á Þverlæk á fundargerðarbókum UMF Ingólfs 1919-1958. Gögn fengin hjá Kristni í mars 2026.

Skinfaxi 01.05.1942, bls. 46.

Skinfaxi, 01.11.1950, bls. 70-71.

Spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld, DD 95. Þjóðskjalasafn Íslands.

Skólalykill 2020-2021, Laugalandsskóli, Hol.

Stuðningsbréf frá Ben. G. Waage fyrir hönd Íþróttasambands Íslands til Fjármálaráðuneytis dagsett 5. janúar 1932, Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, dagbók 9 nr. 15. Þjóðskjalasafn Íslands.

Svör við spurningalista þjóðháttasafns um sundlaugar, https://sarpur.is/is/collection/item/1385834/.

Reynir G. Karlsson og Haukur Viktorsson. 1986. „Laugalandsskóli: menningarmiðstöð þriggja sveitarfélaga". bls. 51-54. *Sveitastjórnarmál,* bls. 194-197.

Upphaf framkvæmda á Laugalandi. Olgeir Engilbertsson, 10. janúar 2006. Gögn fengin hjá Kristni Guðnasyni, Þverlæk, mars 2026.

Yfirlit yfir mannvirki frá 1983, Menntamálaráðuneyti DD95. Þjóðskjalasafn Íslands.

Teikningar og ljósmyndir

Skúrinn sem stóð við sundlaugina á Laugalandi, eftir að hann hafði verið fluttur í Veiðivötn. Myndin er úr bók Gunnars Guðmundssonar. 2017, bls. 672, ljósmyndari er Sæmundur Guðmundsson.

Sundlaugin Laugalandi í Holtum, ljósmyndari Otto Eyfjörð, mynd nr. 2013_10_OE_00286, Héraðsskjalasafn Árnesinga.

Sundlaugin Laugalandi í Holtum, samkomuhúsið tekin 1958, Sarpur (Byggðasafnið Skógum) nr. A-R-Hús-84.

Sundlaugin Laugalandi í Holtum 1986. Ljósmyndari Magnús Karel Hannesson, Þjóðólfur 1986-1987/2022_1_Þjóðólfur_00488. Héraðsskjalasafn Árnesinga.

Samkomuhúsið við sundlaugina á Laugalandi í Holtum. Myndin birtist í grein Magnúsar Guðmundssonar um húsið í *Skinfaxa* 11.01.1950.

Afstöðumynd af sundlaug og samkomuhúsi í Laugalandi í Holtum frá 1947. Húsameistari ríkisins, C384. Þjóðskjalasafn Íslands.

Skeiðalaug/Brautarholtslaug

Birna Lárusdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Gylfi Björn Helgason, Lilja Laufey Davíðsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck. 2017. *Aðalskráning fornleifa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi I : Húsatóftir og Skaftholt.* Fornleifastofnun Íslands fjölrit númer: FS660-16241.

Bréf frá Þorsteini Erlingssyni 20. október 1970. Gögn Íþróttasjóðs, DD 96. Þjóðskjalasafn Íslands.

Fundargerðabók Ungmennafélag Skeiðamanna. Fundargerðabók 1908-1910, A1-1. Héraðsskjalasafn Árnesinga. 2010/33.

Fundargerðabók Ungmennafélag Skeiðamanna. Fundargerðabók 1910-1913, A1-2. Héraðsskjalasafn Árnesinga. 2010/33.

Fundargerðabók Ungmennafélag Skeiðamanna. Fundargerðabók 1928-1936, A2-5. Héraðsskjalasafn Árnesinga. 2010/33.

Fundargerðabók Ungmennafélag Skeiðamanna. Fundargerðabók 1937-1966, A2-6. 31.07. Héraðsskjalasafn Árnesinga. 2010/33.

Jón Eiríksson. 2008. *Jarðabók Skeiðahrepps.* [Útgáfustað vantar]. Ungmennafélag Skeiðamanna.

Styrksbeiðni til Fræðslumálastjóra vegna sundlaugar í Brautarholti 4. apríl 1941, DD 96. Þjóðskjalasafn Íslands

Jón M. Ívarsson. 2010. *HSK í 100 ár.* Garðabær. Héraðssambandið Skarphéðinn.

Yfirlitsskjali um sundlaugar frá Menntamálaráðuneyti DD 05. Þjóðskjalasafn Íslands.

Teikningar og ljósmyndir

Skeiðalaug Brautarholti. Myndir frá 1951, ljósmyndari Jón Eiríksson. JE0805, Jón Eiríksson. Héraðsskjalasafn Árnesinga.

Skeiðalaug Brautarholti. Teikning Einars Erlendssonar frá september 1938. Húsameistari ríkisins, C384_04. Þjóðskjalasafni Íslands.

Flúðalaug

Morgunblaðið 20.01. 1948, bls. 5. „Byggingaframkvæmdir ríkisins 1947".

Morgunblaðið 30.09.1954, bls. 23. „Í Hrunamannahreppi er sveitaflóttinn ekki lengur vandamál".

Skinfaxi 11.01.1948, bls. 146.

Skinfaxi 11.01. 1949, bls. 135.

Skinfaxi 11.01.1950, bls. 154.

Spjaldskrá um laugar, Menntamálaráðuneyti, DD 95. Þjóðskjalasafn Íslands.

Tíminn 18.05.1961, bls. 9 „Flúðir og Grafarhverfi“.

Tíminn 18.05.1949, bls. 2 „Úr Hrunamannahreppi “.

Vikan 04.02.1988, bls. 32-33. „Boðið upp á orlofsferðir að Flúðum“.

Upplýsingar af upplýsingaskilti við laug gert 2016.

Þjóðviljinn 02.08.1978, bls. 13.

Teikningar og ljósmyndir

Sundlaugin á Flúðum. TJ_03946, Tómas Jónsson 1961-70. Héraðsskjalasafni Árnesinga.

Sundlaugin á Flúðum. Ljósmyndari Guðna Þórðarsyni, myndir GÞ-1847, GÞ-1845 og GÞ-1836). Sarpur.

Sundlaugateikning Bárðar Ísleifssonar dagsett 26. júní 1945. Húsameistari ríkisins. Þjóðskjalasafn Íslands.

Sundlaugateikning Bárðar Ísleifssonar dagsett 14. febrúar 1950. Húsameistari ríkisins. Þjóðskjalasafn Íslands.

Sundlaug Íþróttaskólans í Haukadal

Bréf Sigurðar Greipssonar dags. 26. apríl 1929. Bréfasafn 1930. Stjórnarráð Íslands 1. skrifstofa. Þjóðskjalasafn Íslands.

Bréfi oddvita Biskupstungnahrepps dags. 15. apríl 1929 til Stjórnarráðs Íslands. Stjórnarráð Íslands 1. skrifstofa. Bréfasafn 1930. Þjóðskjalasafn Íslands.

Bréf Sigurður Greipsson bréf til Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dagsett 15. ágúst 1930. Þjóðskjalasafn Íslands.

Bréf Sigurður Greipsson bréf til Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dagsett 30. nóvember 1930. Þjóðskjalasafn Íslands.

Bréf Sigurður Greipsson bréf til Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dagsett 24. febrúar 1931. Þjóðskjalasafn Íslands.

Bréf Sigurður Greipsson bréf til Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dagsett 17. okt. 1931. Þjóðskjalasafn Íslands.

Páll Lýðsson. 1997. *Sigurður Greipsson og Haukadalsskólinn*. Selfoss. Héraðssambandið Skarphéðinn.

Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson, Júlíus Jónsson, Páll Lýðsson. 1986. *Sunnlenskar byggðir I: Tungur, Hreppar, Skeið*. Selfoss. Búnaðarsamband Suðurlands.

Jón M. Ívarsson. 2010. *HSK í 100 ár*. Héraðssambandið Skarphéðinn.

Yfirlit yfir mannvirki frá 1983, DD05 Menntamálaráðuneyti, Þjóðskjalasafn Íslands.

Eining 01.11.1944 „Haukadalsskóli“, bls. 1 og 5.

Teikningar og ljósmyndir

Sundlaugin við Geysi 1928. Myndanúmer AL_MA_96_01090. Héraðsskjalasafn Árnesinga.

Fyrsta hús Íþróttaskólans í Haukadal, byggt 1927. Myndin er úr bókinni *HSK í 100 ár,* bls. 93 (sjá ofar).

Íþróttasjóðsteikningar, H28. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ljósmynd af húsi frá 1927 og sundlauginni sem gerð var tveimur árum seinna. Lpr2013-432_1927-40. Sarpur.

Sundlaugin við Geysi, steinsteypta laugin. Bjarni Guðmundsson. Myndanúmer 1931-1949_2000_53_BG_00122-x-large. Héraðsskjalasafn Árnesinga.

Teikning Jóhanns Franklín Kristjánssonar frá febrúar 1936 að sundlaug og búningsklefum. Stjórnarráð Íslands 1. skrifstofa. Bréfasafn 1930. Þjóðskjalasafn Íslands.

Teikning Bárðar Ísleifssonar undirrituð í Reykjavík júní 1936. H28 Íþróttasjóðsteikningar. Þjóðskjalasafn Íslands.

Sundlaug Héraðsskólans á Laugarvatni (horfið hús)

Bjarni Bjarnason. 1958. *Laugarvatnsskóli þrítugur. Héraðsskólinn á Laugarvatni.* [Útgáfustaðar ekki getið]. Héraðsskólinn á Laugarvatni.

Jónas Jónsson. 1933. „Draumar og veruleiki„ *Rit Nemendasambands Laugarvatnsskóla.* (1933). Nemendasamband Laugarvatnsskóla. http://timarit.is/view_page_init.jsp?pubId=1034

Pétur H. Ármannsson. 2020. *Guðjón Samúelsson húsameistari.* Reykjavík. Hið íslenska bókmenntafélag.

Pálmi Hilmarsson: Fyrirlestur með myndum sýndur höfundum 12. maí 2025 og afhentur á Pdt-formi.

Munnleg heimild: Pálmi Hilmarsson Ff.u.h. (Fjölfróður umsjónarmaður hússins) 12. maí 2025.

Sigurbjörn Árni Arngrímsson. 2012. „Íþróttakennara- og íþróttafræðinám á Laugarvatni fyrr og nú.“ *Uppeldi og menntun* 21. árgangur 2. hefti, bls. 171-176.

Spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld, DD 95. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ljósmyndir og teikningar

Héraðsskólinn á Laugarvatni Vigfús Sigurgeirsson, Safnnúmer A: SÍS-369-4.

Sundlaug og íþróttamannvirki á Laugarvatni , Safnnúmer A - SÍS-1265-2.

Ljósmynd Roni Horn, úr *Lesbók Morgunblaðsins* 10.04.1999.

Ljósmynd Þorfinnur Tómasson, 2011_34_THT_00199. Héraðsskjalasafn Árnesinga.

Sundkennsla í sundlaug Héraðsskólans á Laugarvatni, ártal óþekkt_2018_14_HSK_00924. Skarphéðinn. Héraðsskjalasafn Árnesinga.

Teikning af sundlaug Héraðsskólans, teikning úr teiknisafni Húsameistara ríkisins frá desember 1942, C326_01. Þjóðskjalasafn Íslands.

Tvær teikningar Guðjóns Samúelssonar af viðbyggingu við Héraðsskólann á Laugarvatni dagsettar í júlí 1929, nr. C326_01 úr safni Húsameistara ríkisins. Þjóðskjalasafn Íslands.

Teikning Guðjóns Samúelssonar af viðbyggingu við Héraðsskólann á Laugarvatni dagsett í september 1929, nr. C326_01, Þjóðskjalasafn Íslands.

Teikning Guðjóns Samúelssonar af íþróttahúsi og sundlaug, úr teikningasafni Húsameistara ríkisins, dagsett apríl/júní 1943, nr. C326_01. Þjóðskjalasafn Íslands.

Yfirliti yfir sundlaugabyggingar 1971, DD 05, Menntamálaráðuneyti. Þjóðskjalsafn Íslands.

Sundlaugin í Laugaskarði, Hveragerði

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson. 2024. *Íslenskar sundlaugar frá fyrri hluta 20 aldar Sundlaugar á Norðurlandi, Húsakönnun 2024*. Fornleifastofnun Íslands fjölrit númer FS1017-20092.

Fálkinn, 17.11.1944, forsíða.

Framkvæmdasýsla ríkisins. 2002. *Garðyrkjuskóli ríkisins Reykjum, Ölfusi*. Frumathugun október 2002.

Guðlaug Erna Jónsdóttir. *Reykir í Ölfusi. Byggða- og húsakönnun 2012*. Minjastofnun Íslands.

https://www.hveragerdi.is/is/mannlif/hvad-er-i-hvergerdi/sundlaug/larus-rist

Íþróttablaðið 01.04.1937, bls. 8, „Sundlaug í Hveragerði".

Klara Sól Ágústsdóttir. 2017. *Hvernig getur arkitektúr stuðlað að bættri bað- og sundlaugamenningu?* Reykjavík. BA ritgerð í arkitektúr við Listaháskóla Íslands.

Lárus Rist. 1947. *Að synda eða sökkva*: endurminningar. bls. 291-297. Akureyri.

Morgunblaðið 09.06.1988. Margrét Þorsteinsdóttir. „Héraðslaugin í Laugarskarði í Hveragerði 50 ára."

Ólafur Jóhann Engilbertsson, Pétur H. Ármannsson, Jóhannes Þórðarson, Ólafur Tryggvi Mathiesen, Árni Daníel Júlíusson. 2021. *Þórir Baldvinsson*. Reykjavík. Sögumiðlun.

Tíminn 14.07.1979. „100 ára minning Lárus Rist". Íslendingaþættir Tímans, Ingimar Jónsson.

Skrá yfir íþróttamannvirki á Íslandi í árslok 1983/Yfirlit yfir mannvirki frá 1983, Þorsteinn Einarsson, Menntamálaráðuneytið DD05. Þjóðskjalasafn Íslands.

Upptökur í ÍSMUS

Jóna Erlendsdóttir, https://www.ismus.is/i/audio/id-1048247 SÁM 95/3882 EF.

Stefán Jóhann Guðmundsson https://www.ismus.is/i/audio/id-1048308 SÁM 95/3890 EF.

Ljósmyndir og teikningar

Laugin í Laugarskarði. Mynd Cedric William Laycook, CWK-66, Sarpur.

Laugin í Laugarskarði. Mynd 2011_33_Laugaskard_00003-x-large_HérÁrn. Héraðsskjalasafn Árnesinga.

Myndir af Lárusi Rist: Héraðsskjalasafnið á Akureyri og Héraðsskjalasafn Austur-Húnavatnssýslu.

Teikningar af laugarhúsi í Laugarskarði, Hveragerði, frá 1955 og 1957, Íþróttasjóður H28. Þjóðskjalasafn Íslands.

Teikning af setlaug/heitum potti framan laugarhúsið í Laugarskarði, Jes Einari Þorsteinssyni dagsett 25. mars 1965. Þjóðskjalasafn Íslands.

Sundlaugin í Laugarskarði stækkuð 1940-1944. Teikning frá 1955. Teikningar Íþróttasjóðs, H-28. Þjóðskjalasafn Íslands.

Sundlaugin í Laugarskarði stækkuð 1940-1944. Teikning frá 1948 eftir frumteikningu Þóris Baldvinssonar þegar endurbætur stóðu fyrir dyrum fyrir landsmót 1949. Teikningar Íþróttasjóðs, H-28. Þjóðskjalasafn Íslands.

Sundlaugin í Laugarskarði hönnuð af Gísla Halldórssyni arkitekt. Fyrstu teikningar að húsinu sem fundist hafa eru frá 1957. Varðveitt á meðal teikninga Íþróttasjóðs, H28. Þjóðskjalasafn Íslands.

Sundlaug Vestmannaeyja/Miðhúsalaug

Bréf frá Jóhanni Jósefssyni til Kennslumálaráðuneytis dagsett 28.3.1933 ásamt teikningum og áætlun. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, dagbók 10 nr. 331 28/3. Vestmannaeyjar 5 N_Stjórnarráð Íslands I. Skrifstofa_0000-010 B_420_B-Bréfasafn 1932_1939. Þjóðskjalasafn Íslands.

Bréf til Kennslumálaráðherra frá Jóhanni Jósefssyni dagsett 29.11.1933 Vestmannaeyjar 3 N_Stjórnarráð Íslands I. Skrifstofa_0000-010 B_420_B-Bréfasafn 1932_1939_Db. 10, nr.331 Sundlaugar steinsteyptar 1932_1939. Þjóðskjalasafn Íslands.

Eyjablaðið 01.05.1927, án blaðsíðutals.

Haraldur Guðnason. 1991. *Við Ægisdyr: Saga Vestmannaeyjabæjar í 60 ár*, II. bindi. Reykjavík. Vestmannaeyjabær.

https://heimaslod.is/index.php/Sundkennsla#Mi%C3%B0h%C3%BAsalaug

Íþróttasjóður, Menntamálaráðuneyti, H24. Þjóðskjalasafn Íslands.

Morgunblaðið 20.07.1935, bls. 2.

Spjaldskrá frá Menntamálaráðuneyti frá miðri 20. öld DD 95. Þjóðskjalasafn Íslands.

Yfirlitsskjali um sundlaugar úr Menntamálaráðuneyti, DD 05. Þjóðskjalasafn Íslands.

Víðir 14.12.1929, forsíða.

Víðir 26.08.1933, forsíða og bls. 2.

Ljósmyndir og teikningar

Teikning af sundlaug Vestmannaeyja, dagsett 29. janúar 1933 og undirrituð af Finnboga R. Þorvaldssyni. Íþróttasjóðsteikningar, Menntamálaráðuneyti H24. Þjóðskjalasafn Íslands.

Teikning Bárðar Ísleifssonar af yfirbyggðri Sundhöll í Vestmannaeyjum, dagsett 21. september 1944. Íþróttasjóðsteikningar, Menntamálaráðuneyti H24. Þjóðskjalasafn Íslands.

Teikning Óskars Sveinssonar frá febrúar 1954, af yfirbyggðri Sundhöll í Vestmannaeyjum. Íþróttasjóðsteikningar, Menntamálaráðuneyti H24. Þjóðskjalasafn Íslands

Teikningar Bárðar Ísleifssonar frá því í maí 1963 til október 1965 af yfirbyggðri Sundhöll í Vestmannaeyjum. Húsameistari ríksins_C394_06_10. Þjóðskjalasafn Íslands

Afstöðu- og flatarteikning Jes Einars Þorsteinssonar dagsett 19. ágúst 1971 af yfirbyggðri sundlaug og íþróttahúsi í Vestmannaeyjum, á nýjum stað. Íþróttasjóðsteikningar H24. Þjóðskjalasafn Íslands.

Teikning Páls Zóphóníassonar af viðbyggingu við gömlu Miðhúsalaugina, dagsett 17. júlí 1972 Íþróttasjóðsteikningar, H24. Þjóðskjalsafn Íslands.

Fjórar ljósmyndir af Miðhúsalaug af vefnum heimaslod.is

Selárdalslaug/Vopnafjarðarlaug eldri

Áætlun Jóhannesar Guðmundssonar um kostnað vegna gerðar sundlaugar og sundskýlis sem fylgdi með styrksbeiðni Halldórs Stefánssonar til Heilbrigðisráðuneytis. Stjórnarráð Íslands 1. Skrifstofa 0000-010 B/358, Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, dagbók 8 nr. 195, Sundlaugar steinsteyptar 1340/1941. Þjóðskjalasafn Íslands.

Bjartur og Heiðar Aðalbjörnssynir. „Við vorum alltaf litla liðið“ Heimildamynd aðgengileg á eftirfarandi slóð á You tube: https://www.youtube.com/watch?reload=9&v=Y9HMUAfLJws

Bréf Halldórs Stefánssonar til Dómsmálaráðuneytis, dagsett 15. ágúst 1929 Stjórnarráð Íslands 1. Skrifstofa 0000-010 B/358, Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, dagbók 8 nr. 195, Sundlaugar steinsteyptar 1340/1941. Þjóðskjalasafn Íslands.

Bréf frá Dóms- og kirkjumálaráðuneyti til Halldórs frá 9. september 1929_Stjórnarráð Íslands I. Skrifstofa_0000-010 B_358_B-Bréfasafn 1930_1940_Db. 9. 15. Sundlaugar steinsteyptar 1340_1931. Þjóðskjalasafn Íslands.

Eggert Ólafsson, Bjarni Pálsson, & Steindór Steindórsson. 1975. *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757* ([2. útgáfa, 2. pr.].). Reykjavík. Örn og Örlygur.

Indriði Gíslason, Páll Pálsson, & Finnur N. Karlsson. 2000. *Múlasýslur: sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874*. Reykjavík. Sögufélagið.

Ólafur Valgeirsson. 2013. „Sundlaugin í Selárdal“. *Glettingur* 60, 23. árgangur, 1. tbl. 2023: bls. 28-32.

Staðfesting á greiðslu Björns Metusalemssonar til Jóhannesar Guðmundssonar, Stjórnarráð Íslands 1. Skrifstofa 0000-010 B/358, Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, dagbók 8 nr. 195, Sundlaugar steinsteyptar 1340/1941. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ljósmyndir og teikningar

Teikning Jóhannesar Guðmundssonar ef eldri steinsteyptu lauginni við Selá 1929. Stjórnarráð Íslands 1. Skrifstofa 0000-010 B/358, Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, dagbók 8 nr. 195, Sundlaugar steinsteyptar 1340/1941. Þjóðskjalasafn Íslands.